



# Bændablaðið

10. tölublað 2024 • Fimmtudagur 30. maí • Blað nr. 657 • 30 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is




Guðný Gréta Eyþórsdóttir og Hafliði Sævarsson eru bændur í Fossárdal, upp af Berufirði á Austurlandi. Þrátt fyrir mikla hógværð er engum blöðum um það að fletta að þau eru afreksfólk á ýmsa lund og hafa unnið til verðlauna og viðurkenninga, m.a. fyrir búskap sinn, bogfimi, rúning, skotfimi og þríþraut. Þau hlaupa uppi fé sitt á hálendi og í sex dölum haust hvert og annast skepnur sínar af kostgæfni. – *Sjá nánar á bls. 36–37.* Mynd / Steinunn Ásmundsdóttir



## Nípuræktun í Þurranesi

Sauðfjár- og ferðaþjónustubændurnir Linda Guðmundsdóttir og Jón Ingi Ólafsson eru að undirbúa nípuræktun á um hálfum hektara lands.

– 16 –



## Bændur þétti raðir sínar

Jóhann Gísli Jóhannsson á Breiðavaði hvetur bændur til að þjappa sér saman og leggja sameiginlega krafta í að snúa þróuninni til betri vegar.

– 32 –

### Kalskemmdir:

# Stórtjón á túnum við Eyjafjörð

**Miklar kalskemmdir eru í túnum nokkuð víða við Eyjafjörð. Í Svarfaðardal er ástandið verst og þannig að á einhverjum bæjum eru tún alveg ónýt.**

Sigurgeir B. Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar, segir að útlitið sé svart á ýmsum stöðum, samkvæmt upplýsingum sem hann hefur fengið frá bændum. Hann sé nú á leið í ferðir með dróna til að taka myndir og safna sönnunargögnum um stöðu mála, en þær verða notaðar þegar Bjargráðasjóður metur bótaumsóknir bænda.

***Öll tún dauð á einstaka bæjum***

„Það stefnir í umtalsvert kal við utanverðan Eyjafjörð. Mestur er vandinn í Dalvíkurbyggð í Svarfaðardalnum en einnig í Hörgársveit, jafnvel þannig að á einstaka bæjum eru nánast öll tún dauð. Á pörtum í Þelamörk og fram í Öxnadal er ástandið líka mjög slæmt, en það eru náttúrlega miklu færri bæir á þeim svæðum. Í Eyjafjarðarsveit er kal á einhverjum smáblettum.

Ég held að einungis fáir bæir í Suður-Þingeyjarsýslu glími við kal og ég hef heyrt frá Norðurlandi vestra að Hjaltadalurinn væri til dæmis ekki góður og eitthvað væri líka í Vestur-Húnavatnssýslu,“ segir Sigurgeir.

***Mest eru áhrifin á stór kúabú***

Hann segist áætla að verulegar kalskemmdir hafi orðið á túnum 40–50 bæja við Eyjafjörð. „Það er þó erfitt að segja til um það nákvæmlega fyrr en ég er búinn að fara yfir svæðin með drónanum. Þetta hefur auðvitað mismikil áhrif á búreksturinn. Mest hefur þetta áhrif á þessi stóru kúabú sem þurfa mikinn heyskap.

Það er þó ljóst að um gríðarlegt tjón er að ræða og má áætla að það hlaupi á hundruðum milljóna króna á öllu svæðinu. Eigin ábyrgð bænda er 500 þúsund krónur, en það er víða svo miklu meira tjón, sem Bjargráðasjóður ætti þá að bæta.“

***Sá grænfóðri***

„Einhverjir bændur eru þegar byrjaðir að plægja og hafa bara tekið myndir sjálfir, en þeir eru líka að keppa við tímann núna því þar sem ástandið er verst hafa ekki verið aðstæður til að sá fyrir grænfóðri sem er þó það sem þarf að gera sem fyrst. Menn velja oft hafra með grasfræinu og svo er líka ísáning nokkuð algeng þar sem eru tiltölulega ný tún og rótin mjúk, að þá ná þeir að koma fræinu niður án þess að þurfa að plægja fyrst,“ útskýrir Sigurgeir.

„Það var snjór yfir öllu svo lengi og síðan bara bleyta. Í Svarfaðardalnum eru bændur til dæmis bara rétt núna að byrja í flagvinnu,“ bætir hann við.

Að sögn Sigurgeirs eru þetta verstu kalskemmdir á túnum í meira en áratug. „Það hafa þó á þessum tíma af og til orðið kalskemmdir og það virðist vera sem þessir umhleypingar, sem eru orðnir algengir á undanförnum árum, séu mjög til vandræða. Það snjóaði aðeins í desember, svo hlánar strax í janúar og víða þar sem snjórinn var lítill hreinsaðist hann alveg upp. Á ákveðnum stöðum náði því að blotna vel í jarðveginum og svo frystir. Það ástand náði svo eiginlega alveg fram í maí.“

*/smh*



Kúabændur í Skagafirði fá kreditfærslu í viðskiptareikning sinn við KS.

Mjólkurframleiðsla:

# Skagfirðingar fá líka arð

**Kúabændur í Skagafirði munu njóta ágóða af góðum rekstri á erlendum skyrmörkuðum með kreditfærslu í viðskiptareikning sinn við Kaupfélag Skagfirðinga.**

Bréf þess efnis barst bændum á dögunum. Færslur námu 1,2 krónum fyrir hvern innlagðan lítra til mjólkursamlags KS á árinu 2023 sem er í takt við það sem félagsmenn Auðhumlu fengu greitt í arðgreiðslu.

Aðalfundur Auðhumlu hafði áður samþykkt að greiða mjólkurframleiðendum á sínu starfssvæði út arð vegna jákvæðrar rekstrarafkomu Ísey útflutnings ehf. á árinu 2023. Ísey útflutningur er í 80 prósenta eigu Auðhumlu en Kaupfélag Skagfirðinga á 20 prósent. Arðurinn sem félagið greiddi til eigenda sinna var í heild 200 milljónir króna. */ghp*



MAST hefur gert kröfu um að ábúendur á sauðfjárbúi í Þverárhlíð ráði til sín þrjá starfsmenn til að tryggja velferð. Mynd tengist frétt ekki beint. Mynd / ál

# Sauðfé fækkað í haust

**Matvælastofnun hefur samið við bændur á sauðfjárbúi í Þverárhlíð í Borgarfirði um að fækka fénu niður í nokkra tugi.**

Mikil umræða hefur verið um sauðfjárhald á umræddum bæ í Þverárhlíð undanfarin misseri þar sem vakin hefur verið athygli á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum að aðbúnaður dýranna sé ekki til fyrirmyndar. Aðkoma Matvælastofnunar (MAST) hefur verið gagnrýnd og stofnunin vænd um að sinna ekki skyldum sínum. Af því tilefni sendi MAST frá sér fréttatilkynningu þar sem tekið er fram að stofnunin fylgist vel með málinu og fari starfsmenn oft í eftirlit til að fylgja eftir kröfum um úrbætur.

Þar segir að séð sé til þess að kindurnar fái nægt fóður og heilnæmt vatn. Jafnframt séu lömbin merkt, ám og lömbum gefin ormalyf og lömb meðhöndluð við skitu ef þörf er á. Þá sé féð fært í annað hólf að því loknu. Stofnunin hefur gert kröfu um að ábúendur ráði til sín þrjá starfsmenn til að tryggja velferð dýranna. Jafnframt hafa ábúendur samþykkt með skriflegum hætti kröfu MAST um að fækka fénu niður í nokkra tugi í haust. */ál*






Sjálfbær landnýting:

# Horfið frá takmörkun beitar í fjalllendi

**Ný reglugerð um sjálfbæra landnýtingu tekur gildi 1. september næstkomandi. Markmið hennar er að tryggja sjálfbæra landnýtingu í samræmi við markmið laga um landgræðslu.**

Drög að reglugerðinni voru lögð í samráðsgátt stjórnvalda í janúar og bárust 82 umsagnir um málið. Í umsögn búgreinadeildar sauðfjárbænda Bændasamtaka Íslands var gagnrýnt meðal annars að reglugerðin byggði á hugtakinu „vistgeta" sem væri óljóst og óskilgreint hugtak. Þá var fundið að því að reglugerðin tæki mið af huglægu vali á svokölluðum „viðmiðunarsvæðum" og því markmiði að takmarka beit í yfir 30 gráðu halla og í meira en 600 metra hæð yfir sjó.



Í nýrri reglugerð um sjálfbæra landnýtingu er horfið frá markmiðum sem birtust í fyrri drögum reglugerðarinnar um takmarkanir á beit í bratt- og fjalllendi. Mynd / smh

Í lokaútgáfu reglugerðarinnar eru þessi atriði ekki lengur til staðar, ekki er lengur talað um vistgetu né viðmiðunarsvæði og viðmið vegna nýtingar lands í bratt- og fjalllendi hafa verið tekin út.

### *Land og skógur metur ástand lands*

Reglugerðinni er ætlað að vera leiðarvísir um hvernig best megi umgangast land til að sem minnst tapist af verðmætum jarðvegi og sem mest endurheimtist af þeim vistkerfum sem hafa þegar tapast.

Reglugerðin nær yfir fjóra nýtingarflokka; beitingarnýtingar, akuryrkju, framkvæmdir og umferð fólks og ökutækja. Viðmið um mat á ástandi lands og leiðbeiningar fyrir nýtingarflokkana er að finna í viðaukum.

Land og skógur metur ástand lands, árangur af gróður- og jarðvegsvernd og eflingu og endurheimt vistkerfa með tilliti til mismunandi landnytja. Samræmist nýting ekki viðmiðum um sjálfbæra landnýtingu skal Land og skógur leiðbeina eiganda eða rétthafa lands um gerð landbótaáætlunar.

### *Í hróplegu ósamræmi við markmið laganna*

Katrín Pétursdóttir, lögfræðingur hjá Bændasamtökunum, segir fagnaðarefni að tekið hafi verið tillit til einstakra athugasemda sem samtökin skrifuðu í umsögn sinni um reglugerðardrögin.

„Það verður þó að telja að reglugerðin sé enn í hróplegu ósamræmi við markmið laga um landgræðslu um sjálfbæra nýtingu lands þar sem enn er um matskennd og huglæg viðmið að ræða sem eiga að skera úr um hvort um sjálfbæra landnýtingu er að ræða. Sjálfbærni er í eðli sínu annað orð yfir kyrrstöðu, það er að viðhalda einhvers konar punktstöðu. Til þess að efla vistkerfi landsins skal stefnt að því að byggja upp og endurheimta vistkerfi sem hafa raskast, það er skilyrði fyrir því að ráðist verður í uppbyggingu og endurheimt vistkerfis að landið þarf að hafa raskast fyrst. Land sem hefur mikinn óvarinn jarðveg eða rof sem helst þannig óbreytt í mörg ár telst sjálfbært, þar sem það hefur ekki raskast."

### *Líffræðileg fjölbreytni og kolefnisforði*

Í tilkynningu matvælaráðuneytisins, vegna undirritunar Bjarkeyjar Olsen Gunnarsdóttur matvælaráðherra á reglugerðinni, segir að jarðvegur geymi bæði mikla líffræðilega fjölbreytni og mikinn kolefnisforða.

Því sé verndun jarðvegs eitt af lykilatriðum í verndun jarðarinnar.

Í reglugerðinni sé kveðið á um „að landnýting sem leiðir til hnignunar lands geti ekki talist sjálfbær landnýting. Gert er ráð fyrir að stór samfelld svæði í mjög slæmu ástandi (C-flokkur) verði ekki skilgreind sem beitiland fyrir búfé og að nýting á slíku landi geti ekki talist sjálfbær. Í slíkum tilvikum leiðbeinir Land og skógur eiganda eða rétthafa lands um gerð landbótaáætlunar. Þetta á við um allar tegundir landnýtingar sem reglugerðin nær til." */smh*

# Aðeins þrjú fyrirtæki hefðu fengið undanþágu

**Formaður atvinnuveganefndar Alþingis segir grein forstjóra Samkeppniseftirlitsins úr síðasta tölublaði Bændablaðsins sérstaklega áhugaverða fyrir þær sakir hversu litla innsýn hann virðist hafa á nýsamþykktum breytingum á búvörulögum og stöðu bænda.**

Þetta kemur fram í svari Þórarins Inga Péturssonar, þingmanns Framsóknarflokksins og sauðfjárbónda, hér í blaðinu við bréfi Páls Gunnars Pálssonar til bænda, þar sem hann gagnrýndi breytingar á búvörulögum sem veita kjötafurðastöðvum undanþágu frá samkeppnislögum til samvinnu og sameiningar.



Þórarinn Ingi Pétursson.

### *Einungis Matfugl, Stjörnugrís og Ísfugl*

Þórarinn Ingi segir að Páll Gunnar hafi tiltekið í sinni grein að „Samkeppniseftirlitið hafi lýst jákvæðri afstöðu við upphaflegt frumvarp matvælaráðherra og að í umsögn við frumvarpið hafi eftirlitið lagt áherslu á að bændur myndu með skýrum hætti ráða þeim fyrirtækjum sem undanþágurnar tækju til. Með því hefðu skapast hvatar til að færa bændum meiri áhrif og völd í starfandi kjötafurðastöðvum." Staðreyndin væri hins vegar sú að aðeins þrjú fyrirtæki hefðu fengið þessa undanþágu, Matfugl, Stjörnugrís og Ísfugl. „Hvernig áttu þessar breytingar að styrkja stöðu bænda? Stjórn hvers félags þarf alltaf að hafa hag félagsins að leiðarljósi, þó að fyrirtæki sé í eigu bænda þá eru þeir ekki að borga meira en fyrirtækið ræður við. Allt tal um aukin völd eru því hér innantómt hjal.

Þegar ljóst var að frumvarpið kæmi ekki til með að ná þeim tilgangi sem lagt var upp með í upphafi lagði meirihluti atvinnuveganefndar til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Nefndin taldi nauðsynlegt að horfa til þess hvernig hægt væri að nálgast frumvarpið betur með það að markmiði að það myndi gagnast fleirum, þar með talið bændum," segir Þórarinn Ingi.

### *Skýrsla um reynsluna af undanþágureglu*

Hann segir ástæðuna fyrir því að ekki var valin sú leið að fara í opinbera verðlagningu á kjötafurðum [líkt og gert var í mjólkuriðnaðinum], samhliða undanþágum frá samkeppnislögum, hafi verið sú að ákveðið var að treysta því að afurðastöðvarnar myndu skila hagræðingunni til bænda.

Ef það gerðist ekki væri næsta víst að afurðastöðvarnar muni ein af annarri fara að skella í lás, „því það er engin íslensk afurðastöð ef það er enginn íslenskur bóndi. Auk þess er rétt að geta þess og halda til haga að í lögunum er að finna ákvæði sem segir að fyrir lok árs árið 2028 skuli ráðherra flytja Alþingi skýrslu þriggja óháðra sérfræðinga á sviði hagfræði og samkeppnisrekstrar um reynsluna af framkvæmd undanþágureglu 71. gr. A og meta áhrif hennar m.a. með hliðsjón af markmiðsákvæðum laganna. Meta skal sérstaklega hver ávinningur bænda og neytenda hefur verið. Það verður fróðlegt að lesa þessa skýrslu eftir fjögur ár," segir Þórarinn Ingi í grein sinni.

*– Sjá nánar á síðum 54–55.*


ÆVINTÝRIN
BÍÐA ÞÍN
TOYOTA RAV4
TOYOTA RAV4 Hybrid verð frá: 8.150.000 kr.
TOYOTA RAV4 Plug-in Hybrid verð frá: 10.450.000 kr.
KINTO ONE langtímaleiga
TOYOTA RAV4 Hybrid, verð frá: 202.000 kr. á mán.
TOYOTA RAV4 Plug-in Hybrid, verð frá: 237.000 kr. á mán.
TOYOTA FÖRUM LENGRA
Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000
3+4 ÁBYRGÐ
ÁRA ÞJÓNUSTA
VEGAAÐSTOÐ
2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.

# Grænmeti selt fyrir milljarða



**Sölufélag garðyrkjumanna seldi fyrir rúma 4,7 milljarða króna árið 2023.**

Hagnaður samstæðunnar reyndist um 82,2 milljónir króna og jókst um 84,3 prósent milli áranna 2022 og 2023. Á ársfundi félagsins var samþykkt tillaga stjórnar að greiða 20 milljónir króna í arð á árinu. Rekstrartekjur samstæðunnar á árinu 2023 námu rúmum 6,6 milljörðum króna. Hagnaðurinn var 44,6 milljónir króna árið 2022. Heildareignir móðurfélagsins námu í árslok 2023 tæplega 1,5 milljörðum króna og var eigið fé 680 milljónir.

Samstæðan samanstendur af Sölufélagi garðyrkjumanna og dótturfélögunum Í einum grænum ehf. og Matartímanum ehf.

Meginstarfsemi samstæðunnar felst í sölu á innlendu grænmeti frá framleiðendum til endurseljanda, svo sem í matvöruverslanir. Matartíminn rekur mötuneytisþjónustu fyrir grunn- og leikskóla en undir félaginu Í einum grænum er matvælaframleiðsla með það að leiðarljósi að fullnýta uppskeru grænmetisbænda.

Í lok árs 2023 voru hluthafar Sölufélags garðyrkjumanna 57 talsins. Stærstu hluthafarnir eru Flúðasveppir ehf., Flúðajöfri ehf., Melabréf ehf. og Bakkabréf ehf., öll með tíu prósenta hlut. Hveravellir ehf. eiga 9,8 prósenta hlut og Laugaland átta prósenta hlut.

Aðalfundur félagsins fór fram á dögunum. Friðrik Friðriksson var kjörinn nýr inn í stjórn í stað Þorleifs Jónssonar. Aðrir stjórnarmeðlimir eru Knútur Rafn Ármann, sem er stjórnarformaður, Páll Ólafsson, Guðríður Helgadóttir og Hildur Ósk Sigurðardóttir. Forstjóri félagsins er Gunnlaugur Karlsson. */ghp*

# Tollkvótum úthlutað

**Verð á tollkvótum á nautakjöti frá ESB-löndum hefur hækkað aftur.**

Jafnvægisverð reyndist 520 krónur fyrir hvert kíló í nýafstöðnu tollkvótaútboði vegna innflutnings á landbúnaðarafurðum frá ESB á síðari sex mánuðum ársins 2024, samkvæmt bráðabirgðaupplýsingum frá matvælaráðuneytinu. Athygli vakti þegar jafnvægisverðið var ein króna á kíló fyrir tollkvóta á nautakjöti vegna innflutnings á fyrri hluta ársins. Í fyrra voru verðin 690 kr./kg og 550 kr./kg. Þrettán tilboð bárust í tollkvóta fyrir þau 348 tonn sem voru til úthlutunar en tilboðsmagnið var rúm 1.400 tonn. Hæsta boð var 1.001 kr./kg og lægsta tilboð 0 kr./kg. Ellefu tilboðsgjafar hlutu úthlutun.

Eftirspurn eftir tollkvótum fyrir innflutningi á alifuglakjöti var mikil en þrettán tilboð bárust og var tilboðsmagnið rúm 2.100 tonn en til úthlutunar voru 528 tonn. Reyndist jafnvægisverðið 589 kr./kg en 49 kr./kg í flokknum lífrænt ræktað/lausagöngu.

Tollkvótum fyrir 115 tonnum af sérostum verður úthlutað frítt til átta fyrirtækja en 21 tilboð barst og var tilboðsmagnið tæp 1.400 tonn.

Niðurstöður úthlutunar á ESB-tollkvótum á landbúnaðarafurðum fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember 2024 verða birtar á vef matvælaráðuneytisins.

Einnig verða birtar niðurstöður um úthlutun á WTO-tollkvóta vegna innflutnings á ýmsum vörum. Þrettán tilboð bárust og var tíu tilboðum tekið. Jafnvægisverð á tollkvótum fyrir 64 tonn af svínakjöti reyndist 0 kr./kg. Tollkvótar fyrir kinda- og geitakjöt reyndust 1 kr./kg og tollkvóti fyrir 13,5 tonn af smjöri og annarri fitu var 1 kr./kg. Jafnvægisverðið fyrir tollkvóta fyrir innflutningi á 95 tonnum af nautakjöti reyndist 500 kr./kg.

Þá verður tilkynnt um úthlutun á EFTA-tollkvótum en samkvæmt bráðabirgðaupplýsingunum mun jafnvægisverð fyrir innflutningi á 10 tonnum af nautakjöti vera ein króna fyrir kílóið. */ghp*

**Leiðrétting:**

## Stefánsdóttir, ekki Sveinsdóttir

Hvimleið villa var í forsíðufrétt síðasta tölublaðs Bændablaðsins þegar rangt var farið með föðurnafn Elínar M. Stefánsdóttur, stjórnarformanns MS og stjórnarmanns hjá Ísey útflutningi. Hún var skrifuð sem Sveinsdóttir og er Elín beðin afsökunar á þessari villu. */ál*




**Loftslagsmál:**

# Ísland undir árlegri úthlutun í tveimur flokkum

## – Heildarlosun jókst þó um eitt prósent á milli áranna 2021 og 2022

**Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi jókst um eitt prósent á milli áranna 2021 og 2022 samkvæmt landsskýrslu sem nýlega var skilað til Evrópusambandsins (ESB), en er þó undir losunarúthlutun í tveimur flokkum.**

Í umfjöllun Umhverfisstofnunar um landsskýrsluna kemur fram að samfélagslosun Íslands, sem er flokkur sem áður hét „Losun á beinni ábyrgð ríkja", hafi staðið í stað á milli áranna. Landbúnaður tilheyrir þeim flokki og þar var þriggja prósenta samdráttur, vegna fækkunar sauðfjár á milli áranna.



Landbúnaður er undir samfélagslosun Íslands og þar var þriggja prósenta samdráttur vegna fækkunar sauðfjár. Mynd / smh

### *Undir árlegri losunarúthlutun*

Þrátt fyrir að heildarlosun hafi aukist var samfélagslosun Íslands og nettólosun vegna landnotkunar undir árlegri losunarúthlutun Íslands samkvæmt Parísarsamningi.

Í tilkynningu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins segir um niðurstöðurnar að útlit sé „fyrir að Ísland muni standast skuldbindingar sínar gagnvart ESB um samdrátt í samfélagslosun og nettólosun vegna landnotkunar á þessum árum. Endanlegt mat á stöðu Íslands gagnvart skuldbindingunum um samdrátt í losun á tímabilinu 2021–2025 mun liggja fyrir árið 2027 þegar uppgjör tímabilsins mun eiga sér stað."

### *Binding vegna skógræktar eykst*

Undir samfélagslosun falla vegasamgöngur, landbúnaður, sjávarútvegur, jarðvarmavirkjanir, efnanotkun og úrgangur. Í undirflokkunum var aukning í losun frá vegasamgöngum, fiskimjölsverksmiðjum og eldsneytisbruna til orkuvinnslu, en á móti kemur að mikill samdráttur var frá fiskiskipum og kælimiðlum.

Losun vegna landnotkunar jókst um eitt prósent, en sá flokkur stendur sér og utan beinnar ábyrgðar Íslands. Losun frá landnotkun á við um alla losun og alla bindingu vegna hvers konar landnotkunar. Losun frá ræktarlandi, mólendi og votlendi jókst lítillega, en binding vegna skógræktar jókst að sama skapi og frá 1990 hefur hún sautjánfaldast.

Undir þriðja losunarflokkinn, viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, fellur losun frá stóriðju, flugi og skipaflutningum innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Þar var tveggja prósenta aukning á milli áranna, sem má að mestu leyti rekja til losunar vegna aukinnar kísilmálmframleiðslu sem jókst um níu prósent.

### *Alþjóðlegar skuldbindingar*

Á vef Umhverfisstofnunar má finna upplýsingar um alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Parísarsamningurinn nær yfir árin frá 2021 til 2030. Gagnvart honum hafa aðildarríki ESB, auk Íslands og Noregs, sett sér sameiginleg markmið um að hafa náð 55 prósenta samdrætti í losun árið 2030 miðað við árið 1990.

Til að ná markmiðinu árið 2030 þurfa löndin á þessu svæði í heild sinni að draga úr losun frá uppsprettum sem falla undir samfélagslosun ríkjanna um 40 prósent miðað við losun ársins 2005, ná 310 milljón tonna nettóbindingu frá uppsprettum sem flokkast undir landnotkun, draga úr losun frá uppsprettum sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir um 62 prósent miðað við losun ársins 2005.

### *Hlutdeildarmarkmið fyrir einstök ríki*

Markmiðið sem snýr að viðskiptakerfinu er samevrópskt og því er ekki gert ráð fyrir að einstök ríki nái þeim fram fyrir árið 2030. Fyrir losun og bindingu innan landnotkunar og samfélagslosunar fá ríkin hins vegar úthlutað hlutdeildarmarkmiði sem endurspeglar stöðu og getu ríkjanna til samdráttar.

Hlutdeildarmarkmið fyrir samfélagslosun Íslands hefur ekki verið staðfest en talið er líklegt að það feli í sér samdrátt í samfélagslosun um 41 prósent árið 2030 miðað við losun árið 2005.

Núverandi markmið um samdrátt í samfélagslosun er 29 prósent árið 2030 og hefur Ísland nú náð 11 prósenta samdrætti fyrir árið 2022.

Ekki liggur fyrir hvert hlutdeildarmarkmið Íslands fyrir uppfært landnotkunarmarkmið ESB verður en núverandi markmið er að nettólosun aukist ekki miðað við tiltekin viðmiðunartímabil. */smh*

Fjárfestingastuðningur:

# Hálfur milljarður til nautgripa- og sauðfjárbænda

**Matvælaráðuneytið hefur birt niðurstöður um úthlutanir vegna fjárfestingastuðnings í nautgripa- og sauðfjárrækt vegna framkvæmda á þessu ári.**

Í nautgriparækt bárust 138 umsóknir, en til úthlutunar voru 268 milljónir króna sem skiptast á milli nautgripabænda. Fjárfestingastuðningur fyrir hvern framleiðanda getur að hámarki numið 40 prósentum af stofnkostnaði ef heildarkostnaður fer yfir eina milljón króna. Hver framleiðandi getur þó ekki fengið hærra framlag ár hvert en tíu prósent af árlegri heildarupphæð fjárfestingastuðningsins samkvæmt fjárlögum.



Til nautgripabænda voru 268 milljónir króna til úthlutunar. Mynd / smh

Samkvæmt umsóknum nautgripabænda nemur heildarkostnaður við fjárfestingar þeirra á þessu ári alls tæpum fimm milljörðum króna.

Í sauðfjárrækt bárust 135 umsóknir, en heildarupphæðin sem nú var til úthlutunar nam 238 milljónum króna en þar voru auknir fjármunir til ráðstöfunar samkvæmt endurskoðuðum sauðfjársamningi búvörusamninganna. Ónýttar beingreiðslur í sauðfjárrækt eru nú nýttar í fjárfestingastuðning.

Stuðningurinn getur nú numið allt að 40 prósentum af stofnkostnaði fyrir hvern framleiðanda í stað 20 prósenta áður, ef heildarkostnaður fer yfir eina milljón króna. Sömu skilyrði gilda fyrir sauðfjárbændur hvað það varðar að enginn þeirra getur fengið hærra framlag ár hvert en sem nemur tíu prósentum af árlegri heildarupphæð stuðningsins.

Samkvæmt umsóknum sauðfjárbænda nemur heildarkostnaður þeirra vegna fjárfestinga á árinu 2,2 milljörðum króna. */smh*

KRONE **heyvinnuvélar** *til afgreiðslu strax!*

**EasyCut F320 M upphengd**
Miðjuhengd framsláttuvél.
Vinnslubreidd 3.16 m.
**2.349.000 + vsk.**

Vinsælasta útfærslan af Krone fram-sláttuvélum




**EasyCut R miðjuhengd**
Vinælustu Krone sláttuvélarnar.
Vinnslubreidd 3.60 m
**2.499.000 + vsk.**

Fer upp í 110° í flutningi.



**Vendro 900**
Lyftutengd snúningsvél
Vinnslubreidd 8.96 m
**2.999.000 + vsk.**

Ný kyn-slóð af tætlum



**Fjórhjól** *til afgreiðslu strax!*

Við afhendum hjólin án aukakostnaðar á næstu afgreiðslustöð Samskipa. **Nánar á hesja.is.**

SEGWAY

**Segway Snarler AT5L**
500cc bænda- og vinnuhjól

T3b dráttarvélaskráning, hvít númer, tveggja manna.
Læsanleg mismunadrif fr. og aft., diskabremsur hringinn, rafmagnsstýri, 25” CST dekk og 12” álfelgur.

**1.449.000 kr. með vsk.**



**Segway Snarler AT6L**
570cc ferða- og vinnuhjól

T3b dráttarvélaskráning, hvít númer, tveggja manna.
Læsanleg mismunadrif fr. og aft., diskabremsur hringinn, rafmagnsstýri, 26” CST dekk og 14” beadlock.

**1.799.000 kr. með vsk.**



**Við höfum opnað á Selhellu 1, Hafnarfirði.**




Við höfum opnað nýja sölu- og þjónustumiðstöð Segway og Krone á Selhellu, á milli Nettó og Byko.

**Verið velkomin - opið 10-17 virka daga.**

HESJA

**Hafnarfjörður:** Selhella 1 - Sími 546 0415 | **Akureyri:** Frostagata 2 - Sími 415 6415

Bændablaðið

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.**
**Upplýsingar um dreifingarstaði er að finna á vef Bændablaðsins: www.bbl.is**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar kr. 17.500 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og örykja kostar kr. 13.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
**Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Netfang auglýsinga:** **thordis@bondi.is** – **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

# Stuðningskerfi framtíðar

**Núverandi búvörusamningar gilda til og með 31. desember 2026. Því ætti nýtt stuðningskerfi í landbúnaði að taka við frá og með 1. janúar 2027.**

I bókun við endurskoðun búvörusamninga í byrjun árs kemur fram að samningsaðilar séu sammála um að hefja þegar samtal um starfsumhverfi landbúnaðar í heild sinni til framtíðar. Núverandi stuðningskerfi landbúnaðarins byggir á þremur meginstoðum; framleiðslustuðningi, markaðsaðgerðum og tollvernd. Megnið af framleiðslustuðningnum og markaðsaðgerðum er skilgreint í búvörusamningunum sem skipt er í fjóra hluta: Samning um starfsskilyrði nautgriparæktarinnar, samning um starfsskilyrði sauðfjárræktar, samning um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða og rammasamning um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins.

Margt áhugavert er dregið fram í skýrslu um stuðningskerfi íslensks landbúnaðar sem Landbúnaðarháskólinn vann að beiðni matvælaráðuneytisins og kom út í mars. Þar er nefnt að búgreinatenging í stuðningskerfinu hér á landi sé mjög mikil. Þannig er megnið af stuðningsgreiðslum á grundvelli búvörusamninga eyrnamerkt tilteknum framleiðslugreinum, um 48 prósent nautgriparækt, um 36 prósent fara til sauðfjárbænda og um sex prósent í garðyrkjuframleiðslu. Eftir standa tíu prósent af ýmsum stuðningi sem aðrir, auk sauðfjár- og nautgripabænda og garðyrkjuframleiðenda, hafa aðgang að, svo sem landgreiðslur, leiðbeiningarþjónusta og þróunarfé. Fjárfestingastuðningur, sem er 2,7 prósent af heildinni, er bundinn við nautgripa- og sauðfjárrækt og stuðningur til nýliða reiknast sem minna en eitt prósent af heildarstuðningskerfi landbúnaðar. Skýrsluhöfundar leggja til að meirihluti landbúnaðarstuðnings framtíðarinnar verði ekki bundinn við framleiðslu á einstökum landbúnaðarafurðum, heldur frekar tengdur skilgreindum aðgerðum sem stuðla að uppfyllingu stefnumörkunar stjórnvalda. Þá vilja höfundar að framlög í fjárfestinga- og nýliðunarstuðning verði stóraukin, en um þessa tvo þætti í stuðningskerfinu er fjallað í þessu tölublaði.

> „... megnið af stuðningsgreiðslum á grundvelli búvörusamninga [eru] merktar tilteknum framleiðslugreinum ...

Þar sem framleiðslustuðningur er ekki fyrir hendi treysta búgreinar alfarið á markaðsaðgerðir, sem eru í formi tollverndar. Sá stuðningur hefur rýrnað verulega, er orðinn vanburða með öllu og í skýrslunni er sagt að fyrirkomulag tollverndar sé ekki beint tengt við aðra hluta stuðningskerfisins. Lagt er til að mótuð verði skýr stefna um hvernig tollvernd tengist öðrum landbúnaðarstuðningi, bæði hvað varðar umfang og upphæðir. Á meðan sú stefna er mótuð þurfa þær búgreinar sem njóta eingöngu stuðnings með tollvernd að búa við bitlaust kerfi og skakka samkeppnisstöðu. Við það lækkar hlutfall innlendrar matvælaframleiðslu og sjálfsaflahlutdeild þjóðarinnar minnkar. Það sýnir sig einna helst í tölum um framleiðslu og sölu þessara vara. Sala á alifugla- og svínakjöti hefur aukist ár frá ári en framleiðslan staðið í stað. Þó eru hér góðar aðstæður fyrir slíka framleiðslu og framleiðsluvilji bænda fyrir hendi. En fjármagn skortir og núverandi stuðningskerfi í landbúnaði gerir ekki ráð fyrir að svína-, alifugla-, eggja-, hrossa- eða garðyrkjubændur þurfi á opinberum fjárfestingastyrkjum að halda. Því vantar hvata í kerfið.

*Guðrún Hulda Pálsdóttir*
*ritstjóri.*





Aðstæður og mögulegt útlit vindlundar Hrútmúlavirkjunar, úr skýrslu Eflu frá 2020 fyrir Gunnbjörn ehf. Mynd / Efla

# Ekki á dagskrá að skipuleggja fleiri orkumannvirki

**Engar virkjanir verða samþykktar á skipulag hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi fyrr en stjórnvöld setja lagalega umgerð um vindorku og skýra stefnu um staðarval.**

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps stendur föst á þeirri ákvörðun sinni frá því í fyrra að hætta skipulagningu á orkumannvirkjum, þar sem enginn ávinningur sé af slíku fyrir nærsamfélagið. Mikil umræða hefur skapast bæði á Alþingi og í þjóðfélaginu um að tryggja þurfi nærumhverfinu sanngjarnan ávinning af orkuframleiðslu.

„Þessi ákvörðun stendur óbreytt því þrátt fyrir mikla umræðu hefur ekkert breyst," segir Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps. „Á meðan að lagaumgjörðin er eins og hún er, þá er ekki á dagskrá að setja frekari virkjanir í skipulagið hjá okkur."

Hugmynd er meðal annars um vindorkugarð á jörðinni Skáldabúðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Hrútmúlavirkjun, með allt að 25 vindmyllum og 85 MW framleiðslugetu. Hún er nú til umfjöllunar hjá verkefnastjórn rammaáætlunar og óafgreidd.

### *Boltinn hjá stjórnvöldum*

Jörðin Skáldabúðir er í eigu fyrirtækisins Gunnbjörns ehf. en wpd Ísland ehf., dótturfyrirtæki þýska orkufyrirtækisins wpd Group, hyggst reisa garðinn. Héldu þeir aðilar kynningu á fyrirhugaðri framkvæmd seint á síðasta ári í félagsheimilinu Árnesi. Ýmsir jarðeigendur í nágrenni Skáldabúða hafa mótmælt áformunum harðlega.

„Það sem er svo sérstakt í þessu öllu saman er að enn er ekki komin lagaumgjörð um vindorkuna," segir Haraldur. „Það liggur jú fyrir að vindorkuver yfir 10 MW falla undir rammaáætlun en það er ekki búið að marka stefnu í þessum málum. Okkur finnst sú staða sérstök að vera í dag með hátt í 50 vindorkukosti í umfjöllun í rammaáætlun en það liggur hvorki fyrir löggjöf né skýr stefna um staðarval. Ég held að enginn Íslendingur vilji að vindorkugarðar verði byggðir úti um allar koppagrundir, þá væri verið að fórna mun meiri hagsmunum fyrir minni." Haraldur segir alla umræðu um hvort erlendir aðilar eigi að fá að byggja upp vindorkuver, til að flytja orkuna hugsanlega úr landi í formi t.d. rafeldsneytis, vera eftir.

„Svo sitjum við sveitarfélögin með afleiðingar þess að skipuleggja vindorkugarða gegn vilja íbúanna," heldur hann áfram. „Það eru jafnvel vindorkukostir í rammaáætlun sem hafa ekki verið kynntir fyrir viðkomandi sveitarfélagi, landeigendum eða nágrönnum. Við teljum að það verði að klára lagalega umgjörð og skýra stefnumörkun. Svo megi fara af stað. Við eigum síðan eftir að sjá hvort ný vindorkulög fara í gegnum þingið."

### *Harður ágreiningur um Búrfellslund*

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur jafnframt staðið í ströngu vegna Búrfellslundar sem Landsvirkjun hyggst reisa. Sá vindorkugarður var afgreiddur í rammaáætlun 2015, með uppsett afl upp á 200 MW og mismunandi útfærslur. Í þeim eru vindmyllur bæði í Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi en ein útfærslan einungis í Rangárþingi ytra.

„Afstaða verkefnastjórnarinnar árið 2015 var sú að setja ætti Búrfellslund í biðflokk, síðan endurvann Landsvirkjun vindorkugarðinn og hann var minnkaður niður í 120 MW og að tillögu Landsvirkjunar einungis inni í Rangárþingi ytra," útskýrir Haraldur.

„Þrátt fyrir það var afgreiðsla verkefnastjórnar rammaáætlunar árið 2020 sú, að sökum þess hversu mikið vægi ferðaþjónustu hefði aukist frá 2015 þá væri slíkt vægi ferðaþjónustu og útivistar einfaldlega verðmætara fyrir svæðið og því ætti Búrfellslundur að vera í biðflokki," segir hann.

Alþingi breytti þeirri ákvörðun árið 2022. „Við höfum mótmælt þeirri ákvörðun og fórum fram á frestun á því að innleiða skipulag. Staðreyndin er sú að prikin fara bara ofan í jörðina í Rangárþingi ytra en þrátt fyrir að bæði í umhverfismatinu og áliti Skipulagsstofnunar komi skýrt fram að framkvæmdasvæði Búrfellslundar sé í báðum sveitarfélögum, þá hefur ekkert samtal átt sér stað við okkur í þessu og það er raunverulega verið að keyra Búrfellslund áfram án okkar aðkomu. Þrátt fyrir að áhrifasvæðið sé að fullu í okkar sveitarfélagi. Við höfum veitt umsagnir í gegnum allt ferlið fram að þessu og teljum að ekki sé löglegt að veita heimild til Búrfellslundar þar sem hann er ekki inni í skipulagi hjá okkur," segir hann.

Þannig sé ágreiningur uppi um skipulagslögin og það hvort reisa megi vindmyllur á sveitarfélagamörkum án samþykkis sveitarfélagsins við hliðina.

### *Munu kæra virkjanaleyfi*

Rangárþing ytra hefur samþykkt Búrfellslund í sitt skipulag og Landsvirkjun er búin að sækja um virkjanaleyfi til Orkustofnunar. Um það hvað Haraldur telur að gerist í framhaldinu segir hann að nú velti á Orkustofnun hvort gefið verði út virkjanaleyfi.

„Gefi Orkustofnun út virkjanaleyfi geri ég ráð fyrir að við munum kæra það leyfi til úrskurðarnefndarinnar. Einfaldlega vegna þess að áhrifasvæðið er sannarlega inni í okkar sveitarfélagi líka, við teljum að ekki sé heimilt að byggja Búrfellslund fyrr en hann er kominn inn í skipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þá reynir á hvort stjórnvöldum sé heimilt að fara gegn vilja sveitarfélaganna sem eru á áhrifasvæði vindlundarins en þó ekki með prikið ofan í jörðinni," segir Haraldur.

Til meðferðar hjá Skipulagsstofnun er nú breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. „Með breytingunni verður mörkuð stefna um áhrifasvæði fyrirhugaðs Búrfellslundar innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps og sett inn nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði austan við Sultartangastöð og skammt vestan Þjórsár. ... Stefna vegna áhrifasvæðis Búfellslundar verður á þá leið að öll neikvæð umhverfisáhrif sem kunna að verða vegna fyrirhugaðs Búrfellslundar og geta skert möguleika til landnýtingar innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru óheimil innan marka sveitarfélagsins," segir í lýsingunni.

*/sá*



Jörðin Lynghóll er í efri hluta Skriðdals á Fljótsdalshéraði, um 24 km frá Egilsstöðum. Nýbýli var stofnað þar árið 1958 úr landi Geirólfsstaða.



Bændurnir á Lynghóli, Þorbjörg og Guðni, kynntust í búfræðinámi. Þau hafa síðan tekið að sér 56 börn og ungmenni í fóstur, um lengri eða skemmri tíma, og komið til manns.

# Geitur til gleði og nytja

Á Lynghóli í Skriðdal er myndarbýli með um 350 fjár, 80 geitum og 60 nautum. Þegar Bændablaðið bar að garði voru þau Þorbjörg Ásbjörnsdóttir og Guðni Þórðarson, bændur á Lynghóli, í geitfjárhúsunum að stumra yfir ungviðinu. Gefa þurfti kiðum pela og gefa á garðann eins og gengur. Þau áætla að framleiða ost, skyr og jógúrt úr um 5.000 lítrum geitamjólkur þetta árið, eru með um 50 huðnur í mjöltum og eru mögulega einu framleiðendur geitarskyrs í heiminum. Nú eru þrjár litlar mjólkurvinnslur á Fljótsdalshéraði, hver með sína tegund mjólkur: Geitagott, Sauðagull og Fjóshornið. /sá



Þorbjörg segist mega framleiða úr 300 lítrum geitamjólkur á viku en hún ætli sér ekki að framleiða meira en hún sjálf ráði við að gera og vera þannig trygg handverkinu.



Mest af geitaafurðunum er selt á Austurlandi. „Gaman er að tilheyra svæði sem sýnir framleiðslu okkar svo mikinn áhuga. Það búa ekki allir við slíkt," segir Þorbjörg.



Þorbjörg er, auk þess að vera bóndi, þroskaþjálfi, NPL-markþjálfi og dáleiðari. Hún hefur t.d. lengi unnið innan félagsþjónustu með einhverfum mæðrum.



Undir merkinu Geitagott framleiða Lynghólsbændur m.a. geitarosta, geitarskyr, geitarjógúrt og mysusíróp. Vörunum hefur verið afar vel tekið, ekki síst á Austurlandi.



Þorbjörg verkar gjarnan geitaskinn enda eru þau mörg falleg og til margra hluta nytsamleg.



Á Lynghóli hafa verið gerðar tilraunir með að frysta geitarmjólkurskyr og hefur það gefið góða raun. Það gjörbreytir aðgengi kaupenda að vörunni.



Geitféð er elskt að mannfólkinu. Lynghóll hefur alltaf verið opið býli fyrir áhugasama og eftir að geiturnar komu fjölgaði forvitnum gestum mjög. M.a. er gott samstarf við skóla, t.d. Náttúruskólann.

## Vísnahornið

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins var auglýst eftir tengdasyni, í einkamáladálki á bls.70. **Egill Þórðarson** færði þessa auglýsingu í bundið form:

*Tilvonandi tengdasonar*
*tengdamóðir núna biður,*
*innilega einnig vonar*
*um hann verði góður friður.*

*Verði einnig eldisgóður*
*enginn sé á honum ljóður,*
*í andlitinu fremur fagur,*
*á framkomunni góður bragur.*

*Gyrtur vel og geðslag vandað,*
*getur ráðahagnum landað,*
*dóttir mín kann vel til verka*
*ég væna tel og býsna sterka.*
*(Verðandi tengdamóðir)*

Ögn meira af **Páli Ólafssyni,** um vinnukonu sína orti Páll, þannig má vinnuveitandi ekki yrkja í dag.

*Ingibjörg er aftanbrött*
*en íbjúg framan.*
*Skyld´ekki mega skera hana sundur*
*og skeyta hana saman.*

Enn síður má vinnuveitandi yrkja:

*En svo hef ég líka lifað það,*
*við lokuðum okkur inni.*
*Þá fannst mér nú ekkert að,*
*Ingibjörgu minni.*

**Jón á Bægisá** missti hempuna nokkrum sinnum og mun hafa verið ögn breyskur, líkt og Páll Ólafsson.

*Lukkutjón þá að fer ört,*
*ekki er hægt að flýja.*
*Betur hefði guð minn gjört*
*að gelda mig en vígja.*

**Séra Jón Þorláksson** sagði líka:

*Betra er að vera hátt með haus,*
*hengdur upp á snaga.*
*En að ríða eystnalaus,*
*alla sína daga.*

**Böðvar Guðlaugsson** (1922-2007) orti þegar kennarar ónefnds skóla fóru með nemendum sínum í réttir:

*Eins varð ég áskynja í réttinni,*
*– ekki skal lúrt á fréttinni:*
*Ég sé það loks hér*
*hvað sauðkindin er*
*keimlík kennarastéttinni.*

Böðvar orti þessa kunnu vísu:

*Leit eg standa lotinn mann*
*leysa band af tösku*
*þar að vanda hafði hann*
*hálfa landaflösku.*

**Karl Kristjánsson** (1895-1978) alþingismaður orti:

*Auðlegðin er ekki smá*
*og ekki er smiðurinn gleyminn,*
*sem lætur sérstætt andlit á*
*alla er koma í heiminn.*

Eitt sinn var Karl á ferðalagi í Englandi með **Jóni Pálmasyni** alþingismanni. Jón sendi Karli þessa:

*Enginn vafi er um það*
*ungum burt frá hrundum*
*fíkjuviðar fýkur blað*
*fyrr en varir stundum.*

Þessu svaraði Karl:

*Gerum enga yfirsjón*
*er það fararkvöðin.*
*Horfðu á brosin hýru, Jón,*
*heldur en fíkjublöðin.*

**Umsjón: Magnús Halldórsson**
mhalldorsson0610@gmail.com

# Lækka gjöld fyrir sorphirðu

**Sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur samþykkt samhljóða að lækka sorphirðugjöld.**

Ástæðan er tafir á dreifingum sorpíláta. Samþykkt hefur verið að rukka 75.000 króna gjald á hvert heimili og 35.000 krónur á frístundahús. Íbúðir sveitarfélagsins eru 313 talsins en frístundahúsin um fjörutíu.

„Málið snýst um innleiðingu á nýju kerfi hjá okkur þar sem átti að rukka ákveðið gjald fyrir hvert ílát en það hefur ekki gengið nægilega hratt og talningu og dreifingu á ílátum var ekki lokið fyrr en í þessum mánuði. Því munu heimilin greiða minna heldur en þau hefðu greitt samkvæmt gjaldskrá sem miðaði við gjald per ílát. Samkvæmt þeirri gjaldskrá hefði heimili þurft að greiða 106.000 krónur á ári miðað við að vera með fjórar tunnur. Það þótti því eðlilegt að lækka gjaldið þar sem dreifing íláta tafðist,“ segir Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps. */mhh*

# Aukið virði framleiðslunnar

**Í nýlegum gögnum Hagstofu Íslands er áætlað að heildarframleiðsluvirði landbúnaðarins á Íslandi hafi aukist um átta prósent á milli áranna 2022 og 2023, sem rakið er til hærra afurðaverðs.**

Heildarframleiðsluvirðið er áætlað 89 milljarðar króna fyrir síðasta ár, var 82 milljarðar árið 2022 en 72 milljarðar árið 2021. Áætlunin byggir á lokaúttekt á afkomu búgreina fyrir árið 2022 og fyrirliggjandi upplýsingum um magn- og verðbreytingar á landbúnaðarvörum á síðasta ári. Gert er ráð fyrir að um 65 prósent framleiðsluvirðisins teljist til búfjárræktar en um 27 prósent til nytjaplönturæktar.

Í uppgjöri Hagstofunnar er áætlað að aðfangakostnaður fyrir síðasta ár hafi verið 56 milljarðar króna, árið þar á undan nam hann 54 milljörðum króna en þá varð mikil aukning, eða 16 prósent, frá 2021 vegna innrásar Rússlands inn í Úkraínu. */smh*

## Skagafjörður:

# Gróðurhús í gömlum fjárhúsum tekur á sig mynd

**Gömlu fjárhúsin á Stóru-Ökrum 1 í Skagafirði eru óðum að taka á sig nýja mynd sem gróðurhús, en þau voru aflögð eftir að skorið var niður vegna riðutilfellis þar árið 2020.**

„Gróðurhúsið kom bara mjög vel undan vetri og það lifði nánast allt sem var þar í vetur,“ segir Svanhildur Pálsdóttir, sem býr á Stóru-Ökrum 1 ásamt manni sínum, Gunnari Sigurðssyni, þar sem þau reka kúabú í dag.



Fyrir ári síðan voru þau Svanhildur og Gunnar að taka fyrstu plönturnar inn í húsið. Mynd / smh

### *Berjaplöntur og ávaxtatré*

Fyrir réttu ári síðan var fjallað um eftirmál riðuveiki hér í blaðinu og sögðu bændurnir á Stóru-Ökrum 1 meðal annars sögu sína. Eftir niðurskurðinn hafi framtíðin verið rædd á fjölskyldufundi og þá hafi komið upp sú hugmynd að breyta fjárhúsunum í gróðurhús.

Þegar blaðamann bar að garði fyrir ári síðan voru þau að planta inn í húsið fyrstu berjaplöntunum og ávaxtatrjánum. Sögðu þau að ákvörðunin um nýtt hlutverk fyrir húsið hafi haft jákvæð áhrif á fjölskylduna, það að prófa að rækta eitthvað nýtt og skemmtilegt í húsinu hafi verið spennandi áskorun.

### *Ætla að taka fé aftur í haust*

„Við vorum með jarðarber og fengum uppskeru af þeim, en ávaxtatrén eru ekki farin að bera ávöxt enn þá. Svo erum við með ýmislegt annað í ræktun, eins og maís, sem gaf góða uppskeru líka. Við settum upp vökvunarkerfi í vor og höfum verið að gera fínt þarna inni með ýmsum hætti – þannig að við erum bara mjög spennt fyrir sumrinu,“ heldur Svanhildur áfram.

„Það eru margir sem spyrja okkur hvort við ætlum ekki að fara að framleiða eitthvað og selja, en til að byrja með ætlum við bara að rækta fyrir okkur. Við eigum eftir að prófa að rækta fjölmargar tegundir af ávöxtum, berjum og matjurtir fá að laumast með.“





Í gróðurhúsinu á Stóru-Ökrum má meðal annars finna ávaxtatré, berjaplöntur og maís. Myndir / Svanhildur

Stóru-Akrar 1 eru í Blönduhlíð í Skagafirði og þetta var í fyrsta sinn í langan tíma sem riða greindist á svæðinu þegar hún var staðfest um haustið 2020, en um 520 kindur voru þá á bænum. „Jú, við ætlum að taka fé aftur í haust. Að sjálfsögðu bara með verndandi arfgerðir og við munum nota aðstöðu sem við erum með í nautafjósinu í Brekkukoti hér rétt hjá. Við vorum með hluta af kindunum þar áður en skorið var niður,“ segir Svanhildur. */smh*



MF SNÚNINGSVÉLAR
NÝJAR KYNSLÓÐIR AF AFKASTAMIKLUM SNÚNINGSVÉLUM
SAUTJÁN ÚTFÆRSLUR
Breitt úrval véla með vinnslubreidd frá 4,5 m til til 12,7m
EINFALDAR AÐ SETJA UPP OG STILLA
Fyrir hraða og hagkvæma yfirferð
TINDAARMAR
Fyrir hagkvæman þurrkun, langan endingartíma með tindaöryggi sem staðalbúnað
HÁGÆÐA TINDAR
Beinir tindar eða krækjutindar, hvort sem þig þyrstir í,
Þá er til hin fullkomna MF snúningsvél fyrir þig
MASSEY FERGUSON
BÚVÉLAR
Gagnheiði 35,
Selfossi
Sími 4800080
www.buvelar.is

## Geimorka:

# Ætla að virkja sólargeisla og senda til jarðarinnar

**Íslenska loftslagsfyrirtækið Transition Labs er komið í samstarf við breska fyrirtækið Space Solar um tilraunir með orkuframleiðslu í geimnum til nota á jörðinni.**

Mun Space Solar hafa hannað sólarorkuver sem til stendur að fari á sporbaug um jörð. Eiga verin að virkja geislun sólar og senda með útvarpsbylgjum til jarðar. Markmiðið er að framleiða 100 MW af orku innan áratugar. Gefi verkefnið góða raun stendur til að senda fleiri sólarorkuver á sporbaug til orkuframleiðslu fyrir jörðina.

### *Jarðstöðvar ekki plássfrekar*

Í tilkynningu fyrirtækjanna um samvinnu þeirra kemur fram að „jarðstöðvar taka við bylgjunum og umbreyta þeim í rafmagn og skila grænni endurnýjanlegri orku inn í orkukerfin. Geislar sólarinnar eru þrettán sinnum öflugri fyrir utan lofthjúpinn en á jörðu niðri, sem vegur upp á móti því orkutapi sem verður við flutning orkunnar til jarðar. Útvarpsbylgjurnar hafa ekki áhrif á lífríki jarðar og jarðstöðvarnar samanstanda af neti smárra loftneta sem hleypa vatni og sólarljósi í gegn og taka margfalt minna landsvæði en þarf undir vindorkuver eða hefðbundin sólarorkuver sem skapa sama magn orku.“



Tiltekið er að sólarorkuver Space Solar verði staðsett þannig að á þau falli ekki skuggi af jörðu. Unnt sé að framleiða rafmagn viðstöðulaust og útvarpsbylgjur streymi til jarðar óháð veðurfari eða skýjahulu. Þannig sé þetta ný aðferð til að framleiða umhverfisvænt grunnafl.

### *Tæknihraðall*

Að sögn forsvarsmanna verkefnisins hefur kostnaður við flutning tækjakosts út fyrir gufuhvolfið helst staðið í veginum. Sá kostnaður hafi þó dregist hratt saman og lækkað um 80% á síðustu árum, ekki síst vegna þróunar geimferða hjá SpaceX. Ætlað sé að á næstu árum verði kostnaður við geimferðir orðinn brotabrot af því sem áður var.

Davíð Helgason fjárfestir, einn stofnenda hugbúnaðarfyrirtækisins Unity, stofnaði Transition Labs árið 2022, ásamt Kjartani Erni Ólafssyni, frumkvöðli og tæknifjárfesti. Markmið félagsins er að gera Ísland að vettvangi loftslagsverkefna á heimsvísu.

Forsvarsmenn Transition Labs telja að nú þegar séu til fjölmargar áhrifaríkar lausnir sem geti auðveldað baráttuna við loftslagsvandann en flöskuhálsinn hafi reynst sá langi tími sem taki fyrir nýja tækni að ryðja sér til rúms.

Þetta ætli fyrirtækið að reyna að leysa. */sá*

can-am®

# MIKIÐ UPPFÆRT 2024 OUTLANDER 6X6




**2024 ÁRGERÐIN ER LENT.
SKARAÐU FRAM ÚR Á CAN-AM Í SUMAR.**

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

A BRP BRAND BRP

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.



Landsáætlun um riðuveiki liggur enn í samráðsgátt.

Riðuveiki:

## Umsagnarfrestur framlengdur

**Umsóknarfrestur um drög að nýrri landsáætlun um útrýmingu á sauðfjárriðu hefur verið framlengdur til 4. júní.**

Upphaflega var gert ráð fyrir að opið yrði fyrir umsagnir í samráðsgátt stjórnvalda frá 8. maí til 20. maí.

*Annir í sauðburði*

Í umsögn Ástu Fannar Flosadóttur frá 13. maí, en hún situr í stjórn búgreinadeildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands, var gerð athugasemd við umsagnarfrestinn.

Þar telur hún harðsótt fyrir nokkurn sauðfjárbónda að lesa áætlunina yfir þessa daga, hvað þá að skrifa umsögn, vegna anna þeirra í sauðburði.

*Ræktun á riðuþolnum kindum*

Eins og áður hefur verið greint frá hér í blaðinu gengur landsáætlunin út á að riðuveiki í sauðfé verði útrýmt innan 20 ára.

Horfið er frá því markmiði að útrýma riðusmitefninu sjálfu en megináhersla lögð á að útrýma veikinni með ræktun á riðuþolnum kindum með verndandi og mögulega verndandi arfgerðum.

Í áætluninni er stefnt að því að litlar líkur verði á að upp komi riðuveiki í sauðfjárhjörð á Íslandi frá árinu 2028 og að Ísland hafi hlotið viðurkenningu Evrópusambandsins árið 2032 um að hverfandi líkur séu á að hér komi upp riðuveiki. /smh

**Bændablaðið kemur næst út 13. júní**



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis bætti við þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu aðgerð sem snýr að verndun landbúnaðarlands í ríkiseigu.
Mynd / smh

Landsskipulagsstefna:

# Kortleggja ræktunarland sem hentar vel til matvælaframleiðslu

**Þingsályktunartillaga um landsskipulagsstefnu til ársins 2038, ásamt fimm ára aðgerðaráætlun til ársins 2028, var samþykkt á Alþingi þann 16. maí.**

Í henni er gert ráð fyrir að allt ræktunarland sem hentar vel til matvælaframleiðslu verði kortlagt.

Tillagan byggir á hvítbók um skipulagsmál sem var til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda síðasta haust. Sveitarfélögum ber að taka mið af þeirri kortlagningu í skipulagi sínu við gerð aðal- og svæðisskipulags og standa vörð um. Í meðhöndlun umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis nú varð sú breyting á tillögunni að við bættist áhersla um vernd landbúnaðarlands á jörðum í eigu ríkisins.

*Fyrsta landsskipulagsstefna sinnar tegundar*

Í landsskipulagsstefnu eru samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðarmál, náttúruvernd, orkunýtingu, landnotkun, nýtingu og vernd auðlinda, haf- og strandsvæða. Er stefnan útfærð með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Núgildandi landsskipulagsstefna er fyrsta sinnar tegundar og var samþykkt á Alþingi í mars árið 2016.

*Vernd landbúnaðarlands í ríkiseigu*

Í nefndaráliti umhverfis- og samgöngunefndar með breytingartillögunni kemur fram að Bændasamtök Íslands hafi lagt á það áherslu í sinni umsögn að við tillöguna yrði bætt nýrri aðgerð sem snéri að því að eigandastefna ríkisins um ríkisjarðir yrði uppfærð.

Markmiðið yrði að land búnaðarnot slíkra jarða yrðu í forgangi auk þess sem skoðaðir verði möguleikar ríkisins til jákvæðra hvata þannig að því markmiði yrði náð.

Innviðaráðuneytið tók undir með sjónarmiðum Bændasamtakanna í minnisblaði og því lagði nefndin til að við stefnuna bættist sú aðgerð að stuðlað verði að því að gott landbúnaðarland í ríkiseigu og ábúð verði varið. Leiðbeiningar verði unnar fyrir opinbera aðila um hvernig best sé að vinna að því að slíkt landbúnaðarland haldi þeirri landnotkun, til að skapa fyrirsjáanleika og framtíðarsýn ábúanda um nýtingu.

*Líffræðileg fjölbreytni*

Í nefndinni var einnig fjallað um líffræðilega fjölbreytni sem eitt lykilviðfangsefna tillögunnar við skipulagsgerð í þéttbýli, dreifbýli og á miðhálendinu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands var því fagnað sérstaklega að vernd líffræðilegrar fjölbreytni væri á meðal lykil- viðfangsefna tillögunnar, að stofnunin hafi á fyrri stigum bent á við gerð grænbókar og hvítbókar um skipulagsmál að stefna ætti að því að vinna sérstakar leiðbeiningar um líffræðilega fjölbreytni og skipulag.

Nefndin hvetur í áliti sínu til þess að lögð verði áhersla á gerð leiðbeininga um líffræðilega fjölbreytni og skipulag til stuðnings áherslum í landsskipulagsstefnu.

*Kortlagning landbúnaðarlands á landsvísu*

Í aðgerðaráætlun landsskipulagsstefnunnar er lagt til að ráðist verði í kortlagningu á landbúnaðarlandi á landsvísu.

Matvælaráðuneytið ber ábyrgð á því verkefni og fer Land og skógur ásamt Skipulagsstofnun með framkvæmd þess.

Upplýsingar sem úr því fást verða undirstaða stefnumótunar um verndun úrvals landbúnaðarlands og akurlendis sem sveitarfélög útfæra svo fyrir sitt svæði í skipulagi. /smh




Umhverfismál:

# Nýtt loftslagsráð tekur til starfa

**Nýtt loftslagsráð hefur verið skipað af Guðlaugi Þór Þórðarsyni umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.**

Loftslagsráð er nú skipað níu fulltrúum sem hafa reynslu og þekkingu af loftslagsmálum og hefur það meginhlutverk að veita stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf um stefnumarkandi ákvarðanir og markmið Íslands sem tengjast loftslagsmálum. Frá þessu greinir í tilkynningu frá Stjórnarráðinu.

Halldór Þorgeirsson, fyrrum yfirmaður hjá skrifstofu Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC), er áfram skipaður formaður ráðsins og Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands, er áfram varaformaður.

Auk þeirra sitja í ráðinu Halldór Björnsson loftslagsfræðingur, Helga J. Bjarnadóttir sviðsstjóri hjá Eflu, Stefán Þ. Eysteinsson, formaður bæjarráðs Fjarðabyggðar, Auður A. Ólafsdóttir, sérfræðingur hjá ASÍ, Bjarni M. Magnússon prófessor, Bjarni D. Sigurðsson prófessor og Þorgerður M. Þorbjarnardóttir jarðfræðingur. Varamenn eru Helga Ögmundardóttir dósent og Ingibjörg S. Jónsdóttir prófessor. Í ráðinu eiga einnig sæti fulltrúar atvinnulífsins, háskólasamfélagsins, sveitarfélaga og umhverfisverndarsamtaka, auk annarra fulltrúa sem nauðsynlegt er talið að eigi þar sæti.



Halldór Þorgeirsson.

Loftslagsráð var fyrst sett á fót á grundvelli þingsályktunar 2018 og aftur 2019 í kjölfar breytinga á lögum um loftslagsmál.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að hlutverk loftslagsráðs skuli tekið til endurskoðunar, með aukinni áherslu á ráðgefandi hlutverk og vísindastarf, auk aðhalds- og eftirlitshlutverks gagnvart stjórnvöldum. Þeirri endurskoðun er nú lokið. /sá


VORTILBOÐ 2024
FÆST Í VEFVERSLUN
VANTAR ÞIG PLÁSS?
Það er gott að eiga stað fyrir sláttuvélina, grillið, hrífuna og dekkin...
Hugmyndir af útfærslum
Verkfærageymsla
Hobby herbergi
Sauna
Skrifstofa
NÝTT
EYRI - 15 fm
25% afsláttur
1.193.000 kr.
895.000 kr.
OPIÐ FYRIR PANTANIR
SENDUM HVERT Á LAND SEM ER
STAPI - 14,98 fm
25% afsláttur
1.100.000 kr.
825.000 kr.
NÝTT
NAUST - 14,44 fm
30% afsláttur
850.000 kr.
595.000 kr.
HLÍÐ - 10 fm
25% afsláttur
732.000 kr.
549.000 kr.
Leiðbeiningar og teikningar af undirstöðum eru á vefnum okkar kofaroghus.is
Hægt er að bæta við auka bjálkaröðum í öll húsin ef óskað er eftir meiri lofthæð
BREKKA 34 - 9 fm
25% afsláttur
692.000 kr.
519.000 kr.
www.kofaroghus.is - Sími 553 1545
KOFAR OG HÚS
Síðan 2012

## Vistkerfi sjávar:

# Sjónum beint að verndun hafsvæða

**Verkefni, sem ætlað er að taka á loftslagsbreytingum og ógnun við líffræðilegan fjölbreytileika sjávar, hlaut nýlega styrk úr Rannsóknaáætlun Evrópusambandsins, Horizon Europe, Mission Ocean.**

Um er að ræða nýtt alþjóðlegt 1,2 milljarða króna rannsókna- og nýsköpunarverkefni, leitt sameiginlega af Matís og Hafrannsóknastofnun.

Verkefnið snýst um að þróa aðferðafræði og tæknilegar lausnir til að auðvelda ákvarðanatöku um auðlindanýtingu eða verndun hafsvæða, skv. upplýsingum frá Matís og Hafró.

*Rannsaka áhrif á fimm hafsvæði*

Líffræðilegur fjölbreytileiki sjávar verður vaktaður svo hægt verði að gera grein fyrir stöðu hans og spá fyrir um mögulegar breytingar. Farið verður í víðtæka kortlagningu á nýtingu og áhrifum manna á einstök hafsvæði og tegundir í hafinu. Gera á aðgerðaáætlun fyrir forgangsröðun verndunar- og endurheimtunaraðgerða, sem og mat á vistfræðilegum, félagslegum og hagfræðilegum áhrifum þessara verndaraðgerða á fimm hafsvæðum, þ.e. við Ísland, Noreg, Írland, Portúgal og Azor-eyjar.

Alls taka 18 fyrirtæki og stofnanir víðs vegar að úr Evrópu þátt í verkefninu, en því er stjórnað af dr. Sophie Jensen, verkefnastjóra hjá Matís. Dr. Julian Burgos hjá Hafrannsóknastofnun er vísindalegur leiðtogi verkefnisins.

*Mikið samstarf*

Að sögn Matís og Hafró er áhersla lögð á gott samstarf við hagaðila en þeir eru til dæmis útgerðaraðilar, sjávarútvegssamtök, sveitarfélög, og þá sérstaklega sjávarbyggðir, innlend og alþjóðleg stjórnvöld, náttúruverndarsamtök, rannsóknaraðilar, stefnumótandi aðilar og sérfræðingar.

BioProtect-verkefnið stuðlar m.a. að því að Evrópuþjóðir nái helstu markmiðum Kunming-Montreal Global Biodiversity Framework-samningsins frá 2022. Í honum er kveðið á um að ríki skuli vernda 30% haf- og landsvæða fyrir árið 2030 og hefur sá samningur verið undirritaður af fleiri en 200 ríkjum, þar á meðal Íslandi. Meginmarkmið samningsins er að vernda líffræðilega fjölbreytni sem minnkar nú mun hraðar en áður á þekktum jarðsögulegum tíma. /sá



**Matís og Hafró leiða alþjóðlegt verkefni um að þróa aðferðafræði og tæknilegar lausnir til að auðvelda ákvarðanatöku um auðlindanýtingu eða verndun hafsvæða.** Mynd / Rita Ho






**Erlent íbúaráð Víkur var stofnsett með það fyrir augum að fjarlægja jaðarsetningu og mögulega tilfinningu afskiptaleysis er kemur að ákveðnum hópum í samfélaginu.** Mynd / Tom Podmore, Unsplash

## Mýrdalshreppur:

# Jákvæð og uppbyggjandi samvinna í forgangi

## – Landstólpinn veittur íbúaráði í Vík

**Landstólpinn, samfélagsviðurkenning Byggðastofnunar, var nú í ár veittur fyrsta enskumælandi pólitíska ráði landsins, íbúaráði Víkur.**

Verðlaunin, sem hafa verið veitt árlega síðan 2011, eru viðurkenning skapandi hugsunar og bjartsýni einhvers tiltekins verkefnis eða starfsemi sem vakið hefur athygli á byggðarmálum og aukið veg viðkomandi samfélags.

Til hliðsjónar er meðal annars skoðað hvort gefin sé jákvæð mynd af landsbyggðinni / viðkomandi svæði, hvort virkni íbúa eða bein þátttaka þeirra í verkefninu hafi skapað frekari samstöðu og heild, nú eða dregið að gesti. Ekki er nauðsynlegt að öllum þessum atriðum sé fylgt eftir, heldur séu þau höfð til hliðsjónar.

*Skerðing jaðarsetningar*

Nú í ár hlaut fyrsta enskumælandi pólitíska ráð landsins, staðsett í Mýrdalshrepp, þessa samfélagsviðurkenningu Byggðastofnunar.

Ráðið var sett á laggirnar fyrir tveimur árum og er skipað sjö fulltrúum af sex þjóðernum, Póllandi, Þýskalandi, Spáni, Filippseyjum, Slóveníu og Írlandi. Tomasz Chocholowicz, formaður ráðsins, segir það með vilja gert því mikil íbúavelta sé í Vík, sumir staldri einungis við í 3–4 mánuði vegna vinnu. Áhersla er lögð á að sem flestir upplifi sig ekki utanveltu og fái viðeigandi upplýsingar, til að mynda hvernig sækja má um kennitölu, skattaupplýsingar og þar fram eftir götunum, í raun það helsta sem auka má lífsgæði.

Ráðið var stofnsett með það fyrir augum að fjarlægja jaðarsetningu og mögulega tilfinningu afskiptaleysis er kemur að ákveðnum hópum í samfélaginu.

> ”Jafnrétti eigi að ríkja milli allra íbúa og oft forvitnilegt að takast á við og leysa úr málefnum mismunandi heima með framtíðarsýn að leiðarljósi ...



**Tomasz Chocholowicz.**

Meðal þess sem áhersla hefur verið lögð á er íslenskukennsla, en fjallað hefur verið talsvert um leiðir sem hægt væri að fara til þess að efla stöðu tungumálsins.

Samfélag Víkur er afar fjölbreytt en þjóðerni íbúa teljast alls tuttugu talsins, en kringum 60% íbúa sveitarfélagsins eru af erlendum uppruna. Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri í Mýrdalshreppi, segir mikilvægt að allir hafi jöfn tækifæri til ákvarðanatöku, en fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar voru fundir og kosningaefni til jafns haft á ensku og íslensku. Voru viðtökur afar góðar og vel tekið undir þá breytingu en Einar Freyr álítur að stór hluti samfélagsins skorti tækifæri til að koma sínum hugmyndum á framfæri og taka þannig raunverulega þátt í stefnumótun og stjórnvaldsákvörðunum í sínu sveitarfélagi.

*Jákvæð og gagnsæ samvinna*

Tomasz segir samvinnu þeirra Einars mjög jákvæða og þann síðarnefnda afar ötulan við að koma áfram þeim málefnum sem báðum liggja á brjósti. Gagnsæ samskipti og traust séu í forgangi og vel unnið að því að byggja brú milli heimamanna og þeim sem aðfluttir eru.

Jafnrétti eigi að ríkja milli allra íbúa og oft forvitnilegt að takast á við og leysa úr málefnum mismunandi heima með framtíðarsýn að leiðarljósi.

Mikil fólksfjölgun á sér stað í Vík, bæði aðfluttra sem og nýrra einstaklinga sem litið hafa dagsins ljós. Til gamans má geta þess að fyrir tíu árum taldi íbúatala Mýrdalshrepps alls 489 einstaklinga, en hefur nú í ár nær tvöfaldast, eða 881 manns.

*Allar fundargerðir á bæði ensku og íslensku*

Segir Tomasz upphaf hvers fundar hefjast á greinargerð frá sveitarstjóranum sem veitir sitjandi enskumælandi ráði yfirlit yfir hin helstu málefni sveitarfélagsins. Allar fundargerðir eru skrifaðar bæði á íslensku og ensku og veita þannig ráðsmeðlimum og þeim sem lesa fundargerðirnar aukna innsýn í íslenska tungu en eru um leið öllum skiljanlegar.

Hlutverk ráðsins sé meðal annars að gera tillögur til sveitarstjórnar hvað varða málefni nýrra erlendra íbúa ásamt því að hafa eftirlit með að stefnu sveitarstjórnar á hverjum tíma sé fylgt. Leggja mat á þá þjónustu sem veitt er og stuðla að kynningu hennar, auk þess að gegna hlutverki sem samráðsvettvangur innflytjenda samfélagsins. „Okkur fulltrúum íbúa af erlendum uppruna þykir afar jákvætt hversu öflugt samstarf okkar við sveitarstjórann er og þakklát fyrir að myndast hafi vettvangur þar sem við getum haft áhrif á samfélagið sem við búum í.“

Viðurkenningin var að venju veitt á ársfundi Byggðastofnunar, en alls bárust 65 tilnefningar til 26 einstaklinga/verkefna á landsvísu. /sp



**Frá afhendingu Landstólpans; Lara Ólafsson og Hilary Jane Tricker frá enskumælandi ráði Mýrdalshrepps, Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps, og Andri Þór Árnason, sérfræðingur hjá Byggðastofnun.** Mynd / Hjalti Árnason

Knowledge grows

# Örugg með **Yara**
# Eigum enn nægan áburð




Framleiðsluaðferð Yara tryggir að hvert áburðarkorn innihaldi rétt hlutföll næringarefna og er því hvert korn einsleitt sem er forsenda jafnari dreifingar. Brotþol korna leyfir dreifingu allt að 35 metrum og lágmarkar rykmyndun.

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is

**Verðskrá 2024**

Upplýsingar á yara.is
og hjá sölumönnum.

Landbúnaðarrannsóknir:

# Staða sníkjuormasýkinga metin

**Kortleggja á stöðu sníkjuormasýkinga hjá íslenskum nautgripum á næstu misserum.**

Kristbjörg Sara Thorarensen, dýralæknir á sníkjudýradeildinni á Keldum, fer fyrir rannsókninni sem tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum stendur fyrir.

Langt er síðan skipulegar rannsóknir fóru fram á sníkjuormum í nautgripum á Íslandi. Til eru rannsóknir frá 1962 og 1976–1979 sem Sigurður H. Richter framkvæmdi meðal annarra. Í þeim rannsóknum fundust nokkrar tegundir sníkjuorma í meltingarvegi og lungum gripanna.

Kristbjörg Sara segir að ormarnir valdi misalvarlegum einkennum hjá gripunum eftir tegundum. „Þó sumar tegundir valdi augljósum sjúkdómseinkennum eru aðrar, sem valda vanþrifum án augljósra einkenna. Vanþrif koma niður á velferð gripanna ásamt því að valda fjárhagslegu tjóni fyrir bændur vegna minnkaðrar framleiðslu og lélegrar fóðurnýtingar. Ætlunin er að nota sameindalíffræðilegar aðferðir til að staðfesta greiningu þeirra tegunda sem áður hefur verið lýst hér á landi en einnig athuga hvort að hér séu til staðar fleiri tegundir sem ekki hafa fundist enn þá. Þessar aðferðir notast við erfðaefni sníkjuormanna til að greina þá til tegunda,“ segir Kristbjörg Sara.

Saursýnum verður safnað úr nautgripum á ólíkum aldri, sem aldir eru upp við mismunandi aðstæður víðs vegar um landið en eftir skoðun á þeim verður hægt að áætla hvaða gripir eru líklegastir til að bera smit og hvaða umhverfisaðstæður skipta þar máli.

*Sníkjuormar algengastir í meltingarvegi*

Kristbjörg Sara segir að ekkert bendi til þess að sníkjuormar í nautgripum á Íslandi séu stórt vandamál en lítið sé vitað um stöðuna.



Kristbjörg Sara Thorarensen, dýralæknir á sníkjudýradeildinni á Keldum, sem fer fyrir rannsókninni. Hún hvetur kúabændur til að svara spurningalista sem hefur verið sendur út. Mynd / Aðsend



Þessi kýr er hoppandi glöð og kát með að komast út í sumarið en nú er einmitt að hefjast rannsókn sem snýst um að kortleggja stöðu sníkjuormasýkinga hjá íslenskum nautgripum. Mynd /mhh

„Sníkjuormarnir hafa upphaflega komið með þeim gripum sem fluttir voru hingað til lands í fyrndinni. Mismunandi er eftir sníkjuormategundum í hvaða líffærum gripanna þeir taka sér bólfestu en algengt er að um meltingarveginn sé að ræða. Margar tegundir sníkjuorma hafa beinan lífsferil þannig að smit getur borist beint frá einum grip til annars án aðkomu millihýsils. Fullorðnir ormar framleiða egg sem skiljast út í saur. Eggin þroskast síðan í umhverfinu við hagstæðar aðstæður og ná smithæfu lirfustigi.“

Ef nautgripur étur slíkar lirfur, til dæmis með saurmenguðu grasi, geti það orðið til þess að gripurinn smitast og þannig viðhelst lífsferill ormsins.

*Lirfur lifa af veturinn*

Lirfur geta lifað af vetur á beitarlöndum að sögn Kristbjargar Söru. Þannig geti beitarlönd borið smit frá einu ári til annars.

Einnig sé það þekkt hjá einni tegund, sem fyrirfinnst hér á landi, að lirfur geta lagst í dvala í líkama gripanna, jafnvel á stöðum þar sem sum ormalyf ná ekki til með virkni sína. „Þannig viðhaldast sýkingarnar þegar lirfurnar ranka við sér úr dvalanum við ákveðnar aðstæður, þroskast upp á fullorðinsstig og hefja framleiðslu eggja.“

*Kanna lyfjaónæmi*

Samhliða rannsókninni verður ormalyfjanotkun í nautgripum líka könnuð.

„Erlendis hafa rannsóknir sýnt að lyfjaónæmi er til staðar í mörgum þeim tegundum sníkjuorma, sem smita bæði gæludýr og húsdýr. Þegar sníkjuormar hafa þróað með sér ónæmi gegn lyfi þýðir það að virkni lyfsins er minni, jafnvel engin, gagnvart ormasýkingunum. Þegar tegundir sníkjuorma sem valda alvarlegum einkennum hjá gripunum hafa þróað með sér ónæmi gegn einu eða fleiri lyfjum, erum við í vondum málum ef engin lyf eru til sem virka gegn sýkingunum.

Því er mikilvægt að þau lyf sem við höfum til meðhöndlunar á sníkjuormasýkingum séu notuð rétt, til dæmis að meðhöndla á réttum tíma miðað við lífsferil ormanna en einnig með réttum skömmtum miðað við þyngd gripanna til að forðast vanskömmtun,“ segir Kristbjörg Sara og leggur áherslu á mikilvægi þess að kanna í hversu miklum mæli er verið að nota ormalyf í nautgripi og hvaða lyf er algengast að séu notuð.

Því munu rannsakendur einnig fylgjast með vísbendingum um lyfjaónæmi hér.

*Spurningalisti til kúabænda*

Rannsakendur hafa sent út spurningalista til kúabænda vegna rannsóknarinnar. „Nokkrir bændur hafa svarað og erum við afar þakklát þeim. En heimturnar mættu vera betri. Við yrðum afar þakklát ef fleiri myndu svara spurningalistanum því upplýsingarnar sem þar aflast koma til með að nýtast bæði bændum, dýralæknum og öðrum sem koma að umönnun og meðhöndlun nautgripa. Það væri líka gott að komast í samband við bændur með gripi, hvort sem það er í mjólkurframleiðslu eða kjötframleiðslu, sem eru til í að leyfa okkur að koma og taka hjá þeim saursýni,“ segir Kristbjörg Sara.

Hægt er að finna spurningalistann inn á Facebook-hópnum „Kúabændur og spekúlantar“, en einnig er hægt að fá upplýsingar með því að senda Kristbjörgu Söru tölvupóst á netfangið sarathor@hi.is. / mhh

# Gjaldskráin einfölduð

**Matvælaráðherra hefur undirritað nýja gjaldskrá fyrir eftirlit og önnur gjaldskyld verkefni Matvælastofnunar.**

Til hagræðingar fyrir þjónustuþega hefur gjaldliðum verið fækkað úr sjötíu niður í tvo. Þá var lögð áhersla á að hægt væri að fylgjast reglubundið með kostnaði þar sem umfang þjónustuverkefna og áherslur breytast ört, ásamt því sem tækniframfarir eru tíðar. Haft var að leiðarljósi að ná fram auknu gagnsæi við gjaldtöku stofnunarinnar.

Unnin var kostnaðargreining í nánu samstarfi við ráðgjafarfyrirtækið KPMG og rýnt í þá kostnaðarþætti sem Matvælastofnun er heimilt að rukka raunkostnað fyrir. Frá þessu er greint í fréttatilkynningu á vef stofnunarinnar. /ál





VEIÐISVÆÐI ÓSKAST

Vegna mikillar eftirspurnar köllum við eftir nýjum veiðisvæðum til að bæta við flóru félagsins, þar með talið bæði stöðuvötn og rennandi vötn. Skoðum einnig veiðisvæði á afskekktum stöðum.

Veiðifélagið Fish Partner er í stöðugum vexti og leitar að fleiri samstarfsaðilum um allt land, óháð tegundum fisks eða tegund vatnasvæðis.

**Vinsamlegast hafið samband við Kristján í síma 898 3946 eða á netfangið kristjan@fishpartner.com.**


Hallormsstaður:

# Sjálfbærninám á háskólastigi

**Fulltrúar Háskóla Íslands (HÍ) og Hallormsstaðaskóla hafa staðfest samstarfssamning um að flytja nám í skapandi sjálfbærni, sem hefur verið í boði við síðarnefnda skólann, á háskólastig.**

Umsjón með verkefninu verður í höndum Menntavísindasviðs HÍ. Gert er ráð fyrir að kennsla í skapandi sjálfbærni á háskólastigi geti hafist við Hallormsstaðaskóla haustið 2025 í samstarfi við HÍ.

Með þessu opnast tækifæri fyrir nemendur HÍ að sækja sérhæft og verklegt staðbundið nám á sviði sjálfbærni, hönnunar, umhverfis- og loftslagsbreytinga, matvælagerðar og fleiri greina.



Kolbrún Pálsdóttir, Jón Atli Benediktsson og Bryndís Fiona Ford við undirritun samstarfssamningsins í Háskóla Íslands. Mynd / HÍ-Kristinn Ingvarsson

*Gæðaviðmið tryggð*

Í tilkynningu segir að samkvæmt hinum nýja samningi verði það hlutverk verkefnisstjóra í sköpun og sjálfbærni, sem ráðinn verður við Menntavísindasvið HÍ en með starfsstöð í Hallormsstaðaskóla, að fylgja eftir flutningi námsins á háskólastig og tryggja frekari þróun þess. Sú vinna mun fara fram skólaárið 2024–2025 í nánu samstarfi við Bryndísi Fionu Ford, skólameistara Hallormsstaðaskóla.

Sérstök námsstjórn, skipuð fimm fulltrúum Menntavísindasviðs HÍ og Hallormsstaðaskóla, mun hafa yfirumsjón með framkvæmd samningsins og tryggja m.a. að námið uppfylli gæðaviðmið háskóla.

*Byggt á sterkum grunni*

„Sérstaða þess náms sem hefur verið þróað síðustu ár í Hallormsstaðaskóla byggist á sterkum grunni stofnenda skólans. Við fögnum því að HÍ sjái tækifæri í að fullgilda námið á háskólastig,“ sagði Bryndís Fiona Ford, skólameistari Hallormsstaðaskóla, við undirritun samningsins.

„Hér er um að ræða fyrsta staðbundna háskólanámið á Austurlandi sem brýtur sannarlega blað,“ sagði Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ. Hallormsstaðaskóli hefði sterkar rætur í austfirsku samfélagi og væri saga skólans mjög merkileg. Hann fagnaði því þessum áfanga.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs, sagði um að ræða spennandi tækifæri fyrir ungt fólk til að taka eins árs þverfræðilegt grunnnám í stórkostlegu umhverfi Hallormsstaðaskógar og læra til fræða og faglegs handverks.

Hugsa mætti sér að námið gæti orðið hluti af frekara háskólanámi, s.s. sem aukafag í kennaranámi eða öðru námi við HÍ. /sá

# CLAAS

## CLAAS rúlluvélar og heyvinnutæki



**CLAAS Rollant Uniwrap rúllusamstæður**
Þar sem afköst, magn og heygæði skipta máli.



**CLAAS Disco sláttuvélar**
Vinnslubreidd 2 - 10,7 metrar með og án knosara.

## CLAAS heyvinnutækin eru þekkt fyrir framúrskarandi hönnun, gæði og áreiðanleika.



**CLAAS Volto heytætlur**
Vinnslubreidd 4,5-13 metrar, drag- og lyftutengdar.



**CLAAS Liner múgavélar**
Vinnslubreidd 3,2-15 metrar.

VÉLFANG *- VERKIN TALA*

Gylfaflöt 32 112 Reykjavík Sími 580 8200 www.velfang.is Óseyri 8 603 Akureyri

Dalabyggð:

# Nípuræktun í Þurranesi

**Sauðfjár- og ferðaþjónustubændurnir Linda Guðmundsdóttir og Jón Ingi Ólafsson í Þurranesi í Dalabyggð hafa á undanförnum dögum verið að undirbúa nípurræktun á um hálfum hektara lands.**

Linda segir að jarðvegurinn hafi verið mjög blautur og því hafi þau ekki komist fyrr til að sá, en þau höfu tilraunarækt á þessu rótargrænmeti á síðasta ári, ásamt gulrótaræktun. „Nípur eru orðnar vinsæl matvara en eru ekki í ræktun á Íslandi og mér þykir þetta ótrúlega gott grænmeti þannig að við ákváðum að prófa það þótt hún sé kannski ekki alveg sú auðveldasta. Það er til dæmis langur spírunartími á þeim og þær þurfa langan ræktunartíma líka, alveg fjóra mánuði. Á móti kemur að þær þola frost. Við stefnum á að selja uppskeruna meðal annars í heimabyggð í haust.“



Linda Guðmundsdóttir og Jón Ingi Ólafsson í Þurranesi.



Nípur líkjast gulrótum í útliti. Myndir / Linda



Jón Ingi Ólafsson sáir fyrir nípum sem er ný tegund í ræktun á Íslandi.

### *Klára að sá fyrir nípum*

Að sögn Lindu hafa miklar annir verið í Þurranesi að undanförnu.

„Við förum í framkvæmdir í tengslum við ferðaþjónustuna sem við þurftum að klára áður en fyrstu hópparnir koma nú um mánaðamótin. Svo er sauðburður, þannig að það hafa ekki verið margar lausar stundir að undanförnu. En það er gott að við erum þá að klára að sá fyrir nípunum, því þær þurfa það langan tíma.

Í tilraunaræktuninni í fyrra tókum við ekki mikið upp en fylgdumst með spírun og framganginum. Þær voru smáar þetta fyrsta sumar en við erum að vinna þær upp í stærð. Vegna þess hvað þær eru hægvaxta hér þá verða þær ekki eins stórar hér eins og þær hollensku innfluttu, en vonandi eins og stórar gulrætur þegar við verðum búin að stilla af áburðargjöf og annað í ræktuninni.

Við fengum almenna jarðræktarráðgjöf frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, en varðandi svona nýja tegund í ræktun á Íslandi er voðalega lítið til að byggja á og maður þarf bara að læra af reynslunni. Það er ákveðinn skyldleiki við gulrótaræktun, þannig að við höfum getað ráðfært okkur við gulrótabændur um ákveðin atriði.“



Heimasætan, Emma Lísa Jónsdóttir, að hjálpa við upptöku í fyrra.

### *Tíu tonn á hektara*

Linda segir að þau stefni á að rækta gæðavöru sem keppir auðvitað ekki við innfluttar vörur í verði, en verður vonandi eftirsótt vegna gæðanna og upprunans.

„Við byrjuðum á því að sá nípum í hálfan hektara núna í þessari atrennu, sjáum svo til hvort við bætum við seinni sáningu. Við stefnum að því í framtíðinni að rækta 1 hektara og getum skalað upp í tvo, því við höfum nægt landrými. Í Evrópu er talað um að það sé hægt að búast við 20 tonna uppskeru á hektara en það er nú kannski ekki við því að búast hér. Hins vegar ættum við auðveldlega að ná tíu tonnum á hektara.

Við erum komin í samstarf við Sölufélag garðyrkjumanna sem hafa tekið vel í að taka við nípunum í sölu. Svo eru verslanir og rekstraraðilar hér á svæðinu áhugasöm líka.“

### *Sauðfjárbændur í garðyrkju*

Þurranesbændur fara nú svipaðar leiðir og sveitungar þeirra í Ásgarði hafa gert og fjölga stoðunum undir búrekstrinum með útiræktun á grænmeti. Þar býr Eyjólfur Ingvi Bjarnason, formaður búgreinadeildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands, með konu sinni, Guðbjörtu Lóu Þorgrímsdóttur, og dætrum og rækta þar blómkál, spergilkál, hvítkál og gulrófur. „Þau í Ásgarði eru ágætis vinafólk okkar og það má segja að þeirra ræktun hafi gefið okkur kraft til að taka skrefið inn í þessa grein landbúnaðarins. Ég var alveg ákveðin þegar ég flutti hingað fyrir tveimur árum að gera eitthvað í þessa veru. Staðan í sauðfjárræktinni er auðvitað þannig að bændur þurfa margir hverjir að huga að öðrum kostum líka,“ segir Linda, en þau eru með um 400 ær í Þurranesi.

„Ferðaþjónustan er góð stoð hjá okkur og við vonumst til að grænmetisræktunin geti orðið það líka,“ bætir hún við að lokum.

/smh







Nýja hverfið mun byggja á þjónustu við ferðamenn með frístundahúsum, hóteli og fjöruböðum. Mynd / Aðsend

Eyjafjörður:

# Uppbygging á Hauganesi

**Nýlega undirrituðu sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar og forsvarsmenn einkahlutafyrirtækisins Ektabaða viljayfirlýsingu um uppbyggingu á Hauganesi í Eyjafirði.**

Byggja á þrjátíu ný frístundahús í mismunandi stærðum, fjörutíu herbergja hótel og baðaðstöðu í fjörunni. Einnig verður tjaldsvæðið uppfært.

Nú þegar eru nokkrir heitir pottar á Hauganesi en nýju fjöruböðin munu rísa vestan við núverandi aðstöðu. Hönnun svæðisins mun áfram vísa til sjósóknar og siglingamenningar. Svæðið er um 10 hektara upp af Sandvíkurfjöru á Hauganesi. Undirbúningur og skipulagsvinna vegna framkvæmdanna eru nú þegar hafin og gera áætlanir ráð fyrir að megnið af þeim mannvirkjum sem áformuð eru verði risin árið 2029. Kostnaður við verkefnið er ekki gefinn upp.

„Mér líst mjög vel á verkefnið. Á Hauganesi hefur ferðaþjónusta verið mjög vaxandi. Því er það einstaklega ánægjulegt að sjá þessa uppbyggingu fara af stað, fyrir samfélagið, sveitarfélagið og Eyjafjörð allan. Nú þegar heimsækir fjöldi ferðamanna Hauganes heim, m.a. til að stunda sjósund og fara í heitu pottana, og er að mínu mati mjög tímabært að fara í uppbyggingu sem þessa til þess að stýra aðgangi að svæðinu. Þetta er einstakur áfangastaður og hefur sérstöðu hvað varðar baðflóru okkar Íslendinga. Sandvíkin er mjög skjólsæl og veður alltaf gott,“ segir Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar.

Hún er sannfærð um að nýja uppbyggingin muni auka aðdráttarafl Hauganess enda í fallegu umhverfi með mikið útsýni.

/mhh


Við fjármögnum
landbúnaðartæki
Lykill
Fjármögnun



Starfsfólk Ístex að huga að spuna á nýju spunavélinni Kátínu. Myndir / Aðsendar



Védís Jónsdóttir á sýningu í Chicago í vor. Á myndinni má sjá flíkur úr nýjustu bók hennar, Skýjaborgir Lopi 43, ullarteppi og Fjallalopa.




## Ístex:

# Nýtt handprjónaband seldist upp á 30 sekúndum

## – Grænar fjárfestingar og ný framleiðslutæki

**Ístex hóf nýverið sölu á handprjónabandinu Fjallalopa, sem er hið fyrsta í sögu félagsins undir Lopa-vörumerkinu sem er úr íslenskri ull. Fyrstu þrjú tonnin sem framleidd voru seldust upp á 30 sekúndum.**



Sigurður Sævar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ístex. Mynd / smh

Sigurður Sævar Gunnarsson framkvæmdastjóri segir að fyrstu viðtökur hafi verið frábærar og framhaldið lofi góðu. Fjallalopi sé fíngerður lopi sem henti vel í léttar flíkur, en hann hafi verið í þróun í þrjú ár. „Eitt markmiðið með framleiðslu á honum er að nýta betur mislitan annan flokk. Margir Fjallalopalitirnir eru í grunninn byggðir á mislitri ull. Þetta er þá lambsull, mislitur annar flokkur. Frekari framleiðsla á lopanum er áætluð í júní og júlí þannig að til verði góður lager fyrir haustið og veturinn.“

*Fleiri prjónauppskriftir fyrir nýjan Fjallalopa*

„Védís Jónsdóttir hannaði 28 fallega Fjallalopaliti. Við gerðum fyrstu framleiðslulotu í öllum litum í lok febrúar og mars,“ heldur Sigurður áfram. „Jafnframt höfum við verið að kynna bandið nú í vor á sýningum í Þýskalandi og Bandaríkjunum. Þá munum við vera með bandið á Prjónagleðinni á Blönduósi 7.–9. júní. Nú er verið á fullu að hanna fleiri prjónauppskriftir og spennandi að sjá hugmyndaríkt og öflugt fólk koma með nýjar hugmyndir fyrir nýjan Fjallalopa. Prjónastofur hér eru einnig að þróa vörur úr honum.“

*Ullarmagn dróst ekki saman*

Að sögn Sigurðar er sala á handprjónabandi enn að aukast og nú sé fimm prósenta aukning á milli ára í magni. „Hins vegar hefur taktur í pöntunum breyst svolítið. Nú er viðskiptavinur að leggja inn minni pantanir með fleiri litum en áður. Á móti kemur að það er oftar pantað. Þess vegna er það mikilvægt fyrir okkur að stækka lager til að eiga fleiri liti til taks til að afhenda sem hraðast.“

Þrátt fyrir fækkun sauðfjár varð ekki samdráttur í ullarinnleggi nú. „Ullarmagn dróst ekki saman á milli ára, sem eru góð tíðindi miðað við minnkun undanfarinna sjö ára. Enn er nóg ull fyrir framleiðslu á Lopavörunum, en aukin verkefni við annars flokks ull hefur hjálpað til við að vinna á móti minnkun fyrri ára. Þá hefur góð flokkun bænda í annars flokks sauðaliti hjálpað mikið til.

Sængursala tvöfaldaðist á seinasta ári og í raun fjórfaldaðist frá maí í fyrra á Íslandi þegar byrjað var með markaðsátak. Við búumst við frekari vexti á Íslandi og viljum gefa í á ákveðnum markaðssvæðum erlendis. Þá eru í þróun nýjar vörur sem stefnt er að byrja að selja síðar á árinu,“ segir Sigurður.

*Sjálfbærni til verðmætasköpunar*

„Sjálfbærni- og umhverfismál skipta Ístex miklu máli, þar sem það er nokkuð sem skiptir marga viðskipavini okkar talsverðu máli,“ segir Sigurður og útskýrir að með slíkri nálgun megi auka verðmæti íslenskrar ullar. „Sjálfbærniímynd Ístex er nátengd íslenskum bændum og hugtakinu um fjölskyldubúskap. Við það bætist að ull er náttúrulegt efni sem er meira og meira notað í fataframleiðslu og prjónaskap. Eins og landinn veit þá inniheldur ullin engin örplastefni, þarf minni þvott vegna bakteríumótstöðu og hefur þann eiginleika að anda og geta tekið til sín mikinn raka.

Við höfum nú þegar Oekotex 100-vottun um að engin af okkar vörum innihaldi hættuleg efni og Woolmark-vottun um að við notum nýja ull.

Nú í vor var okkur boðið að kynna nýjar vörulínur á tveimur virtum efnissýningum þar sem sjálfbærni var til umfjöllunar; í München í Þýskalandi og í Portland í Bandaríkjunum.“

*Græn fjárfesting í þvottastöðinni*

Á síðast ári lauk Ístex við stærstu grænu fjárfestingu í sögu félagsins. „Gamalli þurrklínu í þvottastöð á Blönduósi var breytt í stóra sjálfvirka þeytivindu og örbylgjuofn sem er rafknúið,“ segir Sigurður.

„Nýja þurrklínan sparar um fimm milljónir á ári í rekstrarkostnað með að spara um 120 til 130 tonn af brennsluolíu. Þetta samsvarar um 350 til 385 tonnum af $CO_2$, eða rúmlega helmingi af öllum $CO_2$ útblæstri Ístex. Með þessu losnum við líka við lyktarmengun og sót sem myndaðist við bruna á olíu á Blönduósi. Eftir þessar breytingar er Ístex ein af fáum ullarþvottastöðvum í heiminum sem gefa ekki frá sér $CO_2$.

Jafnframt var sett upp skráningarkerfi um olíunotkun og $CO_2$ útblástur fyrir allan akstur við ullarsöfnun í kringum landið. Helsta niðurstaða seinasta árs er að keyrðir voru um 54.000 kílómetrar sem losuðu um 55 tonn af $CO_2$. Þessi gögn eru síðan notuð til að leita leiða til að spara og jafna út $CO_2$ útblástur. Við vinnum með Laufinu til að halda utan um sjálfbærni- og umhverfismál félagsins.“



Þetta er nýja vélin sem nýtt er til að færa band frá hönkum yfir í kóna.

*Ný framleiðslutæki*

Ístex hefur nýverið ráðist í fleiri stórar fjárfestingar fyrir verksmiðjuna í Mosfellsbæ. „Við fengum þá okkar fyrstu nýju spunavél frá 1986. Þetta bæði eykur framleiðsluöryggi okkar og framleiðslugetu. Þá var fjárfest í vél sem færir band á hönkum yfir á kóna. Þessi vél gerir okkur kleift að nota gömlu dokkuvélina mun meira, sér í lagi á þynnri bandtegundum líkt og Léttlopa, Einbandi og nú Fjallalopa. Í raun lykilatriði svo hægt sé að bjóða upp á nýja bandtegund framleidda á Íslandi,“ segir Sigurður.

Hann segist að lokum vilja benda bændum á að opnað hafi verið á hlutafjárkaup fyrir þá í Ístex á genginu níu í gegnum ullarviðskipti líkt og gert var fyrir tveimur árum í gegnum Bændatorgið.

Umsvif Ístex hafa farið vaxandi undanfarin ár og starfa þar nú um 85 manns, þar af þriðjungur starfsfólks nýbúar frá 16 mismunandi löndum.

/smh






Katrín Jakobsdóttir hefur sýnt í störfum sínum einstaka hæfileika til að sætta sjónarmið og vinna með fólki úr ólíkum áttum. Reynsla hennar, þekking og styrkur mun áfram nýtast landi og þjóð vel nái hún kjöri sem forseti Íslands. Katrín verður góður forseti allra landsmanna, til sjávar og sveita, í bæ og í borg.

—

Við kjósum Katrínu Jakobsdóttur.

| | |
|---|---|
| Aðalsteinn Á. Baldursson | formaður Framsýnar og tómstundabóndi í Grobbholti Húsavík |
| Agnar Þór Magnússon | bóndi Garðshorni Hörgárbyggð |
| Arnar Bjarni Eiríksson | bóndi og eigandi Landstólpa Gunnbjarnarholti Skeiða- og Gnúpverjahreppi |
| Árni Geirhjörtur Jónsson | fyrrv. bóndi og hagyrðingur Bændablaðsins Svalbarðsströnd |
| Ásgerður Pálsdóttir | bóndi Geitaskarði Húnabyggð |
| Ásta F. Flosadóttir | sauðfjárbóndi Höfða Grýtubakkahreppi |
| Axel Á. Njarðvík | sóknarprestur Skálholtsprestakalls Eystra-Geldingaholti Skeiða- og Gnúpverjahreppi |
| Baldur Helgi Benjamínsson | bóndi Ytri-Tjörnum Eyjafjarðarsveit |
| Berglind Häsler | eigandi Havarí Reykjavík |
| Bergþóra Guðnadóttir | eigandi og hönnuður Farmers Market Reykjavík |
| Birgir Freyr Ragnarsson | bústjóri Flatey á Mýrum Hornafirði |
| Bjarni Guðmundsson | kennari Hvanneyri Borgarbyggð |
| Bjarnheiður Júlía Fossdal | bóndi Melum I Árneshreppi |
| Björgvin Jóhannesson | hótelstjóri Hótel Selfoss Árborg |
| Dominique Plédel Jónsson | fyrrv. formaður Slow Food á Norðurlöndunum Reykjavík |
| Dóra Svavarsdóttir | matreiðslumeistari og kennari Bláskógabyggð |
| Egill Gautason | lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands Hvanneyri Borgarbyggð |
| Einar Ófeigur Björnsson | bóndi Lóni II, Kelduhverfi Norðurþingi |
| Elín Björg Jónsdóttir | fyrrv. formaður BSRB Þorlákshöfn Ölfusi |
| Eygló Björk Ólafsdóttir | bóndi Vallanesi Héraði |
| Friðbjörn Haukur Guðmundsson | bóndi Hauksstöðum Vopnafirði |
| Georg Ottósson | framkvæmdastjóri Flúðum |
| Gísli Guðjónsson | búfræðikandídat Selfossi |
| Guðbrandur Magnússon | prentsmiðjustjóri Reykjavík |
| Guðni Einarsson | bóndi Þórisholti Mýrdalshreppi |
| Guðríður Baldvinsdóttir | bóndi Lóni II, Kelduhverfi Norðurþingi |
| Guðrún Sigríður Tryggvadóttir | bóndi og fyrrv. formaður Bændasamtakanna Svartárkoti Þingeyjarsveit |
| Gunnar Sturluson | lögfræðingur Stardal Snæfellsnesi |
| Gylfi Gunnarsson | útvegsbóndi Grímsey |
| Halla Sigríður Hrefnu- Steinólfsdóttir | bóndi Ytri-Fagradal Dalabyggð |
| Hallfríður Ósk Ólafsdóttir | bóndi og MSc í búvísindum Víðidalstungu Húnaþingi vestra |
| Haraldur Benediktsson | bóndi Vestri-Reyni Akranesi |
| Haraldur Þór Jóhannsson | bóndi Enni, Viðvikursveit Skagafirði |
| Haukur Halldórsson | bóndi og fyrrv. formaður Stéttarsambands bænda Vaðlafelli Svalbarðsströnd |
| Hákon Hansson | dýralæknir Breiðdalsvík |
| Heiðrún Sigurðardóttir | doktorsnemi í hestafræðum Svíþjóð |
| Helena Guttormsdóttir | lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands Borgarnesi |
| Helga Elínborg Guðmundsdóttir | bóndi Erpsstöðum Dalabyggð |
| Helga Guðrún Helgadóttir | húsfreyja og bóndi Skarðaborg Norðurþingi |
| Hildur Stefánsdóttir | bóndi Holti Langanesbyggð |
| Hjörleifur Hjartarson | blekbóndi Laugasteini í Svarfaðardal Dalvíkurbyggð |
| Hólmgeir Björnsson | tölfræðingur Reykjavík |
| Hrefna Bryndís Jónsdóttir | framkvæmdastjóri Hjarðarholti Borgarbyggð |
| Hörður Fossberg Harðarson | bóndi, Laxárdal II Skeiða- og Gnúpverjahreppi |
| Hörður Sigurjónsson | fyrrv. sölustjóri á Hótel Sögu Kópavogi |
| Ingibjörg Sigmundsdóttir | fyrrv. garðyrkjubóndi Hveragerði |
| Jóhanna R. Kristjánsdóttir | bóndi Svansvík, Ísafjarðardjúpi Súðavíkurhreppi |
| Jóhannes Geir Sigurgeirsson | ferðaþjónustubóndi Öngulsstöðum Eyjafjarðarsveit |
| Jóhannes Sigfússon | bóndi Gunnarsstöðum Langanesbyggð |
| Jóna Björg Hlöðversdóttir | bóndi Björgum Þingeyjarsveit |
| Jórunn Einarsdóttir | grunnskólakennari Kaupmannahöfn |
| Karl Gústaf Kristinsson | prófessor emeritus og fyrrv. yfirlæknir sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans Seltjarnarnesi |
| Katrín María Andrésdóttir | viðskipta- og stjórnsýslufræðingur Akureyri |
| Laufey Leifsdóttir | íslenskufræðingur og skógarbóndi Stóru-Gröf syðri Skagafirði |
| Lovísa Rósa Bjarnadóttir | framkvæmdastjóri og bóndi Háhóli Hornafirði |
| Matthías Lýðsson | bóndi Húsavík Strandabyggð |
| Ólafur R. Dýrmundsson | búvísindamaður Reykjavík |
| Ólafur B. Óskarsson | bóndi Víðidalstungu Húnaþingi vestra |
| Óskar Hafsteinn Óskarsson | bóndi og prestur Hruna Hrunamannahreppi |
| Pálína Axelsdóttir Njarðvík | félagssálfræðingur Eystra-Geldingaholti Skeiða- og Gnúpverjahreppi |
| Ragnar Frank Kristjánsson | landslagsarkitekt Borgarbyggð |
| Ragnhildur Sigurðardóttir | umhverfisfræðingur Álftavatni Snæfellsbæ |
| Sigríður Eyrún Friðriksdóttir | söngkona Reykjavík |
| Sigurður Baldursson | bóndi Sléttu, Reyðarfirði Fjarðarbyggð |
| Sigurður Guðni Böðvarsson | bóndi Gautlöndum Þingeyjarsveit |
| Sigurður Guðmundsson | íþrótta-, kennslu- og lýðheilsufræðingur Hvanneyri Borgarbyggð |
| Sigurgeir B. Hreinsson | bóndi Ytra-Gili Eyjafjarðarsveit |
| Sigvaldi H. Ragnarsson | bóndi Hákonarstöðum Múlaþingi |
| Sindri Sigurgeirsson | bóndi og fyrrv. formaður Bændasamtakanna Bakkakoti Borgarbyggð |
| Sigfús Vilhjálmsson | bóndi Brekku, Mjóafirði Fjarðabyggð |
| Stefanía Hjördís Leifsdóttir | bóndi Brúnastöðum, Fljótum Skagafirði |
| Sunna Reyr Sigurjónsdóttir | bóndi Ósi Bolungarvík |
| Svanborg Magnúsdóttir | bóndi Melbæ Kjós |
| Svanfríður S. Óskarsdóttir | skjalastjóri Reykjavík |
| Sveinn Samúel Steinarsson | bóndi Litlalandi Ölfusi |
| Sveinn Viðarsson | bleikjueldisbóndi Hvammi, Vatnsfirði Vesturbyggð |
| Tjörvi Bjarnason | eigandi Matlands Reykjavík |
| Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir | bóndi Egilsstöðum 5 Héraði |
| Tryggvi Jónsson | bóndi Ártúnum Húnabyggð |
| Þorsteinn Ólafsson | dýralæknir Selfossi |
| Örn Bergsson | bóndi Hofi Öræfum |

Katrín 2024

www.katrinjakobsdottir.is

## Búvörusamningar:

# Ísland eftirbátur í stuðningi við nýliðun og fjárfestingu

**Ísland stendur öðrum löndum að baki þegar kemur að stuðningi við nýliða í landbúnaði. Bæta þyrfti gögn verulega til mælinga á árangri, segir lektor sem vann skýrslu um stuðningskerfi landbúnaðar. Aðgangur bænda að fjárfestingastyrkjum til framkvæmda og endurbóta er einnig af skornum skammti. Að sögn bænda glatast með því rakin tækifæri til að auka framleiðslu og þar með hlutdeild íslenskra afurða á matvörumarkaði.**



Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Í skýrslu um stuðningskerfi íslensks landbúnaðar kemur fram að Ísland er eftirbátur samanburðarþjóða þegar kemur að stuðningi við nýliða í landbúnaði og styrkjum vegna fjárfestinga á býjörðum. Teikning / Hlynur Gauti

Í mars síðastliðnum birti matvælaráðuneytið skýrslu sem Landbúnaðarháskóli Íslands vann að beiðni ráðuneytisins um stuðnings kerfi íslensks landbúnaðar. Í henni er horft til þeirra markmiða sem sett hafa verið, bæði í lögum og landbúnaðarstefnu og gerð er greining á landbúnaðarframleiðslu á Íslandi og íslenska stuðningskerfinu.

Þá er þar að finna lýsingu á stuðningskerfum landbúnaðar í Austurríki, Bretlandi (Englandi og Skotlandi), Finnlandi, Nýfundnalandi í Kanada, Noregi og Svíþjóð. Verkefni skýrsluhöfunda var að skýra út fyrirkomulag landbúnaðarstuðnings á Íslandi og setja hann í samhengi við samanburðarhæf lönd hvað landfræði, loftslag og samsetningu landbúnaðarframleiðslu varðar.

„Auk þess drógum við saman það sem vakti sérstaklega athygli okkar þegar Ísland var skoðað í samhengi við samanburðarlöndin," segir Jóhanna Gísladóttir, lektor hjá LbhÍ og einn höfunda skýrslunnar *Stuðningskerfi íslensks landbúnaðar: Markmið og leiðir*.

Við gagnaöflun fyrir skýrsluna kom Jóhönnu á óvart visst ósamræmi milli þeirra markmiða sem sett hafa verið fram í stefnumörkun í landbúnaði og fyrirkomulags styrkjakerfisins. Hún nefnir sem dæmi þátt nýliðunar í landbúnaði.

### *Hvað telst góð nýliðun?*

Frá því búvörulögin voru sett árið 1993, þar sem finna má markmið um að auðvelda nýliðun og nauðsynleg kynslóðaskipti, hafi mikilvægi nýliðunar verið gegnumgangandi í stefnumarkandi skjölum hins opinbera til dagsins í dag.

„Það má finna áherslu á nýliðun í matvælastefnunni, í landbúnaðarstefnunni, í skýrslum og í greinargerðum. Alltaf er nefnt hversu mikilvægt það sé að nýliðun í greininni sé til staðar.

En þegar reynt er að finna gögn um stöðu nýliðunar þá virðist lítið sem ekkert vera fyrir hendi. Hvaða mælikvarða á að styðjast við til að leggja mat á það hvort nýliðun standi vel eða illa? Hvað telst góð nýliðun? Hvaða stjórntækjum ætlum við að beita til að uppfylla markmið okkar? Eru ríkisstyrkir rétta leiðin? Hvaða kríteríu viljum við að einstaklingar í landbúnaði uppfylli til að hljóta ríkisstyrki sem beinast að því að efla nýliðun?

Nýliðun hefur verið meðal markmiða stjórnvalda mjög lengi en samt virðast ekki vera til staðar skýrir mælikvarðar á árangur í þessum efnum," bendir Jóhanna á.

Hún segir því aðkallandi að bæði séu gögn aðgengileg og verkferlar skýrir varðandi það hver eigi að safna þeim og leggja mat á þau, svo hægt sé að fylgjast með árangri þeirra aðgerða sem farið verður í til að efla nýliðun í landbúnaði.

### *Leggja til að nýliðunarstuðningur verði stóraukinn*

Minna en eitt prósent af heildarstuðningsgreiðslum til landbúnaðar á Íslandi á grundvelli búvörusamninga fer í stuðning fyrir nýliðun í landbúnaði. Í skýrslunni segir að hlutfallið sé töluvert minna en í samanburðarlöndunum. Í ár verður 191 milljón króna úthlutað til nýliða úr ríkissjóði á grundvelli rammasamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins

Stuðningurinn er auglýstur og umsækjendur geta skilað inn rafrænni umsókn fyrir 1. september ár hvert.

Um 684 milljónum króna var ráðstafað til 226 aðila vegna þessa nýliðunarstuðnings á árunum 2017–2023 samkvæmt upplýsingum frá matvælaráðuneytinu. Stuðningur getur að hámarki numið 20 prósentum af heildarfjárfestingakostnaði á ári og aldrei meira en níu milljónum króna.

Styrkurinn er veittur einu sinni á ári.

Í fyrrnefndri skýrslu um stuðningskerfi íslensks landbúnaðar leggja skýrsluhöfundar til að nýliðunarstuðningur verði stóraukinn við komandi endurskoðun landbúnaðarstuðningskerfisins á Íslandi.

Til grundvallar tillögunni er sagt frá því að í sameiginlegu landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins (ESB) sé kveðið á um að stuðningur til nýliða skulu nema að minnsta kosti þremur prósentum af heildargreiðslum hvers lands. Þar er hægt að fá nýliðastuðning í formi beingreiðslu, aukins fjárfestingastuðnings og sem sérstaka eingreiðslu til nýliða.

Ef sambærileg skilyrði væru á Íslandi myndi það svara til 450–500 milljónum króna á ári, eða nær þrefaldri þeirri upphæð sem nýliðunarstuðningurinn er í dag.

**0,93%**
**Hlutfall nýliðunarstyrkja samkvæmt búvörusamningum**

### *Hlutfall yngri bænda ekki vitað*

Rýnt er í landbúnaðarstuðning í Austurríki í skýrslunni og það tiltekið að vel hafi gengið að stuðla að nýliðun þar, en hlutfall bænda undir 40 ára aldri sé nú 22,2 prósent á móti 10,7 prósentum í ESB. Í Austurríki er nýliðastuðningurinn svipaður og gerist og gengur í Evrópusambandinu.

Hlutfall bænda á Íslandi sem eru 40 ára eða yngri liggur ekki fyrir.

Í svari matvælaráðuneytisins við fyrirspurn segir að til að fá sem skýrasta mynd af nýliðun í landbúnaði þurfi að vinna sérstaka greiningu þar sem stuðst væri við gögn frá fleiri opinberum aðilum en ráðuneytinu. Hægt er að sjá aldur þeirra sem fá stuðningsgreiðslur en þær upplýsingar gefi þó ekki rétta mynd, því í þeim gögnum komi ekki fram aldur þeirra sem starfa í landbúnaði, einungis handhafa stuðningsgreiðslna. Einnig hafi færst í vöxt að búrekstur sé færður í lögaðilaform, eins og einkahlutafélög. Upplýsingar um eigendur þeirra félaga eru ekki fyrirliggjandi hjá ráðuneytinu.

Bændasamtökin hafa safnað saman ýmsum gögnum um handhafa opinberra greiðslna.




Jóhanna Gísladóttir.


Steinþór Logi Arnarson.


Ingvi Stefánsson.


Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir.


Trausti Hjálmarsson.


Nýtt búfjárhús í smíðum. Fjárfestingaþörf í landbúnaði er mikil, þvert á búgreinar. Hér reiknast eiginlegur fjárfestingastuðningur á grundvelli búvörusamninga 2,7 prósent af heildarstuðningsgreiðslum. Algengt er að sjá í kringum fimm prósent af heildarstuðningi eyrnamerkt fjárfestingu og þróunarstarfi á bújörðum. Mynd / sá

> „Nýliðun hefur verið meðal markmiða stjórnvalda mjög lengi en samt virðast ekki vera til staðar skýrir mælikvarðar á árangur ...

Samkvæmt þeim fengu 2.863 aðilar greiðslur árið 2021 en aldur þeirra sem greiðslurnar hlutu er eingöngu gefinn upp hjá 1.282 einstaklingum. Af þeim voru 88 fjörutíu ára eða yngri eða 6,9 prósent. Þetta gefur þó ekki skýra sýn á raunverulega aldursskiptingu bænda á Íslandi í dag en gefur einhverja vísbendingu um aldursskiptingu bænda.

„Oft er verið að tala um meðalaldur bænda en það er síðan spurning hvaða mynd það gefur okkur. Ég held til dæmis að eldri bændur séu oft með minni bú, þannig þá má spyrja sig hvort við ætlum að mæla nýliðun eftir fjölda bænda eða eftir framleiðslu.

Ef yngri bændur eru oftar með stærri bú eins og þróunin er, þá telur það. Samt sem áður held ég að við eigum nokkuð í land með að vera með einhverja eðlilega endurnýjun í bændastéttinni, enda hefur framleiðsla landbúnaðarafurða heilt yfir staðið í stað til lengri tíma eða dregist saman,“ segir Steinþór Logi Arnarson, formaður Samtaka ungra bænda.

### *Ísland sé eftirbátur*

„Það er svolítið afgerandi hve litlu hlutfalli heildarstuðningsgreiðslna til landbúnaðar hefur verið beint til nýliða, sérstaklega þegar horft er á það í samanburði við Norðurlönd og Evrópu. Í landbúnaðarstefnu ESB er lagt upp með þrjú prósent hlutfall en hér erum við með ákveðinn pott, nýliðunarstuðning, sem er nokkuð innan við eitt prósent. Ísland er því talsverður eftirbátur í þessum efnum,“ segir Steinþór Logi.

Hann bendir einnig á afgerandi niðurstöður ráðuneytisstjórahóps vegna fjárhagsvanda landbúnaðar frá desember á síðasta ári en þar var ákveðið að grípa sérstaklega unga bændur með 600 milljóna króna stuðningi. Honum var skipt niður á þá sem hlotið höfðu nýliðunarstuðning á árunum 2017–2023 en þeir voru 206 talsins og höfðu fjárfest fyrir 15,6 milljarða króna á þessum árum.

„Það sýndi sig að sá hópur sem höfðu fengið fjárfestinga- eða nýliðunarstuðning á síðustu árum voru þeir bændur sem stóðu hvað höllustum fæti og standa enn í þeim aðstæðum sem nú eru. Þetta er hlutfallslega skuldsettasti hópurinn og því viðkvæmastur fyrir þeim miklu vaxtahækkunum sem hafa gengið yfir til að mynda, fólk sem hefur nýlega tekið við búi eða fjárfest,“ segir Steinþór Logi.

Fyrir utan hinn opinbera stuðning geta nýliðar sótt um sérstök kynslóðaskiptalán hjá Byggðastofnun.

„Þetta eru lánaleiðir sem verið er að endurnýja um þessar mundir sem við vonum að verði betrumbætt. Þetta aðgengi að níutíu prósentum af fjárfestingunni þýðir að nýir bændur þurfa aðeins að leggja út tíu prósent í eigið fé, sem munar um minna þegar lagt er í svo miklar fjárfestingar.“

**Úthlutaðir fjárfestingastyrkir:**

**Nautgriparækt:** **269 m. kr.**

**Sauðfjárrækt:** **238 m. kr.**

**Aðrir: 0 kr.**

Meðalfjárfestingarnar að baki umsóknum í nýliðunarstuðning sé um hundrað milljónir króna. „Það eru ekki óalgengar upphæðir sem við sjáum á jörðum sem eru í búrekstri með einhvern húsakost.

Þetta er svolítið ríflegra en að kaupa sér fyrstu íbúð í Reykjavík meira að segja,“ segir Steinþór Logi.

### *Búgreinatengdur fjárfestingastuðningur*

Í fyrrnefndri skýrslu, S*tuðningskerfi íslensks landbúnaðar: Markmið og leiðir,* er einnig farið ofan í fyrirkomulag fjárfestingastuðnings. Hann reynist lágur samanborið við önnur lönd. Algengt sé að sjá í kringum fimm prósent af heildarstuðningsgreiðslum eyrnamerkt fjárfestingum og þróunarstarfi á bújörðum.

Hér reiknast eiginlegur fjárfestingastuðningur til 2,7 prósenta hlutfalls af heildarstuðningsgreiðslum.

Fjárfestingastuðningurinn er veittur vegna framkvæmda sem stuðla eiga að hagkvæmari búskaparháttum, bættum aðbúnaði gripa og aukinni umhverfisvernd.

Fjárfestingastuðningur hér er takmarkaður við tvær búgreinar eins og er; nautgriparækt og sauðfjárrækt. Hægt er að sækja um stuðning til sömu framkvæmdar í allt að þrjú ár samfleytt.

Árið 2024 er úthlutað 268 milljónum króna í fjárfestingastuðning í nautgriparækt, og 238 milljónum króna í fjárfestingastuðning í sauðfjárrækt. Fyrir helgi tilkynnti matvælaráðuneytið um úthlutun þessara styrkja.

Stuðningshlutfallið reyndist 5,4 prósent miðað við 5 milljarða króna fjárfestingu umsækjenda í nautgriparækt og 11 prósent miðað við 2,2 milljarða króna fjárfestingu í sauðfjárrækt.

Í skýrslunni kemur fram að það sé óvanalegt að sjá fjárfestingastyrki svo rækilega búgreinatengda og hér er, þótt algengt sé að skilyrða hvers konar fjárfestingar eru studdar. Stuðningur er þó oftast þvert á búgreinar í formi þróunarstuðnings. Þá er stuðningshlutfallið oftar en ekki mun hærra en gengur og gerist hér á landi. Á árunum 2017–2023 greiddi ríkið rúmlega 1,5 milljarða króna í fjárfestingastuðning í nautgriparækt vegna framkvæmda sem kostuðu 24,7 milljarða króna samkvæmt umsóknum. Á árunum 2018–2023 var úthlutað tæplega 343 milljónum króna í gegnum fjárfestingastuðning í sauðfjárrækt vegna framkvæmda sem kostuðu tæplega 2,7 milljarða króna. Á árunum 2019–2021 var einnig úthlutaður fjárfestingastuðningur í svínarækt en markmið stuðningsins var að auðvelda sérstaklega smærri svínabúum að hraða því að standast nýjar aðbúnaðarreglugerðir um velferð svína.

Veitt var um 280 milljónum króna á þessum árum vegna framkvæmda sem kostuðu tæplega 9 milljarða króna skv. umsóknum. Af þessu leiðir að á árunum 2017–2023 hafa framleiðendur í nautgriparækt notið 71,4 prósent þess fjárfestingastuðnings sem í boði er á grundvelli búvörusamninga, sauðfjárbændur nutu 15,7 prósent stuðningsins og svínabændur 12,9 prósent.

### *Gríðarleg fjárfestingaþörf*

„Við teljum mikilvægt að hægt sé að sækja um styrki til fjárfestinga óháð því hvaða búgrein á í hlut. Við bindum vissulega vonir við að þessu verði breytt þegar núverandi búvörusamningar renna sitt skeið árið 2026,“ segir Ingvi Stefánsson, formaður búgreinadeildar svínabænda hjá Bændasamtökum Íslands.

Þeir tímabundnu styrkir sem í boði hafi verið til svínabænda hafi ekki verið greiddir út af fullu, en Ingvi segir að 440 milljónir króna hafi verið í boði. „Skýringin á því er fyrst og fremst sú að erfiðlega gengur að fá öll tilskilin leyfi fyrir uppbyggingu nýrra svínabúa.“

*Framhald á næstu síðu.*



Fjárfestingaþörfin í greininni sé þó gríðarleg. „Ef tekið er mið af kostnaði við þær framkvæmdir sem nú eru í gangi má gera ráð fyrir að fjárfestingaþörf greinarinnar sé á bilinu 6–8 milljarðar. Ný reglugerð um velferð svína frá árinu 2015 gaf svínabændum tíu ára tímaramma til að bæta aðbúnað.

Því miður er fyrirséð að greinin í heild sinni verður ekki búin að gera þær breytingar sem krafist er innan tilskilins tíma, sem er um næstu áramót. Við höfum í liðsinni við Bændasamtökin ítrekað vakið athygli á þessari alvarlegu stöðu við stjórnvöld. Málið er nokkuð flókið en til einföldunar má segja að hin ýmsu ráðuneyti hafi á síðustu 10 til 20 árum búið þannig um hnútana að það er nánast að verða ógerningur að fara í framkvæmdir til að viðhalda núverandi framleiðslu innanlands. Við sjáum afleiðingarnar nú þegar. Innlend framleiðsla hefur að mestu staðið í stað síðustu 10 til 12 árin, en á sama tíma hefur innflutningur stóraukist," segir Ingvi.

### *Stuðningur sem gæti aukið framleiðslu*

Garðyrkjubóndinn Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir hjá Sólskins grænmeti segir svipaða sögu af fjárfestingaþörf í garðyrkjuframleiðslu. „Það er risastórt gat á markaðnum fyrir aukna framleiðslu en það er enginn stuðningur fyrir hendi til að gera neitt í því. Ég gæti örugglega þrefaldað húsin mín og fyllt það af grænmeti sem myndi allt seljast, en fjárfestingarnar eru mjög dýrar og það er ekkert eftir í rekstrinum til að fjármagna framkvæmdirnar."

Hún nefnir sem dæmi uppfærslu á ljósabúnaði sem hún segir tímabæran á stöðvunum sínum. Nýr búnaður myndi skila yfir 20 prósentum meiri uppskeru yfir árið, en hún hafi ekki getu til slíkrar fjárfestingar núna.

Hún nefnir einnig fjárfestingar vegna tækjakaupa en slíkur stuðningur er ekki fyrir hendi handa bændum. „Ég myndi gjarnan vilja hafa aðgang að sjóð sem myndi styðja mig við að koma upp aðstöðu til að vinna afurðirnar mínar og bæta geymsluþol. Ef ég gæti til að mynda unnið blómkálið og selt sem frystivöru gæti ég stóraukið framleiðsluna mína. Það sama má segja um selleríið. Þá væri hægt að gera útiræktun hagkvæmari með því að tækjavæða ýmsa þætti betur en það er bara ekkert svigrúm í dag." Hún segir að stuðningurinn gæti þess vegna verið í formi hagkvæmra lána frá ríkinu. „Við gætum aukið hlutdeild innlendrar matvæla-framleiðslu verulega en það virðist vera einhver ómöguleiki í kerfinu núna, sem er svo glatað." Halla bendir á að í Hollandi geti garðyrkjuframleiðendur sótt í sérstaka framkvæmdastyrki sem helgaðir eru umhverfismálum. „Þar er hægt að sækja fjármagn í ýmislegt sem gerir reksturinn umhverfisvænni, til dæmis fyrir kaupum á búnaði til að endurnýta áburðarvatnið, til að skipta yfir í LED ljós eða setja upp gardínur í húsunum til að halda hitanum inni á veturna."

Allar þessar aðgerðir stuðla að sjálfbærari rekstri. „Mér finnst að ríkið ætti að styrkja framleiðendur í slíkum verkefnum, því þetta er ekki aðeins stórt umhverfismál heldur myndi þetta styrkja rekstrargrundvöll okkar töluvert."



Úr gróðurhúsi. Í Hollandi geta garðyrkjuframleiðendur sótt um sérstaka framkvæmdastyrki sem helgaðir eru umhverfismálum. Í þeim getur falist endurnýjun á ljósabúnaði en Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir garðyrkjubóndi telur að nýr búnaður myndi skila henni 20 prósentum meiri uppskeru yfir árið. Hún hefur hins vegar ekki getu til að standa undir fjárfestingunni. Mynd / ghp

### *Fjárfestingastuðningur í samanburðarlöndum*

Í Evrópu úthlutar Evrópski landbúnaðarsjóðurinn fyrir byggðaþróun (e. EAFRD) fjárfestinga stuðning á bújarðir. Stuðningshlutfallið er almennt 40 prósent af fjárfestingunni, en getur orðið allt að 75 prósentum á skilgreindum jaðarsvæðum. Þá geta nýliðar fengið 20 prósenta stuðning aukalega ofan á aðrar fjárfestingastuðningsgreiðslur.

Í skýrslunni er Finnland nefnt sem dæmi um land sem styður ríkulega við fjárfestingar til framkvæmda á bújörðum. Þar nemur slík úthlutun ríflega átta prósentum af heildarstuðningsgreiðslum til landbúnaðar. Meginhlutinn er almennur stuðningur til að stuðla að hagræðingu eða auknum gæðum landbúnaðarframleiðslu sem eflir samkeppnishæfni og arðsemi búrekstrar. Verkefni sem njóta stuðnings geta falið í sér nýbyggingu, stækkun eða endurnýjun framleiðslubygginga og fjárfestingu í nýrri tækni.

Hámarksfjárhæð styrks til fjárfestinga er á bilinu 25–35 prósent af styrkhæfum kostnaði. Í ákveðnum tilfellum getur hann orðið hærri, t.d. þegar nýliðunarstuðningur bætist við.

> ... það virðist vera einhver ómöguleiki í kerfinu núna, sem er svo glatað..."

Stuðningurinn fer þó aldrei yfir 50 prósent. Í Svíþjóð nemur fjárfestingastuðningur að jafnaði um 6,5 prósentum af heildarstuðningi við landbúnað þar í landi og getur numið allt að fjörutíu prósentum af heildarfjárfestingu ungra bænda. Í Noregi eru tíu prósent heildarstyrkja til landbúnaðar í formi þróunarstuðnings og er helmingur hans skilgreindur fjárfestingastuðningur.

### *Trygg afkoma eykur fjárfestingu*

„Við vitum að fjárfestingastuðningur fyrir landbúnaðinn er of lítill í dag," segir Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands. Nú þegar vilja Bændasamtökin hefja samtal við ríkið um stuðningskerfi í landbúnaði sem taka á við núverandi búvörusamningum í ársbyrjun 2027.

„Við verðum að hafa opin augun fyrir því að nýir búvörusamningar ýti undir fjárfestingu í greininni. Að mínu mati er besta leiðin til að ýta undir fjárfestingu að tryggja afkomu."

Mögulega væri ein leið til þess að beina hluta af því viðbótarfjármagni, sem ríkið verður tilbúið að leggja til, beint að styrkjaleiðum sem tengjast fjárfestingu og nýliðun.

„Það má vel vera að það verði ein leið. En það er eitt að styrkja fjárfestingu og styðja við nýliðun. Svo þarf reksturinn að ganga upp þegar þeim stuðningi lýkur. Stuðningskerfið verður að haldast í hendur við stærri sýn á hvernig afkoman á að batna," segir Trausti.

Hann segir starfsskilyrði atvinnugreinarinnar vera hina stóru áskorun við gerð nýrra búvörusamninga. Vandi landbúnaðar endurspeglist einna helst í lítilli nýliðun.

„Bændastéttin er ekki að endurnýja sig nógu mikið miðað við þá getu sem við höfum sem þjóð til þess að stunda landbúnað. Það er fyrst og fremst vegna þess að nýliðar ráða ekki nægilega vel við þá skuldbindingu sem fylgir því að gerast bóndi."

Þennan vanda starfsstéttarinnar sé þó ekki endilega að sjá í gjaldföllnum lánum.

„Bændur eru skilvísir lántakendur. Þeir gera allt til þess að vera ekki settir í gjaldþrot vegna þess að þeir eru með allt lífið undir, ekki bara atvinnureksturinn heldur heimili sín og fjölskyldur. Þeir fara frekar þá leið að taka af launum sínum til að standa í skilum við lánardrottna."

Eftir standi þó atvinnugrein á veikum grunni. „Alla uppbyggingu vantar í landbúnaði vegna skorts á nýliðun og lítillar fjárfestingagetu bænda. Það er ekki nálægt því nógu mikil fjárfesting í landbúnaði. Þar þarf að sækja fram," segir Trausti.




**Bændablaðið kemur næst út 13. júní**

**Þú finnur Bændablaðið á www.bbl.is, Facebook & Instagram**

STRACTA
HÓTEL
☆☆☆☆

*Ég styð Höllu Hrund Logadóttur til forseta Íslands*




*Hreiðar Hermannsson, eigandi Stracta Hótela.*

## Sumar 2024:

# Gerum okkur dagamun

**Nú er ekki seinna vænna en að fara að leggja línurnar fyrir sumarið og með það til hliðsjónar mun í næstu blöðum birtast yfirlit yfir helstu skemmtanir og húllumhæ hérlendis.**

Hér til hliðar er svo örlítið yfirlit það sem helst er á döfinni í júnímánuði, fyrir þá sem vilja gera sér dagamun, en uppákomur næstu vikna verða á dagskrá í næstu blöðum. Hér er um auðugan garð að gresja og næsta víst að ekki komist allt á lista.

Hins vegar fyrir þá sem vilja koma á framfæri hvers konar skemmtunum, opnunum eða uppákomum, má hafa samband í gegnum netfangið sigrunpeturs@bondi.is og við reynum okkar besta til að koma því að.

Í júníbyrjun ár hvert, nánar tiltekið fyrsta sunnudag júnímánaðar, hefur **sjómannadagurinn** verið haldinn hátíðlegur síðan árið 1938. *(Rétt er að geta þess að ef hvítasunnu ber upp á þann dag, eru hátíðahöld sjómannadagsins annan sunnudag mánaðarins).*

Um ræðir hátíðisdag allra sjómanna, nú fjölskylduhátíð, en frá árinu 1987 var dagurinn lögskipaður frídagur sjómanna.**Verða hátíðahöldin í ár þann 2. júní**.

Aðstandendur metalfestivalsins **SÁTAN bjóða gesti velkomna á þriggja daga þungarokkshátíð sem haldin verður í Stykkishólmi á Snæfellsnesi dagana 6.-8. júní.**

Lögð er áhersla á að bjóða upp á fjölbreytt og þétt úrval hljómsveita, bæði íslenskra sem og erlendis frá, en samkvæmt vefsíðu hátíðarinnar er markmiðið að viðstaddir fari heim með bros á vör og gleði í hjarta. Skýrt er tekið fram að ofbeldi ógildi aðgangsmiðann og munu vökul augu starfsmanna taka fyrir slíka hegðan. Hægt er að kaupa bæði dags- og helgarpassa en alls verða 24 hljómsveitir á sviðinu.

**Bíladagar á Akureyri, einn stærsti íþróttaviðburður sinnar tegundar sem haldinn er hérlendis,** býður upp á ógrynni áhugaverðra viðburða fyrir bílaáhugamenn, unga sem aldna, enda árleg hátíð bílaáhugafólks um áraraðir.

Hefur hátíð Bíladaga á Akureyri sem slík verið haldin frá árinu 1996 en sýningin sjálf, þann 17. júní, haldin frá árinu 1974. Sífellt stækkandi hátíðahöld fjölbreyttra viðburða þar sem aðsókn eykst með hverju árinu.

**Opnun sýningar Baskaseturs á Djúpavík dagana 6.-8. júní tengir saman íslenskan og baskneskan menningararf.**

Xabier Agote, forstjóri Albaola, mun leiðbeina við smíði „txalupa" léttabáts á bátasmíðanámskeiði sem haldið verður dagana **3.-5. júní í Iðunni fræðslusetri.** Dagana 7.–8. júní verður málþing á ensku um sögu Baska á Íslandi, að viðstöddum Guillaume Bazard, sendiherra Frakklands, og José Carlos Esteso Lema, sendifulltrúa Spánar. Verður meðal annars farið yfir samskipti Baska og Íslendinga, Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur kortleggur viðveru Baska á Ströndum, bæði ofan- og neðansjávar, basknesk-íslensk orðasöfn verða kynnt, svo og basknesk matargerð.

Xabier Agote, forstjóri Albaola í Baskahéruðum Spánar, segir frá leyndardómum hinna basknesku léttabáta, „txalupa", sjá má eftirlíkingu af einum slíkum og áfram mætti lengi telja. */sp*



**Sjómannadagurinn er fjölskylduhátíð allrar menningar tengdri sjómennsku og nú orðin ein af stærri hátíðum landsins. Í Reykjavík einni og sér lögðu rúmlega 40.000 manns leið sína niður að höfninni fyrir ári síðan.**
Mynd / Pablo Garcia, Unsplash



**Ýmislegt áhugavert verður kynnt á síðum blaðsins næstu vikur sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara!**
Mynd / Reykjavíkurborg



**Smíði txalupa léttabáts.** Mynd / Frá Ólafi J. Engilbertssyni




# Júnímánuður

## Fyrsta helgin, 30. maí–2. júní

Fjölskyldu- og menningarhátíðin **Fjör í Flóa í Flóahrepp** býður gestum upp á notalegar móttökur dagana **31. maí–2. júní,** auk þess sem spákonan Jóhanna les í tarotspil og rúnir. Kvöldvaka, grill og tónlist, opin hús og kökuskreytingarkeppni barna eru meðal atriða.

**Listahátíð verður haldin í Reykjavík dagana 1.–16. júní.** Meðal annars taka Listahátíð í Reykjavík, sirkuslistahópurinn Hringleikur og leikgervastúdíóið Pilkington Props höndum saman í nýju, íslensku götuleikhúsverki fyrir alla fjölskylduna, Sæskrímslin, og kynna viðstöddum hinar ótrúlegustu kynjaverur **þann 1. júní í Reykjavík. Fara kynjaverurnar víðar um landið, t.a.m. á Akranes þann 4. júní,** á Ísafjörð 8. júní, Húsavík 12. júní og í Neskaupstað þann 15. júní.



**Þann 1. júní fer matarupplifunin GRÁSLEPPAN fram á Bakkafirði,** verkefnið „Grásleppugæði – sælgæti sjávar", sem unnið er í samstarfi Bakkasystra ehf., Bjargsins ehf. á Bakkafirði, ásamt Biopol ehf. á Skagaströnd og Háskólans á Akureyri.

**Í kringum 30. maí–2. júní má finna sjómannadagshátíðir** í hverjum landshluta enda viðburður allrar þjóðarinnar. **Á Suðureyri** verður fjölskyldubingó björgunarsveitarinnar Bjargar í FSÚ á milli kl. 20–22 þann 31. maí og full dagskrá frá kl. 10 þann 1. júní sem endar með dansleik Papa og Celebs klukkan 22.30. Á sunnudeginum er svo dagskrá frá kl. 14. **Heljarinnar gleði verður á Patreksfirði sem hefst 30. maí** á víðavangshlaupi, götugrilli og skemmtun. Viðamikil dagskrá heldur áfram fram á sunnudag og lýkur með hnallþórukaffi í boði kvenfélagsins. Ókeypis tónleikar Siggu Beinteins og Páls Óskars ásamt Stuðlabandinu verða á föstudeginum en daginn eftir verður selt inn á stórdansleik Stuðlabandsins og aldurstakmark 18 ára.

## Önnur helgin, 6.–9. júní

**Þriggja daga þungarokkshátíðin SÁTAN verður haldin í Stykkishólmi dagana 6.–8. júní.**

SÁTAN

**Þann 6. júní hefst Sumarlestur, skemmtilegt lestrarátak Bókasafns Árborgar á Selfossi fyrir börn,** en þema þessa sumars er Barnabókahetjur heimsins. Bókasöfn víða um land standa að sama skapi fyrir viðlíku og um að gera að tékka á því.

**Prjónahátíðin Prjónagleði verður haldin á Blönduósi** en um ræðir vettvang til að miðla prjónagleði í öllum sínum fjölbreytileika **7.–9. júní.**

**Litahlaupið – The Color Run fer fram í Reykjavík þann 8. júní.**

THE COLOR RUN.

**7.–9. júní verður þriggja daga listahátíð, INTO festival, haldin í Alþýðuhúsinu á Siglufirði.** Um ræðir alþjóðlega hátíð skapandi fólks og er m.a. boðið upp á myndlistarsýningar, gjörninga, útilistaverk, tónleika og ljóðalestur.

**Opnun sýningar Baskaseturs á Djúpavík með vinnustofu, málþingi og tónleikum, dagana 6.–8. júní** og gestum boðið upp á áhugaverða kynningu sameiginlegs menningararfs Íslendinga og Baska.

**8. júní – Sæskrímslin mætt á Ísafjörð!**

**Þann 8. júní verður gengið á Reyðarfirði í fararstjórn Kristins Þorsteinssonar.** Haldið verður frá Karlsskála út með Brúnum undir Karlsskáladal og upp undir Snæfugl. Mæting klukkan 10 við afleggjarann að Vöðlavík, en frekari uppl. má fá í síma 864 7694.

**12. júní – Sæskrímslin mætt á Húsavík!**

## Þriðja helgin, 13.–16. júní

**Bíladagar á Akureyri fara fram með pomp og prakt í tæpa viku, 13.–17. júní nk.** en um ræðir einn stærsta íþróttaviðburð sinnar tegundar sem haldinn er hérlendis.

**Dagana 13.–18. júní fer Víkingahátíðin í Hafnarfirði** fram á Víðistaðatúni þar sem gestir geta m.a. upplifað eldsmíði, jurtalitun og bogfimi auk tónlistar hljómsveitanna Krauku og Hrafnboða.

**Bráðskemmtileg bæjarhátíð, Hofsós heim, verður haldin dagana 14.–16. júní, dansiböll, gleði og glaumur.**

**Berjadagar á Ólafsfirði dagana 14.–17. júní** er fjölskylduvæn tónlistarhátíð klassískrar tónlistar, djass, brasilískrar tónlistar, þjóðlaga, íslenskra sönglaga og óperu.

**Þjóðhátíðardagur Íslands, 17. júní,** er haldinn hátíðlegur ár hvert um allt land svo má nærri geta að heilmikil stemning verði hvarvetna.

**Salthúsmarkaðurinn á Stöðvarfirði opnar dyr sínar þann 18. júní en opið verður alla daga í sumar frá kl. 10–17.** Er markaðurinn rekinn af félagi eldri borgara á Stöðvarfirði, en versla má m.a. íslenskt handverk, bakstur og annað. Fyrir heimsóknir utan venjulegs opnunartíma má hringja í 8960349/8938861.

**15. júní- Sæskrímslin mætt í Neskaupstað!**



limtrevirnet.is

# EKKI ÓTTAST RIGNINGUNA

**Lindab** Þakrennur eru bæði endingargóðar og fallegar



- Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður.
- Auðvelt í uppsetningu.
- Fjölbreytt úrval lita í boði.
- Allar helstu einingar á lager.

**Skoðaðu úrvalið**

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Hurðadeild: 412- 5351 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

## Víðidalur:

# Sigga systir hvers?

## – Sauðfjárbóndi, ráðunautur og mikilvirk félagsmálamanneskja

**Ástvaldur Lárusson**
astvaldur@bondi.is



**Sigríður Ólafsdóttir rekur 450 kinda sauðfjárbú í Víðidalstungu með systur sinni. Hennar helsta áhugamál er landbúnaður og er hún þakklát fyrir að fá að starfa á því sviði sem ráðunautur og bóndi.**

Samfélagsmál skipta hana jafnframt máli, en hún er í sveitarstjórn og á sæti í fjölmörgum ráðum, félögum og nefndum.

Sigríður er af mörgum þekkt sem Sigga systir. Hún segir þetta viðurnefni eiga uppruna sinn til þess tíma þegar Hallfríður, eldri systir hennar, var við nám á Hvanneyri. Sigríður hafi gjarnan hringt í systur sína og þá hafi verið kallað eftir Hallfríði og tilkynnt að Sigga systir væri í símanum, en þetta var áður en farsímar urðu almenn eign. Þegar Sigríður fór sjálf á Hvanneyri var systir hennar enn þá í námi og var hún fyrst kölluð Sigga systir Hallfríðar sem styttist svo í Sigga systir. Eftir að Hallfríður var útskrifuð hélt Sigríður sínum nafnauka og þegar eldri systirin var kynnt fyrir fólki sem kunni eingöngu deili á þeirri yngri var oft sagt að hún væri „Hallfríður, systir Siggu systur.“

Ættartengsl systranna leyna sér ekki og segir Sigríður að þegar þær voru í kringum tvítugt hafi margir haldið að þær væru tvíburar, sem lagðist ekki alltaf vel í hana þar sem Hallfríður er fjórum árum eldri. „Það er hins vegar langverst þegar fólk er farið að halda að Hallfríður sé yngri, þá er það farið að taka út yfir allan þjófabálk,“ segir Sigríður í kímni.



Sigríður Ólafsdóttir frá Víðidalstungu, sem er af mörgum þekkt sem Sigga systir, hefur gjarnan mörg járn í eldinum. Að auki við að vera bóndi og ráðunautur er hún í sveitarstjórn og á sæti í stjórn margra félaga. Ættartengsl systranna Sigríðar og Hallfríðar leyna sér ekki. Hér heldur sú síðarnefnda á dóttur sinni, Bergrúnu. Myndir / ál

### *Í áætlanagerð fyrir bændur*

Eins og áður segir er Sigríður ráðunautur og starfar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML). „Ég komst inn í ráðunautabransann með því að leysa af óléttar konur,“ segir hún, en Sigríður er jafnframt með meistaragráðu í búvísindum frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Eftir að hafa verið í afleysingum á nokkrum stöðum á landinu í þrjú ár fékk hún fullt starf þegar RML var stofnað árið 2013 og er hún með skrifstofu á Hvammstanga. „Maður er ekkert rosalega oft að gera það sama allan daginn alla daga,“ segir hún um starf ráðunautsins og bætir við að verkefnin séu mismunandi milli árstíða. Landbúnaður er helsta áhugamál Sigríðar og finnst henni forréttindi að fá að starfa á því sviði og kynnast þeim bændum sem hún vinnur fyrir um allt land.

Helsta hlutverk ráðunauta sé að veita bændum ráðgjöf. Misjafnt sé eftir sviðum hvaða verkefni fólk taki að sér, en hún sé mest í rekstrarráðgjöf og áburðarráðgjöf. Það fyrrnefnda felist að miklu leyti í gerð rekstraráætlana fyrir bú, til að mynda þegar fólk stendur í jarðakaupum, uppbyggingu eða endurfjármögnun.

Ungir bændur leiti oft til hennar og hefur Sigríður leiðbeint fólki við umsóknir á nýliðunarstuðningi og öðru því tengdu. Þegar komi að áætlanagerð fari flest öll samskiptin í gegnum tölvupóst og síma, á meðan önnur störf, eins og lambadómar á haustin, séu staðbundnari. Eitt af markmiðunum við stofnun RML á sínum tíma hafi verið að ráðunautar gætu sinnt öllu landinu, ólíkt því þegar búnaðarsamböndin á hverjum stað sáu um ráðgjöf.

RML stendur vel að mati Sigríðar og hefur fyrirtækið vaxið og dafnað á þeim rúmu tíu árum sem eru liðin frá stofnun þess. „Við erum alla vega ekki verkefnalaus, það er alveg á hreinu.“

### *Í fjölda ráða og nefnda*

„Ég hef eitthvað undarlega gaman af þessum félagsmálum,“ segir Sigríður. Hún er sveitarstjórnarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Húnaþingi vestra, formaður landbúnaðarráðs og með sæti í heilbrigðisnefnd. Þar að auki er hún varamaður í byggðarráði, formaður kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins, gjaldkeri í félagi sauðfjárbænda í sýslunni, ritari í stjórn Landssamtaka landeigenda, varamaður í deild sauðfjárbænda BÍ og varamaður í stjórn veiðifélagsins. „Ég veit ekki hvar ég ætti að koma eiginmanni fyrir í skipulaginu,“ en Sigríður hefur ekki fest ráð sitt enn þá. „Ég fer í það um sextugt þegar ég nenni ekki að vera lengur í pólitík.“

Sigríður er jafnframt áhugaljósmyndari og stundar listmálun og teikningu. Helstu viðfangsefnin hennar eru náttúran og landbúnaður, en hún tekur gjarnan myndir af skepnunum sínum. „Svo var ég einu sinni með bloggsíðu sem heitir sveito.is. *Framhald á bls. 28*



Skrifstofa Sigríðar er á Hvammstanga og sérhæfir hún sig í gerð áburðaráætlana og rekstrarráðgjöf fyrir bændur.



# RISA SUMARTILBOÐ

## Á TRIIN D GARÐHÚSI - 34mm, 9.7 fm



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 9,7 m²

Fullt verð kr. 599.900 m/vsk
*án fylgihluta.*

Tilboðsverð kr. 499.900 m/vsk
*án fylgihluta - afsláttur kr. 100.000.*

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar og í síma 864 2400.

völundarhús.is
*Vel valið fyrir húsið þitt*







www.volundarhus.is

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**GESTAHÚS og GARÐHÚS** sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

Staðgreiðslu lán | VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

VH/24-03

# KYNNINGAR-TILBOÐ

## á frábærum gróðurhúsum

Viðar gróðurhúsin eru úr náttúrulegum hitameðhöndluðum viði og henta vel fyrir íslenskar aðstæður.



GRÓÐURHÚS NO-1 10,65 m²

völundarhús.is
*Vel valið fyrir húsið þitt*

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**GRÓÐURHÚSIN** henta vel fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GRÓÐURHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

Staðgreiðslu lán | VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



GRÓÐURHÚS NO-9 14,85 m²



GRÓÐURHÚS LT-3 10,6 m²



GRÓÐURHÚS NO-2 12,75 m²



GRÓÐURHÚS ST-1 7,0 m²

www.volundarhus.is

VH/24-02

## 5 hlutir sem Sigríður getur ekki verið án



**1. Traktor með tækjum:** „Það er nauðsynlegt til að geta gefið og tínt heim rúllur.“



**2. Afrúllarinn:** „Ég ætti erfitt með að gefa ef ég þyrfti að handmoka tveimur rúllum á dag.“



**3. Góður hundur:** „Þar er ég að hugsa um hann Snata minn.“



**4. Góðir smalahestar:** Helsta hlutverk knapans er að fylgjast með á góðum smalahesti



**5. Ljósleiðari:** „Það var rosalega mikill munur þegar ljósleiðarinn kom.“



Í Víðidalstungu eru 450 kindur og nokkur reiðhross. Fjölskyldan sem rekur búið leggur áherslu á nákvæmnisbúskap og áætlanagerð til þess að reksturinn skili afkomu.

Þar var ég með dagbók sauðfjárbóndans og skrifaði eina færslu á viku í eitt ár,“ en þar er jafnframt hægt að sjá ljósmyndir Sigríðar.

Hún viðurkennir að hafa ekki sinnt bloggsíðunni um árabil. „Þegar maður er í öllum nefndum og ráðum sem maður finnur þá hefur maður ekki endilega tíma í önnur áhugamál.“

### *Allir góðir í einhverju*

Í Víðidalstungu eru 450 kindur og nokkur reiðhross. Að baki búrekstrinum standa systurnar Sigríður og Hallfríður, ásamt foreldrum þeirra. Hallfríður er aðal starfsmaðurinn á búinu á meðan Sigríður leggur hönd á plóg á álagstímum.

„Svo eru þetta vinnuskipti. Hallfríður er menntuð í fóðurfræði og ég er með rekstrarfræðina og áburðinn. Hún segir mér hvað ég á að gefa og svo panta ég áburðinn og þetta vinnst ljómandi vel saman.

Það er þannig hér eins og alls staðar annars staðar að það er enginn bestur í öllu, en allir góðir í einhverju.“



Sauðburður var nýhafinn þegar blaðamann bar að garði í byrjun maí.

> Maður er ekkert rosalega oft að gera það sama allan daginn alla daga ...

Hún segist ekki verða rík af sauðfjárbúskap, en reksturinn standi undir launum einnar manneskju allt árið. Þá sé búið ekki það stórt að það sé þörf á meira en einum starfsmanni utan álagstíma.

Galdurinn við að reka sauðfjárbú og hafa tekjur af því sé að vera grútur og stunda nákvæmnisbúskap. Þá skipti miklu máli að systurnar leigja jörðina á hagstæðu verði af foreldrum þeirra ásamt því sem þær nota verktaka í heyskapinn.

### *Niðurskurður tók á*

Vestur-Húnavatnssýsla hefur verið illa leikin af riðu í sauðfé. Árið 1991 var svokallaður hreinsunarniðurskurður í Víðidalstungu þar sem riða hafði greinst á bæjunum í kring.

„Ég man það mjög vel því þetta sumar átti ég heimagang sem hét Snuðra. Hún var eins og hundurinn minn og elti mig út um allt. Svo þegar pabbi sagði okkur frá því að það þyrfti að lóga öllum kindunum spurði ég að því hvort ég gæti ekki geymt Snuðru upp frá hjá [nágrönnum okkar] á meðan hinar kindurnar væru teknar.

Það kostaði náttúrlega fullt af tárum og sorg þegar ég komst að því að það þyrfti að lóga henni Snuðru minni líka. Ég er mjög gleymin manneskja, en ég gleymi þessu aldrei því þetta var mjög mikið sjokk.“ Vegna þessa mikla návígis við sjúkdóminn sé hún sem sauðfjárbóndi aldrei fullkomlega örugg með sig. „Þetta lifir með manni aftast í kollinum og maður er rosalega vel vakandi fyrir einkennum.“ Síðustu ár hafi tekið á alla sauðfjárbændur á svæðinu eftir að nokkur tilfelli af riðu greindust.

„Það eru eitthvað svo miklar tilfinningar sem fylgja þessum blessuðu kindum. Þetta er ekkert eins og að maður þurfi að farga bílnum sínum.“

Mikil bjartsýni fylgi hins vegar því að fundist hafi verndandi arfgerðir í íslensku sauðfé sem geri kleift að rækta riðuna burtu í staðinn fyrir að þurfa að grípa til niðurskurðar þar sem hún greinist.








Miklar tilfinningar fylgja kindunum. Sigríður man vel eftir riðuniðurskurði árið 1991 og vegna mikils návígis við sjúkdóminn er hún sem sauðfjárbóndi aldrei fullkomlega örugg með sig.



KGM
Við kynnum til leiks:
KGM
Gæði á sterkum grunni
Korando
Rexton
Torres
Tivoli
KGM markar nýtt upphaf á íslenskum bílamarkaði en á þessu ári breytist nafn hins gamalgróna framleiðanda SsangYong í KGM. SsangYong hefur verið leiðandi bílaframleiðandi í 70 ár og boðið upp á öfluga og vel útbúna bíla á góðum kjörum.
KGM mun halda áfram að bjóða upp á fjölbreytt úrval jeppa og jepplinga sem og kynna nýja og glæsilega línu 100% rafbíla á næstu misserum.
Reynsluaktu og þú gætir unnið!
Allir sem reynsluaka bíl frá KGM og skrá sig á póstlistann fara í lukkupott þar sem einn heppinn þátttakandi vinnur dekkjaumgang frá Nesdekk að andvirði allt að 200.000 kr.*
Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl. *Vinningshafi er dreginn út 31. júlí 2024.
benni.is
BÍLABÚÐ BENNA
kolefnisjafnar nýja bíla
5
Fimm ára ábyrgð
kgm.benni.is
Bb, betri bílar
Akureyri
Njarðarnesi 12
Sími: 534 7200
Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

## Eiðaþinghá:

# Nautin út og áhersla á kýrnar

## – Breiðavaðsbændur hyggja einnig á kornþurrkun




Jón Elvar Gunnarsson og Helga Rún Jóhannsdóttir með dætrum sínum Ragnheiði og Sigurborgu. Þau eru stolt af hvítu kálfunum sínum og klæða þá í bláar hlífðarkápur svo þeir fái síður kuldahroll og skitu. Myndir/sá



Einn Breiðavaðskálfa ornar sér undir hitalampa í kuldatíð.

**Á Breiðavaði í Eiðaþinghá búa þau Jón Elvar Gunnarsson og Helga Rún Jóhannsdóttir með dætrum sínum, Ragnheiði og Sigurborgu. Þau eru með 62 kýr í lausagöngufjósi og segja búskapinn ganga ágætlega.**

Þau kunna að sögn ágætlega við stærðina á búskapnum og hafa ekki hugsað sér að færa út kvíarnar í bili. Meira liggi á að bæta dálítið aðstöðuna. Fjósið sé gamalt básafjós frá árinu 1983, byggt við það nautahús 2001 og geldneytaaðstaða 2006.

Þá var fjósinu jafnframt breytt í lausagöngufjós og settur upp mjaltaþjónn sem endurnýjaður var í fyrra. 380 þúsund lítra mjólkurkvóti er á Breiðavaði. „Já, okkur langar að byggja við og auka rými,“ segir Jón Elvar. „Aðeins að auðvelda umferðina fyrir kýrnar í fjósinu. Nú hættum við bráðum með nautin, vegna plássleysis, og tökum þá kálfaplássið undir kýrnar líka.“

### *Auka eigi rekstrartengda kennslu*

Þau Helga Rún og Jón Elvar eru bæði búfræðimenntuð, kynntust að sögn í náminu og útskrifuðust bæði árið 2011.

„Bændaskólinn mætti gjarnan vera þrjú ár í stað tveggja, því það þarf miklu meiri kennslu í rekstrarhagfræði og því um líku. Ef þú ætlar að verða bóndi þá þarftu að kunna það, enda ein stærsta áskorunin í búskap,“ segir Jón Elvar.

Fjögur ár eru síðan Helga Rún og Jón Elvar tóku að fullu við búskapnum, af foreldrum Helgu Rúnar, Jóhanni Gísla Jóhannssyni og Ólöfu Ólafsdóttur, sem tóku við búskapnum 1980 af foreldrum Jóhanns Gísla. Þá var búið með kýr, geldneyti, nokkurt fé og einar 300 hænur. Fénu var öllu lógað árið 1988, eins og raunar öllu fé á svæðinu austan Lagarfljóts, og meiri áhersla þá lögð á mjólkurframleiðslu.

Breiðavað var um árabil verknámsbýli, fyrst fyrir Bændaskólann á Hólum og síðar var tekið á móti verknemum frá Bændaskólanum á Hvanneyri. Breiðavað var einnig frá árinu 1990 með samning við Héraðs- og Austurlandsskóga um skóg- og skjólbeltarækt.

### *Snuprur fyrir kúabúskap*

Fremur fá kúabú eru á Fljótsdalshéraði og rekja þau ástæðuna m.a. til þess að kaupfélagið hafi á sínum tíma ekki stutt við bakið á bændum.

Á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar hafi búskapurinn á Héraði verið gríðarlega erfiður. Í Eyjafirði, þaðan sem Jón Elvar er ættaður, hafi KEA t.d. fjármagnað uppbyggingu með bændum, sem sumir þeirra búi að enn þá. Þegar byggt var upp á Breiðavaði 1981 hafi allir verið að fara í refarækt og



Rúmlega sextíu kýr eru í lausagöngufjósi á Breiðavaði og stendur til að stækka rýmið. 380 þúsund lítra mjólkurkvóti er á búinu.

Breiðavaðsbændur verið snupraðir fyrir að ætla í kúabúskap á sama tíma og bullandi uppgangur væri í refa- og minkarækt. Þar hafi peningarnir flætt inn. Ef fjármagn hefði þá fengist til að byggja upp hinar hefðbundnu greinar stæðu menn betur. „Enda sést það svolítið á Héraði, það eru minkahús víða sem geyma bara hjólhýsi núna,“ bætir Jón Elvar við.

### *Vantar stuðning sveitarfélagsins*

Jón Elvar segir að það vanti fólk á Austurland. „Sveitarfélagið þarf að standa miklu betur að baki dreifbýlinu heldur en raun ber vitni. Til dæmis þarf að styðja fólk og efla til að taka við búum. Kynslóðaskiptin eru mikilvæg en hér fækkar og fækkar því svo fáir hafa tök á að taka við búunum.“

Það séu ekki alltaf peningarnir sem máli skipti, heldur einfaldlega að standa á bak við fólk og sýna jákvæðni í orði og á borði gagnvart búgreinum. Jón Elvar tekur dæmi úr Eyjafjarðarsveit, sem sé landbúnaðarhérað alveg í gegn. „Þar heyrir maður að sveitarfélagið er að berjast fyrir landbúnaðinum, eins og til dæmis varðandi málaferlin tengd nýja svínabúinu,“ segir hann. Tala þurfi upp búskapinn og vera með í samtalinu, það skipti heilmiklu máli og skorti á það í Múlaþingi. Dreifbýlið vilji gleymast.

### *Spennt fyrir grænmetisrækt*

Breiðavað stendur skammt frá bökkum Lagarfljóts. Jörðin er tæpir 400 ha, þar af er ræktað land um 100 ha og tæpir 50 ha undir skógrækt, einkum lerki og furu sem fer að verða grisjunarhæft. Þrjú íbúðarhús eru á Breiðavaði; eitt húsið fylgir búinu,



Þessi háaldraða kisa kúrði uppi á heystabba í fjósinu.

Jóhann Gísli og Ólöf eru í gamla íbúðarhúsinu á sérlóð, og í þriðja húsinu býr bróðir Jóhanns Gísla. Því búa þarna þrjár fjölskyldur.

Ungu hjónin segja heilmikla möguleika vera á jörðinni. Gaman væri að fara út í einhverja grænmetisrækt og vera með fjölbreyttari búskap. Líklega þurfi þó einhverja fleiri á þann vagn til að slíkt myndi ganga.

Árið 2019 var boruð tilraunahola rétt við bæinn til að fá neysluvatn, því miklir þurrkar voru það sumar og vatnsbólið þornaði upp. „Þá hittum við niður á 23 °C heitt vatn sem var raunar ekki neysluhæft og skilaði engu. Hitaveitan fór í kjölfarið af stað og er búin að vera að kanna svæðið við landamerkin að næstu jörð og það virðist gefa það góða raun að við gætum fengið heitt vatn í hitaveitu. Svo þurfum við bara að fylgjast með hvernig landbúnaður þróast og fylgja því eftir,“ segir Jón Elvar.

### *Byggja upp kornþurrkun*

Þau hafa aðeins verið í kornrækt. „Við, nokkrir karlar í Búnaðarfélaginu, erum að reyna að koma upp kornþurrkun,“ heldur Jón Elvar áfram. „Ég veit nú ekki hvort það hefst fyrir haustið, en þetta er í vinnslu. Við erum búin að rækta korn hér frá árinu 2016, með ágætis árangri. Næsta skref, til að geta nýtt afurðina betur, er að fara í kornþurrkun. Þetta hefur aðallega verið notað í nautin en ef við náum að þurrka kornið þá getum við notað það fyrir kýrnar með auðveldari hætti,“ segir hann. Korn var ræktað á Breiðavaði á fimmta áratug síðustu aldar eða uns brustu á mikil kalár. Þá var kornþurrkun á Egilsstöðum.

Mæðgurnar fást líka aðeins við hrossarækt, segja það til gamans gert og nokkrir reiðhestanna séu ágætir. Þau sækja ekki vinnu út fyrir býlið en Jón Elvar hjálpar stundum til við löndun á uppsjávarfiski á Norðfirði og Seyðisfirði.

Þau segjast einbeita sér að sinni framleiðslu og að halda skepnunum heilbrigðum og mjólkinni góðri. */sá*


**Rafhlöðuknúin sláttuvél frá SKIL**

**á frábæru verði**

40V PWRCore40 2x2.0Ah rafhlaða,
Kolalaus mótor,
32 cm sláttubreidd,
35 lítra poki,
sláttuhæð 25-75 mm (6 stillingar)

**Verð 49.569**




VERKFÆRA LAUSNIR

verkfæralausnir.is

Skútuvogi 1E - Opið mánudaga-fimmtudaga 8:00-18:00 og laugardaga 11:00-15:00


vfs.is
Milwaukee
ALVÖRU VERKFÆRI
Á ALVÖRU TILBOÐUM TIL 18. JÚNÍ 2024
KAUPAUKAR
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Hettupeysa • Bolur • 100 lm vasaljós • Hitabrúsi • Buff
HAPPDRÆTTI
STÓRGLÆSILEGIR VINNINGAR!
Foosball borð • Götureiðhjól • Fótboltar
vfs.is
Sjáðu dagskrána og öll tilboðin!
VERKFÆRA SALAN
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is


SLÁTTUHÁTÍÐ - 14. JÚNÍ!
Gunnbjarnarholti
NÝTT FRÁ MCHALE
Kynning verður á Fusion Vario Plus!
Hin árlega sláttuhátíð verður haldin í Gunnbjarnarholti, föstudaginn 14. júní.
Nánari upplýsingar koma á Facebooksíðu Landstólpa þegar nær dregur.
Kynning verður á FUSION VARIO PLUS!
Hlökkum til að sjá sem flesta!
McHale
McHale
holaras
BERGMANN
LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

## Skógrækt:

# Bændur eiga að þjappa sér saman

## – Búgrein skógræktar gæti orðið sú víðamesta

**Jóhann Gísli Jóhannsson á Breiðavaði hefur verið viðloðandi skógræktarmál og hagsmuni skógarbænda í fjölda ára. Hann var fjórði ættliður til að taka við býlinu og hefur nú látið búskapinn í hendur næstu kynslóðar.**

„Það er nú svo skemmtilegt að ég hef ekkert sérstakt vit á trjám en var samt formaður í ellefu ár," segir Jóhann Gísli hlæjandi. Hann var formaður Landssamtaka skógareigenda frá árinu 2013 til vors í ár, er formaður Búnaðarsambands Austurlands síðan 2017, formaður búgreinadeildar skógarbænda, SkógBÍ, frá 2021, er stjórnarformaður í Kolefnisbrúnni ehf., var í stjórn Héraðsskóga um tíma og fyrsti búnaðarþingsfulltrúi skógarbænda á sínum tíma.

Jóhann Gísli starfaði einnig lengi með ungmennafélagshreyfingunni, einkum þó í sveitinni og var mikið í íþróttum, í fótbolta og körfubolta.

Hann segir skógrækt sér hugleikna og hana vera eins og hvert annað langhlaup. „Þú þarft að bíða," útskýrir hann og heldur áfram: „Menn hafa lítinn skilning á að þetta er ekki eitthvað sem er að fara að skapa þér tekjur í dag. Ég segi, fullum fetum, að fyrir ungt fólk núna verður þetta stærsta búgreinin á landsvísu, ef menn halda áfram því sem verið er að gera. Þá koðna hinar búgreinarnar allar undir þessu. Þetta er ekkert öðruvísi en í öðrum löndum þar sem hefur tekist að rækta skóg, eins og í Svíþjóð og Noregi, viðarframleiðsla er stór atvinnugrein þar. Eftir því sem harðnar á dalnum með alla aðra orkugjafa þá er þetta nútímaorkugjafi eins og hann var í gamla daga. Við erum að fara hringinn," segir hann.



Jóhann Gísli Jóhannsson hefur eftirlátið dóttur sinni og tengdasyni bú sitt að Breiðavaði og er sjálfur sérlegur aðstoðarmaður þeirra í bústörfum og öðru sem til fellur. Hann er enn á kafi í skógræktarmálunum. Myndir/sá

### *Tengja þarf alla úrvinnslu*

Þegar horft er yfir sviðið telur Jóhann Gísli að auka þurfi samvinnu í skógargeiranum. „Við þurfum að tengja alla úrvinnslu skógarafurða saman. Við megum ekki öll fara að saga timbur eða búa til lífkol: að allir séu að gera það sama en enginn hafi í rauninni neitt. Byggja þarf upp hægt og rólega, með samvinnu, meðan við erum ekki stærri. Það er svo grátlegt að sjá fólk setja upp fyrirtæki og vera svo í basli alla ævi vegna þess að það er ekki nóg að gera," segir hann og bætir við að fólk haldi að rosalegir peningar séu í kolefnisbindingu og eflaust geti það orðið, en stíga verði varlega til jarðar. „Menn geta misst sig í því eins og mörgu öðru og ætlað að gleypa peninga of skjótt. Þá geta menn misstigið sig," segir hann.

Jóhann Gísli segist enn vera að vinna í kolefnismálunum fyrir Bændasamtökin en ætli að hætta sem formaður búgreinadeildarinnar hvað líður, mögulega í haust. „Vera þarf 100% tryggt að þeir sem fara í þetta verði ekki fyrir tjóni síðar meir," segir hann og heldur áfram: „Ég hef áhyggjur af þeirri þróun að fjármagnseigendur eru að kaupa upp jarðir allt í kringum okkur. Við erum að verða eins og eyjur sums staðar inni í þessari fjármálavitleysu. Sú þróun sem við erum að sjá er stórhættuleg og drepur okkur hin. Þetta þrengir að unga fólkinu sem er að byrja núna, það verða engir nágrannar og ekki neitt. Ef Alþingi ætlar ekki að setja einhverjar reglur um þetta þá endum við með einhverja örfáa landeigendur."



Elsta timburhús á Fljótsdalshéraði stendur á Breiðavaði og var byggt árið 1903 af langafa og -ömmu Jóhanns Gísla; Jónasi Eiríkssyni, skólastjóra Búnaðarskólans á Eiðum, og Guðlaugu M. Jónsdóttur. Það er 70 m² að grunnfleti, á tveimur hæðum með hlöðnum kjallara. Jóhann Gísli gerði það nýlega upp en þá var húsið orðið mjög illa farið. Nú er mikil prýði að því.

Hann segir Vopnafjörð til dæmis gott dæmi um slíkt. „Við skulum átta okkur á að land er takmörkuð auðlind á veraldarvísu," bætir hann við. Land sé auðævi.

„Bændur sitja uppi með það í dag að þeir eiga litla eða enga peninga. Svo kemur einhver með einhverja smápeninga og réttir þeim og þeir gleypa við því til að komast út, en staðan er bara sú að þetta eru engir peningar. Þeir geta ekki keypt sér skitna íbúð hér á Egilsstöðum einu sinni, hvað þá ef þeir vildu nú flytja suður. Mér finnst bara ábyrgðarlaust að taka ekki á þessu," segir hann með þunga.

### *Kvaðir á þennan en ekki hinn*

„Svo er verið að segja við okkur bændur að við eigum að vernda landbúnaðarland," heldur Jóhann Gísli áfram. „Á sama tíma kemur einhver maður og kaupir upp jörð með fullt af landbúnaðarlandi og það eru engar kvaðir á honum. Hann getur bara gert nánast hvað sem hann vill. Það er enginn að biðja hann um að rækta neitt og hann mun ekki gera það: þó að þú verðir matarlaus þá fer hann ekki að setja niður kartöflur, bygg eða eitthvað annað. Verið er að færa þessar kvaðir yfir á örfáa einstaklinga í landinu sem eru búandi. Ég skil ósköp vel ungt fólk sem er hugsi yfir því að fara að búa, þegar það er hrúga af eyðijörðum allt í kringum það, ekkert að gerast og enginn maður."

Hann segir tilveru bænda í sveitunum m.a. byggja á nágrannavörslunni. „Við eigum ekki alltaf góða daga og þá þurfum við að hjálpast að," bætir hann við.

### *Fólk lifir ekki af þessu*

Jóhann Gísli kemur enn að búskapnum, hann kveðst vera aðstoðarmaður og verði það líklega uns hann verði elliær. Langafi Jóhanns Gísla keypti Breiðavað fyrir aldamótin 1900. Sá bjó uns afi Jóhanns Gísla tók við búinu og svo í kjölfarið foreldrar hans, hann og kona hans, Ólöf Ólafsdóttir, og nú dóttir þeirra og tengdasonur.

Hann er spurður hvernig honum lítist á búskap á Héraði. „Hér eru margir sauðfjárbændur og það eru að koma göt í þá grein hér," svarar hann. Fólk lifi ekki af þessu. „Það er að vinna úti um allt og jafnvel bæði hjónin þurfa að sækja vinnu. Eitthvað verður að stokka upp í þessu dæmi og skapa fólki þær aðstæður að það geti verið heima hjá sér," segir hann. Svo sé fólk í sauðfjárrækt víða orðið svo fullorðið.

Hann segir kúabændur standa mun betur en þeir skuldi mikið. Veltan sé þó ákveðið að bjarga þeim. „Þeir velta tiltölulega miklu og ná að borga af lánunum sínum. En það eru sjálfsagt ekkert jólin alls staðar þar heldur, býst ég við," segir hann jafnframt.

### *Áhyggjur af kornræktarhvatningu*

Stjórnvöld hvetja til kornræktar. Segir Jóhann Gísli að til að fara í kornrækt þurfi að leggja í ákveðnar fjárfestingar. Hann gjaldi varhug við því þegar hvatt sé til að allir fari í kornrækt, hvað það varði að bændurnir sem fari í þetta æði kannski af stað og fái styrk frá ríkinu fyrir einhver 40% af kostnaði.

„Svo verða þeir skildir eftir. Það er það sem ég er hræddur við. Hverjir eru þetta sem eru að fara af stað? Það er unga fólkið okkar. Og svo verður það skilið eftir í rústunum af þessu, að berjast við að reyna að borga þetta líka, ofan á allt sem það er að gera í búinu sínu. Þetta veldur mér áhyggjum og fólk þarf aðeins að gá að sér," segir hann.

Hann segir vanta miklu meiri langtímahugsun fyrir kornræktina. „Stjórnvöld skulu gera sér grein fyrir því að ef þau virkilega vilja að fólk fari að rækta korn til að nota það, eins og aðrar þjóðir gera, þá þarf að hafa langtímahugsun þannig að þessir sem eru að byggja upp í dag hafi tíu til fimmtán ára plan, þá eru þeir kannski komnir út hinum megin. En nú er þetta eitthvert plan til örfárra ára. Það er ekki gott. Mönnum er hálfpartinn att á foraðið," segir hann enn fremur.

Tal um matvælaöryggi sé notað á tyllidögum og hljómi þá vel. „Stjórnvöld verða að ákveða að ef á að framleiða mat á Íslandi þarf að vera grundvöllur fyrir fólk að starfa að því," heldur hann áfram. „Það þýðir ekki að tala um matvælaöryggi á Íslandi ef á að flytja allt inn."

### *Bændur þjappi sér saman*

Jóhann Gísli segist nú ætla að leggja krafta sína í að styrkja samvinnu meðal bænda.

„Við eigum að nota Búnaðarsambandið til að koma okkur saman, efla okkur og láta þetta ganga betur. Það eru ekki alltaf peningar sem maður þarf, stundum er það bara ákveðinn stuðningur, sem kemur af samveru við aðra og nálægðinni. Við höfum svolítið misst þetta út af fækkun í sveitunum, unga fólkið okkar hverfur, fer í skóla og svo kemur það ekki aftur," segir hann og bætir við að það sæki ekki í þessa fátækt.

„Engu að síður er það þannig að ég veit eitt, þú veist annað og þannig getum við trekkt okkur áfram í sameiningu. Bændur eiga að þjappa sér saman og það er það sem við þurfum hér á Héraðinu, að leggja sameiginlega krafta í að snúa þróuninni við til hins betra," segir Jóhann Gísli að endingu. /sá




Listahátíð í Reykjavík
Reykjavik Arts Festival
Sæskrímslin
REYKJAVÍK 1. JÚNÍ
AKRANES 4. JÚNÍ
ÍSAFJÖRÐUR 8. JÚNÍ
HÚSAVÍK 12. JÚNÍ
NESKAUPSTAÐUR 15. JÚNÍ
Listahátíð um land allt!
Rask
6. JÚNÍ–31. ÁGÚST
EGILSSTAÐIR
INTO Festival
7.–9. JÚNÍ
SIGLUFJÖRÐUR
Kiosk 108
7.–8. JÚNÍ
SEYÐISFJÖRÐUR
Er þetta norður?
7. JÚNÍ–15. SEPTEMBER
AKUREYRI
Í lausu lofti
8. JÚNÍ–7. JÚLÍ
ÍSAFJÖRÐUR
1.–16. júní 2024
listahatid.is


MHG VERSLUN
Husqvarna - feel the power
Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl
Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl
Husqvarna Rier RC320TSAWD
Sláttutraktor m/safnkassa - 12,6 kW
Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 10,5 kW
Husqvarna Tractor TC238T
Sláttutraktor - 10,1 kW
Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl
Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm
Husqvarna K2500
Steinsög - Sögunardýpt 14,5cm
Husqvarna CEORA 546
Slátturóbot - 50.000m2 - 20% halli
Husqvarna AM550 EPOS
Slátturóbot - 10.000m2 - 45% halli
Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli
Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m2 - 40% halli
Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli
Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli
Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli
MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is



Kristinn Karlsson hefur starfað á prjónastofu frá sautján ára aldri. Árið 2008 keypti hann prjónaverksmiðjuna á Hvammstanga eftir að hafa verið yfirmaður þar í nokkur ár. Myndir / ál



Ein vélanna ýfir efnið með könglum.



Flíkurnar eru sniðnar úr ullarrenningum.



Með því að reka verslun við hlið verksmiðjunnar nást betri tengsl við viðskiptavinina.

## Hvammstangi:

# Ullariðnaður á gömlum grunni

**Á Hvammstanga starfar prjónaverksmiðjan Kidka sem nýtir alfarið innlent hráefni. Eigendur hennar reka verslun í einum enda verksmiðjuhússins sem gefur þeim nánari tengsl við viðskiptavinina.**

Kristinn Karlsson er framkvæmdastjóri og helmingseigandi Kidka. Hinn helming fyrirtækisins á Irina Kamp, fyrrverandi eiginkona Kristins, og vinnur hún í markaðsmálum og saumaskap. Hann telur líklegt að þetta sé nánast eina prjónastofan sem framleiði alfarið úr innlendri ull. Kidka byggir á gömlum grunni, en frá árinu 1972 hefur sauma- og prjónastofa verið starfrækt á Hvammstanga og hét fyrirtækið fyrst Drífa. Í nokkur ár starfaði stofan undir heitinu Ísprjón, en þegar Kristinn og Irina keyptu prjónastofuna árið 2008 hét fyrirtækið Freyjuprjón og framleiddi aðallega fyrir Rússlandsmarkað. Nafnið Kidka er samsetning á gælunafni Kristins, sem er kallaður Kiddi, og eftirnafni Irinu Kamp. „Ég er búinn að vera í þessum bransa alveg síðan ég var sautján ára," segir Kristinn, en hann byrjaði sem prjónamaður var í mörg ár. Hann flutti á Hvammstanga rétt fyrir aldamót til að starfa sem yfirmaður í prjónaverksmiðjunni og var hjónunum loks boðið fyrirtækið til kaups árið 2008.

### *Vörur fyrir túrista og hestamenn*

Kristinn segir þetta vera ágætis rekstur og séu viðskipti við túrista stór hluti af sölunni. Þegar Covid-19 faraldurinn reið yfir og ferðamönnum fækkaði hafi þau brugðið á það ráð að hanna vörur fyrir hestamenn, eins og hestaábreiður og undirdýnur fyrir hnakka. Þetta styðji hvort annað, því hestamenn séu farnir að versla mikið af peysum.

Kristinn segist vera svo heppinn að nánast allt sem þau framleiði seljist vel. Það sem sé vinsælast séu hettupeysur og heilar lopapeysur. „Svo erum við með lundahúfur og þær mokast út." Lykillinn að góðri vöru sé að hafa tilfinningu fyrir því hvað viðskiptavinurinn vilji. „Stundum er þetta ekki akkúrat það sem þú vilt sjálfur." Þau hafi lagt sig fram við að þróa sniðin og gera flíkurnar nútímalegri. Áður fyrr hafi þetta verið hálfgerðar pokapeysur á meðan núna séu þær aðsniðnari. Það megi heldur ekki ganga of langt í að breyta peysunum í tískuvöru því ferðamenn vilji kaupa flíkur sem byggi á íslenskum hefðum. „Af því að við erum með túristabúð þá erum við í miklum tengslum við ferðamanninn og skynjum hvað fólk vill."

### *Ýft með könglum*

Mynstrin eru hönnuð í tölvum og send í prjónavélarnar. Þegar búið er að prjóna efnið þarf það að fara í gegnum þvott þar sem það er ýft og burstað í vél með fjölmörgum könglum. Eftir það er efnið þurrkað og pressað í réttar víddir. Þá fer efnið á saumastofuna þar sem það er sniðið í til að mynda boli og ermar ef framleiddar eru peysur. Að lokum er efnið saumað saman og fara vörurnar ýmist á lagerinn eða beint til viðskiptavina.

Að jafnaði starfa átta manns hjá fyrirtækinu. Kristinn segir helstu verkefnin lúta að saumaskap og að vakta prjónavélarnar. Hópurinn vinni síðan oft saman að því að hanna nýjar vörur. Á veturna skipti starfsmennirnir í verksmiðjunni með sér að vakta búðina, en á sumrin sé ráðið afleysingafólk í verslunina vegna mikilla anna.

### *Lágmarksyfirbygging*

„Þetta fyrirtæki á að geta dafnað og verða stærra. Auðvitað byggist allt á því hvernig ytra umhverfið þróast," segir Kristinn. Hráefnis- og launakostnaður fari alltaf hækkandi sem þrengi að iðnaði á Íslandi og skýri af hverju framleiðsla færist til landa eins og Kína. Hann segist þráast við þar sem hann hafi gaman af þessu og vilji framleiða íslenskt.

Kidka hafi ekki mikla yfirbyggingu, sem hjálpi til við að halda fyrirtækinu arðbæru. Kristinn þekki allt ferlið og geti gengið í öll verk, hvort sem það sé að prjóna, selja eða gera við tækin. Ef fyrirtækið stækki það mikið að þörf væri á að bæta við fólki segir Kristinn ekki víst að það myndi borga sig. „Þetta fyrirtæki má ekki vera mikið stærra til þess að geta gengið með þessum mannskap, en auðvitað er það alltaf spennandi að stækka." /ál






Saumastofan þar sem efnisbútarnir eru settir saman.



Kidka á Hvammstanga.



Husqvarna®
HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.
• Steinsagir
• Kjarnaborvélar
• Jarðvegsþjöppur
• Sagarblöð
• Kjarnaborar
Þjónustuverkstæði og varahlutir
Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm
Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm
Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150 mm Max
Husqvarna K770 14”
Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa
97kg, 500 mm Plata
Husqvarna FS400 LV gólfsög
Sögunardýpt 16,2 cm
Husqvarna Rammer Hoppari LT6005
230mm Plata, 69 kg
Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm
Husqvarna K4000 Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna K3600 Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm
Husqvarna K7000 Ring
Sögunardýpt 32,5 cm
Husqvarna K7000 Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm
HÁ VERSLUN
Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is




ERTU AÐ FARA AÐ BYGGJA?
Sökkulkerfi fyrir allar tegundir húsa
Einfalt
Fljótlegt
Endingargott
Ódýrt
Myglar ekki
Stuttur afhendingartími
CE vottað
Prófaðu nýju reiknivélina okkar og sjáðu strax kostnaðinn við að byggja.
www.polynorth.is/reiknivel
Íslenzk hönnun, íslenzk framleiðsla fyrir íslenzkar aðstæður
Haltu kyndikostnaði niðri með húskubbum frá Polynorth
Eigum húskubba fyrir bæði sökkla og veggi á lager
polynorth
Óseyri 4 - 603 Akureyri - Sími 857 7799 - Kt: 660887-1649 - polynorth@polynorth.is - www.polynorth.is

## Fossárdalur:

# Hafa sigur í hverri þraut

## – Hjónin í dalnum leggja rækt við sitt fé og eru hvergi bangin

**Í fjallasal upp af Berufirði er gróður að sækja í sig veðrið og friðurinn nánast úti fyrir bændur.**



**Steinunn Ásmundsdóttir**
steinunn@bondi.is

„Hér er ekki hægt að tala saman fyrir hávaða því ég er of sein að gefa,“ segir Guðný Gréta Eyþórsdóttir, bóndi í Fossárdal, þegar Bændablaðið ber að garði og hefur tekist að tefja nokkuð fyrir.

Jarmið endurkastast veggja á milli í fjárhúsunum, eins og samfelld hljómkviða. Sauðburður er að hefjast og þau Hafliði Sævarsson, ásamt harðduglegu aðstoðarfólki, búa sig undir að vaka yfir fénu og sinna því vel, enda skiptir þau miklu máli að annast skepnur sínar almennilega.

### *Fé þeirra dreifist í sex dali*

Guðný Gréta ólst upp á Eyjólfsstöðum í Fossárdal en Hafliði er frá Rauðholti í Hjaltastaðarþinghá á Fljótsdalshéraði. Þau útskýra að í Fossárdal séu þrjár jarðir. Þau keyptu jörðina Eiríksstaði, sem er syðra megin í dalnum, og eystra megin eru jarðirnar Eyjólfsstaðir og Víðines en nágranni í Berufirði, Lindarbrekka, á Víðines. Þau búa á tveimur jarðanna, Eyjólfsstöðum og Eiríksstöðum. Þau komu fyrst að búrekstrinum árið 1988 í félagi við foreldra Guðnýjar Grétu, Öldu Jónsdóttur og Eyþór Guðmundsson, en tóku hann yfir árið 1999. Í upphafi byggðu þau sér lítið einbýlishús og síðar fullkomin fjárhús, auk ýmissa endurbóta.

Á bænum eru um 500 vetrarfóðraðar kindur og ekki aðrar skepnur. „Fénu hefur verið sleppt í dalinn í áranna rás og eftir því sem fé fækkar á aðliggjandi svæðum verður dreifingin meiri og er svo komið að ærnar fara niður í sex aðra dali þegar þær koma niður af hálendinu á haustin,“ segir Guðný Gréta og Hafliði bætir við að mjög mikil vinna sé að ná fénu af fjalli á haustin. Þau hjálpa við smölun í aðliggjandi dölum. Smalamennskur standa yfir í rúmar sex vikur og flestir bjartir dagar nýttir. Landslagið sé erfitt yfirferðar og vegalengdirnar miklar suma dagana. Ekið sé inn dalina á bílum á morgnana og svo gengið.

„Hér er þrengra í högum en í dölunum í kring,“ útskýrir Guðný Gréta. „Ærnar hækka sig rólega, stall af stalli, þangað til þær eru komnar inn úr og þá er bara sléttan allt um kring og hending hvort þær lenda í Geitdalinn, Skriðdalinn, Berufjarðardalinn, Breiðdalinn, Hamarsdalinn og jafnvel Fljótsdalinn. En flestar lenda nú aftur niður í Fossárdal. Við vitum þó hvar hópurinn er en féð getur farið undan veðri á allar þessar slóðir,“ segir hún.

Þau segja mikla samhjálp við smalamennsku og ekki erfitt að fá mannskap.

### *Markvissar kynbætur*

Guðný Gréta segir að þegar foreldrar hennar voru með féð hafi það nær allt verið hyrnt. „Eftir að við byrjuðum að sæða ærnar fyrir rúmum 25 árum hefur kollóttu ánum fjölgað, þær eru ekki eins illskeyttar þó að þær séu styggar og frekar,“ útskýrir hún og bætir við að betur gangi að sameina mjólk og gerð hjá kollóttu ánum en þeim hyrndu. „Svo höfum við kollótta hrúta í gemsunum til að létta þeim burðinn. Þetta eru skepnurnar mínar, þær gefa mér lömbin og þá ber mér skylda til að gera allt sem í mannlegu valdi stendur að hugsa vel um þær,“ segir hún. Athygli vekur í fjárhúsunum að fáeinar hyrndar kindur eru með slöngubúta yst á hornunum. Skýring þess er að slöngubútarnir varna þeim illskeyttustu að stinga aðrar kindur á hol, sem getur gerst í flestum fjárhúsum og veldur jafnvel dauða hjá þeim skepnum sem fyrir verða.

Frá árinu 1998 hefur verið unnið markvisst að kynbótum á sauðfénu, fyrst var stefnt að aukinni holdfyllingu og sett met á því sviði, seinni árin hefur verið kynbætt fyrir fleiri eiginleikum.

„Hér voru áður hlaupandi um fjöllin snarvitlausar rollur sem voru ekki með neitt kjöt á beinunum, bara nánast forystufé. Svo kemur Hafliði með þessa hugmynd um að það sé kannski hægt að hafa meira kjöt á beinunum,“ segir Guðný Gréta.

Hafliði kveðst hafa áttað sig á þessu þegar hann hafði verið í Fossárdal í nokkur ár. „Þegar maður fór að fara um og rýja þá sá maður miklu holdmeiri kindur. Svo kom Europe-kjötmatið og þá gerðum við okkur grein fyrir að sunnan frá Þvottárskriðum og norður að Hellisheiði fóru lömbin mikið í O-flokk, næstlélegasta flokkinn,“ segir hann. Ástæða þess hafi verið að lítil eiginleg holdaræktun var þá í gangi á þessu svæði.

„Afurðirnar voru þó þokkalegar á svæðinu; lömbin ágætlega stór og hugsað hafði verið um að velja ærnar eftir því hvernig þær mjólkuðu,“ heldur Hafliði áfram. En nú sé meira kjöt komið á beinin á eigin fé. Með sæðingum séu þau komin aðeins yfir meðaltal á landinu. „Nú finnst mér þetta gaman,“ segir Guðný Gréta og hlær við. „Að velja saman sæðingahrúta og bestu ærnar og sjá hvað kemur út úr því. En oft er þó verið að kaupa sæði úr úrvalshrútum en þegar það blandast við heimafé er útkoman ekki alltaf sú sem óskað var eftir,“ segir hún.

### *Rúningur og þríþraut*

Sláturféð fer allt á Húsavík í sláturhús. Þau segjast auðvitað myndu vilja hafa sláturhús nær, því leitt sé að reka lömb upp á bíl vitandi að þau eigi eftir að fara alla þessa leið, hrist saman í krubbu í marga klukkutíma. Þá væri vissulega gaman að geta selt fjallalömbin beint frá býli, sem og til ferðafólksins sem komi á tjaldsvæðið í Fossárdal. Þau hafi hins vegar bara nóg annað að gera og mikil vinna sé að koma slíku af stað.

„Við erum að keyra póst og rýja rollur og allt mögulegt annað en að gefa rollunum allan veturinn,“ greinir Hafliði frá. Guðný Gréta fer til dæmis tvisvar í viku um alla sveit með póst.

Hafliði fer víða til að rýja. „Fyrst og fremst hjá nágrönnunum og svo hætta þeir og þá færist ég aðeins lengra í burtu,“ segir hann sposkur. Líklega megi segja að hann sé sérfræðingur í rúningi á íslenskan mælikvarða. Hann vann Íslandsmeistaramótið í rúningi fjórum sinnum áður en keppnin lagðist af og hefur keppt á heimsmeistaramótum erlendis.

Hann segist hafa fengið nýja sýn á rúning þegar hann kynnti sér vinnubrögð nýsjálenskra rúningsmanna þar sem vandvirkni sé sett framar hraða. Hann sé í góðri æfingu en þó ekki snjallasti rúningsmaður landsins, einhverjir fleiri séu orðnir mjög góðir í þessu. Enda skipti það máli því enn séu brögð að því að ull sé skemmd, bæði af bændum og rúningsmönnum, fyrst og fremst vegna þekkingarleysis. Það vanti stundum upp á flokkunina og að halda fénu hreinu fyrir rúninginn.

### *Gull og silfur*

Tveir spegilgljáandi verðlaunapeningar á eldhúsborðinu, gull og silfur, vekja athygli og hjónin eru innt eftir tilefninu. Þetta eru þá verðlaun sem Guðný Gréta hlaut á dögunum í riffilskotkeppni. „Það er alltaf haldið Hammond-skotmót, í kringum Hammond-hátíðina á Djúpavogi,“ útskýrir hún. „Mér gekk vel í ár, keppnin var tvöföld og ég kom með tvenn verðlaun heim.“

Pabbi hennar var mikill veiðimaður og lengi hreindýraveiðileiðsögumaður. Hún ólst þannig upp við veiðar á rjúpu, ref og hreindýrum. „Einhvern tímann í uppvextinum varð ég svo hvellhrædd, bara þoldi ekki hvelli,“ segir hún. „Svo sá ég að þetta gengi ekki lengur. Fannst líka veiðiskapurinn áhugaverður – sögurnar voru svo geggjaðar! Ég saug þær í mig en gat aldrei verið með út af hræðslu. Jón bróðir minn, sem er hreindýraleiðsögumaður, hjálpaði mér að yfirvinna hvellhræðsluna og í kjölfarið fór ég á skotvopnanámskeið 2013 og keypti mér riffil. Einnig fór ég á endurhleðslunámskeið til að geta hlaðið eigin skot. Mín veiðisaga er því stutt en ég hef gaman af veiðum og nú er þetta ekkert mál,“ segir hún enn fremur.

Hafliði er inntur eftir veiðum og kveður sínar veiðar ekki vera með vopnum. Að smala sé náttúrlega veiðiskapur, þá sérstaklega eftirleitir, sem og margar ferðir til að ná fé úr klettum, þar sem alltaf sé stefnan að fanga bráðina lifandi. Hann æfði þríþraut um fimm ára skeið, hefur tvisvar sinnum klárað heilan „Ironman“ og keppt árlega í utanvegahlaupum.

### *Byssa og bogi*

Frægt varð þegar Guðný Gréta, með ársgamalt skotpróf upp á vasann, gerði sér lítið fyrir og sigraði tíu gamalreyndar hreindýraskyttur í þrautabrautar-riffilskotmóti á Egilsstöðum árið 2013. Hún var ein kvenna í keppninni og tók þátt fyrir tilviljun. Þetta þótti svo fáheyrt að það kom í öllum fjölmiðlum. Mótið, Hreindýrahreysti, hefur hún raunar sigrað tvisvar.

En hún er ekki aðeins lunkin skytta á byssu því hún á einnig ýmis verðlaun fyrir bogfimi, á sveigboga. Hún hóf að æfa sig á sveigboga árið 2016 og hefur tekið þátt í nær öllum Íslandsmeistaramótum innan- og utanhúss, og oftar en ekki komið með verðlaunapeninga heim. Vegna axlarklemmu hefur hún þó ekki getað æft á bogann síðasta árið.

Guðný Gréta sótti um að komast á hreindýra-leiðsögunámskeið í vetur en var hafnað. Af því spannst allnokkur umræða. „Ég átti ekki von á því að komast inn þar sem ég lét fylgja með umsókninni minni ýmsa fyrirvara svo að þeir sem ætluðu sér að vinna við hreindýraleiðsögn kæmust að á undan mér,“ útskýrir hún.



Guðný Gréta Eyþórsdóttir og Hafliði Sævarsson, sauðfjárbændur á Eyjólfsstöðum í Fossárdal. Búið hefur verið útnefnt Úrvalsbú ellefu sinnum, 2013, 2015 og á hverju ári síðan. Myndir / sá



Guðný Gréta er margverðlaunuð skytta, hvort heldur er með riffli eða sveigboga. Hún veiðir einkum hreindýrstarfa, gæsir og tófu. Mynd / Aðsend



Verðlaunaskjöl á skemmuveggnum gegna því hlutverki að minna Fossárdalsbændur á að ýmis markmið hafi náðst. Guðný Gréta og Hafliði segja það virka sem hvatningu til að halda sér við efnið og gera helst betur.

„Svo að fréttafárið út af þessu var algjörlega á misskilningi byggt. Eftir á að hyggja hefði auðvitað verið gaman að sitja þetta námskeið og rugga aðeins bátunum í karlaheimi; vera fyrsta konan sem gerist hreindýraleiðsögumaður á Íslandi,“ segir hún jafnframt.

Þau Hafliði hafa klætt hluta af hlöðuveggnum með fjölda viðurkenninga sem þeim hefur hlotnast, fyrir búskap, rúning og fleira. Guðný Gréta segir það gert til að minna þau sjálf á að ýmis markmið hafi náðst, það virki sem hvatning til að halda sér við efnið og gera helst betur. Þau hlutu m.a. Landbúnaðarverðlaunin árið 2014, Kjark og þor sveitanna frá Búnaðarsambandi Austurlands árið 2005 og hafa fengið viðurkenningu sem Úrvalsbú frá RML alls 11 sinnum undanfarin ár.

### *Lúpínan verðmætust*

Fossárdalur telst líklega nokkuð harðbýll þótt hann sé ekki endilega snjóþungur. Svellalög geta verið mikil og kal í túnum ekki óalgengt. „Sum árin hefur það valdið okkur miklum vandkvæðum. Það er erfitt fyrir sálina eins og annað tjón í búskap. Þá höfum við eitt og eitt ár þurft að fá lánuð tún annars staðar til að heyja,“ segir Hafliði.

Nokkuð vex af birki í mosagrónum og jarðvegsrýrum dalnum og er mikið að breiða úr sér. Guðný Gréta segist muna eftir vetrarbeit fram á unglingsár og þá náði birkið sér lítið á strik. Rauðberjalyng vex og í breiðum, um kílómetra innan við bæinn, og hefur sótt mjög í sig veðrið síðustu áratugi. Að Guðnýjar Grétu mati mættu grasafræðingar fylgjast betur með útbreiðslunni. Í dalnum er einnig mikið af bláberja-, aðalbláberja- og krækilyngi og beitilyng hefur aukist eftir að vetrarbeit linnti.

Guðný Gréta og Hafliði hafa verið í skógrækt á nokkrum tugum hektara. Fjölskyldan hefur gróðursett fjölda tegunda en þó mest af furu. Rússalerki líði ekki vel í dalnum en nýja afbrigðið Hrymur standi sig betur. Furuna segja þau efnilegasta en ekki ólíklegt að greni verði meira notað sem næsta kynslóð. Hafliði segir þó verðmætustu plöntuna í þessu mosalandi Fossárdalsins vera lúpínuna. „Hún hentar ekki alls staðar en hún er virkilega góð til að græða upp rýrlendi. Ég sáði lúpínu 2003 í mela hér út frá og það hefur skilað verulegum landbótum,“ segir hann.

### *Friðurinn úti*

Systkini Guðnýjar Grétu reka ferðaþjónustu í Fossárdal en foreldrar þeirra höfðu þann rekstur um 1980. Upp á síðkastið hefur umferð um



Fossárdalur er upp af Berufirði sunnanvert á Austfjörðum. Hann er um 20 km langur og fellur Fossá niður hann, með um 30 fossum. Dalurinn er ekki snjóþungur en þar myndast oft svellalög og talsvert um kal í túnum. Hér má sjá veginn upp í Fossárdal upp úr dalbotninum, til vinstri.

dalinn aukist verulega. Nú orðið er farið með gesti úr skemmtiferðaskipunum langt inn eftir á stórum jeppum, tvisvar á dag, fjórum sinnum í viku. Þá er nokkur umferð veiðimanna á hreindýr og rjúpu. Guðný Gréta og Hafliði segja umferðina því hafa margfaldast í hinum áður kyrrláta fjallasal. Vegurinn inn dalinn, sem er þó meira í ætt við slóða, fái einhverjar krónur til viðhalds á nokkurra ára fresti enda þurfi stundum gröfu til endurbóta. Hafliði heldur slóðanum þokkalegum með því að leggja nokkur dagsverk árlega í að slétta hann og tína úr honum grjótið, svo komast megi hindrunarlaust til að smala, og segir mikilvægt að slóðinn haldist opinn þess vegna.

Þau segja slóðann engan veginn bera þá umferð sem nú sé orðin um hann og það horfi til vandræða. Túrismi á löndum bænda núorðið sé víða á gráu svæði og hugsa þurfi málin alveg upp á nýtt á landsvísu. Jafnframt megi setja spurningarmerki við hjólin sem hreindýraveiðimenn noti og fari á þeim yfir hvað sem er, hvar sem er. Þau skilji eftir sig ljót för og skemmdir. „Þetta er allt saman svolítið að fara úr böndunum,“ segja þau.

### *Hvergi bangin*

Guðný Gréta og Hafliði eiga þrjá syni. Sá elsti er umhverfis- og byggingarverkfræðingur í



Fossárbændur huga vel að sínu fé og eru annáluð fyrir að sinna sínum skepnum vel.

Svíþjóð, miðjudrengurinn flugmaður og búsettur í Hafnarfirði og sá yngsti er í mastersnámi í sjúkraþjálfun. Þau útskýra að allir hafi þeir farið í Menntaskólann á Egilsstöðum og verið í fótbolta á sumrin svo að í raun hafi þeir flutt að heiman 16 ára gamlir. „Þeir hafa allir gaman af því að smala, koma í sauðburð og annað, en það verður enginn þeirra sem tekur við hér, held ég,“ segir Guðný Gréta. Kannski ekki síst vegna aðstæðnanna í Fossárdal, haustin séu alveg gríðarlega annasöm. Þau Hafliði segjast ekkert bangin í sínum búskap og allavega tíu ára framtíðarplan í gangi. Þau ætli sér þó kannski ekki að verða „höktandi gamalmenni“ í búskapnum eins og víða sé, en það eigi eftir að koma í ljós.



Slöngubútar á hornendum varna illskeyttu fé að stinga aðrar kindur á hol.



Í Fossárdal eru um 500 vetrarfóðraðar kindur. Sauðburður hefur gengið með ágætum.



Wendel
Stofnað 1957

STAURAHAMAR
FRÁ HYCON

FRÁBÆRT VERKFÆRI
TIL AÐ REKA NIÐUR
GRIÐINGASTAURA

Tangarhöfða 1 - 110 Reykjavík - 551-5464
www.wendel.is - wendel@wendel.is



Áhyggjur eru af því að nautakjöt sýkt af fuglaflensu hafi sloppið fram hjá eftirlitskerfi stjórnvalda í Bandaríkjunum. Mynd / U.S.D.A. - Flickr

Bandaríkin:

# Fuglaflensuvírus í vöðva nautgrips

**Kjöt úr kú sem var slátrað eftir að hafa sýkst af fuglaflensu reyndist mengað af veirunni.**

Mjólkurkýrin var meðal gripa sem voru skornir niður eftir að hafa greinst með H5N1 fuglaflensuvírusinn. Samkvæmt opinberum tölum hefur vírusinn greinst í hjörðum 58 kúabúa sem framleiða mjólk í níu ríkjum. Kjöti sýktra gripa er fargað og leggur landbúnaðarráðuneytið í Bandaríkjunum áherslu á að matvælakeðjan sé örugg. Sóttin hefur ekki greinst á búum sem sérhæfa sig í framleiðslu nautakjöts. The New York Times greinir frá.

***Fullnægjandi matreiðsla nauðsynleg***

Hins vegar vekur þetta áhyggjur af því að smitað kjöt geti ratað í verslanir, sem geti hugsanlega haft í för með sér sýkingarhættu fyrir menn. Fulltrúi hjá neytendasamtökunum Consumer Reports telur áhættuna ekki mikla að svo stöddu. Vilji fólk fullvissa sig um öryggi matvælanna þurfi það að hita kjötið almennilega þegar það er matreitt.

Tilraunir styðji við þær fullyrðingar að viðeigandi eldun drepi smitefni vírussins í kjöti. Í rannsókn landbúnaðarstofnunar Bandaríkjanna var miklu smitefni H5N1 blandað við hamborgara. Engin smitefni fundust þegar kjötið var steikt að 71 °C, sem samsvarar vel elduðum borgara, eða þegar kjötið var látið ná 63 °C, sem samsvarar meðalsteiktum borgara. Hins vegar fannst smitefni í skertu magni í lítið steiktum hamborgurum, eða þar sem kjötið náði 49 °C.

***Hefur ekki fundist í búðum***

Samkvæmt landbúnaðarstofnuninni virkuðu ferlar eins og ætlað var í ljósi þess að starfsmenn sjúkdómsgreindu kúna og sáu til þess að kjöti hennar var fargað. Hins vegar hefur verið bent á að fundist hafi sýktar kýr sem sýndu engin einkenni og því hugsanlegt að ekki hafi tekist að koma í veg fyrir að veikir gripir færu í sláturhús til matvælaframleiðslu. Landbúnaðarstofnunin hefur ekki fundið vírusinn við stikkprufur á kjöti í verslunum.

Þeirri spurningu hvort menn geti sýkst af fuglaflensu við neyslu á sýktu kjöti hefur ekki verið svarað. Nýleg rannsókn sýndi hins vegar fram á að mýs sem drukku ógerilsneydda mjólk með smitefninu urðu veikar. Þá hafa fjósakettir einnig sýkst eftir að hafa drukkið mjólk úr kúm með fuglaflensu. */ál*

Vísindi:

# Klístrað plöntuvarnarefni

**Vonir eru bundnar við þróun klísturs úr ætri olíu til að verja nytjaplöntur gegn óværu í staðinn fyrir kemísk varnarefni.**

Klístrinu er hægt að sprauta með sama búnaði og notaður er til að dreifa fljótandi áburði. Með því að oxa olíu sem notuð er í matvælaiðnaði með sérstökum aðferðum er hægt að gefa henni jafnmikla viðloðunareiginleika og límband. Við úðun myndar klístrið litla dropa á plöntunum sem eru smáum skordýrum ofviða en hafa ekki neikvæð áhrif á býflugur sem dreifa frjói eða önnur stærri skordýr sem éta minni óværu. Frá þessu er greint á vef The Guardian.

Innblásturinn að þessari lausn mun vera kominn frá plöntum af sóldaggarætt sem nota klístur til að fanga bráð. Ólíkt kemískum varnarefnum getur óværan ekki myndað ónæmi fyrir þessu efni. Til þess þyrfti hún að þróa með sér stærri og sterkari líkama.



Sífellt fleiri kemísk varnarefni hafa verið bönnuð vegna eitrunaráhrifa. Mynd tengist frétt ekki beint. Mynd / ál

Vegna aukinnar landbúnaðarframleiðslu hefur notkun kemískra varnarefna aukist um fimmtíu prósent á síðustu þremur áratugum. Þar sem vísbendingar eru um eitrunaráhrif þeirra á lífverur og umhverfi hefur notkun sífellt fleiri kemískra efna verið bönnuð. Helsti kosturinn við notkun klísturs er sá að það mengar ekki út frá sér og er niðurbrjótanlegt.

Framkvæmd var tilraun á kögurvængjum, sem valda skaða á meira en fimm hundruð tegundum af grænmeti, ávöxtum og blómplöntum. Þar var sýnt fram á að meira en sextíu prósent þeirra festust í klístrinu á fyrstu tveimur dögunum og héldust droparnir klístraðir í margar vikur. Þá er verið að kanna hvort hægt sé að blanda lyktarefnum í efnið sem laðar að rántítur, en þær eru náttúrulegir óvinir dýra sem valda skaða á plöntum.

Nú þegar geta bændur keypt þær og nýtt sem lífrænar varnir. */ál*

# Carlsberg setur afarkosti

**Danski bjórframleiðandinn Carlsberg stefnir á að þrjátíu prósent hráefnisins í þeirra framleiðslu komi frá vistvænni framleiðslu fyrir árið 2030 og að öllu leyti árið 2040.**

Þetta er ein af þeim leiðum sem Carlsberg ætlar að fara til að minnka kolefnislosun sína. Framkvæmdastjórinn segir að fyrirtækið muni kaupa vistvænt korn, sama hvort það sé framleitt í Danmörku eða ekki. Því vilji hann hvetja áhrifamenn í landbúnaðinum og stjórnkerfinu til að opna augun fyrir möguleikunum. Landbrugsavisen greinir frá.




Nú þurfi allar hendur á dekk, því stærstu matvælaframleiðendur heimsins, hvort sem það eru Mars, Nestlé, Unilever eða Carlsberg, leggi áherslu á það sama – vistvæna landbúnaðarframleiðslu.

Landbrug & Fødevarer, samtök bænda og afurðastöðva í Danmörku, taka vel í þessa afstöðu. Þrýstingur frá stórum fyrirtækjum eins og Carlsberg geti verið drifkrafturinn í því að breiða út vistvæna búskaparhætti í landinu, en samtökin hafa sett sér það markmið að danskur landbúnaður verði kolefnishlutlaus árið 2050.

Nú þegar séu verkferlarnir til staðar og ættu danskir bændur að geta aðlagað sig að breyttum kröfum. */ál*




Umhverfismál:

# Stafrænn fjölmiðill mengar meira en prentmiðill

**Kolefnisfótspor stafrænnar útgáfu dagblaðsins Le Monde reyndist stærra en sótspor prentútgáfu þess, í mælingu á umhverfisáhrifum fjölmiðlafyrirtækisins.**

Franski fjölmiðlarisinn gaf nýlega út skýrslu sem tiltekur kolefnisfótspor samsteypunnar. Þar kemur í ljós að stafræn útgáfa fjölmiðilsins er tekin fram úr prentmiðlinum.

Fram kemur í frétt á vef Le Monde að skýrslan tiltaki losun gróðurhúsalofttegunda við framleiðslu útgáfunnar, bæði á stafrænu formi og prenti. Í tilkynningu frá samsteypunni segir að með greiningunni vilji fjölmiðillinn öðlast ítarlegri skilning á sótspori tengdu starfsemi félagsins. Innan samsteypunnar eru hinir ýmsu fjölmiðlar í eigu hennar í Frakklandi en auk dagblaðsins Le Monde rekur samsteypan m.a. Courrier International, Le HuffPost, Le Monde Diplomatique, Télérama og La Vie, auk auglýsingastofunnar M Publicité og dótturfyrirtækisins VM Magazines.



Niðurstöður mælingarinnar á losun dagblaðsins Le Monde sýnir að stafræna starfsemi fjölmiðilsins stuðlar að 62 prósentum af kolefnisfótspori þess. Á sama tíma leggur pappírsútgáfan til 28 prósent af útblæstri fyrirtækisins og 10 prósent eru rakin til rekstrar þess. Blaðið er gefið út daglega á prenti, en auk þess heldur Le Monde úti vef og smáforriti. Útreikningarnir taka til framleiðslu og notkun lesenda á stafrænni útgáfu en niðurstaðan bendir til þess að hún sé orðin orkufrekari en prentmiðillinn.

Þannig reiknast 38 prósent af heildarkolefnisfótspori Le Monde-samsteypunnar frá stafrænum lestri á útgáfunni vegna notkunar á raftækinu sem lesið er af. Annar stór útblástursþáttur er flutningur gagna til notenda sem telst til 10 prósenta af heildinni. Helsti losunarþáttur prentmiðilsins er pappírinn sem telst til 24 prósenta af kolefnisfótsporinu. Dreifingin reiknast sem fimm prósent af heildarfótsporinu.

Gögnum sem safnað var í mælingunni er ætlað að veita innsýn í hvaða þættir fjölmiðlarekstrar stuðli að losun gróðurhúsalofttegunda að því er fram kemur í frétt Le Monde. */ghp*

# KOFASIL® ULTRA

*Hvatar fyrir rúllur/bagga eða flatsíló með 30 - 65% þurrefni.*

- KOFASIL® hvatarnir eru einu hvatarnir sem hafa bein áhrif gegn sporum loftháðra örvera, á meðan sýrurnar virka óbeint í gegnum lágt pH.
- Á meðan sýrurnar hamla þannig vexti á bakteríum, þá mun natríumnítrít og hexametýlentetramín í KOFASIL® brjóta niður bæði smjörsýrubakteríur og spora þeirra auk þess sem sömu efni vinna einnig gegn listeriu bakteríum.
- KOFASIL® ULTRA inniheldur natríumbensóat og natríumprópíónat.
- Þegar sýrustigið lækkar vegna gerjunar á yfirborði fóðursins mun bensóat og própíónatsölt úr KOFASIL® ULTRA breytast í sýru sem leiðir af sér umtalsvert stöðugra fóður. Þetta á líka við þegar kemur að því að opna rúllur til fóðrunar þá eru minni líkur á hitamyndun sem minnkar líkur á myglu.
- Mælt er með að nota í rúllur og frábært í gróft fóður ætlað hestum þar sem hestar eru sérstaklega viðkvæmir fyrir myglu.
- KOFASIL® ULTRA er ekki ætandi. Margar tilraunir skjalfesta hversu áhrifaríkt KOFASIL® ULTRA er við að takmarka etanólgerjun við verkun á fóðrinu ásamt því að veita stöðugleika í fóðrið.

Hreinlætislausnir Áfangar

Nánari upplýsingar veitir:
**Halldór Karlsson**
Gæða- og Sölustjóri
S. 858 7849
hreinlaetislausnir.is
halldor@hreinlaetislausnir.is





HÁ VERSLUN

**Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur**
**Opið mán.-fös. Kl. 9-17.**
**S. 588-0028**
**haverslun@haverslun.is**
**haverslun.is**

Kress®

# Sláttuvélar

# Slátturóbotar

- **Víralaus og hælalaus**
- Róbotar með sláttugetu frá 600 – 36000 m²
- Einföld uppsetning í appi
- Öllu stjórnað í gegnum “skýið”
- Gæðamerki með uppruna frá Þýskalandi

**Enn meira úrval inn á haverslun.is**
**Einnig alltaf heitt á könnunni í Víkurhvarfi 4**





**Kress KR160E.A Mission RTK**
– 600 m², halli 22°





**Kress KR171E Mission RTK**
– 1500 m², halli 22°





**Kress KR172E.A Mission RTK**
– 3000 m², halli 22°





**Kress KR173 Mission RTK**
– 5000 m², halli 22°





**Kress KR236E Mission Mega RTK**
– max 36000 m², halli 22° aðeins 22kg





**Ný kynslóð 60v rafmagnsverkfæra**



Reynslan sýnir að möguleg skýring á því að kýr mjólkar minna en stallsystur hennar getur falist í því að eitthvað hafi misfarist á fyrstu vikum ævi hennar. Mynd / Áskell Þórisson.

# Hraustir kálfar skapa grunn að góðri framtíð



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

**Það er gömul saga og ný að lengi búi að fyrstu gerð og þegar um smákálfa er að ræða er þetta líklega mun mikilvægara en um margt annað ungviði.**

Reynslan sýnir nefnilega að möguleg skýring á því að kýr mjólkar minna en stallsystur hennar getur einfaldlega falist í því að eitthvað hafi misfarist á fyrstu vikum ævi hennar. Undanfarna áratugi hef ég flutt fyrirlestra og haldið námskeið í tugum landa um þetta og önnur atriði sem lúta að því að hámarka afrakstur kúabúa og þetta er það atriði, það er hvernig hlúð er að uppeldi smákálfa, sem oftast er ekki í lagi hjá kúabændum víða um heim.

### *Ein mistök kosta æviafurðir*

Segja má að þegar kvíga fæðist þá sé hún þegar með allt sem þarf til að geta orðið góð kýr, þ.e. afurðalega séð, að því gefnu að að henni standi góðir foreldrar.

Stöðug ræktun nautgripa í meira en hundrað ár hefur leitt til erfðafestu þegar kemur að afurðatengdum eiginleikum, þó vissulega sé munur á milli gripa eins og gefur að skilja.

En víkjum aftur að upphafinu. Þegar kvígan fæðist má gera ráð fyrir því að hún hafi erfðaeiginleika til að framleiða mikið af mjólk á degi hverjum, þegar hún verður kýr í kringum tveggja ára aldurinn eða svo. Það dregur aftur á móti úr þessum möguleika hennar ef kúabóndinn gerir einhver mistök þannig að hún nái ekki að nýta þessa erfðatengdu eiginleika.

Þegar horft er til Holstein kúakynsins er þumalfingursregla að meðalafurðir kynsins í landinu svari til 50% mögulegrar erfðagetu.

Ef við heimfærum það upp á íslenska kúakynið þá er hægt að miða við, samkvæmt niðurstöðum skýrsluhaldsins á Íslandi í apríl, að möguleg reiknuð erfðageta sé nærri 13 tonn á ári! Þetta hljómar ótrúlega og tilfellið er að ekkert bú í heiminum, óháð kúakyni, nær að fullnýta erfðagetu gripanna því það koma alltaf upp einhver vandamál eins og gefur að skilja sem draga úr framleiðslugetunni.

### *Hvað vegur þyngst?*

Það er í raun erfitt að segja hvaða atriði vegi þyngst en ef einungis er horft til fyrstu tveggja til þriggja mánaðanna í lífi kvígunnar má nefna atriði eins og of seina gjöf á broddmjólk, slök gæði broddmjólkur, skitutilfelli eða önnur sjúkdómstilfelli, rangur aðbúnaður, ónóg eða röng fóðrun, ranglega staðið að því þegar mjólkurgjöf er hætt og vafalítið mætti nefna fleira.

Fyrir mörgum kann þetta að virðast sem hálfgerð smáatriði, en tilfellið er að svona mistök geta hreinlega haft mjög mikil áhrif þegar frá líður. Þannig nær gripur ekki að vega upp með vexti eitthvað sem hefur bælt vöxtinn eða breytt vaxtarlínunni. Segjum sem svo að stefnt sé að því að gripurinn vaxi að jafnaði 650 grömm á dag fram að fyrstu sæðingu en vegna einhverra mistaka þá hafi dregið úr vexti á einhverjum tímapunkti frá fæðingu og fyrstu sæðingu.

Fyrir vikið nær kvígan ekki nægum þroska á réttum tíma og mögulega fyrst mánuði seinna eða jafnvel enn síðar. Þetta þýðir að hún festir fang seinna en bóndinn ætlaði og ber þar af leiðandi síðar en hann gerði ráð fyrir. Fyrirsjáanlegt er að þessi kvíga nái ekki að fullnýta sína mögulegu erfðagetu vegna mistaka sem urðu við uppeldi hennar.

### *Vaxandi áhersla á smákálfa erlendis*

Það sést á greinaskrifum í erlendum tímaritum að ráðgjafar og vísindafólk er farið að gefa mun meiri gaum að uppeldi gripa og hve mikil áhrif rétt uppeldi hefur á framtíð viðkomandi grips.

Þannig er í dag sjúkdóma- og atvikaskráning orðin mun betri en hún var í mörgum löndum, þar sem bændur geta nú sett inn greinarbetri lýsingar á því hvernig hefur tekist til með uppeldið en áður.

Í Noregi er til dæmis sérstakt kerfi í notkun núna þar sem kúabúin fá sérstök stig þegar uppeldi á kálfum er metið. Út frá stigagjöfinni, sem er borin saman við landsmeðaltalið, má svo finna lausnir og ráð fyrir viðkomandi kúabú og/eða fara í aðgerðaráætlun.

Þessi stigagjöf kemur í kjölfar úttektar dýralæknis á viðkomandi kúabúi og er einkunnargjöfin einföld: 1, 2 eða 3 þar sem 1 merkir að allt sé í fínu lagi, 2 ef fáir kálfar víkja frá hinni bestu leið eða 3 þar sem margir kálfar eru veikir. Einfalt en áhugavert kerfi í raun sem gefur fljótt yfirsýn yfir stöðuna.

### *Hvað er til ráða?*

Það er í raun ekki einfalt að gefa heildstætt ráð hvað varðar uppeldi á smákálfum en mikilvægast er að gera vinnuna einsleita svo líkurnar á mistökum verði sem minnstar.

Komi upp frávik þarf að bregðast skjótt við og taka á hlutunum svo ástandið versni a.m.k. ekki. T.d. ef kálfur sýnir einkenni veikinda, og er í hóp með öðrum, ber alltaf að taka hann út úr hópnum.

Þetta hefur tvenns konar tilgang. Annars vegar dregur það úr líkunum á því að ef eitthvað hrjáir kálfinn sem getur smitast að það berist í aðra kálfa en hins vegar eykur það líkurnar á því að eftirlit með þessum kálfi sé betra. Þannig er t.d. auðveldara að sjá hvort kálfurinn drekki og éti eins og til er ætlast svo dæmi sé tekið.

Þá er rétt að muna að kálfur sem sýnir einkenni um ofþornun þarf mun meiri vökva en aðrir kálfar og oft má koma kálfum hratt til bjargar með því að sinna vökvabúskap líkama hans rétt. Á markaðinum eru margs konar bætiefni og lausnir sem hjálpa kálfum að komast yfir margs konar vandamál en alltaf skal hafa í huga að kalla til dýralækni ef venjulegar aðferðir virðast ekki bera árangur.

Nýfæddur kálfur þarf að fá rétta broddmjólkurgjöf á réttum tíma, innan fyrstu tveggja tímanna eftir fæðingu og brodd af góðum gæðum og magni.

Þá ætti aðbúnaðurinn að vera góður. Mjúkt, hreint og þurrt legusvæði gerir oft gæfumuninn og vonandi heyrir nú sögunni einni til í dag að láta kálfa á bert stíugólf eins og tíðkaðist oft áður fyrr. Þá ætti að tryggja öllum kálfum gott aðgengi að vatni, kjarnfóðri og góðu gróffóðri svo vöxtur hans og þroski verði sem mestur samhliða mjólkurfóðruninni fyrstu vikur lífsins.

Rétt er að benda á að víða á veraldarvefnum er til gott lestrarefni um uppeldi á kálfum sem óhætt er að mæla með, t.d. er gott lesefni um uppeldi í kennslubókinni um Nautgriparækt sem er aðgengileg á vef Bændasamtakanna, þar eru gefin ýmis handhæg ráð til þess að ná enn betri tökum á uppeldi gripa.

## Nokkur einföld ráð:

- Setja upp fast vinnulag við smákálfana
- Vigta kálf við fæðingu, svo hægt sé að meta vaxtargetuna vel
- Mæla broddmjólkurgæði og eiga góðan brodd í frysti ef á þarf að halda
- Hafa kálfinn á mjúku, þurru og hreinu undirlagi
- Fylgjast með neyslu kálfsins, bæði á vökva og fóðri
- Fylgjast vel með heilsufarseinkennum
- Bregðast skjótt við frávikum frá góðri heilsu
- Taka kálfa, sem sýna heilsufarsfrávik, út úr hóp og hafa í sérstíu

## Auglýsing um skipulagstillögu

**Lónsbakkahverfi, hringtorg og land Lónsár og Berghóls – auglýsing aðal- og deiliskipulagstillögu**

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 19. apríl 2024 að vísa aðal- og deiliskipulagstillögu fyrir land Lónsár og Berghóls í Lónsbakkahverfi í auglýsingu skv. 1. mgr. 31 gr. og 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Aðalskipulagsbreytingin felur í sér að hluta lands Lónsár er breytt úr verslunar- og þjónustusvæði í íbúðarsvæði**, aðkomuleið að lóðinni Lónsbakka er bætt við skipulagsuppdrátt og götutenging milli Lónsvegar og Sjafnargötu á Akureyri er felld út. Auk þess er svæði fyrir samfélagsþjónustu (S1) stækkað til norðurs. Bætt er við reit fyrir verslun og þjónustu við Hörgárbraut.
Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að skilgreindar eru íbúðarlóðir fyrir einbýlis- og fjölbýlishús í landi Lónsár þar sem áður var gert ráð fyrir ferðaþjónustulóð.
Gert er ráð fyrir að götutenging lóðarinnar Lónsbakka breytist á þann hátt að innkeyrsla verði framvegis yfir lóðina Berghól B. Þá er hringtorg á Þjóðvegi 1 við gatnamót Lónsvegar fært inn á deiliskipulag.

**Skipulagstillögurnar eru aðgengilegar á sveitarskrifstofu Hörgársveitar, Þelamerkurskóla,** milli 3. júní og 15. júlí 2024 á heimasíðu Hörgársveitar, www.horgarsveit.is og á vef Skipulagsgáttar, www.skipulagsgatt.is undir málsnúmerum 261/2024 (aðalskipulagsbreyting) og 262/2024 (deiliskipulagsbreyting).
Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn frestur til 15. júlí nk. til að gera athugasemdir við skipulagstillögurnar. Hægt er að koma athugasemdum á framfæri undir málunum á vef Skipulagsgáttar með innskráningu rafrænna skilríkja.

Frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

**Skipulags- og byggingarfulltrúi**

# Weckman stálklæðningar

H. HAUKSSON EHF.

• 30 ára reynsla á Íslandi • Hagstætt verð • Fjölmargir litir í boði • CE vottuð framleiðsla •

## Bárujárn

Verð kr. 3.600 m2 með vsk.



## Stallað stál

Verð kr. 4.900 m2 með vsk.



## Trapisustál

Verð kr. 3.600 m2 með vsk.



**H. Hauksson ehf.** Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

WECKMAN MADE IN FINLAND

GALLAGHER KS Verslunin Eyri GALLAGHER




# 7-ÁRA ÁBYRGÐ AF ÖLLUM GALLAGHER RAFGIRÐINGASTÖÐVUM

## Geri aðrir betur



Kynnið ykkur málin hjá okkur og endursöluaðilum okkar um allt land sem eru:
Bústólpi, Fóðurblandan, Kaupfélag Borgfirðinga, Kaupfélag Vestur Húnvetninga, Húsasmiðjan Egilsstöðum, Húsasmiðjan Höfn.

**KS Verslunin Eyri**
**Umboðsaðili Gallagher á Íslandi**

Erum með facebookhóp sem heitir: *Verslunin Eyri Gallagher rafgirðingar*

KS Verslunin Eyri í samstarfi við Gallagher í Evrópu býður 4 ára viðbótar ábyrgð af öllum Gallagher rafgirðingarstöðvum sem merktar eru með 7 ára ábyrgð og eru keyptar frá og með 1. júní og eru skráðar innan 3 mánaða frá kaupdegi
Ábyrgð gildir ekki af rafhlöðum eða rafgeymum.
Skráning á netinu í gegnum Gallagher Evrópu:
*Gallagher.eu/warranty*

Opnunartími: mán - fim 08 - 18 / Fös 08 - 17 / Lau 10 - 13 Sími 455-4610 facebook.com/ksverslunineyri ksverslunineyri



Bæklingarnir tólf fjalla um búfjáráburð, smára í túnrækt, nautgriparækt, skógrækt, loftslagsmál, orku í landbúnaði, endurheimt vistkerfa, jarðrækt, lífræna landgræðslu, sauðfjárrækt, skjólbelti og tilbúinn áburð.



Í bæklingnum um smára í túnrækt er fjallað vítt og breitt um ræktun smára í túnum. Smári minnkar þörf fyrir tilbúinn áburð við túnrækt þar sem í rótarhnýðum hans eru bakteríur sem binda köfnunarefni (N) úr andrúmsloftinu og það nýtist sem áburður fyrir túnin.



Í bæklingnum um nautgriparækt er áhersla á metanið sem myndast við iðragerjun gripanna. Myndræn framsetning á hringrás metans frá nautgripum, ásamt lýsingu á góðum búskaparháttum sem leiða til minni metanlosunar, eru í forgrunni. Í lok bæklingsins eru teknar saman aðgerðir sem nautgripabændur geta byrjað strax að vinna að og leiða til minni losunar metans.

# Loftslagsvænn landbúnaður

**Loftslagsvænn landbúnaður er verkefni sem miðar að því að bændur auki þekkingu sína á sjálfbærni og loftslagsmálum í landbúnaði.**



Berglind Ósk Alfreðsdóttir.

Bændur í verkefninu setja sér markmið og draga úr losun gróðurhúsaloft-tegunda frá landbúnaði og vegna landnýtingar, ásamt því að auka kolefnisbindingu í jarðvegi og gróðri. Verkefnið hefur verið starfrækt frá árinu 2020 en á þeim tíma hefur mikil þekkingaröflun átt sér stað, bæði hjá þátttökubændum og starfsmönnum verkefnisins.

Vefsíðan *www.loftslagsvaenn landbunadur.is* var opnuð á dögunum þar sem þekking sem hefur orðið til í verkefninu er miðlað til bænda og almennings sem hefur áhuga á landbúnaði. Þar má finna fræðsluefni og myndbönd um loftslagsmál, umhverfismál, náttúruvernd og sjálfbæra landnýtingu.

Samhliða opnun vefsíðunnar var gert einkennismerki fyrir Loftslagsvænan landbúnað. Ingibjörg Berglind, grafiskur hönnuður hjá Cave Canem, hannaði það. Landbúnaðurinn umvefur jörðina og samspilið þeirra á milli þarf að vera heiðarlegt og loftslagsvænt til þess að jörðin nái einnig að umvefja landbúnaðinn. Til þess að við þrífumst á jörðinni þarf landbúnað, og til þess að jörðin haldist heilbrigð þarf landbúnaðurinn að fara vel með auðlindir hennar.

Á vefsíðunni eru tólf fallegir bæklingar myndskreyttir af Ingibjörgu Berglindi hjá Cave Canem, sem einnig hannaði einkennismerki verkefnisins. Þeir eru settir saman af sérfræðingum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og Lands og skóga og byggja á þeim aðgerðum þátttökubænda í Loftslagsvænum landbúnaði, sem hafa skilað árangri. Hver bæklingur er sjálfstæður og fjallar um leiðir til þess að gera búskapinn loftslagsvænni. Einnig er farið yfir hvaða búrekstrar- og vistfræðiávinningur fæst sem aukaávinningur af ráðleggingunum.

Bæklingarnir tólf fjalla um búfjáráburð, smára í túnrækt, nautgriparækt, skógrækt, loftslagsmál, orku í landbúnaði, endurheimt vistkerfa, jarðrækt, lífræna landgræðslu, sauðfjárrækt, skjólbelti og tilbúinn áburð.

Í bæklingnum um smára í túnrækt er fjallað vítt og breitt um ræktun smára í túnum. Smári minnkar þörf fyrir tilbúinn áburð við túnrækt þar sem í rótarhnýðum hans eru bakteríur sem binda köfnunarefni (N) úr andrúmsloftinu og það nýtist sem áburður fyrir túnin. Með því minnkar þörf á aðkeyptum áburði. Ræktun smára hefur einnig jákvæð áhrif á jarðveg, getur aukið lífrænt innihald hans og bætt jarðvegsbygginguna. Ítarlegar leiðbeiningar eru um hvernig rækta á smára og svo hvernig á að meðhöndla hann þannig að árangur verði sem bestur.

Í bæklingnum um nautgriparækt er áhersla á metanið sem myndast við iðragerjun gripanna. Myndræn framsetning á hringrás metans frá nautgripum, ásamt lýsingu á góðum búskaparháttum sem leiða til minni metanlosunar, eru í forgrunni. Í lok bæklingsins eru teknar saman aðgerðir sem nautgripabændur geta byrjað strax að vinna að og leiða til minni losunar metans. Á vefnum er Íslandskort þar sem hvert og eitt þátttökubú í verkefninu segir sína sögu, hvort sem þau eru að hefja vegferð sína til loftslagsvæns búskapar eða hafa verið í verkefninu lengur. Þegar ýtt er á punktana á kortinu er farið inn á undirsíðu hvers bæjar. Þar eru þátttakendur og bærinn þeirra kynntir til leiks. Þátttakendur segja frá því hvað loftslagsvænn landbúnaður hefur gert fyrir þá og kynna sínar helstu loftslagsaðgerðir.

Á Bustarfelli í Vopnafirði búa ungu sauðfjárbændurnir Eyþór Bragi Bragason og Þórdís Þórarinsdóttir. Á síðunni þeirra kemur fram að þeim er umhugað um loftslagsmálin og að verkefnið hafi vakið þau til meiri umhugsunar og aukið þekkingu þeirra á loftslagsmálunum. Í sínum loftslagsaðgerðum hafa þau lagt áherslu á kynbótastarf, fjölga lömbum til nytja eftir hverja á og ná þannig fram lægra kolefnisspori á hvert kíló dilkakjöts. Þau hafa minnkað notkun tilbúins áburðar með bættum dreifibúnaði. Þau leggja einnig áherslu á landgræðslu, nytjaskógrækt og skjólbelti við tún sem veita lambfé skjól á vorin og auka sprettu á túnum.

Á vefsíðunni segja Eyþór og Þórdís: „Við byrjuðum í loftslagsvænum landbúnaði 2020 og vorum þar með í fyrsta þátttökuhópnum. Við viljum láta okkur málefnin varða og taka þátt í að finna leiðir til þess að gera betur þar sem það er hægt, sérstaklega þar sem loftslagsvænar aðgerðir hafa oftast um leið jákvæð áhrif á reksturinn. Verkefnið hefur aukið þekkingu okkar á loftslagsmálum og vakið okkur til meiri umhugsunar.

LOFTSLAGSVÆNN
LANDBÚNAÐUR

Merki verkefnisins.

Stóra-Mörk er þátttakandi í verkefninu og hlaut landbúnaðarverðlaunin 2024 fyrir innleiðingu loftslagsvænna búskaparhátta. Á síðunni ná nálgast upplýsingar um þær aðgerðir sem hafa skilað þeim sem mestum árangri.

Bændur sem taka þátt í loftslagsvænum landbúnaði fá mjög góða fræðslu um sjálfbæra búskaparhætti, en einnig er mikill hvati fyrir þá til þess að innleiða slíka starfshætti. Loftslagsaðgerðir draga ekki einungis úr losun gróðurhúsalofttegunda og hjálpa til við að aðlagast breyttri heimsmynd, heldur auka þær einnig framleiðni og tekjur í landbúnaði. Ávinningur bænda af þátttöku í loftslags- og umhverfisverkefnum er ýmis, hann getur verið allt frá fjárhags- og markaðslegum ávinningi til þess að auka seiglu og sjálfbærni landbúnaðar. Tengslanetið stækkar og erlendar rannsóknir sýna að þeir bændur sem taka þátt í verkefnum á borð við Loftslagsvænan landbúnað eru tilbúnir til þess að aðlagast breyttum kröfum frá stjórnvöldum vegna málaflokksins. Þeir leggja sitt af mörkum til að bregðast við loftslagsbreytingum sem hefur áhrif á samfélagið og orðspor landbúnaðar.

*Höfundur er verkefnastjóri Loftslagsvæns landbúnaðar.*




Á vefnum er Íslandskort þar sem hvert og eitt þátttökubú í verkefninu segir sína sögu, hvort sem þau eru að hefja vegferð sína til loftslagsvæns búskapar eða hafa verið í verkefninu lengur. Þegar ýtt er á punktana á kortinu er farið inn á undirsíðu hvers bæjar. Þar eru þátttakendur og bærinn þeirra kynntir til leiks. Þátttakendur segja frá því hvað loftslagsvænn landbúnaður hefur gert fyrir þá og kynna sínar helstu loftslagsaðgerðir.





Kynbótahross á verðlaunaveitingu á Landsmóti 2022. Mynd / ghp

# Vorsýningar kynbótahrossa

**Allmargar kynbótasýningar fara fram um land allt á næstu dögum.**

Eins og venja er á Landsmótsárum er full skráning á næstum allar vorsýningar en ríflega 400 skráningar eru á fyrstu fjóra viðburði ársins.

Á Rangárbökkum hjá Hellu fara tvær sýningar fram með stuttu millibili. Sýning hófst þar 27. maí og lýkur þann 31. maí. Alls voru 120 hross skráð til dóms. Önnur sýning fer svo fram dagana 3.–6. júní og eru þar 73 hross skráð. Dæmt verður frá mánudegi til miðvikudags og yfirlitssýning fer fram á fimmtudeginum 6. júní. Kynbótasýning hefst einnig í Víðidal í Reykjavík 3. júní og eru 120 hross skráð til dóms. Yfirlit fer fram föstudaginn 7. júní. Sömu daga fer fram sýning á Hólum í Hjaltadal þar sem 120 hross eru einnig skráð til leiks.

Sýningar fara svo fram frá 10. júní á fjórum stöðum; Brávöllum á Selfossi, Rangárbökkum, í Spretti í Kópavogi og Hólum. Á vefsíðu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, rml.is, er hægt að glöggva sig á hollaröðun og nánari upplýsingum.

Þar má einnig nálgast vegvísi við kynbótadóma fyrir árið 2024 sem inniheldur allar helstu upplýsingar varðandi hvað beri að hafa í huga við dóma og framkvæmd kynbótasýninga. Í honum má finna helstu reglur sem gilda um framkvæmdina, vinnureglur FEIF við kynbótadóma sem og stigunarkvarða einstaklingsdóma.

*/ghp*






Pistill varaformanns

# Fæðuöryggi og varnarmál

**Alþjóðasamstarf og tengslanet erlendis er okkur sem störfum í hagsmunagæslu landbúnaðarins nauðsynlegt.**

Áskoranir og tækifæri landbúnaðar eru mörg hver þau sömu hvert sem litið er og því afar gagnlegt að sjá og heyra hvernig aðrar þjóðir bregðast við ólíkum áskorunum á sinn hátt og vinna að bættum tækifærum. Bændasamtök Íslands eiga samstarfsvettvang með bændasamtökum Norðurlandanna innan Nordiske Bondeorganisasjoners Centralråd (NBC) en í ár heldur Ísland Presidiemöte NBC, dagana 13.-15. ágúst á Hotel Natura í Reykjavík.

***Hvernig er veðrið?***



Herdís Magna Gunnarsdóttir.

Í síðustu viku fór ég til Helsinki þar sem fulltrúar landanna hittust á fundi til að skipuleggja fundinn í Reykjavík en einnig fundaði ég með fæðuöryggishóp NBC. Við eigum margt sameiginlegt með bændum Norðurlandanna og að sjálfsögðu var það með fyrstu spurningum sem hópurinn ræddi sín á milli hvernig veðrið væri og hvernig hafi vorað í okkar löndum. Hér á landi hefur vorað heldur seint og vorið verið nokkuð kalt svo að jarðvinnsla og vorverk hafa farið af stað heldur seinna en á væri kosið. Mikil veðurblíða hefur verið á hinum Norðurlöndunum og vorið hlýrra en fólk á að venjast með hitatölur yfir 20 stigum í nokkurn tíma. Þetta hefur valdið því að þurrkar í ökrum hafa gert bændum erfiðara fyrir, þó með undantekningu þar sem bændur í Norður-Finnlandi hafa þurft að bíða eftir að akrar þorni.

***Fæðuöryggi er hluti af varnaráætlunum þjóða***

Það var áhugavert að sitja í hóp fulltrúa fimm landa og fara yfir aðstæður er snéru að fæðuöryggi í hverju landi fyrir sig. Hernaðarógn og nálægð Finnlands við Rússland hefur óneitanlega haft mikil áhrif á viðbúnað og þankagang Finna. Finnland hefur lagt mikla áherslu á varnarstöðu landsins og fæðuöryggi er stór hluti af því. Neyðarbirgðastofnun Finnlands hefur mótað nýja stefnu fyrir árin 2024–2027 sem ber yfirheitið Höggþolið Finnland. Hernaðarbrölt í Evrópu hefur vakið allar þjóðir til umhugsunar um að bæta varnarstöðu sína og alls staðar er aukið fæðuöryggi hluti af því. Finnland, Noregur og Svíþjóð eiga það öll sameiginlegt að vilja auka hlutfall innlendrar matvælaframleiðslu og efla sjálfsaflahlutfall þjóðanna. Danir skera sig nokkuð úr sem mikil útflutningsþjóð með gríðarlega matvælaframleiðslu og lokun landamæra hefur meiri áhrif á þá þar sem þjóðin treystir mikið á vöruskipti en er eins og önnur lönd einnig háð innflutningi.

Í augum hinna Norðurlandaþjóðanna eru áhrif á fæðuöryggi af jarðhræringum á Íslandi nokkuð framandi. Fjármálaumhverfi og hækkanir aðfanga hafa einnig haft áhrif á landbúnað í hinum Norðurlöndunum en íslensk verðbólga og vaxtastig virtust þó vekja jafnmikla undrun meðal hinna fulltrúanna og íslenskar jarðhræringar. Það verður ekki frá því horfið að fjárhagsumhverfi hér á landi hefur einfaldlega ógnað framleiðslugetu og er hindrun í að efla fæðuöryggi landsins.

***Ábyrgð bænda – ábyrgð þjóða***

Áhugaverðar umræður komu upp um hvernig alls staðar hefur áhersla verið lögð á aukna innanlandsframleiðslu matvæla og samhliða því hafi mikil ábyrgð verið lögð á herðar bænda til að tryggja fæðuöryggi. Í þessu samhengi virðist þó ekki hafa verið nægilega vel úthugsað hvernig bændur eiga að mæta auknum væntingum um framleiðslu og mótmæli bænda um Evrópu hafa sýnt okkur að landbúnaður er kominn að sársaukamörkum. Voru fulltrúar landanna öll sammála um að ekki væri rétt að setja alla ábyrgð á bændurna og að yfirvöld þyrftu að átta sig á því að auka þyrfti stuðning við landbúnað þar sem fæðuöryggi er grundvallarþáttur í varnarmálum hverrar þjóðar. Þetta getum við vel heimfært á okkur en mikil ábyrgð er lögð á herðar bænda. Bændur eru gjarnan kallaðir vörslumenn landsins og mikilvægi landbúnaðarins í loftslags- og umhverfismálum fer sífellt stækkandi. Samhliða þessu hefur aukin ábyrgð verið lögð á herðar íslenskra bænda hvað varðar fæðuöryggi sem er óumdeilanlega stór þáttur í varnarmálum landsins. Það er mikilvægt og sameiginlegt verkefni þjóðarinnar að efla innlendan landbúnað og fjárfesta í íslenskri matvælaframleiðslu og vexti.

***Herdís Magna Gunnarsdóttir,***
*varaformaður Bændasamtaka Íslands.*






# Alþjóðlegi mjólkurdagurinn

**Þann 1. júní er alþjóðlegi mjólkurdagurinn haldinn hátíðlegur víða um heim.**



Rafn Bergsson.

Þessum vitundarvakningardegi mjólkurframleiðslunnar var hrundið af stað árið 2001 fyrir tilstilli Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) og verður því deginum fagnað í tuttugasta og þriðja sinn í ár. Tilgangurinn er að kynna efnahagslegan, næringarlegan og félagslegan ávinning mjólkur og mjólkurafurða í matvælakerfum heimsins.

***Íslensk mjólkurframleiðsla***

Mjólkurframleiðslan hér á landi er um 150 milljónir lítra á um 460 kúabúum um allt land. Kýrnar eru um 26.000 talsins og meðalbúið telur því um 56 kýr. Framleiðslan hefur aukist um 40% frá aldamótum án þess að kúnum hafi fjölgað. Framleiðsluaukningin er því tilkomin vegna aukinnar framleiðslu á hverja kú. Kolefnisspor hvers framleidds lítra hefur því lækkað umtalsvert undanfarin ár sem ber að fagna. Bændur hafa síðustu ár fjárfest í bættri aðstöðu og tæknibúnaði, auk þess sem markvissari og betri fóðrun hefur skilað stærstum hluta þeirrar framleiðsluaukningar sem hefur orðið. Samhliða hefur velferð kúnna aukist mikið enda skilningur á mikilvægi góðs aðbúnaðar sífellt að aukast. Eru nú, svo dæmi sé tekið, tæplega 85% mjólkurkúnna hafðar í lausagöngufjósum og einungis 15% í básafjósum, og hefur þetta hlutfall snúist við á síðustu áratugum.

***Mjólk er góð***

Neysla á mjólk og mjólkurvörum er mikil á Íslandi í alþjóðlegum samanburði og fáar þjóðir ofan við okkur þegar horft er til neyslu mjólkurvara á hvern einstakling. Enda búum við svo vel að hér eru öflug fyrirtæki sem vinna fjölbreyttar og góðar vörur úr mjólkinni. Miðað við hvað markaðurinn á Íslandi er smár er í raun ótrúlegt hversu fjölbreytt vöruúrvalið af mjólk og mjólkurvörum er hér á landi.

Mjólk hefur um árabil skipað stóran sess í neysluvenjum Íslendinga enda er mjólkin ekki bara bragðgóð heldur inniheldur hún mikið magn mikilvægra næringarefna, þar með talið 11 lífsnauðsynleg vítamín og steinefni.

Samkvæmt könnun um mataræði Íslendinga frá árinu 2019–2021 kom í ljós að mjólk, mjólkurvörur og ostar skila um 24% af allri neyslu á próteinum. Mjólk og mjólkurvörur skila 65% af allri kalkneyslu, 21% af joðneyslu landans og einungis 6% neyslu af viðbættum sykri. Þegar kemur að heildarorku matvæla skila mjólk og mjólkurvörur auk osta og helmingi af flokknum olíur og feitmeti 22%. Vert er að taka fram að einungis 1,7% þeirra sem tóku þátt í könnuninni neyta ekki mjólkurafurða en 98,3 þátttakenda neyta þeirra. Þrátt fyrir aukna samkeppni halda mjólkurvörur sinni stöðu því nokkuð vel. Enda er rík hefð fyrir mjólkurvörum í matargerð hér á landi.

Í tilefni af deginum ætla íslenskir kúabændur að vera virkir á samfélagsmiðlum. Hægt verður að fylgjast með á Instagram Bændasamtakanna þar sem kúabændur ætla að leyfa öðrum að skyggnast inn í þeirra daglega líf. Tilgangur myndbirtinganna er að vekja athygli á því hvaðan mjólkin kemur og gefa neytendum tækifæri á að fylgjast með okkar góðu framleiðsluháttum og lífinu í sveitinni. Stjórn nautgripadeildar BÍ hvetur bændur til þess að nota myllumerkið #mjólkurdagurinn og deila myndefni með okkur, með því að merkja @baendasamtokin (á Instagram), svo við getum dreift boðskapnum. Athugið að til að hægt sé að merkja @bændasamtökin þarf Instagram-aðgangur viðkomandi að vera stilltur á „public“. Fögnum deginum og verum sýnileg!

*Höfundur er formaður nautgripadeildar BÍ.*

Réttarfréttir:

# Hverjar eru leikreglur sameigenda að jörð?

**Slíkt getur gerst að reglur lögfræðinnar séu óaðgengilegar almenningi, sem veldur því að of oft þurfa menn að leita sér aðstoðar til að geta kynnt sér grunnréttindi sín.**



Njörður Bruun.

Dæmi um málefnasvið sem fellur þarna undir eru reglur um óskipta sameign manna, þar sem regluverk þess eignarforms byggist aðallega á óskrifuðum meginreglum. Undirritaður vill hér gera stuttlega grein fyrir helstu reglum sem geta komið sameigendum jarðar að gagni og fara yfir þær leikreglur sem þeim ber að fylgja.

Fyrir þá sem ekki vita kallast það óskipt sameign þegar hver sameigandi hefur allar þær heimildir sem beinn eignarréttur veitir, með þeim takmörkunum einum sem leiða af rétti sameigenda hans. Til einföldunar mætti segja að þegar tveir eða fleiri aðilar eiga land saman í óskiptri sameign, þá mega eigendur fara með eignina sem sína eigin svo lengi sem það er öðrum meðeigendum að bagalausu. Óskráðar meginreglur óskiptrar sameignar kveða á um að við ákvarðanatöku um sameignina dugi að meirihluti sameigenda samþykki tiltekna ráðstöfun eða hagnýtingu á eigninni, en þegar ráðstöfunin er óvenjuleg eða mikils háttar þurfi samþykki allra. Þessi meginregla víkur þó fyrir settum lagareglum séu þær til staðar.

Grein þessi er ekki skrifuð að tilefnislausu. Sumarið 2022 voru gerðar breytingar á jarðalögum nr. 81/2004 og var þar bætt við nýjum kafla, II. kafli A. Sá kafli samanstendur af fjórum nýjum ákvæðum, 7. gr. a-d, sem fjalla um jarðir í sameign. Var þar í fyrsta sinn kynntar til leiks lögfestar reglur um jarðir í sameign. Fyrir gildistöku þessara breytingarlaga giltu einungis þær óskrifuðu meginreglur sem farið var yfir hér að framan. Til þess að átta sig á réttarstöðu sinni sem sameigandi að jörð þarf aðili að gera sér grein fyrir þeim reglum sem settar voru með lagabreytingunni.

Í fyrsta lagi voru settar skýrari reglur um fyrirsvarsmenn landeigenda. Þar segir að ef að eigendur jarðar eru fleiri en þrír fjárráða einstaklingar er þeim skylt að tilnefna fyrirsvarsmann. Með þessari breytingu var sett upp skýrara fyrirkomulag um fyrirsvar jarða í sameign sem auðveldar sveitarfélögum og öðrum aðilum að eiga í samskiptum við landeigendur. Í öðru lagi var sett ný grein um boðun funda, en það fyrirkomulag er mjög líkt því fyrirkomulagi sem gildir um húsfélagsfundi samkvæmt fjöleignarhúsalögum. Í þriðja lagi var sett ákvæði um ákvörðunartöku varðandi ráðstöfun á jörðinni. Þetta er líklega mikilvægasta ákvæðið en með því voru áður óskrifaðar reglur um ákvörðunartökur innan sameignar, sem nefndar voru hér að framan, settar í lög og með því aðgengilegri fyrir sameigendur jarða. Þó eru enn ákveðnir óvissuþættir til staðar. Til dæmis er hvergi útskýrt nánar hvenær ákvörðun um ráðstöfun sameignar teljist óvenjuleg eða meiri háttar. Hér þurfa einstaklingar að einhverju leyti að treysta brjóstvitinu því oftar en ekki er nokkuð ljóst hvort um óvenjulegar eða meiri háttar ráðstafanir sé að ræða eða ekki. Loks var sett inn sérstakt forkaupsréttarákvæði fyrir sameigendur sem veitir sameigendum að jörð forkaupsrétt að eignarhlutum í henni.

Undirritaður hvetur þá sem eru sameigendur að jörð að skoða vel 7. gr. a-d jarðalaga nr. 81/2004 til að kynna sér rétt sinn og sameigenda sinna nánar.

*Höfundur er laganemi hjá Bændasamtökum Íslands.*



„Það felast mikil tækifæri í að vera lýðræðislegt, lítið og friðsælt land. En til þess að ná árangri erlendis verðum við að sýna fyrirhyggju og forgangsraða verkefnunum," segir Baldur meðal annars. Mynd / ghp

# Forsjálni á litlum búum og stórum

**Fátt er mikilvægara í búrekstri en forsjálni. Sá bóndi sem ekki ver sumrinu í að undirbúa komandi vetur lendir í vanda strax um haustið.**



Baldur Þórhallsson.

Sá bóndi sem ekki hugar tímanlega að vorverkunum lendir í vanda um leið og sauðburður brestur á eða bera þarf á tún. Þetta gildir jafnt um stór sem smá bú; forsjálnin er mikilvægust.

Þetta eru sannindi sem allir bændur þekkja. Sjálfur lærði ég þau á barnsaldri, enda alinn upp á blönduðu búi á bökkum Ytri-Rangár og sá um sauðfé afa míns þegar ég var á unglingsaldri. Bændur geta ekki tjaldað til einnar nætur, þeir verða sífellt að huga að því hvernig skepnunum og jörðinni reiðir af næstu misserin.

Hið sama gildir auðvitað þegar við horfum yfir þjóðarbúið. Þar er ekki í boði að yppa öxlum og ganga út frá því að allt gangi eftir óskum, undirbúningslaust. Við eigum að velta fyrir okkur hvernig við tryggjum almannaöryggi, fæðuöryggi og orkuöryggi.

Við búum á eyju en erum fjarri því að vera einangruð frá þeirri óvissu sem nú ríkir í alþjóðamálum. Við vonuðumst auðvitað öll til þess að ófriður í Evrópu væri á enda, en nú geisar þar stríð. Forseti Íslands á að tala fyrir friði og friðsamlegri lausn deilumála, það hlýtur að vera grunnstefið í öllum málflutningi hans. Þar liggur tækifærið einmitt í smæð okkar.

Í rúm 30 ár hef ég unnið að rannsóknum á því hvernig smáríki tryggi best hagsmuni sína og geti haft áhrif í samfélagi þjóðanna. Ég kom strax heim úr framhaldsnámi því mig langaði að leggja mitt af mörkum til að byggja upp fag mitt við Háskóla Íslands og ræða möguleika Íslands til að láta til sín taka í alþjóðasamfélaginu.

Það felast mikil tækifæri í að vera lýðræðislegt, lítið og friðsælt land. En til þess að ná árangri erlendis verðum við að sýna fyrirhyggju og forgangsraða verkefnunum.

Við verðum að hafa vilja, kjark og þor til að láta í okkur heyra. Við eigum að taka höndum saman með frjálsum félagasamtökum, alþjóðastofnunum og okkar nánustu bandalagsríkjum – eins og frændþjóðum okkar á Norðurlöndunum.

Og síðast en ekki síst: þegar við vinnum heimavinnuna og náum árangri í tilteknum málum hér heima, eins og t.d. varðandi réttindi og stöðu kvenna og hinsegin fólks, þá skapar það okkur virðingu og sess í alþjóðasamfélaginu og stóreykur líkurnar á að á okkur sé hlustað.

Ég býð mig fram til embættis forseta Íslands því ég vil vinna þjóð minni vel og veit að ég hef reynslu og þekkingu til þess.

Forsjálnina hef ég líka og ég mun leggja mig allan fram um að beita henni á öll þau viðfangsefni þar sem forseti getur lagt hönd á plóginn.

*Höfundur er prófessor í stjórnmálafræði og forsetaframbjóðandi.*




SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

TILBOÐSVERÐ
Kr. 4.100.000
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG import – export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ"



**DALVÍKURBYGGÐ ÓSKAR EFTIR TILBOÐUM Í ÚTBOÐSVERKIÐ: LEIKSKÓLINN KRÍLAKOT Á DALVÍK – ENDURGERÐ LÓÐAR**

Verkið felst í endurgerð leikskólalóðar við leikskólann Krílakot á Dalvík. Verktaki skal sjá um allan yfirborðsfrágang leikskólalóðar þar með er talinn gröft og brottakstur á efni, tilflutning á efni innan lóðar, grúsarfylling undir stíga og leiksvæði, ásamt því að staðsteypa stoðvegg og setja upp lýsingu á lóðinni. Verktaki skal grafa fyrir lögnum, leggja ídráttarrör, rafstrengi, setja upp ljósastólpa og tengja ljósabúnað. Verktaki skal sjá um að útvega og setja upp leiktæki við leikskólalóð. Einnig skal staðsteypa stoðvegg, smíða og setja upp timburpalla og auk annarar timbursmíði ásamt því að malbika stíg, helluleggja, leggja fallvarnarefni og tartan, útbúa gróðurbeð og þökuleggja.

Helstu magntölur má finna á vef Dalvíkurbyggðar www.dalvikurbyggd.is

Verk getur hafist: 13.7.2024
Verklok eru: 1. 11. 2024

Ósk um afhendingu rafrænna útboðsgagna skal senda á netfangið dalvikurbyggd@dalvikurbyggd.is og verða þau afhent frá og með miðvikudeginum 22. maí 2024.

Tilboð skulu berast rafrænt á netfangið dalvikurbyggd@dalvikurbyggd.is fyrir kl. 10:00 miðvikudaginn 12. júní og verða tilboðin opnuð kl. 11:00 sama dag á skrifstofum Dalvíkurbyggðar í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska. Bjóðendum mun gefast kostur á að fylgjast með opnun tilboða á fjarfundi óski þeir þess.





REYNSLUMIKLIR GÁMAR TIL SÖLU

Eigum til sölu nokkra notaða 40 feta frystigáma, sem seljast sem einangraðir gámar. Tilvaldir fyrir þá sem vantar auka geymslupláss til lengri eða skemmri tíma.

Sími 568 0100 | stolpigamar.is

Stólpi Gámar

# Stórkostlegt hugvit fyrir blinda

**Það er í frumeðli mannsins að finna nýjar leiðir og lausnir til að einfalda og bæta líf sitt.**


Svavar Guðmundsson.

Þann 14.–17. maí sl. fór ég á stærstu blindratæknisýningu í heimi sem haldin var í Frankfurt í Þýskalandi, Sight City. Mér til leiðbeiningar og aðstoðar í ferðinni var sjónlífsfræðingurinn Kolbrún Hjörleifsdóttir, sem er allflestum fremri þegar kemur að gagnlegri leiðsögn. Áður hafði ég farið á tvær sambærilegar sýningar í London árið 2019 og 2022 en þær sýningar voru töluvert minni að umfangi en Sight City. Þessi sýning var á fjórum hæðum í ráðstefnuhöll þeirra Franfúrtara í sem mætti segja að væri á við ígildi tveggja keppnisvalla Laugardalshallarinnar. Þarna voru komnir saman þúsundir gesta alls staðar að úr heiminum ásamt fjölda leiðsöguhunda, stórkostleg og einstök upplifun fyrir alsjáandi að sjá slíka sjón. Sýningaraðilar voru rúmlega 200 talsins frá rúmlega 20 þjóðlöndum. Til upplýsandi fróðleiks sem ég las á heimasíðu sýningarinnar má geta þess að í Þýskalandi eru 500 þúsund manns taldir mjög sjónskertir og 150 þúsund manns lögblindir (<10% sjón) og blindir. Þar sem ég hef heimsótt nokkur blindrasamtök víða um heim, þá hefur mér verið tjáð af þeim að til sé nokkurs konar þumalputtaregla á Vesturlöndum að 75% þeirra sem eru lögblindir eru 70 ára og eldri í þeim löndum. Allt skipulag og aðgengi var í anda Þjóðverja, til mikillar fyrirmyndar.

Fyrir einungis nokkrum áratugum voru eingöngu til sem hjálpartæki fyrir blinda og sjónskerta, blindraletur, blindrastafur og stækkunargler en nú er landslagið gjörbreytt. Frá því ég prófaði fyrstu rafgleraugun árið 2017, sem mætti líkja við að ég hafi verið með heila loftskeytastöð á höfðinu, eru öll slík tæki orðin mun einfaldari í notkun og minni í sniðum. Margar af þessum græjum eru að verða á við venjuleg gleraugu að stærð með einföldum aukabúnaði sem geta svo sannarlega bætt lífsgæði þessa hóps til muna.

Í samráði við sjálfan mig ætla ég að gera mitt besta í að deila upplifun minni af brotabroti af því sem ég „sá“ á þessari mannsandans glæstu sýningu. Ég prófaði t.a.m. alveg nýja tegund af sk. smartgleraugum sem lesa allt umhverfið fyrir mann á mjög nákvæman hátt og gefa frá sér mismunandi hljóð eftir því hvort maður sé að fara að reka höfuðið í tré eða eitthvað sé fyrir fótum manns svo dæmi sé tekið til einföldunar. Þessi gleraugu eru mun nákvæmari en lýsing mín því þau tala einnig við mann með alls konar hjálplegum skipunum.

Það sem hefur aukið lífsgæði blindra og sjónskertra undanfarin ár er öll sú snjalltækni sem komin er fram í tölvu og síma. Til dæmis voru á sýningunni alls konar leiðsöguforrit fyrir blinda og sjónskerta og ekki síst geta flest þeirra hjálpað mikið til ef maður villist af leið, en ég þekki mjög vel þá ömurlegu tilfinningu að vera rammvilltur og geta ekki hringt í neinn. Og gervigreindin er heldur betur að ryðja sér inn í heim blindra og sjónskertra sem er alveg hreint út sagt stórkostlegt. Á sýningunni voru nokkrir aðilar að kynna og tengja gervigreindina saman sem hjálpartæki fyrir sjónskerta. Eitt af þeim var franskt fyrirtæki sem var búið að fullþróa lítið einfalt tæki sem gerir alveg hina ótrúlegustu hluti fyrir blint og mjög sjónskert fólk. Það getur nýst manni sem leiðsögumaður, það upplýsir man um allt sem er að gerast í umhverfinu og maður getur spurt tækið að öllu milli himins og jarðar hvað maður vill. Til dæmis spyr maður tækið hvar sé þetta eða hitt að finna sem mann vanhagar um, t.d. um ákveðna tegund kexpakka í verslunum og hluti heima hjá sér, en blindir eru reyndar allflestum alsjáandi fremri í að týna ekki hlutum, þeir eru því fádæma fjölhæfir snillingar líkt og þessi nýja tækni. Sjálfur staðfesti ég kaup á hjálpartæki á sýningunni sem mun nýtast mér vel og mun auka lífsgæði mín töluvert og einfaldar líf mitt ekki síður. Framleiðandinn lofaði mér því að fyrra bragði að ég yrði sá fyrsti í heiminum til að fá það afhent eftir um 3 mánuði og mikið hlakka ég til. Já, það sem stóð upp úr þessari sýningu var ekki síst það, að hafa hitt fyrir svo marga óvenjulega snillinga saman komna á einum stað sem allir höfðu það að markmiði að hjálpa og einfalda líf blindra og sjónskertra um heim allan.

Ég hitti einnig tvo nýútskrifaða rafmagnsverkfræðinga frá Bretlandi þar sem lokaverkefni þeirra var að tengja saman elstu punktaletursritvélina og breyta punktunum sem skrifaðir voru á henni yfir á venjulega stafagerð í Word-skjal í tölvu. Það er varla svo að ég geti útskýrt þetta með góðu móti því þetta er mjög flókið ferli sem ég þurfti að hafa mig allan við að skilja er þeir útskýrðu þetta fyrir mér og ég geri því mitt allra besta til að útskýra þetta fyrir ykkur. Ég kynntist einnig alblindum ungum manni sem hafði hannað upphleypt lyklaborð sem hann setur yfir lyklaborðið á símanum sínum til að eiga auðveldara með að skrifa á símann sinn, og auðvitað keypti ég eitt slíkt af honum því þetta er mikið vandamál fyrir okkur sem sjáum ekki á símann okkar til að skrifa. Ég get svo sem haldið lengi áfram að tíunda hugvit þessara snillinga, en vil þó nefna einn í lokin en það var pólskt fyrirtæki en Pólverjar hafa lengi verið mjög framarlega í skapandi blindratækni. Ég hitti ekki frumkvöðulinn sjálfan, Marek Sobczak, en starfsfólkið sagði mér frá honum sem var þarna með sinn flotta bás. Marek þessi hóf sjálfur upp á sitt eigið einsdæmi fyrir rúmum 20 árum að hanna og þróa sjálfan talgervilinn/skjálesara á pólsku sem er rödd í tölvu og síma sem les upp fyrir okkur blinda fólkið sem getum ekki lesið af tölvu né símaskjá. Hann gafst aldrei upp þótt verkefnið væri æði oft þungt fyrir fæti og hafa margar þjóðir notast við þessa upphafstækni hans að færa raddir inn í snjalltækin. Hann er ekki síður frumkvöðull í bókaútgáfu fyrir blind og sjónskert börn um heim allan, en hann notast við ákveðna prenttækni með stenslum, sem gerir myndir upphleyptar, sem gerir þær áþreifanlegar fyrir blinda einstaklinga.

Fyrir þá sem vilja kynna sér fyrirtækið og sögu kappans frekar, þá heitir fyrirtækið hans ALTiX og er nafnið tilkomið vegna þess að áður en escape-takkinn varð til á lyklaborðinu þá þurfti að notast við takkana Alt og X samtímis til að komast út úr skipun og bókstafurinn (i) í nafninu stendur fyrir „og“ á pólsku. Að framangreindri útskýringu á nafninu ALTiX finnst mér oft óþarflega nauðsynlegt að flækja einfalda hluti fyrir mér svo ég skilji þá og muni betur og vil því deila þeirri ástríðu minni með ykkur.

Og í lokin má ekki gleyma að minnast á gömlu góðu og gagnlegu uppfinninguna, sjálfar naglaklippurnar með stækkunarglerinu en ég keypti nokkrar slíkar til að gefa góðum vinum mínum. Ástæða þess að mér var hugsað til vina minna góðu við naglaklippukaupin er að það styttist alltaf í það að þeir þurfi að nota þær, því staðreyndir segja okkur að sjón daprast orðið æði hratt í línulegu sambandi við alltof mikinn skjálestur í síma.

Eins og áður segir er einungis hægt að tiltaka brotabrot af svo viðamikilli sýningu en upp úr stendur allar þær fjölmörgu nýjungar sem eru að koma fram sem auka lífsgæði blindra og sjónskertra, ég var því afar sáttur að hafa farið á þessa sýningu. Og þegar ég yfirgaf sýningarhöllina á lokadegi sönglaði sú staðreynd í höfði mínu, að sjónin býr í hugsuninni og útgeislun hennar í hjartanu.

P.S. Ég fékk fjárstyrk að upphæð 170 þúsund krónur til ferðarinnar úr sjóðnum „stuðningur til sjálfstæðis“ sem er í eigu Blindrafélagsins og fyrir það er ég þakklátur að til sé slíkur sjóður.

*Höfundur er sjónlífs- og sjávarútvegsfræðingur.*





**„Þekkt er að ca. 20 sinnum meira kolefni er talið vera í hafinu en í öllum jarðvegi og plöntum á þurru landi til samans,“ segir Magnús m.a. í grein sinni.**
Mynd / Wikipedia

# Framtíð veiða með botnvörpu?

**Fyrir nokkrum vikum birtist í National Geographic grein sem byggir á viðamikilli rannsókn ástralskra, spænskra og bandarískra vísindamanna (Trisha B. Atwood, Enric Sala o.fl.) á áhrifum veiða með botnvörpu á lífríki og súrnun hafsins sem og losun á koldíoxíði út í andrúmsloftið.**


Magnús Jónsson.

Hér er um að ræða nokkurt framhald á rannsóknum frá 2021 sem bentu til þess að losun koldíoxíðs ($CO_2$) af völdum togveiða væri álíka og losun alls borgaralegs flugs í heiminum. Ýmsir hafa tortryggt þá niðurstöðu en þessi nýja rannsókn bendir til þess að hún sé í meginatriðum trúverðug.

***Samspil hafs og andrúmslofts***

Þekkt er að ca 20 sinnum meira kolefni er talið vera í hafinu en í öllum jarðvegi og plöntum á þurru landi til samans. Þá er áætlað að heimshöfin taki upp um fjórðung alls koltvísýrings sem mannkynið losar út í andrúmsloftið ár hvert.

Það sem einkum hefur vantað er að reyna að skilja og greina enn frekar samspil hafs og andrúmslofts. Sú rannsókn sem hér er til umræðu bendir til þess að fiskveiðar með botnvörpu losi um eða yfir 700 milljónir tonna af $CO_2$ á ári og að meira en helmingur þess, eða um 370 milljónir tonna, fari út í andrúmsloftið. Þetta magn af $CO_2$ er talið vera tvöfalt meira en árleg losun á koldíoxíði frá eldsneytisbrennslu alls fiskveiðiflota heimsins.

Bent er á í umræddri grein að mesta losun á $CO_2$ af völdum togveiða sé að finna í Austur-Kínahafi, Eystrasalti, Norðursjó og Grænlandshafi vestur af Íslandi. Ekkert veiðarfæri veldur meiri hættu á ofveiði bæði fiska og botndýra en botntroll og raskar þannig oft jafnvægi þess lífríkis sem hefir orðið til á árhundruðum eða árþúsundum. Þá er viðurkennt að mikill meðafli er algengur þegar togveiðar eru stundaðar og má nefna að í Norðursjó og Eystrasalti er jafnvel talið að meiru sé hent af því sem kemur í veiðarfærin en það sem er hirt.

***Súrnun sjávar***

Í greininni sem hér er til umfjöllunar er einnig nokkuð fjallað um súrnun sjávar. Þótt áhrif losunar á $CO_2$ vegna botntrollsveiða á súrnun hafsins sé ekki marktæk á heimsvísu er talið að staðbundna súrnun, t.d. í Kínahafi megi að nokkru rekja til slíkra veiða.

Bent hefur verið á að súrnun hafsins hér við land sé hraðari en annars staðar sem nemi um 0.14 PH-einingum frá upphafi iðnbyltingar. Í ljósi þess að veiðar með botnvörpu hafa verið stundaðar hér í meira en 100 ár og það í vaxandi mæli á síðustu áratugum með sífellt öflugri og þyngri veiðarfærum er ástæða til að ætla að togveiðar eigi einhvern þátt í hækkun sýrustigs sjávar umhverfis Ísland.

***Ábyrgð á neytendur***

Það er ekki nýtt að veiðar með botnvörpu sæti gagnrýni bæði hér á landi og erlendis. Hins vegar er vaxandi umræða meðal erlendra neytenda hvort þessar veiðar eigi rétt á sér í þeim mæli sem þær eru. Talið er að um fjórðungur alls fiskjar í heiminum sé veiddur með botnvörpu. Innan Evrópusambandsins eru gerðar sífellt meiri kröfur og reglur settar sem upplýsi neytendur um uppruna matvæla, hvernig þeirra er aflað, hvaðan þau koma og hver séu umhverfisáhrif við öflun þeirra og framleiðslu.

Benda höfundar þessarar greinar á að eftirfylgni við slíkar reglur mætti vera meiri og að neytendur ættu að vera meðvitaðri um hvernig fiskur er veiddur. Þó sambærilegar reglur hafi enn ekki verið settar í Bandaríkjunum segir það nokkra sögu að botnvörpuveiðar eru nú bannaðar í meira en helmingi af alríkislögsögu Bandaríkjanna. Svipaða sögu má raunar segja frá Nýja-Sjálandi þar sem veiðisvæði með botnvörpu hafa verið minnkuð mikið síðustu 20 árin eða svo og neytendur og umhverfissinnar þrýsta stöðugt á meiri takmarkanir á slíkum veiðiaðferðum.

***Lokaorð***

Lokaorð þessarar greinar í National Geographic eru eftirfarandi: „Veiðar með botnvörpu eru skaðlegasta aðferðin til að ná fæðu úr sjónum. Við vitum að vistfræðileg áhrif þeirra eru hörmuleg og nú vitum við um þessi hlýnunaráhrif.“

Í ljósi þess að togveiðar hafa farið hlutfallslega vaxandi við Ísland er að mati undirritaðs nauðsynlegt að við búum okkur undir breytta umræðu og breyttar kröfur og upplýsingar um hvernig veiðar á fiski hér við land fara fram. Þá má einnig benda á breytta stefnu í fiskveiðum hjá Norðmönnum þar sem flytja á aflaheimildir frá togveiðandi stórútgerðinni yfir á vistvænni veiðar smábátanna.

*Höfundur er veðurfræðingur og formaður Drangeyjar-smábátafélags Skagafjarðar.*

# Hrossaræktin á fljúgandi ferð

**Þegar ég var í búfræðinámi á Hvanneyri voru heilmikil átök um stefnuna í hrossaræktinni. Deilt var um hvort og hvernig hross væru flutt úr landi, en þá var kominn mikill áhugi fyrir íslenska hestinum erlendis, ekki síst í Þýskalandi.**



Guðni Ágústsson.

Bændur og áhugamenn skiptust í tvær fylkingar, þá sem töldu óvarlegt að flytja út kynbótahross, hryssur og stóðhesta, svo hina sem sögðu að árangurinn byggðist á því að erlendir ræktendur og bændur ættu aðgang að því besta, annars snéru þeir sér að öðrum hrossakynjum. Gunnar Bjarnason, kennari minn og áður hrossaræktarráðunautur og mestur hvatamaður að markaðssetningu íslenska hestsins, sagði okkur að bændur um allan heim gerðu kröfu um það besta og „hjörtum þeirra svipaði saman í Súdan og Grímsnesinu“. Bændum og ræktendum í Þýskalandi dygðu alls ekki geldingar, þetta var fjörug umræða og málfundir haldnir um deilumálið. Við nemendur Gunnars hölluðumst að skoðunum hans og nú sjá flestir að þetta varð að gera svona, enda hesturinn farið sigurför um ríki og álfur.

Hver sigurinn hefur rekið annan á síðustu sjötíu árum, stórstígar framfarir hér heima í ræktun og þekkingu og tamningu hestsins. Allt frá ríkisrekinni stóðhestastöð yfir til hrossabúgarða og stóraukinnar menntunar frá Hólum og Hvanneyri yfir í fjölbrautaskólana. En ekki síst hið frábæra hestafólk sem bæði kann og getur fylgt hestinum eftir. Landsmótin og heimsmeistaramótin með sína stóru sigra og áhuga í öllum heimsálfum og ræktun og reiðmennsku í yfir tuttugu þjóðlöndum. Ísland mekkan og upprunalandið og hingað sækir Íslandshestafólkið það besta í framförum og ræktun á hestinum okkar. Löngu hætt að selja „bykkjur“, aðeins það besta fer á markað og mörg hross, ekki síst stóðhestar og afburðahryssur, seljast dýrum dómum. Hrossabúgarðar að verða jafnmargir í sveitum landsins og kúabúin. Það er gróska í kringum íslenska hestinn.

Nú reisa ferðaþjónustubændurnir Jóhanna og Guðmundur Viðarsson í Skálakoti einangrunar- og sæðisstöð á jörðinni í Efra-Holti undir Vestur-Eyjafjöllum. Hvað boðar þessi nýjung fyrir Íslandshestaheiminn? Enn ein staðfesting þess að við Íslendingar ætlum að vera forystuþjóðin sem býður aðgang að því besta erfðaefni sem markaðurinn ræður yfir. Framtak Skálakotshjónanna er staðfesting þess að andi Gunnars Bjarnasonar svífur yfir vötnunum, kjarkur og þor einkennir svona framsækna og dýra ákvörðun.

*Höfundur er fyrrverandi landbúnaðarráðherra.*



Mynd / Oscar Nilsson, Unsplash













Gróðursetning á Geitasandi fyrir fimmtán árum síðan og staða gróðursins í dag.

# Kolviður hlýtur alþjóðlega viðurkenningu

**Kolviður hefur unnið að því sl. tvö ár að skilgreina verkferla og verkefni samkvæmt kröfum alþjóðlega staðlsins ISO 14064-2 fyrir kolefnisbindingu, með það að markmiði að öðlast alþjóðlega viðurkenningu.**



Reynir Kristinsson.

Til samstarfs valdi Kolviður Bureau Veritas sem er alþjóðleg óháð vottunarstofa með 1.400 skrifstofur og rannsóknarstofur í 140 löndum.

Bureau Veritas er opinber CDP vottunaraðili, GRI Gold Community Member, an AA1000AS Licensed Provider og UKAS accredited ISO 14064 Part 1 og Part 2 Verifier/Validator.

Bureau Veritas er einnig tilnefndur aðili undir Sameinuðu þjóðunum fyrir vottun á Clean Development Mechanisms (CDM/JI) og EU Emissions Trading Scheme (EU ETS) vottun. Staðallinn samanstendur af kröfum m.a. um skýra lýsingu verkefna, magngreiningu, gagnastýringu, vöktun og upplýsingaskyldu. Markmiðið er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eða styrk þeirra í andrúmsloftinu.

Kolefnisbinding með skógrækt er ein skilvirkasta og umhverfisvænsta aðferð til kolefnisbindingar en tekur nokkurn tíma og því mikilvægt að henni sé stýrt samkvæmt vottuðu ferli. Í byrjun maí sl. staðfesti Bureau Veritas að verkferlar og skilgreining verkefna Kolviðar uppfylltu kröfur ISO 14064-2 staðalsins fyrir kolefnisbindingu.

Þetta er mikilvægur áfangi og héðan í frá verður öllum nýrri og eldri verkefnum Kolviðar stýrt samkvæmt vottuðu ferli. Keypt kolefnisbinding hjá Kolviði er skráð í sérstakan gagnagrunn sem og mæld raungerð kolefnisbinding. Geta kaupendur því fengið samanteknar upplýsingar um keypt magn og raungerða kolefnisbindingu í framtíðinni.

Kolviður er með um 270 þúsund tonn $CO_2$e í bindingarferli fyrir um 190 aðila og nokkur þúsund einstaklinga með um 2 milljónir trjáa til bindingar á kolefni.

Kolviður gerir afnotasamninga um land við landeigendur til 55 ára og reiknar 50 ára vaxtartíma trjánna til bindingar. Kolviður er nú með 8 afnotasamninga um land allt, samtals um 1.300 ha.

Kolviður – sjóður var stofnaður 2006 og er starfsemin óhagnaðardrifin. Kolviður er í eigu Skógræktarfélags Íslands og Landverndar og hefur það að markmiði að binda kolefni með skógrækt.

Kolviður hefur frá upphafi lagt áherslu á að nýta bestu þekkingu fagfólks sem er nú að skila sér í framangreindri viðurkenningu.

Öll verkefni Kolviðar frá upphafi hafa verið í loftslagsbókhaldi Íslands.

Kolviður þakkar öllum þeim sem treyst hafa Kolviði til að annast kolefnisbindingu fyrir sig og þeim landeigendum sem ljáð hafa land undir skógræktina.

*Höfundur er stjórnarformaður Kolviðar.*



Starfsmenn Skógræktarfélags Íslands sem önnuðust gagnavinnslu og gagnagerð á ensku, stolt með staðfestingarskjalið frá Bureau Veritas. Frá vinstri Þórveig Jóhannsdóttir skógfræðingur, Jón Ásgeir Jónsson skógfræðingur og Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur.






# Land tækifæranna um land allt

**Á ferðum mínum um landið heyri ég reglulega af einstökum hugmyndum fólks sem farnar eru að skapa ný störf í heimabyggð.**



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

Hugvitið er óþrjótandi auðlind. Þegar það er virkjað á réttan hátt getur það skapað verðmæt störf og skapað frjótt umhverfi sem laðar að nýja hugsun og hugmyndir. Það skiptir máli að um land allt geti hugmyndir orðið að veruleika, að til sé frjór jarðvegur og stuðningsumhverfi svo við sköpum aukin verðmæti. Aðgangur að þeim stuðningi sem í boði er má ekki einskorðast við höfuðborgarsvæðið heldur á að vera aðgengilegur um land allt. Í byggðaáætlun var meðal annars kveðið á um mikilvægi þess að nýsköpunargátt verði fyrsti snertiflötur frumkvöðla við stuðningsumhverfi nýsköpunar til að miðla á einum stað upplýsingum frá ólíkum áttum.

Nýsköpunarumhverfið hefur nú nýjan vettvang með Skapa.is – nýsköpunargáttinni. Þar geta frumkvöðlar og sprotafyrirtæki fundið allar upplýsingar sem þau þurfa um nýsköpun, m.a. á landsbyggðinni. Vefsíðan býður upp á nýsköpunardagatal og upplýsingar um styrki, stuðning, starfsemi og tengda viðburði sem auðveldar frumkvöðlum um allt land að koma hugmyndum sínum í framkvæmd og nýta sér stuðningsumhverfið.

Mikilvægt er að halda áfram að einfalda umhverfið og gera það aðgengilegra. Í þriðja sinn munum við nú úthluta úr Lóu – nýsköpunarstyrkjum fyrir landsbyggðina. Lóa stuðlar að því að fjölga nýsköpunarverkefnum og styrkja byggðir og landshluta. Bæði Lóan og Nýsköpunargáttin voru sett í forgang sem ný og mikilvæg verkefni í stað Nýsköpunarmiðstöðvarinnar sem lögð var niður. Nýsköpunarverkefnin sem hafa hlotið styrki frá Lóu eru ótrúlega fjölbreytt, koma úr öllum landshlutum og bera þess merki hvað mikið er að gerast um allt land.

Með öflugu stuðningsumhverfi nýsköpunar verður tækifærum fjölgað um allt land til að efla atvinnulíf og menningu, styrkja búsetu og byggja upp til framtíðar. Við sjáum hvernig hugvitið getur skapað spennandi framtíð fyrir okkur sem viljum hafa fjölbreyttari valkosti um búsetu og ný störf sem við getum ekki einu sinni ímyndað okkur í dag. Þessi þróun er hafin en vegferðinni er langt frá því að vera lokið.

Með áframhaldandi stuðningi við nýsköpun og frumkvöðlastarf getum við tryggt að Ísland verði land tækifæranna um land allt.

*Höfundur er háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.*

# Þekking og reynsla Katrínar

**Forsetakosningar eru fram undan sem ávallt er merkur og mikilvægur atburður í lýðræðissamfélagi.**



Eygló Björk Ólafsdóttir.

Nú fer fram spennandi kosningabarátta og við erum heppin hvað margir virðast hafa áhuga á þessu embætti, margir gæddir hæfileikum sem þess virði er að máta við embættið. Ýmsar hugsanir koma fram í þessu ferli hjá okkur sem veljum okkur forseta. Sumar draumkenndar eða beinlínis skemmtilegar, en aðrar meira niðri á jörðinni. Það eru ekki alltaf jólin. Við þekkjum það öll að upp geta komið krísur þar sem á reynir, umfram allt sem við hefðum getað ímyndað okkur.

Í mínum huga þarf sú manneskja sem kosin er til embættis forseta Íslands að vera traustsins verð í víðum skilningi. Manneskja sem virðing er borin fyrir, manneskja sem ber virðingu fyrir öðrum. Er góður talsmaður þjóðarinnar og vitnisburður um íslenska menningu og tungu. Góð fyrirmynd og þeim kostum gædd að geta byggt brýr á milli fólks. Manneskja sem getur dregið athygli að málum með framkomu sinni, samskiptum og innihaldi.

Katrín Jakobsdóttir er ein þessara frambjóðenda og sú sem ég tel að hafi hvað mest fram að færa í þetta embætti. Þekking hennar á gangverki stjórnmálanna og praktískum atriðum um okkar kerfi er ótvírætt og djúp eftir langa veru á þingi, sem ráðherra menntamála og nú í seinni tíð sem forsætisráðherra.



„Fyrir okkur sem stundum landbúnað og matvælaframleiðslu með umhverfisvænum hætti hefur Katrín Jakobsdóttir verið viss aflvaki enda eru umhverfismál henni hugleikin," segir Eygló Björk Ólafsdóttir.

Sterkt tengslanet hennar nær langt út fyrir landsteinana innan stjórnmálanna sem og alþjóðlegra stofnana. Rætur hennar í bókmenntum og menningu er lykilatriði í hlutverki sem forseti Íslands gegnir dag frá degi og varðar ekki síst tungumálið okkar.

Á þetta mun svo sannarlega reyna þegar fólk af ólíkum þjóðernum sest hér að í vaxandi mæli og við öll í daglegu lífi og störfum þurfum að leggja áherslu á að það aðlagist betur að íslensku samfélagi.

Fyrir okkur sem stundum landbúnað og matvælaframleiðslu með umhverfisvænum hætti hefur Katrín Jakobsdóttir verið viss aflvaki enda eru umhverfismál henni hugleikin.

Ég er þess fullviss að Katrín muni leggja þeirri hugsjón lið eins og í hennar valdi stendur ef hún yrði kosin til þessa háa embættis. Mér finnst mikilvægt að hafa Katrínu Jakobsdóttur í þjónustu við þjóðina og er þakklát henni fyrir að bjóða sig fram til forseta Íslands. Hún er sá frambjóðandi sem ég treysti best til að vinna að öllum þessum markmiðum og takast á við framtíðina með leiðtogahæfileikum sínum, þekkingu og sinni víðtæku reynslu.

*Höfundur er viðskiptafræðingur og lífrænn bóndi í Vallanesi.*







Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSÞJÓNUSTA



Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli. Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl.

Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@lr.is • Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík • Austurvegi 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400





## Auglýsing um niðurstöðu sveitarstjórnar Borgarbyggðar vegna skipulags

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 14. mars 2024 eftirfarandi tillögur samkvæmt 32. gr. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 breytingu á Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022 og nýtt deiliskipulag.

**Aðalskipulagsbreyting – Stækkun á íbúðarsvæði Í12 færsla á hringvegi um Borgarnes**
Breytingin tekur til stækkunar íbúðarsvæðis Í12 í Bjargslandi í Borgarnesi. Um leið er gerð breyting á 1,5 km löngum kafla Hringvegar þar sem hann er færður fjær byggðinni til að skapa meira rými fyrir stækkun íbúðarsvæðis.

**Deiliskipulag – Fjóluklettur við Kveldúlfshöfða**
Skipulagssvæðið er innan þéttbýlismarka og er skilgreint sem íbúðarbyggð að hluta til og óbyggt svæði í Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, en skipulaginu er breytt samhliða þessu deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir 95 íbúðum innan deiliskipulagssvæðisins og eru umhverfisáhrif metin skv. 12. gr skipulagslaga.
Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 og tillaga að deiliskipulagi voru auglýstar samhliða frá 27. desember 2023 til 14. febrúar 2024

Vakin er athygli á málskotsrétti samkvæmt 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 en þar kemur fram að stjórnvaldsákvarðanir má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Þeir einir geta kært stjórnvaldsákvarðanir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun sem kæra á. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu skipulagsáætlana í B-deild Stjórnartíðinda.

Þeir einir geta kært stjórnvaldsákvarðanir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun sem kæra á. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu skipulagsáætlana í B-deild Stjórnartíðinda.

BORGARBYGGÐ

# Halla Hrund er forseti fyrir framtíðina

**Þegar Halla Hrund bauð sig fram til forseta var ég ekki lengi að ákveða að hún væri minn frambjóðandi. Hún er klár, vel menntuð, vel innrætt, einlæg, hlý, réttsýn og hefur mikla reynslu miðað við aldur.**



Kristín Vala Ragnarsdóttir.

Seinna, þegar ég fór að leggja við hlustir og greina orðræðuna um Höllu Hrund, sá ég margt sem mér finnst mikilvægt. Í sjónvarpsspjalli tók ég eftir að blaðamaður hafði verið að tala við vin sinn sem er bóndi og var staddur á bændaþingi í Evrópu með öðrum bændum. Í kjölfar frétta um forsetaframboð snerist umræðan hjá íslensku bændunum í ferðinni vitanlega um hvern þeir vildu fá sem forseta. Umræðan var fyrst út og suður. Margir frambjóðendur voru nefndir sem ásættanlegir kostir. En eftir nokkra daga höfðu allir orðið sammála um að Halla Hrund væri þeirra frambjóðandi. Og ég hugsaði: Áhugavert – bændur fyrir Höllu Hrund! En ef til vill er þetta ekki skrýtið. Bændur á Síðu hvöttu hana í forsetaframboð – í sveitinni þar sem hún var í öll sumur sem stelpa og hún tekur enn þátt í leitum á haustin. Bændurnir þekkja kostina sem hún hefur og áhugann á sameiningarmættinum í samfélaginu. Og ekki er verra að hún kann að spila á harmonikku og stýra fjöldasöng.

En það eru ekki bara bændur sem styðja Höllu Hrund. Á lista yfir fleiri hundruð stuðningsmenn sem hafa skráð sig inn í sjálfboðavinnu fyrir forsetaefnið – og ég hef rýnt í – er allt litróf samfélagsins, frá trillukörlum til hársnyrta, frá bílstjórum til frumkvöðla. Fólk er til í allt – bakstur, vakta kosningaskrifstofu, skrifa greinar, greina umræðuna, leiðrétta málfar, skutla, hringja út. Nefndu það, og ég get án vafa fundið einhvern á stuðningsmannalistanum sem hefur boðið fram slíka þekkingu eða aðstoð. Grasrótin er að rísa upp, segja margir, og mér finnst gaman að vera með í átakinu.



**„Bændurnir þekkja kostina sem hún hefur og áhugann á sameiningarmættinum í samfélaginu. Og ekki er verra að hún kann að spila á harmonikku og stýra fjöldasöng," segir Kristín Vala Ragnarsdóttir.** Mynd / úr safni BBL

Svo fór ég að skoða ummæli in Höllu Hrund á samfélags- og prentmiðlum og þau eru afar skýr. Það er jákvætt að hún hefur ekki tekið þátt í stjórnmálum finnst mér og mörgum öðrum. Sem orkumálastjóri hefur hún tekið málstað almennings, að hún muni sem forseti tala fyrir samvinnuverkefnum á sviði orku, tækni og sjálfbærni. Hún hefur þá sýn að auðlindir landsins nýtist ekki einungis þessari kynslóð, heldur einnig komandi kynslóðum. Og ef í harðbakkann slær, þegar bil verður á milli þings og þjóðar, telur hún að forseti eigi að stíga inn og gefa þjóðinni rödd í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Sem persóna hefur Halla Hrund allt til að bera sem frábær forseti – hefur verið sett fram á miðlum landsins: fallega útgeislun, hlýju, jákvæðni, hógværð, greind og atorkusemi. Hún er líka mjög þjóðleg, hefur óflekkað mannorð og kemur vel fyrir. Fjölskyldan er henni mjög kær og maðurinn hennar, Kristján Freyr Kristjánsson, styður dyggilega við bakið á henni. Að margra mati er Halla Hrund sá frambjóðandi sem þjóðin getur sameinast um og fundist vera sinn sanni forseti. Hún smýgur inn í þjóðarvitundina, hún komi eins og ferskur andblær sem sífellt fleiri kunna að meta. Og skoðanakannanir sýndu strax að fylgi Höllu Hrundar jókst í veldisvexti á einungis tveimur vikum. Í byrjun þessarar viku var hún enn og aftur hæst í skoðanakönnun Prósents.

Halla Hrund er einmitt frambjóðandi sem þjóðin getur sameinast um. Þetta er mikilvægt. Í nýlegri skoðanakönnun Maskínu hefur Halla Hrund fengið nálægt 30% fylgi allra flokka utan eins og í nýjustu skoðanakönnun Prósents er hún með um og yfir 30% fylgi meðal stuðningsmanna átta flokka. Í okkar litla landi þar sem er mikil pólitísk sundrung er einmitt mikilvægt að kjósa forseta sem allur pólitíski skalinn getur hugsað sér sem sameiningartákn þjóðarinnar.

Á framboðssíðu Höllu Hrundar má lesa að hún bjóði sig fram til embættis forseta Íslands sem fulltrúi almennings, fulltrúi fólksins í landinu. „Ég ólst upp í blokk í Árbænum og varði öllum skólafríum í sveitinni austur á Síðu hjá ömmu og afa. Ég ólst upp við þau gildi að mikilvægt væri að leggja sig fram, trúa á það góða í fólki og að allt væri hægt. Í embætti forseta Íslands vil ég halda þessum gildum á lofti og leggja áherslu á samstöðu okkar sem þjóðar, náttúru okkar, menningu og hugvit – fyrir framtíðina."

Það er þetta látleysi og skýra sýn á réttlæti og framtíðina með almannahagsmuni í huga sem stuðningsfólk hennar talar um sem góða kosti forseta. Halla Hrund tekur einnig fram á framboðssíðu sinni að hún hafi alist upp við þau gildi að mikilvægt sé að leggja sig fram, trúa á það góða í fólki og að allt sé hægt. Í embætti forseta Íslands vill hún halda þessum gildum á lofti og leggja áherslu á samstöðu þjóðarinnar, náttúruna, menninguna og hugvitið – fyrir framtíðina. Hún vill leggja sitt af mörkum til að fjölga tækifærum öllum til handa, heima og heiman, efla samkennd og samstöðu þjóðarinnar, hlúa að sjálfbærri og friðsælli framtíð – með almannahagsmuni að leiðarljósi.

Forseti þarf að hafa reynslu af því að búa á erlendri grund og kynna sér nýja hugsun og menningu. Halla Hrund lærði stjórnmála- og stjórnsýslufræði á Íslandi og í Bandaríkjunum og hefur góða yfirsýn yfir áskoranir nútíðar og framtíðar. Hún hefur unnið að samvinnuverkefnum sem tengjast orku- og auðlindamálum hér heima og á alþjóðavísu. Hún rak á tímabili Orkuskóla H.R. og hefur verið orkumálastjóri sl. 3 ár. Af reynslu á erlendri grund má nefna að hún er meðstofnandi norðurslóðaframtaksins (e. Arctic Initiative) við hinn virta John F. Kennedy School of Government við Harvardháskóla og hún stofnaði Nýsköpunarstofu norðurslóða (e. Arctic Innovation Lab) til að hvetja til nýsköpunar í viðskiptum og samfélagslegri starfsemi á norðurslóðum. Halla Hrund kom að nýsköpunarverkefni á vegum OECD í Togo í Afríku og hún er meðstofnandi félagasamtakanna Stelpur fyrir stelpur (e. Girls4Girls), sem er alþjóðlegt mentoraprógramm sem miðar að því að ungar konur öðlist hugrekki, framtíðarsýn og færni til að taka forystu á opinberum vettvangi.

Halla Hrund kann að laða fólk að sér, hlusta, koma verkefnum í höfn og mun sem forseti verða bændum sem og öðrum landsmönnum öflugur liðsmaður og til sóma bæði heima og heiman. Vegna alls þess sem er talið hér að ofan er Halla Hrund minn forsetaframbjóðandi.

*Höfundur er stuðningsmaður Höllu Hrundar Logadóttur til embættis forseta Íslands og prof.emerita.*

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

# Verkin sýna merkin

**Um leið og Katrín Jakobsdóttir bauð fram krafta sína til embættis forseta Íslands ákvað ég að styðja hana með ráðum og dáð.**



Tjörvi Bjarnason.

Ástæðan er einkum sú að með fyrri verkum, framkomu og gjörðum hefur hún fyrir löngu sannað sig sem framúrskarandi manneskja. Katrín kann að koma fyrir sig orði, er heiðarleg og röggsöm, fróð, skemmtileg og dugleg.

Við fjölbreyttar aðstæður hefur Katrín sýnt styrk sinn áreynslulaust, laus við allan rembing, væmni eða tilgerð. Hún er sjóuð og kann þá list að vinna með ólíku fólki, taka erfiðar ákvarðanir og sýna forystu.

Undirritaður starfaði um árabil fyrir hagsmunasamtök bænda og getur rakið samskipti við Katrínu aftur fyrir bankahrun. Alltaf hefur hún sýnt landbúnaði, íslenskri matvælaframleiðslu og bændum mikinn áhuga og virðingu.

Ég furðaði mig stundum á hversu vel hún var inni í málum þótt hún væri ekki með landbúnaðinn beinlínis á sinni könnu. Katrínu er umhugað um náttúru landsins og hefur fyrir löngu sýnt að sjálfbær auðlindanýting og umhverfismál eru henni hugleikin.

Fjölmörg dæmi af hennar þing- og ráðherraferli sanna það. Það var t.d. Katrín sem talaði fyrir lagabreytingum um takmarkanir á erlendu eignarhaldi lands og það var í hennar tíð sem metnaðarfullri matvælastefnu var hrint í framkvæmd.

Þar er leiðarljósið að efla fæðuöryggi þjóðarinnar, gæta auðlindanna og að styrkja stoðir innlendrar matvælaframleiðslu. Þar eru ekki bara orðin tóm því nú þegar hefur auknum fjármunum verið varið í kornrækt, beina aðstoð við bændur til að mæta hækkandi aðfangaverði og rekstrarvanda, stofnun Matvælasjóðs, eflingu lífrænnar ræktunar og gerð upprunamerkinga fyrir íslenskar búvörur.

Margt fleira var gert á hennar vakt í stjórnarráðinu sem of langt væri að telja upp hér. En vert er að minnast forystu Katrínar á erfiðum kórónutímum og þegar náttúruhamfarir hafa dunið á þjóðinni. Þegar horft er yfir sviðið og þeirra verka sem forseti Íslands þarf að gegna í framtíðinni er valið einfalt í mínum huga. Ég treysti Katrínu Jakobsdóttur best til að sinna búi á Bessastöðum.

*Höfundur er eigandi Matlands.*


Lausaganga búfjár orkar tvímælis. Mynd / John Wayne Hill

# Um ágang

**Í tilefni af umræðu að undanförnu, m.a. greinarskrifum í Bændablaðið, er rétt að vekja athygli á eftirfarandi staðreyndum:**


Pétur Kristinsson.

1. Skylda sveitarfélags til smölunar ágangsfjár er ekki stjórnvaldsákvörðun heldur lagaskylda. Um er að ræða bein fyrirmæli löggjafans til sveitarstjórna. Skoðanir eigenda ágangsfjárins eru þessu óviðkomandi.
2. Hvernig sveitarfélag fer með búfé eftir smölun kann að vera stjórnvaldsákvörðun en sú meðferð er landeigendum óviðkomandi og fellir ekki niður skyldu sveitarfélaga til smölunar.
3. Skylda sveitarstjórnar til smölunar verður ekki felld niður með ákvörðun eða samþykkt sveitarstjórna eða nefnda á þeirra vegum. Sveitarfélög breyta ekki lögum settum af Alþingi.
4. Ekki skiptir máli hvort lausaganga er leyfð eða bönnuð. Það að lausaganga búfjár sé leyfð veitir mönnum ekki rétt til að beita fé í annarra manna lönd. Hugtakið er skilgreint þannig í lögum um búfjárhald: „Lausaganga er þegar búfé getur gengið í annars manns land í óleyfi.“ Þarna stendur „getur“ en ekki „má“ og setningin endar á orðinu „óleyfi“.
5. Beitarréttur manns í landi annars manns er takmarkaður eignarréttur sem lýtur sömu reglum og annar eignarréttur. Ef menn eiga ekki slíkan rétt mega þeir ekki beita fé sínu í viðkomandi land.
6. Hugtakið ágangur þýðir „heimildarlaus beit“.
7. Það að búfé gangi í annarra manna lönd í óþökk landeigenda er einfaldlega ólögmætt ástand sem ber að rjúfa með þeim hætti sem kveðið er á um í 33. gr. laga nr. 6/1986 sé þess óskað. Eðli máls samkvæmt ber að gera það eins fljótt og auðið er eins og fram kemur t.d. í úrskurði innviðaráðuneytisins frá 18. apríl 2024.
8. Reglur sem um þetta gilda eru einfaldar og skýrar og samræmast því að á Íslandi er byggt á eignarréttarfyrirkomulagi. Búfjáreigandinn á búféð og ber ábyrgð á því eins og öðrum eignum sínum og landeigandinn á landið og ræður því hvernig með það er farið.
9. Eins og í öðrum málum þar sem gengið er á rétt manna liggur vandinn hjá gerandanum en ekki þolandanum. Eðlilegt væri því að sveitarstjórnir beindu kröftum sínum að búfjáreigendum en ekki landeigendum. Það mætti gera með þeim einfalda hætti að smala ágangsfé á kostnað búfjáreigenda eins og lögin gera ráð fyrir. Má þá ætla að búfjáreigendur gættu að sér og ágangi myndi linna. Væri vandamálið þar með úr sögunni.
10. Að lokum er rétt að benda á að flestir sauðfjáreigendur fá greitt sérstaklega úr ríkissjóði fyrir að beita fé sínu eingöngu þar sem þeir hafa til þess leyfi. Samkvæmt vef Hagstofunnar voru 1.429 sauðfjárbú í landinu í árslok 2020 og samkvæmt vef Landgræðslunnar fengu „tæplega 1.500“ greiðslur skv. framansögðu það ár.

*Höfundur er meðal annars lögmaður.*












# Ekki lausn fyrir Landeyjahöfn

## – Fyrri hluti

**Í Bændablaðinu miðvikudaginn 24.4. 2024 er viðtal við Jón Kristinsson umhverfisarkitekt um frumkvöðlastörf hans. Þar er tekið eitt dæmi sem verður mér ástæða til skrifa.**



Páll Imsland.

Þar er vitnað í hugmynd hans og Jónasar Elíassonar, fyrrum prófessors í verkfræði við HÍ, um aðferð við að hreinsa Landeyjahöfn af sandi, aðferð sem þeir telja að halda muni höfninni opinni og nægjanlegu dýpi fram af hafnarkjaftinum fyrir siglingar.

Þau orð sem hér verða lögð í belg lúta að vandræðunum við Landeyjahöfn en líta málið frá annarri hlið en yfirleitt hefur verið gert. Hver er sú náttúrufarslega þróun sem þarna er í gangi og skiptir sköpum fyrir notagildi og framtíð hafnarinnar? Það er sú meginspurning sem yfirleitt er litið fram hjá og látið eins og komi málinu ekki við. En hún gerir það náttúrlega í hæsta máta og strandjarðfræðileg þekking liggur fyrir sem útskýrir málið. Hafnir eru ekki eingöngu háðar sjólagi.

Ég hef nokkrum sinnum áður rætt opinberlega og ritað um vandamálin við Landeyjahöfn og ýmist fengið lof eða skítkast fyrir. Ég tek það fram að gefnu tilefni að ég er ekki andvígur Landeyjahöfn sem slíkri eða samgöngum á milli lands og eyja. Ég er aðeins að reyna að lýsa þeim náttúruöflum sem þarna eru að verki og þeirri náttúrufarsþróun sem þarna er í gangi og hafa verður í huga þegar svona mannvirki eru hönnuð, byggð og haldið við.





Dragör nýsmíðuð árið 1917, fjögurra mastra dönsk stálskúta með dísilvél.

Mynd / Aðsend, höf. óþekktur

Þekking á náttúrufarsþróun á staðnum er undirstaða þess að menn geti áttað sig á því hver vandamálin við Landeyjahöfn eru og hvernig hægt er að bregðast við þeim og ætla ég hér að reyna einu sinni enn að upplýsa þetta mál að nokkru.

Hingað til hefur ekki verið beitt á Landeyjahöfn neinni strandjarðfræðilegri þekkingu og þess vegna hefur þar farið eins og farið hefur. Sneitt hefur verið hjá þekkingu sem skiptir máli við hönnun mannvirkisins og skiptir sköpum fyrir möguleika mannvirkisins til að koma að gagni til lengri tíma.



Dragör á strandstað á Bakkafjöru árið 1920 en þaðan fór hún ekki aftur.

Mynd / Markús Auðunsson

Þess vegna hafa aftur og aftur skapast þau vandræði sem frá upphafi hafa verið tengd höfninni. Ég vík hér eingöngu að þeirri strandjarðfræðilegu þekkingu sem skiptir sköpum og kemur upp um það, hvaða langtíma náttúrufarsleg þróun er í gangi við Landeyjasand, þróun sem skiptir öllu máli fyrir framtíð hafnarinnar. Strandjarðfræðin gefur fleiri upplýsingar um eðli ástandsins við höfnina og þau ferli sem þar eru að verki en ég tek aðeins eitt atriði fyrir hér, það sem segir einfaldasta sögu og gefur skýrasta mynd af þróuninni á staðnum. Fyrirhugað er að birta aðra grein í næsta blaði um annað aðalatriði í þessu máli, atriði sem hefur sömu langtímaáhrif.

Landeyjahöfn var valinn staður þar sem hún er vegna þess að þar er lægsta ölduhæðin að jafnaði við Landeyjasand, eðlileg ráðstöfun, ef ekki kæmi fleira til. Og hvers vegna er lægsta ölduhæðin einmitt þarna? Jú, það er vegna þess hvar Vestmannaeyjar sjálfar eru. Þær skapa skjól og innan þess er ölduhæðin lægri en utan skjólsins. En þessu skjóli fylgir fleira. Í skjólinu er samsöfnunarstaður sets sem er á hreyfingu við ströndina. Setið er ekki á leiðinni í gegnum skjólið heldur inn í það. Eyjarnar tefja fyrir öldunni og sveigja hana í boga umhverfis sig. Það veldur því að upp á strönd Landeyjasands, þar sem suðlægar áttir skipta mestu





Skýringarteikning af öldusveigju.

máli, fellur yfirleitt skástæð alda, úr suðvestri vestan megin en úr suðaustri austan megin. Skástæð alda veldur setflutningi meðfram ströndinni og því safnast efni í Landeyjatanga úr báðum áttum. Efnisflutningur þar er ekki meðfram ströndinni í aðra áttina heldur úr báðum áttum að svokölluðum Landeyjatanga þar sem hann skagar lengst fram í sjóinn, þar sem höfnin var valinn staður.

Landeyjatangi er í myndun og náttúran er að vinna að því að mynda granda á milli lands og eyja, þannig grandar eru vel þekktir og ótalmargir, víða um heiminn, þar sem eyjar hafa eitt sinn verið undan ströndum.

Tökum hér sem dæmi Fjörurnar, setgrandanna sem umlykja Hornafjörð, Austurfjörur og Suðurfjörur. Báðir eru þeir grandar myndaðir við setflutning og tengja klappareyjuna Hvanney og fastalandið, annars vegar austan frá Stokksnesi undan Vestrahorni og hins vegar vestan frá Skinney á Mýrum. Útfallsstraumurinn úr lóninu sem skapast á bak við Fjörurnar heldur Hornafjarðarósi opnum austan undir Hvanney.

Hvort þessi grandamyndun við Landeyjatanga hins vegar nær nokkru sinni að tengja Vestmannaeyjar og fastalandið er allt annað mál. Staðreyndin sem máli skiptir er sú að þetta ferli er að verki.

Einfaldasta og kannski skýrasta sönnun þess er fólgin í restunum af Dragör, danskri fjórmastra stálskútu sem strandaði á Landeyjatanga fyrir rúmum 100 árum, hinn 12. des. 1920. Hún fór aldrei aftur á flot og enn má sjá restar hennar í formi ryðgaðra stálplatna í sandinum norðar af Landeyjahöfn. Ég mældi vegalengdina frá restum flaksins fram í sjó árið 2013 og það reyndist vera 465 metrar stystu leið, en hún er í fjöruna við austurhornið á Landeyjahöfn. Þetta jafnar sig út með um 5 metra vexti Landeyjatanga fram í hafið á ári hverju.

> Þekking á náttúrufarsþróun á staðnum er undirstaða þess að menn geti áttað sig á því hver vandamálin við Landeyjahöfn eru.“

Þessi vöxtur er þó misjafn frá ári til árs eftir veður- og sjólagi. En hann er algjörlega óháður framburði Markarfljóts hvort sem er dagsdaglegum flutningi eða flutningi í hlaupum úr jökli eða eftir eldgos. Það er óendanlegt magn af sandi á ströndinni beggja vegna tangans og slíkar smáviðbætur sem svona hlaup færa fram eru nánast áhrifalausar.

Hugmynd þeirra Jóns og Jónasar um að hleypa sandinum fram úr höfninni sjálfri með eins konar klósettkassaáhrifum í formi uppistöðulóns að hafnarbaki sem hleypa megi úr stríðum straumi á lágsjávuðu er vissulega líkleg til að skila árangri með því að skola sandi út úr höfninni. En hvert fer hann? Jú, þegar straumskvettan skilar sér út úr hafnarkjaftinum fellur þessi stríði straumur og sandurinn sest þar til botns.

Svipað er að gerast utan við Hornafjarðarós. Þar ber útfallið um ósinn, sem er heldur vatnsmeira en innfallið, set til hafs en það safnast fyrir á Grynnslunum því þar fellur straumurinn.

Það þarf eitthvað annað og meira til að bera sandinn úr Landeyjahöfn á brott frá innsiglingunni en að hleypa stríðum skammtímastraumi út í höfnina. Aðeins ef hægt er að koma sandinum út í útfallsstrauminn um hliðið í útrifinu fram af Landeyjatanga eru líkur á því að hann berist að einhverju leyti burt. Um útrif og hlið og fleiri tengd fyrirbæri í strandlandslagi og strandferlum verður fjallað í framhaldsgreininni. Sú viðleitni sem fólgin er í hugmynd þeirra félaga mun hins vegar ekki koma í veg fyrir að Landeyjatangi haldi áfram að myndast. Hún mun því ekki lengja líftíma hafnarinnar eða gera hana neitt að ráði nothæfari en hún er.

*Höfundur er jarðfræðingur.*

**Merkið sem tryggir að þú fáir íslenskt þegar þú velur íslenskt**

Íslenskt staðfest er upprunamerki fyrir matvörur og blóm sem framleidd eru á Íslandi.

Merkið er svar við óskum neytenda, en allar kannanir segja okkur að yfirgnæfandi meirihluti þeirra vill velja íslenskt og vill skýrar upplýsingar til að hjálpa sér við valið.

Kynntu þér merkið og notkun þess á stadfest.is



# Ráðuneytið hirtir sveitarstjórnir vegna ágangsmála

**Ítarlegt álit umboðsmanns Alþingis, dagsett 11. október 2022, fjallaði um aldagamlan og stjórnarskrárvarinn rétt landeigenda að vera lausir við ágang.**


Kristín Magnúsdóttir.

Álitið var einstaklega illa lesið af forráðamönnum hagsmunasamtaka sauðfjárbænda, Bændasamtökum Íslands, því sl. sumar sendu samtökin sveitarstjórnum bréf um að nýyrðið „lausaganga“, (kom fyrst fyrir í lögum um búfjárhald árið 1991), merkti að kindaeigendur þyrftu ekki lengur að gæta kinda sinna í byggð. Tilgangur samtakanna var að fá sveitarstjórnir til að hundsa álit umboðsmanns og fyrirmæli laga um að smala ágangsfé.

**Sveitarfélög neita að fara að lögum**

Nokkur sveitarfélög kusu að hlýða hagsmunasamtökunum frekar en umboðsmanni Alþingis og neituðu að smala ágangsfé. Nýlega hirti innviðaráðuneytið tvö þeirra hraustlega í úrskurðum.

**Úrskurður 16. febrúar sl.**

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar neitaði að smala ágangsfé og bar fyrir sig að lausaganga væri leyfð skv. fjallskilasamþykkt ofan fjallskilagirðingar og að land ágangsþola væri bæði ófriðað og ógirt. Ráðuneytið gerir ekkert með fyrirslætti sveitarfélagsins og segir m.a:

*„Þá telur ráðuneytið, með hliðsjón af umfjöllun umboðsmanns, að ekki verði séð að ákvæði annarra laga (innskot; t.d. um lausagöngu búfjár eða friðun landa) felli niður skyldur sveitarfélaga skv. IV. kafla laga um afréttarmálefni með skýrum og ótvíræðum hætti eins og nauðsynlegt er til að skilyrði eignaréttarákvæðis stjórnarskrárinnar verði uppfyllt hvað varðar takmörkun á eignaréttindum jarðareigenda m.t.t. ágangs búfjár.“*

Ráðuneytið segir ákvörðun sveitarstjórnarinnar ólögmæta. Henni sé skylt að smala ágangsfé og skipti engu hvort landið sé friðað, girt eða ógirt. Þá húðskammar ráðuneytið sveitarstjórnina fyrir málflutninginn og minnir á að sveitarstjórnir þurfa að gæta þess að þær upplýsingar og viðhorf sem þær láti frá sér séu réttar og framsetning sé eðlileg og sanngjörn gagnvart hlutaðeigandi borgara.

**Úrskurður 18. apríl sl.**

Sveitarstjórn Fjarðabyggðar afgreiddi ekki erindi landeiganda um smölun á ágangsfé, en þvældi erindinu fram og til baka á milli funda og nefnda – án þess að taka ákvörðun! Ráðuneytið kveður sveitarfélagið hafa brotið lög á ágangsþolanda. Um málshraða ágangsmála hjá sveitarstjórnum segir ráðuneytið:

*„Að mati ráðuneytisins er úrlausnarefni þessa máls þess eðlis að það þurfi skjótrar úrlausnar. Er afstaða ráðuneytisins m.a. byggð á því að ágangur búfjár getur valdið allnokkru tjóni á landi þess sem fyrir honum verður og því brýnt að koma í veg fyrir frekara tjón eins fljótt og auðið er.“*

**Lögbrjótar í sveitarstjórnum**

Það er undarlegt þegar stjórnvald, sem byggir alla sína tilvist á að þegnarnir fari að lögum, og hefur eftirlitsskyldu með því á fjölmörgum sviðum, skuli ítrekað, og að því að virðist vitandi vits, brjóta auðskilin landslög. Slík stjórnsýsla fellur undir valdníðslu, sem er refsiverður glæpur.

**Hvað þýðir „lausaganga“...?**

„Lausaganga“ merkir einfaldlega búfé í sínu heimalandi, án þess að vera (nauðsynlega) girt þar inni. Það breytir engu um að búfjáreigandinn ber fulla ábyrgð á því að dýrin hans fari ekki þangað sem þau mega ekki vera. Þegar „lausaganga“ er bönnuð verða búfjáreigendur að girða utan um búfé sitt í heimalandinu. Kindur á afréttum, eru ekki í „lausagöngu“, heldur í afréttargöngu. Kindur sem fara úr heimalandinu í önnur heimalönd eru ekki í „lausagöngu“ heldur ágangsfé, sem sveitarstjórnum ber að láta smala eins fljótt og verða má.

**Niðurstaða**

Enn og aftur er staðfest að sveitarfélögum ber að smala ágangsfé, hvort heldur „lausaganga“ er leyfð eða ekki, hvort heldur landið er girt eða ógirt og hvort heldur landið er friðað eða ekki. Þá ber sveitarstjórn að hraða málsmeðferðinni sem mest hún má, til að draga úr tjóni landeigandans.

*Höfundur er lögfræðingur.*







## Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

RANGÁRÞING EYSTRA

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

**Hvolsvegur og Hlíðarvegur – nýtt deiliskipulag**
Deiliskipulagstillagan tekur til hluta af Hlíðarvegi, Hvolsvegi og gerir ráð fyrir hringtorgi við gatnamót. Með deiliskipulaginu verður hluti mannvirkja víkjandi en gert er ráð fyrir 8-12 íbúðum á tveimur hæðum með risi. Hámarkshæð verður 7,5 m og heildarbyggingarmagn á svæðinu verður 1728 m².
Á þegar byggðum lóðum er gert ráð fyrir byggingarreitum, nýtingarhlutfalli en einnig verður heimilt að byggja bílskúr eða aukahús, allt að 50 m².

**Dímonarflöt – nýtt deiliskipulag**
Tillagan gerir ráð fyrir frístundarlóðum að Dímonarflöt 1-2 og 6-7. Heimilt verður að byggja frístundarhús, gróður- og gestahús ásamt geymslu eða skemmu.
Hámarksbyggingarmagn verður allt að 300 m². Hámarkshæð og húsgerð eru að öðru leyti frjáls.
Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 29. maí 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdafrestur veittur til og með 10. júlí 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt lýsing á aðalskipulagi Rangárþings eystra.
**Miðeyjarhólmur – breyting á aðalskipulagi**
Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að breyta 150 ha. landi úr Miðeyjarhólma, L163408, sem er landbúnaðarland (L1 og L2) í skógræktar- og landgræðslusvæði (SL).
Ofangreind lýsing verður kynnt með opnu húsi á skrifstofu Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, Hvolsvelli, þriðjudaginn 4. júní kl. 8:30 til kl 10:00.
Hægt er að nálgast skipulagslýsinguna á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 29. maí 2024 með athugasemdarfrest til og með 19. júní 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra.
**Dímonarflöt – breyting á aðalskipulagi**
Aðalskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir að 51,6 ha. landbúnaðarlandi (L2) verði breytt í frístundarbyggð (F).
Hægt að nálgast skipulagslýsinguna heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 29. maí 2024 með athugasemdarfrest til og með 19.júní 2024.
Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.
Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Rangárþings eystra.

**Ytra-Seljaland – óveruleg breyting á aðalskipulagi**
Um er að ræða óverulega breytingu á aðalskipulagi að Ytra-Seljalandi (F31). Verið er að leiðrétta afmörkun skipulagssvæðisins, gert er ráð fyrir 35 lóðum sem eru 0,5 til 1,0 ha að stærð.
Stærð skipulagssvæðisins helst óbreytt.

**F.h. Rangárþings eystra**
**Þóra Björg Ragnarsdóttir**
**Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs Rangárþings eystra**

# Í þágu upplýstrar umræðu

## – Svar við grein Páls Gunnars Pálssonar

**Í síðasta tölublaði Bændablaðsins kom út um margt áhugaverð grein eftir Pál Gunnar Pálsson, forstjóra Samkeppniseftirlitsins, þar sem hann fer mikinn varðandi nýlega samþykktar breytingar á búvörulögum.**


Þórarinn Ingi Pétursson.

Greinin er sérstaklega áhugaverð fyrir þær sakir hversu litla innsýn Páll Gunnar virðist hafa á nýsamþykktum breytingum á búvörulögum og stöðu bænda hérlendis. Sé ég mig nauðbeygðan til þess að svara þessari grein sem hann ritar að hans sögn í þágu upplýstrar umræðu.

### *Engar sérreglur*

Páll Gunnar segir að það sé ekki rétt að nýsamþykktar undanþágur séu sambærilegar þeim sem þekkjast í Noregi og innan Evrópusambandsins. Það rétta er að lögin taka tillit til aðstæðna á Íslandi og eru því að hluta til frábrugðið undanþágureglum nágrannaríkja Íslands en byggja þó að öðru leyti á þeirri grunnforsendu sem gildir í nágrannalöndunum, að afurðastöðvum sé heimilt að hafa með sér samráð og samvinnu til að ná fram hagræðingu til hagsbóta fyrir neytendur og bændur. Auk þess stendur Ísland utan landbúnaðarstefnu ESB, sbr. 3. mgr. 8. gr. EES-samningsins. Ákvæði samningsins, og þar með samkeppnisreglur hans, ná því aðeins að litlu leyti til framleiðslukerfis landbúnaðar hér á landi, og svigrúm til að móta stefnu í málaflokknum er því umtalsvert.

Rétt er að halda því til haga að atvinnuveganefnd hefði getað gengið lengra en gert var. Lögin ganga t.d. mun skemur en undanþágureglan í Noregi. Þar gilda samkeppnisreglur þrátt fyrir undanþágu en misnotkun á markaðsráðandi stöðu er heimil. Ef Noregur getur sérsniðið undanþágu fyrir norskan landbúnað þá getur Ísland sérsniðið undanþágu fyrir íslenskan landbúnað sem tekur mið af aðstæðum hér á landi, líkt og var gert með 71. gr. um mjólkuriðnaðinn. Rétt er að geta þess að Noregur er EFTA land líkt og Ísland og aðili að EES-samningnum.

### *ESB, landbúnaður og samkeppnisreglur*

Landbúnaður nýtur sérstöðu í grundvallarlögum Evrópu- sambandsins. Í 1. mgr. 42. gr. sáttmálans um starfshætti ESB er mælt fyrir um að samkeppnisreglur sáttmálans gildi aðeins um framleiðslu og viðskipti með landbúnaðarafurðir að því marki sem Evrópuþingið og ráðið ákveða skv. 2. mgr. 43. gr. sáttmálans og með hliðsjón af markmiðum sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar sem er lýst í 39. gr. sáttmálans. Eru þau að auka framleiðni, tryggja lífskjör í dreifbýlissamfélögum, tryggja stöðugleika á mörkuðum, auka framboð á matvöru og tryggja viðunandi verð til neytenda. Í dómi dómstóls Evrópusambandsins frá 14. nóvember 2017 í máli nr. C-671/15 var því slegið föstu að áherslur samkeppnisréttar um hag neytenda geti ekki einar varðað veginn um mat á gildi samstarfs framleiðenda í landbúnaði. Þar yrði einnig að horfa til markmiða sáttmálans með hinni sameiginlegu landbúnaðarstefnu.

Með öðrum orðum var kveðið á um ákveðin forgangsáhrif landbúnaðarstefnunnar gagnvart samkeppnisreglum sambandsins.

Framleiðendur og framleiðendafélög njóta almennrar heimildar til samstarfs sem tekur til ýmiss konar innviðaverkefna, svo sem sameiginlegrar vinnslu, dreifingar, flutninga, pökkunar, geymslu og meðhöndlunar úrgangs og sameiginlegra innkaupa á aðföngum. Í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir er sérstakur kafli um samkeppnismál. Þar er tekið fram að ráðstafanir framleiðendafélaga um framleiðslu eða sölu landbúnaðarafurða, eða sameiginlega geymslu, vinnslu eða meðferð afurða, falli ekki undir bannreglur samkeppnisákvæða sáttmála um starfshætti ESB nema markmiðum landbúnaðarstefnunnar samkvæmt sáttmálanum sé stefnt í hættu. Um leið er tekið fram að þessar ráðstafanir megi ekki fela í sér skyldu til samræmdrar verðlagningar eða leiða til útilokunar á samkeppni. Ekki er gerð krafa innan ESB um að slík félög séu sérstaklega skráð eða viðurkennd af hálfu opinbera aðila til að þau njóti hinnar almennu undanþágu. Þau geta þó óskað skráningar og þá njóta þau enn frekari réttinda í tilteknum tilvikum.

> „Hátt verð á innlendri landbúnaðarvöru veldur því að neytendur versla aðrar vörur og á sama tíma hafa sífellt fleiri íslenskir bændur verið að bregða búi, því er nú verið að reyna að breyta ...“

### *Völd bænda?*

Páll Gunnar kemur inn á að Samkeppniseftirlitið hafi lýst jákvæðri afstöðu við upphaflegt frumvarp matvælaráðherra og að í umsögn við frumvarpið hafi eftirlitið lagt áherslu á að bændur myndu með skýrum hætti ráða þeim fyrirtækjum sem undanþágurnar tækju til. Með því hefðu skapast hvatar til að færa bændum meiri áhrif og völd í starfandi kjötafurðastöðvum.

Staðreyndin er sú að það voru aðeins þrjú fyrirtæki sem hefðu fengið þessa undanþágu, það voru Matfugl, Stjörnugrís og Ísfugl. Hvernig áttu þessar breytingar að styrkja stöðu bænda? Stjórn hvers félags þarf alltaf að hafa hag félagsins að leiðarljósi, þó að fyrirtæki sé í eigu bænda þá eru þeir ekki að borga meira en fyrirtækið ræður við. Allt tal um aukin völd eru því hér innantómt hjal.

Þegar ljóst var að frumvarpið kæmi ekki til með að ná þeim tilgangi sem lagt var upp með í upphafi lagði meirihluti atvinnuveganefndar til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Nefndin taldi nauðsynlegt að horfa til þess hvernig hægt væri að nálgast frumvarpið betur með það að markmiði að það myndi gagnast fleirum, þar með talið bændum.

### *Um einokun*

Þá er það merkilegt að lesa umfjöllunina um meinta heimild til einokunar sem Páll Gunnar kemur inn á í greininni. Þar heldur hann því fram að með því að veita umræddar undanþágur sé verið að taka úr sambandi eftirlit með samrunum kjötafurðastöðva og opnað fyrir því að komið verði á algerri einokun á íslenskum kjötmarkaði.

Þessi fullyrðing er á þunnum ís og forstjóri Samkeppniseftirlitsins kýs að skauta algerlega fram hjá þeirri staðreynd að öll samkeppni við íslenska kjötframleiðslu kemur erlendis frá. Íslenskur landbúnaður þarf á íslenskum neytendum að halda og á sama tíma þarf innlend framleiðsla að vera samkeppnishæf við innflutta matvöru. Ef ekki er veitt svigrúm til hagræðingar í greininni er næsta víst að neytendur færi sig í auknum mæli yfir í erlenda staðgönguvöru með þeim afleiðingum að það fjarar undan íslenskum landbúnaði. Það sama myndi gerast ef sú hagræðing sem nú er möguleg skilar sér ekki á endanum til íslenskra neytenda. Hátt verð á innlendri landbúnaðarvöru veldur því að neytendur versla aðrar vörur og á sama tíma hafa sífellt fleiri íslenskir bændur verið að bregða búi, því er nú verið að reyna að breyta.

Ástæðan fyrir því að ekki var farin sú leið að fara í opinbera verðlagningu er sú að ákveðið var að treysta að afurðastöðvarnar myndu skila hagræðingunni til bænda, ef ekki þá er það næsta víst að afurðastöðvarnar munu einar af annarri fara að skella í lás, því það er engin íslensk afurðastöð ef það er enginn íslenskur bóndi.

Auk þess er rétt að geta þess og halda til haga að í lögunum er að finna ákvæði sem segir að fyrir lok árs árið 2028 skuli ráðherra flytja Alþingi skýrslu þriggja óháðra sérfræðinga á sviði hagfræði og samkeppnisrekstrar um reynsluna af framkvæmd undanþágureglu 71. gr. A og meta áhrif hennar m.a. með hliðsjón af markmiðsákvæðum laganna. Meta skal sérstaklega hver ávinningur bænda og neytenda hefur verið. Það verður fróðlegt að lesa þessa skýrslu eftir fjögur ár.

### *Varðandi samrunaeftirlit*

Þá er það sérstaklega gott að Páll Gunnar opnaði á umfjöllunina um samrunaeftirlit í grein sinni, það veitir tækifæri til þess að fjalla um það. Staðreyndin er sú að ferlið sem fer í gang við fyrirhugaðan samruna er mjög dýrt og langt, auk þess sem það er alls óvíst hvort það skili einhverjum árangri.

Því er um töluverða áhættu fyrir fyrirtæki að fara þessa leið. Málsmeðferðin þegar Norðlenska, Kjarnafæði og SAH afurðir óskuðu eftir að sameinast tók mjög langan tíma, kallaði á mikla lögfræðiaðstoð og vinnu starfsmanna. Á þessum tíma var sá sem hér skrifar búinn að vera stjórnarmaður í Búsæld sem er hlutafélag bænda sem fer með eignarhlut bænda í Norðlenska og í varastjórn Norðlenska og þekki þar af leiðandi mjög vel til hvað gekk á í þessum samruna. Þeir snúningar sem Samkeppniseftirlitið tók í tengslum við þennan samruna kostuðu fyrirtækið og bændur ríflega 600 milljónir króna og því alls ekki hægt að tala um það sem einfalda og léttvæga leið til þess að feta.

Þá er rétt að geta þess að umrædd viðhorfskönnun sem Páll Gunnar vísar í greininni var þannig úr garði gerð að það var engan veginn hægt að svara henni á annan hátt en að hún kæmi illa út fyrir bændur en ekki hvað samruninn gæti þýtt fyrir bændur. Þannig er nær undantekningarlaust háttað með allar skoðanakannanir sem Samkeppniseftirlitið setur fyrir bændur, yfirleitt er niðurstaðan fyrir fram sögð.

### *Varðandi 15. gr. samkeppnislaga*

Gagnrýnt er í greininni að ekki sé valið að nýta heimild í 15. gr. samkeppnislaga sem heimilar samstarf keppinauta ef sýnt er fram á að samstarfið stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu og veiti viðskiptavinum sanngjarna hlutdeild í ávinningnum.

Því vil ég svara, það er eitt fyrirtæki sem hefur reynt þessa leið, Markaðsráð kindakjöts, og talið að þessi leið sé ófær því hún byggir á sjálfsmati þegar menn fara saman. Ef fyrirtæki ná ekki markmiðum sínum þá hafa þau brotið samkeppnislög og eiga yfir höfði sér mjög háar sektir, því velur enginn að fara þessa leið. Rangt mat á skilyrðum 15. gr. samkeppnislaga kann að leiða til þess að fyrirtæki og samtök fyrirtækja teljast hafa brotið gegn 10. gr. og 12. gr. samkeppnislaga og eftir atvikum 53. gr. EES-samningsins. Brotið kann því að valda fyrirtækjum eða samtökum þeirra stjórnvaldssektum og baka starfsmönnum eða stjórnarmönnum fyrirtækjanna eða samtaka fyrirtækja refsiábyrgð skv. 41. gr. a laganna.

Þá leiðir það af 33. gr. samkeppnislaga að ef skilyrðum 15. gr. er ekki fullnægt er samningurinn ógildur. Þá kann rangt mat á skilyrðum 15. gr. samkeppnislaga að leiða til þess að viðkomandi aðilar verði dæmdir til greiðslu skaðabóta ef brot þeirra á 10. eða 12. gr. samkeppnislaga hefur valdið tjóni.

Þá taldi meirihluti atvinnuveganefndar að ákvæði 15. gr. samkeppnislaga veiti ekki nægjanlegt svigrúm til samstarfs, m.a. þar sem ekki er heimilt að taka tillit til hagsmuna framleiðenda. Þess utan er tilgangur búvörulaga m.a. að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu og vinnslu og sölu búvara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur. Þá er tilgangur laganna að kjör þeirra sem landbúnað stunda verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta og að stuðla að jöfnuði milli framleiðenda í hverri búgrein hvað varðar afurðaverð og markað.

Þá skal nefnt að innan regluverks ESB, einstakra aðildarríkja og Noregs hefur verið talið nauðsynlegt og æskilegt að lögfesta sérstakar undanþágur varðandi landbúnað til viðbótar við sambærileg ákvæði 15. gr. íslensku samkeppnislaganna. Með öðrum orðum þá eru til staðar almennar undanþágur sambærilegar þeim sem eru í 15. gr. og síðan sértækar undanþágur fyrir landbúnað.

Er það talið nauðsynlegt vegna sérstaks eðlis landbúnaðarstarfsemi og hafa þær undanþágur ákveðin forgangsáhrif gagnvart samkeppnislögum.



***Það eru skilyrði***

Enn og aftur, í ljósi upplýstrar umræðu er rétt að leiðrétta rangfærslur um hvað afurðastöðvarnar mega og mega ekki gera. Því er rétt að fara hér betur yfir 71. gr. og skilyrði afurðastöðva til þess að nýta heimildina. Í lagagreininni segir:

*„Þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga er framleiðendafélögum skv. 5. gr. heimilt að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu milli afurðastöðva að því er varðar framleiðslu einstakra kjötafurða og hafa með sér annars konar samstarf til þess að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu kjötvara.* ***Framleiðendafélög sem nýta sér heimild 1. mgr. skulu****:“*

Þá eru talin upp skilyrði í fjórum stafliðum sem ástæða er til þess að fjalla um betur og það ekki í fyrsta skiptið.

Fyrst ber að nefna stafllið a. sem segir að afurðastöðvum sem hyggjast nýta sér heimildina sé skylt að safna afurðum frá framleiðendum kjötvöru á sömu viðskiptakjörum. Þetta skilyrði var sett inn til að tryggja að allir framleiðendur séu jafnsettir hvað varðar möguleika á að koma búfé til slátrunar óháð staðsetningu og á sömu viðskiptakjörum. Með öðrum orðum, bændur geta valið hvar gripum er slátrað, öfugt við það sem Páll Gunnar heldur fram. Vissulega mun framtíðin ein leiða í ljós hvar slátrað verður í framtíðinni, en það er nokkuð víst að lítið land eins og Ísland þarf ekki á mörgum sláturhúsum að halda.

Þá að öðru skilyrði, stafllið b., þar sem segir að framleiðendafélögum sé skylt að selja öðrum vinnsluaðilum afurðir til frekari vinnslu á sömu viðskiptakjörum og vinnsluaðilum sem lúta þeirra stjórn. Með þessu skilyrði er stefnt að því að stuðla að samkeppni og fyrirbyggja að aðrir vinnsluaðilar þurfi að greiða hærra verð fyrir sömu vöru og aðilar sem lúta stjórn framleiðendafélaga.

Þriðja skilyrðið, stafliður c., kveður á um að ekki sé heimilt að setja skorður við því að framleiðendur færi viðskipti sín til annars aðila. Er þessu skilyrði ætlað að efla og tryggja samningsstöðu bænda og stuðla að því að samkeppni ríki áfram á markaði. Enda er ekki ljóst að allir sláturleyfishafar taki þátt í því samstarfi sem heimilað var með þessum breytingum.

> Þetta er upphafið að því að breyta starfsskilyrðum bænda til góðs og þetta verður til þess að afurðastöðvar skili hagræðingunni til bænda, hvort sem það er skrifað inn í lög eða ekki ...“

Að lokum, í stafllið d. er framleiðendum tryggður réttur til að eiga einungis viðskipti við framleiðendafélag um afmarkaða þætti, svo sem slátrun. Með þessu skilyrði er stuðlað að því að tryggja samningsstöðu bænda og fyrirbyggja hindranir fyrir minni keppinauta í slátrun og vinnslu sem lögin gætu ella skapað. Með þessum hætti er þeim auðveldað að vinna og markaðssetja afurðir sínar sjálfir ef þeir kjósa að gera það.

Breytingarnar á búvörulögum ganga aðeins út á það að heimila samstarf um þessa afmörkuðu þætti. Allar fabúleringar Páls Gunnars um að undanþágurnar veiki bann við samráði við kaup á aðföngum svo sem áburði, eða samráðs við kaup á tollkvóta eiga ekki við rök að styðjast. Frumvarpið gengur ekki út á það að heimila þessa þætti og það sætir furðu að maður sem starfar sem forstjóri Samkeppniseftirlitsins skuli halda slíkum falsfréttum á lofti. Um efni frumvarpsins og breytingartillögu meirihluta atvinnuveganefndar er fjallað um í nefndarálit sem og í umræðum á Alþingi, sem líta ber á sem lögskýringargögn við túlkun þessara laga. Ekkert er þar fjallað um heimildir varðandi þá þætti sem Páll Gunnar telur reyna muni á í framtíðinni.

***Um varnir og vilja bænda***

Þá í grein sinni hefur forstjóri Samkeppniseftirlitsins miklar áhyggjur að varnir bænda gagnvart þeim undanþágum sem nú hafa verið veittar séu litlar. Til að svara því vill undirritaður benda á að afurðastöðvarnar sem í hlut eiga eru ekki í meirihlutaeigu bænda, að undanskildum afurðastöðvum í svína- og kjúklingakjöti. Bændur geta því ekki veitt fyrirtækjunum eigendaaðhald með fullum þunga – og hvernig eiga menn að veita fyrirtæki eigendaaðhald? Fyrirtæki verður að geta rekið sig burt frá því hverjir sitja í stjórn, markmiðið með þessum lögum er að veita möguleika á að hagræða svo hægt sé hækka verð til frumframleiðenda og halda verði samkeppnishæfu við innflutning.

Þá segir í greininni að hagsmunir starfandi kjötafurðastöðva beinist að því að þrengja svigrúm bænda til að stjórna afurðum sínum sjálfir fremur en rýmka, s.s. með því að hækka verð á heimtöku og herða heilbrigðiskröfur. Hvaða rangfærslur eru þetta? Þetta er þvert á móti skrifað inn í frumvarpið og vil ég benda Páli Gunnari á að renna enn einu sinni yfir skilyrðin.

Auk þess segir í greininni að eina verndin sem hin nýja löggjöf veiti bændum sé að það sé óheimilt að neita bændum um að taka við gripum til slátrunar. Þetta er rangt, þeim ber skylda til að ná í alla gripi, þeim ber skylda til að slátra þeim sem og að þjónusta. Þá er ekki heimilt að okra á heimtöku.

Þá veltir greinarskrifari fyrir sér hver vilji bænda sé, það rétta er að bændur höfðu ekkert um stöðuna að segja í gamla kerfinu og hafa heldur ekki núna þar sem þeim er óheimilt að semja um verð. En við getum alveg farið í það ef það er vilji Samkeppniseftirlitsins að heimila undanþágu frá samkeppnislögum þess lútandi.

Að lokum, það er svo sannarlega nýtt upphaf hjá bændum með þessum lögum. Þetta er upphafið að því að breyta starfsskilyrðum bænda til góðs og þetta verður til þess að afurðastöðvar skili hagræðingunni til bænda, hvort sem það er skrifað inn í lög eða ekki.

Ég fagna áhuga Páls Gunnars á málefnum bænda en það færi betur að hann myndi ganga í takt við vilja þeirra og skilja þeirra skoðanir.

*Höfundur er formaður atvinnuveganefndar, þingmaður Framsóknar og bóndi.*




Litir Hvítt: RAL 9010 Dökkgrátt: RAL 7016 Svart: RAL 9011
TECHTAN® sterkar þakrennur, úr blöndu af PVC og Títaníum
LOFT&RAFTÆKI
Hjallabrekka 1 - Dalbrekkumegin | 200 Kópavogur | S: 564 3000

ZForce 1000 Sport R
CFMOTO

3.590.000,-
*Skemmtilegur buggybíll sem nýtist bæði í leik og starf. Kraftmikill mótor kemur þér þangað sem þú þarft og stillanlegir gasdemparar gera ferðina þægilega ásamt öllum þeim möguleikum sem bíllinn býður upp á.*
Umboðsaðilar:
***Kaupfélag Skagfirðinga**, Sauðárkróki.* ***Lyngás**, Hellu.* ***Bikevik**, Reykjanesbæ,* ***AB varahlutir**, Egilsstöðum.*
NITRO
Nítró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

RÍKISKAUP
Borgartúni 26, 105 Reykjavík | Sími 530 1400 | www.rikiskaup.
Allar nánari upplýsingar veita starfsmenn Ríkiskaupa s. 530-1400 eða í gegnum netfangið: fasteignir@rikiskaup.is

TILBOÐ ÓSKAST Í SUMARHÚS TIL FLUTNINGS

**Húsið er staðsett á lóð Verkmenntaskólans á Akureyri**
og byggt af nemendum í húsasmíði, rafvirkjun og pípulögnum.
Húsið er ekki fullklárað og selst í því ástandi sem það er í á lokatilboðsdegi.
Um er að ræða timburhús, 64 m2 að grunnfleti með 8,3 m2 millilofti að auki þar sem getur verið svefnaðstaða og/eða geymsla.
Húsið selst í því ástandi sem það er í á tilboðsdegi.

**Ekki verður tekið við tilboðum lægri en 20.000.000.00 ISK**
en Verkmenntaskólinn á Akureyri áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.
Húsið stendur á norðurplani við byggingadeild VMA. Nánari upplýsingar eru á vma.is og á facebook síðu byggingadeildar (https://www.facebook.com/byggingadeild) og frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 464 0300, hjá brautarstjóra byggingadeildar í síma 8966731/helgi.v.hardarson@vma.is og Ríkiskaup í síma 530 1400.
Húsið er tilbúið til flutnings og þarf kaupandi að fjarlægja það eigi síðar en15. ágúst 2023.

Hægt að gera tilboð í húsið hér: **https://island.is/sala-sumarhusa**

BYSSUSKÁPAR


Vesturröst
Laugavegi 178 - Sími: 551 6770 - www.vesturrost.is

# Saga af forystusauðnum Meistara

**Árið 2013 fæddust hér á Grindum í Deildardal tvö hrútlömb af forystukyni, voru þeir vorgeltir og hugmyndin að eiga og setja á forystusauð.**


Rúnar Hreinsson.

Annar þeirra var móarnhöfðóttur, hinn móblesóttur leistóttur. Þann móblesótta ákvað ég að gefa ungum dreng, Hólmari í Vogum, litla bróður konunnar minnar, sem sé mági mínum og kærum vini, sem þá var að verða 12 ára. Þetta er sagan af þeim sauð, það er forystusauðnum, ekki Hólmari. Sögusviðið er Deildardalur og Deildardalsafrétt í Skagafirði.

Þessi tvö forystulömb fóru á fjall með móður sinni, sem var forystuær frá Leifsstöðum í Öxarfirði, þá þriggja vetra gömul. Á einhverjum tímapunkti yfir sumarið hafa leiðir þeirra skilið, og móblesótta lambið viljað kanna veröldina upp á eigin spýtur, hann sem sagt fer undan móður sinni og yfirgefur bróður sinn, sem fylgdi móðurinni.

Um þetta vissi náttúrlega enginn, allavega enginn mennskur. Sumarið líður og haustið að hefjast með öllum sínum ævintýrum og smalamennskum. Í göngum kemur undanvillti, móblesótti sauðurinn fyrir og rekst vel, svo vel raunar að hann rennur á undan safninu í gegnum afréttarhliðið og áleiðis til réttar.


Síðasta myndin af þeim félögum, tekin í vor. Meistari ellefu vetra.
Myndir / Einkaeign

Þegar til réttar er komið er ljóst að fleiri gangnamenn höfðu tekið eftir og haft orð á vasklegri framgöngu hjá þessu undanvillta smálambi sem rann á undan safninu, í gegnum afréttarhliðið og niður að rétt, já þetta móblesótta, leistótta smálamb, þetta voru snilldartaktar hjá honum, einhver sagði að þetta væri algjör meistari, og þar með var það komið, nafnið á þennan forystusauð, Meistari, stórt nafn á lítið lamb og öll ævin fram undan.

Meistari fór um haustið á sitt nýja bú, Voga á Höfðaströnd, þar sem tengdaforeldrar mínir ráku á þeim tíma fjárbú, og eigandi hans Meistara vildi að sjálfsögðu að hann væri hjá sér. Hann fékk mikið og gott atlæti yfir veturinn og stækkaði hratt og mikið. Hornin hjá vorgeltum sauðum vaxa oft ansi mikið út til hliðanna og með mildum sveig og verða oft fyrirferðarmikil. Hornin hans Meistara uxu á þann hátt að þau urðu meira hringlaga, þó ekki eins og á hrút heldur þannig að þau uxu upp, og aftur og sveigðu svo aftur í átt að skrokknum, og urðu þar að leiðandi ansi mikilfengleg og stór um sig. Meistari var til heimilis, ef svo má segja, í Vogum allt fram til ársins 2016, og veit ég ekki betur en að það hafi gengið vel með hann þar. Að vísu leitaði hann í átt til heimahaganna, fyrsta sumarið á afrétti þar, en komst nú ekki alla leið í það skipti. Þegar fjárbúskap var hætt í Vogum lá beinast við að Meistari kæmi aftur heim á æskuslóðirnar, í kjölfarið, þá orðinn þriggja vetra. Ég held að allir hafi verið býsna sáttir við það og ekki síst sá sem þessi saga er um. Greinilegt var að hann undi sér vel og átti nú aðeins eftir að vaxa og dafna í sínum verkum.


Hólmar með sauðinn, fyrsta haustið þegar hann kom af fjalli undanvilltur. Hann sýndi strax greinilega forystuhæfileika.


Nýrúinn Meistari.


Meistari á sínum bestu árum.

Hann var hafður með fé sem gengur við opið um veturinn og unir sér vel, kóngur í ríki sínu.

Í sumarbyrjun þegar hægt er að fara með fé á afrétt, fer Meistarinn ásamt öðru fé til fjalla og er ætlað að dvelja þar sumarlangt. Hinn heimakæri, móblesótti sauður var hins vegar kominn úr afréttinni í ágústbyrjun, en eitthvað tekið á sig krók á heimleiðinni, og lenti á bænum Stafnshóli, hjá Þórði. Til að skýra betur út legu jarðanna þá eru Grindur og Stafnshóll í raun nágrannabæir en Grafará rennur milli jarðanna, og í sjó fram. Þórður sagði, svo ég vitni beint í hann: „Hann móblesi þinn var nú bara nokkuð rólegur hérna hjá mér, en hann labbaði oft upp á hólinn hérna fyrir ofan og horfði heim í Grindur, hann vissi alveg hvar hann átti heima.“

Að lokum yfirgaf Meistari Stafnshól og hélt í áttina heim, en átti ekki gott með að finna sér stað að fara yfir ána. Ekki svo að skilja að um neitt stórfljót sé að ræða eða straumþunga á, hann var bara alltaf frekar varfærinn. Hann var eina tvo eða þrjá daga beint á móti heimastöðvunum og horfði heim, en þar er áin hyldjúp svo ekki fór hann þar yfir. Loks fann hann sér stað þó nokkru neðar og fór þar yfir ána og hélt svo í áttina heim, kominn réttum megin við ána. Sigri hrósandi gekk hann inn um veghliðið heim að bænum sínum.

Sami háttur var hafður á veturinn eftir, hann hafður úti við með fé sem gekk við opið. Næsta sumar var farið með hann ásamt fleira fé á dráttarvél með vagni fram á afrétt.

Þessari ferð verð ég að gera betur skil.

Ég var búinn að setja fé á vagninn, sem skiptist í tvö hólf. Meistari var í fremra hólfinu ásamt lambfé. Bjarkey, eldri dóttir mín, og vinkona hennar voru 9 og 10 ára gamlar og fóru með í ferðina, enda fátt eins magnað og að fara fram í afrétt með fé á sumarkvöldi.

Þegar við erum komin vel áleiðis og ferðin fer að hægjast fá þær að vera á vagninum með fénu, því það er skemmtilegast í heimi fyrir 9 og 10 ára krakka (já og reyndar fullorðna líka) að fá að vera á fjárvagni innan um fé og keyra á afrétt.

Þær standa fremst á vagninum og hafa gaman, og syngja, þegar ein ærin fer að gera sig líklega að renna á þær. Þær kalla eitthvað á mig hálfskelkaðar en ég læt mér þetta í léttu rúmi liggja, í bili.

Ærin fer nú að verða ágengari við þær og er alveg líkleg til að láta vaða á þær hvað á hverju og þær eru byrjaðar að kalla á mig og hálfkjökra. Meistarinn er þarna á vagninum og skynjar að þær eru minni máttar í þessu samhengi og að hin kollótta vinkona hans gæti látið til skarar skríða hvenær sem er.

Þar sem stelpurnar standa í horninu fremst á vagninum kemur sauðurinn fram til þeirra og gengur á milli þeirra og kindarinnar sem hafði gert sig líklega til að renna í þær. Róuðust nú allir um stund og Meistari ætlar að færa sig til baka, en þá ætlar ærin aftur að gera sig líklega til að renna í stelpurnar, svo hann sá að best væri að halda kyrru fyrir og stóð það sem eftir var ferðarinnar á milli stelpnanna og kindarinnar sem hafði verið að ógna þeim. Mikið var honum





Meistari og eigandinn, Hólmar Björn Birgisson.

klappað, líklega svo hann yfirgæfi ekki stelpurnar, og svo þegar honum var sleppt út af vagninum fékk hann ærlegt knús frá stelpunum, sjálfur bjargvætturinn. Þetta var magnað að sjá og fá að upplifa, þessa skynugu skepnu sem tók stjórnina á vagninum.

En líkt og árið á undan kom hann sjálfur heim í ágústbyrjun og nú fipaðist hann hvergi á leiðinni, mættur heim til sín bara býsna drjúgur með sig.

Þennan háttinn hafði hann á, það er að koma tímanlega heim á haustin, þar til síðustu tvö, þrjú árin, en þá fékk hann einfaldlega að vera í heimahögunum yfir sumarið og undi því vel. Of langt mál væri að telja allt upp sem hann gerði minnisvert um dagana, en þó ber þess að geta að um fengitíma var hann alltaf hafður inni með gemlingum sem ekki var haldið, og oft gaukað einhverju góðgæti að honum á þeim tíma, en þó var hann aldrei frekur á það, eða sóttist eftir einhverju kjassi.

Eins verð ég að nefna að hann einfaldaði allan innrekstur á fé hvort sem það var á haustin, eða ef þurfti að reka inn það fé sem gekk við opið sökum veðurs.

Alltaf rann hann á undan og inn, hann var líka fyrstur út þegar svo bar við. Þegar honum var hleypt út á vorin með lambfé, eftir innistöðu, í hólf við fjárhúsin, fylgdist hann með lömbunum leika sér, en lét annars lítið fyrir sér fara.

Í vor varð Meistari ellefu vetra gamall, og var seinni hluta vetrar, eða nú undir vor, farinn að slappast. Hafði ekki eins góða lyst og áður og var greinilega farinn að verða gamall. Ég hleypti honum út um miðjan maí saman með lambfé einsog ætíð áður og gekk hann rólega í heyið með fénu, át svolítið og lagðist svo og fylgdist með lömbunum að leik.

Var ég viss um að nú myndi hann hressast og braggast, þó ég vissi líka að nú væri síðasta sumarið runnið upp hjá þessum höfðingja. Morguninn eftir stóð hann næst fjárhúsunum, einn, og leit til mín þegar ég gekk út.

Ég gekk til hans, og við vissum, já, við vissum það báðir. Ég tók í annað hornið á honum og hann teymdist við hlið mér eins og hestur og inn í fjárhús. Þar lögðumst við vinirnir í heyið og hann lagði höfuðið á sér í fangið á mér. Meistari stóð aldrei upp aftur.

Það eru mikil forréttindi að fá að eiga og hugsa um skepnur, og að fá að kynnast stórbrotnum karakterum, sem hafa svona mikil áhrif á mann. Þessi kind var í miklu uppáhaldi hjá mér og minni fjölskyldu og vakti athygli þeirra sem sáu hann.

Meistari var eins og forystusauð sæmir, háfættur og greindarlegur, blesan breið og augun blíðleg. Hornin kórónuðu glæsilegt höfuðið. Léttrækur og ekki til vandræða í rekstri, skynsamur og hélt sig nálægt manninum þegar hann var í rétt, eða í húsi. Móblesóttur, leistóttur, heimakæri Meistarinn hvílir sín gömlu og þreyttu bein við húsin þar sem hann gekk við opið á vetrum og var eins og áður segir kóngur í ríki sínu.

Takk fyrir lesturinn, hann sýnir að þér er annt um íslensku sauðkindina.

*Höfundur er bóndi á Grindum í Skagafirði.*




Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi, með eða án rekstrar.
Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.
Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali, s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg

LSB Lífeyrissjóður bænda
Til sjóðfélaga í Lífeyrissjóði bænda
Ný sjóðfélagayfirlit eru nú aðgengileg á sjóðfélagavef Lífeyrissjóðs bænda.
Við hvetjum sjóðfélaga til að bera saman upphæðir launaseðla og upphæðir á yfirlitum og láta vita ef greiðslur vantar.
LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA
Stórhöfða 23 - 110 Reykjavík
s. 563 1300 - lsb@lsb.is – www.lsb.is

VATNSVIRKINN



LÍFRÆN SKOLP HREINSISTÖÐ
• Stöðin kemur samsett og tilbúin til uppsetningar
• Hátt hreinsunarstig
• Lyktarlaus
• Einföld uppsetning
• Ekki þörf á siturlögnum
• Möguleiki á fjartengingu við upplýsingakerfi




vatnsvirkinn@vatnsvirkinn.is - Sími 510 1400 - www.vatnsvirkinn.is

NÝI ÖKUSKÓLINN
Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári
Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is
Réttindin gilda í Evrópu
Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið
Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far

Vetrarsól er umboðsaðili
STIGA
Gulltryggð gæði
40 ár á Íslandi










Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is VETRARSÓL

Skaftfell:

# Nýr listrænn stjórnandi

**Celia Harrison er nýr listrænn stjórnandi Skaftfells, listamiðstöðvar Austurlands á Seyðisfirði.**

Celia hefur verið með aðsetur á Seyðisfirði frá árinu 2015 en hún er með doktorsgráðu í list og hönnun þar sem hún rannsakaði samfélagslega þróun í gegnum listsköpun á tímum loftslagsáskorana.

Celia er líka einn stofnenda listahátíðarinnar „List í ljósi“ ásamt því að koma að stofnun menningar- og félagsheimilisins Herðubreiðar á Seyðisfirði. Hún gegndi jafnframt starfi meðstjórnanda LungA skólans um nokkurra ára skeið.

„Ég stefni að því að taka til greina víðtæk innlend og alþjóðleg sjónarhorn og styrkja raddir listamanna, sem tilheyra minnihlutahópum og á sama tíma tryggja tengingu Skaftfells við sérstöðu svæðisins og Austurlands. Skaftfell er einstök listamiðstöð sem skipar stóran sess í sögu Seyðisfjarðar og Austurlands.

Það er sannur heiður að fá tækifæri til að halda áfram þeirri listrænu arfleifð og ég hlakka til að vinna með öllum sem að henni koma,“ segir Celia.

Sýningin, sem stendur nú yfir í Skaftafelli ber titilinn *„Heiðin“* og er hluti af nýrri dagskrá Skaftfells og er sú fyrsta í nýrri sýningaröð, sem Celia hefur skipulagt. /mhh



**Celia Harrison er að auki einn stofnenda listahátíðarinnar „List í ljósi“ og kom að stofnun menningar- og félagsheimilisins Herðubreiðar.**

# Rafbók um býflugur

**Ingvar Sigurðsson, býflugnabóndi í Hveragerði, gefur út 130 síðna rit um býflugnaræktun.**

Bókina verður hægt að nálgast endurgjaldslaust á vefsíðunni byfluga.is á næstu dögum. Ingvar segir í fréttatilkynningu að honum hafi fundist vanta aðgengilegar upplýsingar um býflugnaræktun á íslensku. Ritverkið er handbók um þau atriði sem þarf að hafa í huga við upphaf býræktunar, býkúpur, klæðnað, fóður, verkfæri og fleira.

### *Lifandi verkefni*

Ingvar segir hugmyndina vera þá að bókin verði opið verkefni sem geti þróast með tímanum. Lesendur geti því sent inn breytingartillögur og komið með ábendingar um efni sem hægt væri að bæta við. „Á þann hátt getur bókin stækkað og orðið að meira gagni með tíð og tíma,“ segir í fréttatilkynningunni.

Þá kemur fram að í bókinni sé farið yfir yfirvetrunaraðferðir sem hafi gefið góða raun á norrænum og köldum slóðum, eins og í norðanverðum Bandaríkjunum, Kanada, Rússlandi og víðar. Býflugnadauði hafi gert íslenskum bændum erfitt fyrir, en með réttum búnaði og aðferðum sé hægt að minnka affölllin verulega.




**Höfundurinn Ingvar Sigurðsson og bókin Ræktum býflugur, sem hægt er að fá endurgjaldslaust á vefnum byfluga.is.** Myndir / Aðsendar

### *Hentar með landbúnaði*

Jafnframt kemur fram að býflugnaræktun geti hentað með landbúnaði, en uppskera repjufræja geti aukist um fimmtán prósent í návígi við býflugnabú. Þeir sem rækti iðnaðarhamp geti safnað miklu frjói, sem sé verðmæt fæða. Þá skapi skógrækt góðar aðstæður fyrir býflugurnar.

Bókarhöfundurinn segist hafa unnið verkefnið í kyrrþey og upp á eigin spýtur. Hann sé ekki skráður í Býflugnaræktendafélagi Íslands, en sé hluti af litlum hóp ræktenda sem hafi flutt inn býflugur frá Álandseyjum. Frá árinu 2000 hefur hann viðað að sér miklum fróðleik um búgreinina og ræktað býflugur sjálfur frá 2019. /ál




# Veðurglöggur jaðrakan

**Orðsins list kemur að þessu sinni frá Sigurði Ægissyni.**

Sigurður er fæddur árið 1958, prestur, þjóðfræðingur og rithöfundur. Sóknarprestur á Siglufirði frá 2001. Hafði áður verið sóknarprestur á Djúpavogi, Bolungarvík og Grenjaðarstað og aðstoðarprestur í Noregi um skeið.

Sigurður hefur sent frá sér fjölmargar fróðlegar bækur, svo sem: Völvur á Íslandi, Hrafninn - þjóðin, sagan, þjóðtrúin, Íslenskar kynjaskepnur, Íslensku fuglarnir og þjóðtrúin, Gústi alþýðuhetjan, fiskimaðurinn og kristniboðinn, Hvalir, Fugladagbókin, Íslenska Biblían, ágrip rúmlega fjögurra alda sögu, auk bóka með fleiri höfundum.

Hann vinnur nú að skrifum æviminninga Karólínu Elísabetardóttur í Hvammshlíð, þýsks bónda, frumkvöðuls og verkfræðings, nú með íslenskan ríkisborgararétt. Segir Sigurður sögu hennar m.a. merka fyrir að hún hafi leitt saman alþjóðlegt teymi sérfræðinga til að vinna bug á riðuveikinni. /sá

*... „Þegar jaðrakan kom í nýslegin og hirt tún seinni hluta dags, sem var honum eðlilegast, var hægt að ráða veður næstu daga af látbragði hans. Væri hann kvikur og vappaði hratt um túnið og léti eins og hann hefði ekki tíma til að gæta vel að æti sínu, vissi það á rosa, og því lengur sem hann var órólegri. Væri hann mjög hnarreistur og bæri sig fatt og stikaði löngum sporum um túnið, en hann er fugla hálslengstur og fótahæstur, þá vissi það á langan rosa. Sumir sögðu jafnvel langan rosakafla. Sumir sögðu og, að hann söngladði þá með gleði hljómmikilli rödd: „Santuí“.*

*En kæmi hann með hægð í túnin, færi að tínslu sinni á ánamöðkum og öðru með gætni og hógværð, kroppaði með rólegheitum og stikaði ekki löngum skrefum um túnið, heldur færi hægt og rólega, án þess að sýna á sér nokkurn hraða, þá vissi það á þerri og jafnvel langan, því lengri, sem jaðrakan var rólegri. Hann söng þá með hvellri röddu og oft hljómmikilli: „Turruí“. Söngur hans var þá oft tilkomumikill, og var ánægja að heyra í hann.*



*Á engjaslætti kom jaðrakan á stundum í nýhirtan teig. Hann leitaði sér þar að æti, og var hann alltaf látinn í friði við það, eins og heima á túnum. Hann hafði þá yfir sama sönginn, og hér er greint að framan. Veittu bændur honum athygli og fóru eftir honum og spádómum hans. Spádómar hans brugðust aldrei, og var hann veðurglöggur með afbrigðum, og ég held, að enginn fugl hafi tekið honum fram í þeirri grein, nema ef vera skyldi himbriminn. Þess má geta, að oftar þegar jaðrakan kom í teig á sumrin, nýhirtan, vissi það á rosa, eða réttara sagt hann spáði rosa. Var hann því ekki eins mikill aufúsugestur þar og í nýhirt tún.*

*Fleiri voru einnig spádómsmerki flóajaðrakans, er þeir skildu einir, er glöggir voru og færir í fuglafræðum og miklir veðurfarsmenn, eins og það var nefnt áður fyrr. Á stundum er glíjur voru, var jaðrakan oft mjög nærgöngull í teigi og settist jafnvel milli flekka til að tína sér æti. Brást þá aldrei, að langur rosi var í vændum.*

*Sama var að segja, ef hann var mjög nærgöngull við menn í teigi seinni hluta dags, ef brá af um stund er þurrklaust var. Vissi það á gott veður daginn eftir og þurrk. Sumir sögðu, að það síðarnefnda vissi á skúrir daginn eftir og nokkra glíju eða flæsu, lina og gagnslausa.“ (Jón Gíslason frá Stóru Reykjum í Hraungerðishreppi í Flóa (Úr farvegi aldanna, 1974)). ...*

*Íslensku fuglarnir og þjóðtrúin, Sigurður Ægisson, Bókaútgáfan Hólar efh., 2020, bls. 173-4.*

**Rosi:** regn, óþurrkar og vindasöm veðrátta.

**Glíja (glýja) og flæsa:** þurrkflæsur, daufur þerrir eða þokuslæða, skammvinnur heyþurrkur, léleg þerrigola, glatt en skammvinnt sólskin.




Toyota LC 2006



- GX, beinskiptur, Wabesto miðstöð.
- Vel með farinn og vel við haldið.
- Ekinn 375.000 km.
- Lítið ryð.
- Frekari upplýsingar í s. 899-1046.

Listahátíð:

# Listin teygir sig víða

## – Yfir 80 listviðburðir um borg og bý

**Listahátíð í Reykjavík fer fram dagana 1. til 16. júní. Hátíðin teygir sig einnig með ýmsa viðburði út á landsbyggðina.**

Listahátíð fagnar fjölbreytileika mannlífsins og setur aðgengi og virðingu fyrir umhverfinu í forgang, að sögn forsvarsmanna hennar. Við verkefnaval er hátíðin sögð hafa faglegan metnað, kjark, lífsgleði og stórhug að leiðarljósi. Á dagskránni í ár er fjölbreytt úrval yfir 80 listviðburða af ýmsum toga og sumir þeirra utan Reykjavíkur.

***Sæskrímsli, ljósmyndir og ljóð***

Sem dæmi um viðburði á landsbyggðinni er Sæskrímsli. Segir um sýninguna í kynningu að hún sé „fyrsta stóra götuleikhússýningin sem unnin er á Íslandi. Skrímslin ganga á land í von um að minna okkur á að passa upp á náttúruna okkar. Sýningin ferðast á Akranes, Ísafjörð, Húsavík og í Neskaupstað.“ Tilgreind er listsýningin Rask í Sláturhúsinu á Egilsstöðum. „Þar mætast Agnieszka Sosnowska ljósmyndari og Ingunn Snædal ljóðskáld,“ segir í kynningu. „Samspil ljósmynda og ljóða birtast sem vitnisburður um þróun lands og eyðingu.“

Þá verður samsýningin Er þetta Norður? í Listasafninu á Akureyri. Þar fjallar listafólkið um „sameiginlega reynsluheima fólks sem býr á Norðurslóðum“.

***Suðupottur listsköpunar***

Á Siglufirði verður INTO festival í Alþýðuhúsinu. „Alþýðuhúsið er handhafi Eyrarrósarinnar í ár sem eru verðlaun veitt annað hvert ár fyrir framúrskarandi menningarstarf á landsbyggðinni. Á INTO festival sameinast listafólk víðs vegar að úr heiminum og sýnir verk sín. Myndlist, gjörningar, útilistaverk, tónleikar og ljóðalestur eru meðal þess sem áhorfendur mega búast við að finna á hátíðinni,“ segir í kynningu.

„KIOSK 108 er sjálfstæður vettvangur lista á Seyðisfirði. Þar finna gestir einstakan suðupott sjónlista, tónlistar og gjörninga. KIOSK 108 býður upp á tveggja daga hátíð þar sem fléttast saman framsækin listsköpun og tónlist svo úr verður margbreytilegt og ástríðufullt neðanjarðarpartí.“

Þá má nefna skúlptúrsýninguna Í lausu lofti sem verður í Gallerý Úthverfu á Ísafirði. Þar sýnir Auður Lóa Guðnadóttir skúlptúra „sem fjalla um það að tilheyra og tilheyra ekki, græna páfagauka í almenningsgörðum Lundúna, flöskuskeyti og allt þar á milli. Auður Lóa hefur einbeitt sér að skúlptúrum úr máluðum pappamassa.“

Heildardagskrá er að finna á vef Listahátíðar.

*/sá*



**Sýningin Rask verður í Sláturhúsinu á Egilsstöðum 6. júní til 31. ágúst þar sem ljósmyndin og ljóðið eru leidd saman.** Mynd / Listahátíð-Agnieszka Sosnowska


Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is • www.fasteignamidstodin.is










Skráið smáauglýsingar
á www.bbl.is

Vélaskólinn
Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu
www.velaskolinn.is




Svanhildur Pálsdóttir, viðburðastjóri Prjónagleðinnar á Blönduósi, Margrét Jónsdóttir og Katrín Andrésdóttir á síðustu hátíð.



Svanhildur Pálsdóttir við stjórnborðið.



Kjóllinn hennar Mirabel úr Disney-teiknimyndinni Encanto var hluti af sýningu sem var á Prjónagleðinni 2023.

## Blönduós:

# Prjónagleðin í áttunda sinn

**Prjónahátíðin Prjónagleði verður haldin í áttunda sinn á Blönduósi helgina 7.-9. júní.**

Svanhildur Pálsdóttir segir að hátíðin byggist sem fyrr upp á námskeiðum, fyrirlestrum og prjónatengdum viðburðum, en hún er starfsmaður Textílmiðstöðvar Íslands og Húnabyggðar sem standa fyrir hátíðinni.

„Garntorgið er svo alltaf hjarta hátíðarinnar þar sem 24 söluaðilar af öllu landinu verða með alls konar spennandi prjónatengdan varning til sölu, meðal annars íslenskt ullargarn af ýmsu tagi, bæði frá smáframleiðendum og Ístex. Á Garntorginu er einnig prjónakaffihús þar sem hægt er að njóta góðra veitinga, spjalla og prjóna. Við höfum alltaf fengið mjög góðar viðtökur í bænum og í prjónaheiminum á Íslandi – og ekkert vandamál að fá fólk til að taka þátt í þessari hátíð sem ég myndi segja að væri ein skemmtilegasta og nördalegasta bæjarhátíð landsins. Það má segja að þetta sé hálfgerð uppskeruhátíð hjá okkur, prjónafólki,“ bætir Svanhildur við og bendir á að boðið sé upp á sætaferðir bæði úr Reykjavík og frá Akureyri á hátíðina.

Meðal viðburða á hátíðinni nefnir Svanhildur prjónaheimsóknir í heimahús sem sé nýjung, þar sem nokkrir bæjarbúar bjóða heim í kaffi til að prjóna saman, samprjón í sundi, prjónamessan verður á sínum stað, prjónasýningar og bingó – auk þess sem opin hús verða hjá TextílLabi Textílmiðstöðvarinnar og Ullarþvottastöð Ístex. Þá nefnir hún sérstaklega prjónakvöldvöku í bakaríinu Krúttinu á laugardagskvöldinu. */smh*



Frá síðustu hátíð.

Myndir / Prjónagleðin



Textíllistamenn sem dvöldu í Ós Textíllistamiðstöð á Blönduósi.




**Bændablaðið**
**kemur næst út 13. júní**

**Þú finnur Bændablaðið á www.bbl.is, Facebook & Instagram**





Hannyrðir:

# Grifflur fyrir frjálsa fingur

**Stærðir: S M L**
**Efni:** 60 gr tvöfaldur lopi frá Þingborg eða Ístex.
Sokkaprjónar 3.5 mm.
Saumnál.

**Aðferð:**
Grifflurnar eru prjónaðar í hring. Fitjið upp 32-36-40 lykkjur og prjónið stroff 2 sléttar og 2 brugðnar lykkjur 7-8-8 umferðir.

Þá er prjónað slétt, nema á handarbaki, þar er prjónuð brugðning áfram, þar sem 4 hver umferð í mynstri er prjónuð brugðin, mynstrið nær yfir 10 lykkjur og er endurtekið á handarbaki alla leið upp, þar til kemur að stroffi efst. Annað er prjónað slétt.

Prjónið nú þar til stykkið mælist 11-12-13 sm.

**Útaukning fyrir þumli á hægri hendi:**
Prj 3-4-5 sl lykkjur á eftir mynstri. Prjónið 1 lykkju, aukið um 1 lykkju, prj 1 lykkju, aukið um 1 lykkju, prj 1 lykkju.

Setjið prjónamerki til að afmarka þessar 5 lykkjur eða setjið þær á sér prjón, þær mynda þumalinn. Prjónið umferð á enda og prjónið 2 umferðir án útaukningar.

Prjónið 1 lykkju, aukið um 1 lykkju, prj 3 lykkjur, aukið um 1 lykkju, prj 1 lykkju, prj umferð á enda og 2 umferðir án útaukningar. Svona fjölgar lykkjunum á milli útaukninganna um 2 í hverri útaukningarumferð.

Þetta er endurtekið, þar til 15-17-19 lykkjur eru á þessum prjóni og alltaf prjóna 2 umferðir án útaukningar á milli, endið á 2 umferðum án útaukningar. Þá eru endalykkjurnar á þessum prjóni settar með hinum lykkjunum og þær sem eftir eru og mynda þumalinn eru settar á nælu og geymdar, alls 13-15-17 l.

Þá er prjónað áfram. Fjölgið um 1 lykkju í þumalkverk svo áfram verði sami lykkjufjöldi og áður og tengið aftur saman. Prjónið 2-2.5-3 sm og svo 4-4-5 umferðir brugðningu í lokin. Fellið af.

**Útaukning fyrir þumli á vinstri hendi:**
Hann er gerður eins og er prjónaður hinum megin við mynstur á handarbaki, látinn speglast og hafðar 3-4-5 lykkjur sléttar á undan mynstri.

**Þumall:**
Setjið lykkjurnar sem geymdar voru á 3 prjóna, takið upp 2 lykkjur í þumalgróf til að ekki myndist gat. Prjónið 3 umferðir og fellið svo af. Gangið vel frá öllum endum.

**Þvottur:**
Þvoið grifflurnar með volgu vatni og ullarsápu eða sjampói. Skolið vel og kreistið vatnið vel úr og leggið til þerris.

***Hönnun: Margrét Jónsdóttir***







SVÆÐISSKIPULAG VESTFJARÐA 2025-2050

Skipulags- og matslýsing

Hafin er vinna að fyrstu tillögu að svæðisskipulagi fyrir Vestfirði í heild. Svæðisskipulagsnefnd leggur fram til kynningar verkefnislýsingu Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050 sbr. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Verkefnislýsingin gerir grein fyrir tildrögum og forsendum skipulagsvinnunar, viðfangsefnum skipulagstillögu og umhverfismati hennar ásamt áföngum skipulagsvinnunar og samráði.

Svæðisskipulag markar meginstefnu og framtíðarsýn í sameiginlegum hagsmunamálum sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Það á að draga fram þætti sem efla samfélagið á Vestfjörðum með frumkvæði, þekkingu og samvinnu að leiðarljósi.

Verkefnislýsing er aðgengileg í skipulagsgátt, www.skipulagsgatt.is (mál nr. 603/2024) og heimasíðu Vestfjarðastofu vestfirdir.is (undir verkefni/svæðisskipulag Vestfjarða).

Umsagnarferlið er opið og öllum frjálst að koma með athugasemdir. Athugasemdum má koma á framfæri gegnum skipulagsgátt Skipulagstofnunar, www.skipulagsgatt.is

Athugasemdafrestur er til og með 28. júní 2024.

Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða








Vélabásinn:

# Einlæg og sönn hagsýni

## – Prufuakstur á Opel Corsa Electric



**Ástvaldur Lárusson**
astvaldur@bondi.is

**Bændablaðið fékk til prufu Opel Corsa Electric í Edition-útfærslu, sem nýlega hefur fengið andlitslyftingu. Þetta er rafmagnsbíll sem reynir ekki að þykjast vera neitt annað en hagkvæmur og lítill borgarbíll.**

Ef þú vissir það ekki þá dytti þér aldrei í hug að um rafmagnsbíl sé að ræða við það eitt að skoða hann að utan. Það eina sem kemur upp um bílinn er lítið „e“ á skotthleranum, sem stendur fyrir electric, og það að hvergi er að finna útblástursrör. Að öðru leyti er Opel Corsa Electric nákvæmlega eins og jarðefnaeldsneytisútgáfan af sama bíl. Þrátt fyrir að bíllinn hafi fengið andlitslyftingu er ytra útlitið nánast alveg eins og áður. Framendinn hefur fengið smávægilega uppfærslu þar sem grillinu hefur verið skipt út fyrir nánast heila svarta plötu sem nær á milli endurhannaðra framljósanna.

Hægt er að deila um að breytingin sé framför, enda var eldri bíllinn afar smekklegur. Hliðarnar eru svo gott sem óbreyttar og augljósasta breytingin aftan á ökutækinu er letrið í heiti bílsins.




Opel Corsa hefur nýlega fengið andlitslyftingu. Breytingarnar eru smávægilegar og sjást helst í breyttum framljósum og grilli. Myndir / ál

### *Ódýr innrétting*

Þegar sest er um borð tekur á móti manni einföld og ódýr innrétting. Hurðaspjöldin eru úr hörðu plasti og heyrist tómahljóð þegar bankað er í þau. Ofan á mælaborðinu er aðeins vandaðra plast, en innréttingin er annars meira og minna úr ódýrum efnum. Útlit innréttingarinnar er hvorki ljótt né fagurt – hún gerir bara sitt án þess að angra neinn. Hanskahólfið er stórt og hurðavasarnir rúmgóðir.

Stýrishjólið er klætt mjúku efni og er með takka fyrir helstu skipanir, eins og hraðastilli, hita í stýri, síma og útvarp. Kosturinn er að þetta eru alvöru hnappar af gamla laginu, ekki snertitakkar sem eru oft erfiðir í notkun. Hægt er að draga að sér og velta stýrinu.

Gírstöngin er lítill veltirofi á milli sætanna. Opel hefði getað bætt nýtingu plássins með því að færa veltirofann annað og vera með meira geymslupláss í staðinn. Framan við gírstöngina er lítill bakki sem passar fyrir snjallsíma en þar er engin þráðlaus hleðsla. Skammt fyrir ofan er usb tengi og tólf volta tengi fyrir sígarettukveikjara.

### *Einfaldur snertiskjár*

Margmiðlunarskjárinn í miðju mælaborðinu er afar einfaldur. Hann dugar til að stjórna útvarpinu eða tengjast símanum með Android Auto eða Apple CarPlay á meðan miðstöðinni er stjórnað með tökkum. Leiðsögukerfið er ekki innbyggt, heldur þarf að styðjast við áðurnefndar snjallsímatengingar. Þrátt fyrir að vera ekki leiftursnöggur leysir skjárinn allt sem hann á að gera vel af hendi. Bíllinn er ekki með bakkmyndavél, en er útbúinn fjarlægðarskynjurum að aftan.

Rétt er að nefna að hljómtækin eru ekki af miklum gæðum og ferst þeim illa úr hendi að skila frá sér bassa eða háum röddum. Þá fannst undirrituðum eins og hljóðstyrkur tækjanna færi sjálfkrafa í nokkuð háa stillingu í hvert sinn sem kveikt var á bílnum.

### *Mjúk sæti*

Sætin eru lungamjúk og fara ágætlega með mann. Að auki við helstu stillingar er hægt að breyta hæð sætisins. Hins vegar er ekki hægt að eiga við mjóbaksstuðninginn og má áætla að eftir langa ökuferð verði ökumaðurinn þreyttur í bakinu, á meðan sætin duga vel í allt snatt. Áklæðið er grátt og svart með smá mynstri.

Aftursætin eru ekkert sérlega rúmgóð, en tveir fullorðnir einstaklingar eða þrjú börn ættu að þrauka dvöl þar. Farþegarnir í framsætunum þurfa að gefa eftir nokkra sentímetra af sínu rými til þess að fullvaxta aftursætisfarþegar geti komið fyrir fótum og hnjám. Skottið er af mjög sambærilegri stærð og í öðrum borgarbílum, eða 267 lítrar með sætin uppi. Bíllinn kemur ekki með varadekki, heldur er dekkjaviðgerðarsett undir gólfinu í skottinu.

### *Prýðileg fjöðrun*

Þar sem ekki er neitt snertilaust aðgengi þarf að taka bílinn úr lás með takka á fjarstýringunni og ræsa ökutækið með hnappi í mælaborðinu. Á minni hraða er bíllinn prýðilega hljóðlátur, en þegar ekið er úti á þjóðvegum eða stofnbrautum heyrist dekkjadynur sem glymur um farþegarýmið. Ólíkt flestum nýjum bílum heyrist ekkert viðvörunarhljóð í þessum þegar ekið er yfir hámarkshraða, sem verður að teljast mikill kostur.

Mótorinn skilar 136 hestöflum sem dugar ágætlega. Ökumaðurinn getur valið milli tveggja stiga á mótorbremsunni en það er ekki hægt að láta bílinn nema alveg staðar með því einu að sleppa inngjöfinni, heldur þarf alltaf að stíga á bremsuna. Fjöðrunin er býsna mjúk og stenst vel samanburð við marga rafmagnsbíla sem eiga það til að vera hastir.

Bremsufetillinn og inngjöfin eru afar nálægt hvort öðru. Í þessum prufuakstri flækti undirritaður skóna ítrekað undir bremsunni þegar fóturinn var færður af inngjöfinni. Þetta atriði var ekki þannig að það olli hættu en hugsanlegt er að við langa notkun muni skórnir rispast.

### *Engar óþarfa væntingar*

Annars er lítið af akstrinum að segja. Þetta er bara rafmagnsbíll sem keyrir vel og er ekki með neitt vesen. Á margan hátt er upplifunin af notkun bílsins nokkuð gamaldags, en ekki á slæman hátt, heldur er verið að nýta það sem hefur reynst vel til að halda verðinu niðri.

Þessi bíll vekur engar væntingar sem munu svo bregðast. Opel Corsa Electric Edition er ekki lúxusbíll og hann viðurkennir það fúslega. Bíllinn er billegur á einlægan og góðan hátt, á meðan framleiðendur annarra ódýrra bíla reyna að fela aðhaldssemina með því að hlaða ökutækið óþarfa útbúnaði sem kemur að litlum notum eða er ankannalegur í notkun.

Hægt er að hlaða rafhlöðuna frá 20 prósent upp í 80 prósent með 100 kílóvatta straumi. Batteríið getur geymt 50 kílóvattstundir og er akstursdrægnin samkvæmt framleiðanda 361 kílómetri. Helstu mál eru í millímetrum: Lengd, 4.061; breidd m. speglum, 1.960; hæð, 1.435.

Opel Corsa Electric kemur í tveimur útfærslum og er sú ódýrari til umræðu hér. Hin útgáfan, sem nefnist GS, býður upp á aðeins meiri búnað og akstursdrægni, en er næstum milljón krónum dýrari. Með því glatast helsti kostur þessa bíls, sem er lágt verð.

Opel Corsa Electric Edition kostar frá 4.790.000 krónum með vsk. og 900.000 króna rafbílastyrk. GS útgáfan kostar 5.690.000 krónur með vsk. og rafbílastyrk. Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Brimborg, söluaðila Opel á Íslandi.




Það er fátt sem gefur til kynna að þetta sé rafmagnsbíll. Glöggir sjá að það er ekkert útblástursrör og á skotthleranum er lítið „e“.



Innréttingin er mjög einföld og ódýr. Margmiðlunarskjárinn er með fáa eiginleika sem hann leysir vel af hendi.



Aftursætin duga fyrir þrjú börn eða tvo fullorðna. Ekki er mælt með að taka hávaxna farþega í langt ferðalag.



Skottið er 267 lítrar með sætin uppi. Undir gólfinu er ekkert geymslupláss fyrir hleðslusnúrur.




Á kúabúinu í Reykjahlíð fer fram mjólkurframleiðsla, uppeldi og kjötframleiðsla nautgripa. Myndir / Aðsendar

Bóndinn:

# Með korn og kýr í haga

**Nú kynnast lesendur búskapnum á Reykjahlíð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, en við gefum Melissu Line orðið. Geta lesendur einnig fylgst með fjölskyldunni á instagram-reikningi Bændablaðsins á næstu dögum.**

„Ingvar Hersir er fæddur og uppalinn hér í Reykjahlíð á Skeiðum og er hann þriðji ættliðurinn sem tekur við búskap. Ábúðarsaga fjölskyldunnar er samt miklu lengri þar sem Reykjahlíð varð ekki til fyrr en sirka 1950 þegar upphaflegu jörðinni, Reykjum, var skipt niður í þrjár jarðir, Reyki, Reykhól og Reykjahlíð. Á Reykjum hóf ætt Ingvars búskap sirka 1720 og skemmtilegt að segja frá því að allar þrjár jarðirnar eru enn í eigu sömu ættarinnar og á öllum er starfandi kúabú í dag.

Ingvar Hersir hefur alla tíð unnið á búinu en kemur svo formlega inn í reksturinn 2018 eftir að hann útskrifaðist frá Hvanneyri. Sjálf flyt ég svo 2019 þegar ég útskrifaðist úr búfræði og sama ár keypti hann 50% í búinu á móti foreldrum sínum. Síðan þá höfum við bæði verið í fullu starfi við búið. Staðan er óbreytt í dag, enda ættliðaskipti ekki auðveld nú til dags, en við höfum tekið við rekstri smám saman síðastliðin fimm ár og sjáum við um reksturinn í heild sinni í dag.“

**Býli, staðsetning og stærð jarðar?** Reykjahlíð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 270 hektarar, þar af 135 ræktaðir.

**Ábúendur, fjölskyldustærð (og gæludýr)?** Við erum Ingvar Hersir Sveinsson, Melissa Line og Iðunn Saga og búum hér í „gamla húsinu“ svokallaða með inniköttunum þeim Gullu og Patty. Í næsta húsi búa foreldrar hans Ingvars, þau Katrín Helga Andrésdóttir og Sveinn Ingvarsson.

**Gerð bús og fjöldi búfjár?** Við erum aðallega í mjólkurframleiðslu með sirka 75 árskýr auk uppeldis og kjötframleiðslu þar sem við ölum sirka 20 naut á ári.

Síðan eigum við 13 kindur, 3 hesta og fjósakisurnar Dellu og Stellu. Við stundum líka smá kornrækt og ræktum rúmlega 30 hektara af byggi á hverju ári sem við notum í heilfóðurblöndu.



Dekurdýrið Prinsessa gerir alla daga skemmtilegri.



Ingvar, Melissa og Iðunn á góðri stund.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Vinnudagarnir eru mjög mismunandi en við byrjum alla daga á morgunfjósi. Allt annað og sérstaklega lengd vinnudags er mjög breytilegt eftir árstímum.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?**

**Melissa:** Klárlega skemmtilegust er vinnan í kringum dýrin og að enginn dagur er eins.

Mér finnst ekkert beint leiðinlegt þó að ég haldi að flestum finnist leiðinlegt að kveðja uppáhaldsgripi, hvort sem það er vegna veikinda eða í sláturhús. Mest krefjandi hins vegar finnst mér allt sem tengist kornræktinni. Það er alltaf kapphlaup að koma korninu niður á réttum tíma og svo þegar maður er loksins farinn að anda eftir sumarið koma haustlægðirnar skemmtilegu sem láta mann stressast aftur upp að missa uppskeruna af korninu.

**Ingvar:** Skemmtilegustu verkin eru öll sem tengjast kúnum og kornrækt. (Jákvæður maður sem finnst ekkert leiðinlegt við búskap.)

**Hverjar eru áskoranirnar?** Fjármálin, þar sem áskoranirnar eru aðallega að gera búskap hagkvæmari, umhverfisvænni og samkeppnishæfari við innflutning. Þetta tengist í flestum tilfellum fjármögnun eins og byggingu/breytingu húsakosta og tækjakaupa.

**Hvernig væri hægt að gera búskap ykkar hagkvæmari?** Það er alltaf hægt að gera búskapinn hagkvæmari með því að nýta hliðarafurðir betur. Eins er alltaf hægt að gera betur í fóðuröflun með tilliti til betri yrkja í kornrækt og grænfóðri.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Það sem stendur upp úr hjá mér er kannski ekki beint atvik heldur kýr, en það er hún Prinsessa mín. Ég hafði greinilega á tilfinningunni að hún yrði dekurdýr þegar ég nefndi hana sem kálf, hún er virkilega einstök og gerir alla daga aðeins skemmtilegri í fjósinu.

**Bændurnir í Reykjahlíð taka yfir Instagram Bændablaðsins næstu daga en einnig er hægt að fylgjast með þeim @reykjahlid**
















Tætt reykt svín og remúlaði; niðursneitt og reykt á samloku með súrum gúrkum, sinnepi, remúlaði og amerískum osti. Svínvirkar líka í taco. Myndir / Hari

Matarkrókurinn:

# Reykt svín og remúlaði

Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com

**Munurinn á heitreyktum og kaldreyktum mat er heilmikill.**

Heitreyktur matur eldast um leið og hann fær í sig reyk en kaldreyktur helst hrár. Kaldreyktur matur er líka yfirleitt mög saltur. Enda upprunalega aðferð til matvælageymslu. Vildi bara svo skemmtilega til að reyktur og saltur matur bragðast svona líka ljómandi.

### *Heitur reykur*

Án þess að fara út í mjög flóknar aðferðir er hægt að skipta grilleldun í tvennt; beinan og óbeinan hita. Við heitreykingu er notast við óbeinan hita. Það er að segja hitinn, kolin, eldurinn eða hvað sem notað er sem hitagjafi, er ekki beint undir eða yfir matnum.

Heldur er kjötið, í þessu tilfelli, öðrum megin og hitinn hinum megin. Hægt er að flækja þessa eldamennsku út í hið óendanlega en í grunninn snýst hún um að skapa hita og reyk í lokuðu rými. Halda svo hitanum á bilinu 100–150 gráður á Celsíus í nokkurn tíma.

### *Reykgrill*

Fæstir eiga reykofn en flestir eiga grill, annaðhvort kola eða gas. Það er hægt að nota hvoru tveggja svo lengi sem því fylgir lok. Það sem bætist við til þess að reykja er eldiviður. Harðviður nánar tiltekið.

Hann fæst í öllum búðum sem selja grill og í nokkrum stórmörkuðum líka. Hikkorí, hlynur, meskit og eplaviður eru allt tegundir sem fást víða og virka allar jafn vel. Ekki nota tegundir á borð við reyni, greni, ösp og víði. Þær ýmist sóta eða setja leiðinda keim í matinn.

Ef ekkert annað en tré úr garðinum kemur til greina er birki sennilega besta tegundin.

Til að fá viðinn til að reykja í stað þess að brenna er gott að leggja harðviðardrumba, eða nokkra kubba, á álpappír, pota nokkur göt á álið, setja kubbinn svo beint yfir eldinn. Eða vefja kubbnum í ál og leggja beint á eldinn. Hægt er að fá spæni líka en hann þarf að leggja í bleyti og það þarf endalaust að vera að bæta á. Best að nota kubba eða drumba.

Kjötið fer svo eins langt og það kemst frá upptökum hitans. Inni í grillinu þó og undir lokinu. Reyna að láta ekki kvikna mikið í kubbnum, bara lítið. Gott að hafa vatn við höndina.

### *Besti bitinn og bestu kaupin*

Sá kjötbiti sem skapar mest fyrir peninginn er svínabógur. Það tekur þó marga klukkutíma að reykja svínabóg, það þarf að flaka af honum skinnið og helst þarf að setja hann í saltpækil því hann er svo þykkur.

Heilt svínahnakkafillet er hins vegar frekar þunnt og meyrt kjötstykki sem hentar vel í þessa eldamennsku. Líka mátulega fitusprengt. Ekki þarf að salta hnakkafillet fyrir fram. Krydda bara með kryddblöndu að eigin vali og salta vel. T.d. sirka tvær matskeiðar af milligrófu salti, ein af papriku og laukdufti ásamt teskeið af hverju; svörtum pipar, cummin, hvítlauks- og chilidufti.

Velta svínahnakkanum upp úr blöndunni og þrýsta hjúpinn vel um allt. Ef kjötið er þurrt er gott að smyrja með smá olíu, sinnepi jafnvel mæjónesi – svo kryddið festist.

### *Herlegheitin*

Þegar bitinn er kominn á grillið á reykur að myndast um hnakkastykkið í rúmlega klukkutíma. Bógur þolir alveg 3–4 tíma í reyk. Þegar nógu mikill reykur er kominn í kjötið er næsta skref að pakka því vel í álpappír eða setja í lokað ílát. Þá með sirka desilítra af vatni eða bjór og elda í að minnsta kosti klukkutíma í viðbót við sirka 175 gráðu hita eða þar um kring. Hægt að gera í grilli eða bara skutla í ofninn. Nú þarf engan reyk.

Eftir þann tíma er kjötið tilbúið til að vera skorið í þunnar sneiðar. Ef við viljum hins vegar tæta kjötið niður er stykkið tilbúið þegar hægt er að stinga það með gaffli og mæta svo til engu viðnámi.

Tekur plús, mínus tvo tíma við 150–175 gráður.

Passa allan safa sem safnast af kjötinu. Hann er gulls ígildi. Hægt að sjóða örlítið niður og hræra saman við tætt kjötið.

Ef sú leið er valin. Líka hægt að nota kjötsafann í geggjaða BBQ sósu. Þá fer safinn í pott með tveimur matskeiðum af tómatsósu, eina af eplaediki og púðursykri. Hita og smakka til með pipar, hvítlauksdufti og smá kjötkrafti ef það vantar smá salt.

### *Relish verður remúlaði*

Það þarf ekki allt að vera heimalagað og stundum er hægt að hálfheimalaga meðlæti. Eins og þetta remúlaði sem er geggjað með reyktu svíni.

Saxa niður ¼ lauk og svipað magn af agúrku. Hræra saman við tvo desilítra af bragðgóðu sweet relish úr búðinni, tvær matskeiðar eða svo af mæjónesi og eina af sýrðum rjóma. Toppa með nokkrum dropum af sterkri sósu.

Einfalt, auðvelt og vægast sagt mjög bragðgott.

## KROSSGÁTA




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




www.bbl.is

## HUGARÍÞRÓTTIR

# Snillingar og hálfvitar

**Bridds er skemmtileg hugaríþrótt sem reynir á rökhugsun, minni, stærðfræði, talningu, líkindareikning, athyglisgáfu og einbeitingu og stundum dulitla sálfræði svo aðeins nokkrir eiginleikar góðra spila séu nefndir.**


Björn Þorláksson.

Hvað minnið varðar hefur maður á áratugalöngum ferli kynnst ýmsum spilurum sem muna hvert einasta spil af þeim 52 sem skiptast hverju sinni. Kannski frá ás og niður í sjöu. En minni spilara er misjafnt. Til eru spilarar sem muna allt sem gerist í hverju spili meðan það stendur yfir en ýta svo líkt og á „reload“ – endurhlaða minniskubbinn og þurrka út fyrri vitneskju. En komum þá að spili dagsins.

Norður
♠ 94
♥ KQ1076
♦ 1097
♣ K54

Vestur
♠ K752
♥ 8
♦ AQ83
♣ QJ97

Austur
♠ J10
♥ J95
♦ KJ64
♣ 10632

Suður
♠ AQ863
♥ A432
♦ 52
♣ A8

Stöðumynd 1.

*Heitt við briddsborðið*

Tveir spilarar á kjördæmamótinu á Stykkishólmi lentu í því fyrr í þessum mánuði að spilagjafir víxluðust og tóku með dags millibili tvisvar upp sömu spilin þegar aðrir fengu ný í hendur. Og án þess að taka eftir því! Með því að seilast í rangan spilabakka.

Í báðum tilfellum varð skaði – hvernig mætti annað vera? Keppnisstjóri dæmdi í fyrra tilvikinu að meldaður samningur skyldi standa en reif spilin af suðri og lét hann hafa spilin sem hann hefði átt að hafa. Að vera svo viðutan eða illa á verði kostaði spilarann að hann var dæmdur til að spila 2 tígla á hættunni á 3-2 fitt. Gerði vel í að fá fjóra slagi – mínus 400 – en hægt hefði verið að fá níu slagi í hálit og skrifa 140 í dálk góðu gæjanna.

Keppnisstjóri breytti reyndar fyrri úrskurði og tók vegið meðaltal af niðurstöðu spilsins á öllum borðum þegar sagan endurtók sig hjá öðru pari. En hönd vesturs í spili 6 í þriðju umferð var sumsé ekki sú sem sést á fyrri stöðumyndinni heldur sú vesturhönd sem merkt er vestri á stöðumynd 2.

Áður en vitlausu vesturspilin voru rifin úr höndum vesturs virtist tilhlökkunarefni að spila á 4-4 samleguna og enda með níu slagi. Síðra reyndist að spila tvo tígla eftir að tveir tíglásar birtust í spilinu en svo skemmtilega vildi til að norður spilaði út tígulás og vestur var líka með tígulás. Að spila trompsamning með aðeins 5 tromp af 13 milli handanna

Norður
♠ AJ104
♥ 74
♦ AK87
♣ 543

Vestur
♠ 6
♥ AQJ85
♦ J5
♣ KQJ97

Austur
♠ Q82
♥ K962
♦ Q106
♣ 862

Suður
♠ K9753
♥ 103
♦ 9432
♣ A10

Stöðumynd 2.

reyndist ekki góð skemmtun. Varð af þessu slysi nokkur umræða um minni, gleymsku, hálfvita og snillinga. Því stundum er heitt við briddsborðið.

*Æfingaleikur lofar góðu*

Gaman var að fylgjast með landsliði Íslendinga í opnum flokki í bridds spila æfingaleik sem sýndur var á BBO gegn hollensku Evrópumeisturunum í bridds á dögunum.Ísland var nálægt því að ná jafntefli. Vakti spilamennskan fyrirheit um að landsliðið láti að sér kveða þegar Ísland tekur þátt í Evrópumótinu 2024 í Danmörku í sumar.

# Þegar Siggi Dan vann Larsen

**Í maí árið 1972 tefldi danski stórmeistarinn Bent Larsen fjöltefli í sænsku borginni Malmö gegn 36 skákmönnum.**


Hermann Aðalsteinsson.

Larsen, sem á þeim tíma var einn af sterkustu skákmönnum heims, vann 27 þeirra, fjórar skákir enduðu með jafntefli en fimm skákmenn náðu að vinna Larsen og var Sigurður Gunnar Daníelsson á meðal þeirra. Siggi Dan, eins og hann var ávallt kallaður, vann skákina með svörtu mönnunum. Hann var afskaplega ánægður með þennan sigur og var þetta í eina skiptið sem Siggi Dan vann stórmeistara. Þetta var alvöru fjöltefli af gamla skólanum, sem stóð yfir í 4 klukkutíma, en skákklukkur voru ekki notaðar við fjölteflið.

Sigurður Gunnar Daníelsson gekk til liðs við Skákfélagið Goðann í Þingeyjarsýslu árið 2013 og varð skákmeistari félagsins árið 2016. Siggi tefldi oft með Goðanum á Íslandsmóti skákfélaga en sína síðustu skák tefldi í október árið 2022. Skákstill Sigga var mjög villtur. Stigahærri skákmenn áttu oft í miklum erfiðleikum með að svara hvössum sóknarleik Sigga sem oft fórnaði manni snemma í sínum skákum. En


**GM Bent Larsen hvítt – Sigurður Gunnar Daníelsson svart, svartur á leik.**
**35….Hxf2+ 36. Kh3. Rf3….og hér gafst Larsen upp þar sem mannstap verður ekki flúið.**

það kom ekki að sök. Mjög oft stóð hann uppi sem sigurvegari.

Sigurður Gunnar Daníelsson starfaði við grunnskólann á Raufarhöfn sín síðustu ár sem tónlistarkennari, en hann starfaði m.a. í Húnavatnssýslu og á Vestfjörðum sem tónlistarkennari og undirleikari hjá hinum ýmsu kórum.


Sigurður Gunnar Daníelsson.

Ef lesendur Bændablaðsins luma á áhugaverðum skákum geta þeir haft samband.

*Umsjón: Hermann Aðalsteinsson,*
*lyngbrekku@simnet.is*



Erfinginn:

# Upprennandi lagasmiður

**Hún Soffía Ellen hefur gaman af því að föndra og dansa ballett og ætlar að verða leirlistakona þegar hún verður stór.**

**Nafn:** Soffía Ellen.

**Aldur:** 6 ára.

**Stjörnumerki:** Steingeit.

**Búseta**: Reykjavík.

**Skóli:** Fer í Hlíðaskóla í haust.

**Skemmtilegast í skólanum:** Kennslustundirnar.



**Áhugamál:** Föndra.

**Tómstundaiðkun:** Ballett.

**Uppáhaldsdýrið**: Lemúr.

**Uppáhaldsmatur:** Plokkfiskur.

**Uppáhaldslag:** Rockrestrange lag sem ég er að semja.

**Uppáhaldslitur:** Svartur.

**Uppáhaldsmynd:** Incredibles 2.

**Fyrsta minningin:** Þegar ég var að teikna í fyrsta sinn eitthvað sem líktist flugelda.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert:** Þegar ég fór í fjársjóðsleit og fann fjársjóð undir teppi.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór:** Leirlistakona.

**Viltu taka þátt ? Hafðu samband. sigrunpeturs@bondi.is**

## SUDOKUÞRAUTIR

Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | 8 | | 5 | 7 | 6 |
| 5 | 2 | 1 | | | 4 | 8 | | |
| 8 | | 7 | 3 | | | 1 | | 4 |
| | 3 | 8 | | 7 | | | 4 | 2 |
| | | 2 | | 9 | | | | 1 |
| | 5 | | 4 | | 3 | | | 8 |
| 9 | | | | | 8 | 6 | 1 | |
| 2 | | | | | 5 | 4 | | |
| 4 | | | 6 | 3 | | | | 9 |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | 8 | | 6 | | 3 | | |
| 7 | | 3 | | | | | 2 | 9 |
| | | | | | | | | 7 |
| | | | | | | | | |
| 4 | 2 | 5 | 9 | 3 | 1 | | | |
| | | 1 | | | | | | |
| | | | | 7 | 5 | | 3 | 1 |
| | | | 2 | | | | 8 | |
| 8 | | | 6 | | | | 5 | |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 6 | | 5 | 8 | | |
| | | | | | 7 | | | |
| 2 | | | | | | 4 | | 5 |
| | | | 3 | | 6 | | 8 | |
| | 8 | | 2 | | | | | 9 |
| | 6 | 1 | 7 | | | | | |
| 4 | 3 | | | | | | 2 | |
| 9 | | | | | | | | 6 |
| | 7 | | | | | 9 | | |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | 4 | | | |
| | | 5 | | | | | 1 | 6 |
| 2 | | | | 3 | | 7 | | 5 |
| | | | | 1 | 7 | 3 | | |
| | 3 | | | | | 9 | 8 | |
| | | | | | | | | |
| 6 | | 7 | 1 | | | | 5 | |
| | | | | 7 | | | | |
| | 2 | | 8 | | | 6 | | |

**Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

# Stjörnuspá

**Vatnsberinn** er spenntur og glaður í lund. Hann ætti að vinna áfram með skipulagningu lífs síns, en hafa í huga að einhver í náfjölskyldunni þarfnast athygli hans og jafnvel fleiri en einn. Vatnsberinn þarf því að rækta fjölskyldutengslin sem best hann getur um þessar mundir. Happatölur 30, 7, 73.

**Fiskurinn** er endurnærður og hress eftir örlítið gráa daga. Hann veit innra með sér að honum eru allir vegir færir og stoðir hans styrkar en þó örlar aðeins á óframfærni einhvers staðar. Fiskurinn ætti því að hlúa að sér eftir bestu getu og njóta samveru vina og ættingja um stund. Happatölur 8, 6, 18.

**Hrúturinn** er skyndilega léttari á sér en áður og finnst hann frjáls. Tilfinning frelsis er ávallt jákvæð og hrúturinn þarf svo sannarlega á því að halda eftir þungan vetur. Lífið virðist loks vera komið í fastar skorður, að minnsta kosti um sinn, og gott að njóta þess á meðan er. Happatölur 5, 15, 32.

**Nautið** er á góðu róli eftir tiltölulega auðvelda fyrstu mánuði ársins. Fjármál eru því ofarlega í huga og tíminn sjaldan betri til að ýta áfram því sem þarf fyrir frekari innkomu. Einhver veikindi eru í kortunum og taka skal þau alvarlega svo þau verði ekki þrálát. Happatölur 28, 2, 78.

**Tvíburinn** er manna glaðastur í birtunni sem ýtir undir jákvæðnina í lundarfari hans. Einhverjir verða hissa á skapferli hans en tvíburinn ætti að tileinka sér að viðhalda þessari skemmtilegu breytingu á sjálfum sér. Það verður honum til góða á komandi tímum. Happatölur 25, 45, 6.

**Krabbinn** finnur að tilfinningar hans eru við það að bera hann ofurliði. Þarna er um sterkar kenndir að ræða en ekki skal kynda undir þeim nema jákvæðar séu. Hatur og óvild gerir engum gott og síst manni sjálfum á meðan ástin getur sigrað allt. Happatölur 88, 14, 66.

**Ljónið** er auðmjúkur og lítillátur í hjarta. Hann veit innst inni að hann hefur á einhvern hátt brynjað sig í langan tíma en ætti nú að rjúfa þá brynju og rétta út höndina. Fá að halda í einhvern eða gefa af sér af öllu hjarta. Nú er engu að tapa, jafnvel þó það líti þannig út. Happatölur 2, 48, 67.

**Meyjan** ætti að gera eitthvað skapandi næstu daga eða stússast við að lagfæra það sem hefur setið á hakanum heima við. Gleyma sér við að vinna með höndunum og láta ekkert trufla sig. Njóta svo afrakstursins og gleðja jafnvel aðra. Happatölur 5, 64, 21.

**Vogin** hefur einhvern veginn, kannski óvart, stigið einhver skref sem hún átti ekkert að stíga og eru nú því miður farin að vinda upp á sig til hins verra. Því er um að gera að greiða úr öllum flækjum hið snarasta og koma hreint og heiðarlega fram. Happatölur 12, 32, 88.

**Sporðdrekinn** lætur lítið fyrir sér fara þessa dagana og er spekingslegur á svip. Hann forðast alla truflun og nýtur sín til hins ítrasta enda er ýmislegt sem hann veltir fyrir sér um þessar mundir. Lausn á vissum málum eru í augsýn sem munu koma mjög á óvart, en ekki þó. Happatölur 8, 97, 2.

**Bogmaðurinn** er vongóður um að óskir hans rætist nú fyrr en síðar. Eitthvað sem hann hefur haft á prjónunum lengi bíður þess að líta dagsins ljós, en svo virðist sem biðin verði örlítið lengur. Allar horfur eru þó á að væntingar bogmannsins verði að veruleika. Happatölur 15, 22, 90.

**Steingeitin** er óviss um líðan sinna nánustu enda hefur borið á þó nokkrum veikindum hjá þeim sem eru henni nákomnastir. Hún ætti þó að reyna eftir fremsta megni að láta það ekki mikið á sig fá, heldur horfa yfir farinn veg og fallegar minningar enda enginn ódauðlegur. Happatölur 6, 33, 11.



**Hrossagaukur er meðalstór og nokkuð algengur vaðfugl. Það er áætlað að hér séu yfir 300.000 varppör. Yfirleitt eru fuglarnir stakir og ekkert sérstaklega félagslyndir. Hann fer gjarnan huldu höfði á jörðu niðri, flýgur seint upp og þá nokkuð snögglega með hröðum vængjatökum og miklum skrækjum. Það er hins vegar á flugi sem hann sýnir listir sínar, þá fljúga þeir í hringi yfir óðalinu sínu og hneggja án afláts. Það gera þeir með því að steypa sér niður og mynda loftstraum sem leikur um ystu stélfjaðrirnar. Hann verpir á jörðinni, hreiðrið er iðulega mjög vel falið í grasi og sinu í mólendi og mýrlendi. Hann er að langmestu leyti farfugl en örfáir fuglar hafa haldið sig í opnum eða heitum lækjum og skurðum yfir vetrarmánuðina. Þeir fuglar sem fara af landinu hafa vetursetu í Vestur-Evrópu.**

Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

## Tíska:

# Þörungar, þang og þari

**Aukin vakning hefur verið undanfarin ár í vinnslu heilsuafurða úr þörungum, þar á meðal varðandi ávinning þeirra fyrir húð og hár.**

Þörungar er samheiti yfir tugþúsundir tegunda vatna- og sjávargróðurs. Meðal þeirra eru brún-, rauð- og grænþörungar sem vaxa á botni sjávar, í fjörum og á grunnsævi og hafa gegnum tíðina verið nýttir til manneldis. Einnig hefur fjörubeit tíðkast öldum saman enda sauðfé sólgið í þang og þara – en aðeins er á reiki hvort hinn almenni lesandi þekkir þörunga sem einungis þara, þang eða hvort hann gerir sér grein fyrir að þarna er örlítill munur á. Við höldum okkur við þörunga.

Komið hefur í ljós að þörungar innihalda gnægð vítamína, andoxunarefna og amínósýra sem hafa gríðarlega góð áhrif á líkamann. Regluleg inntaka þeirra dregur úr hrukkum, minnkar bólgur og hefur lengi þótt kraftaverk fyrir unglingabólur, auk þess að halda útbrotum í skefjum – enda oft mælt með þaratöflum fyrir psoriasissjúklinga vegna þess steinefnamagns sem þær innihalda.

Þó nokkurt magn þörunga finnst við Íslandsstrendur og því ekki seinna vænna að fá sér gönguferð niður í fjöru og taka stöðuna, enda finnast víst engir eitraðir fjöruþörungar hérlendis.

### *Kostir þara til inntöku*

Í gegnum árin hafa þörungar átt heimkynni í síbreytilegu umhverfi sjávar. Mismunandi hitastig, PH-gildi, rakastig, UV-stuðull og seltustig auk mengunar hefur – ef jákvæða hliðin er athuguð – þróað sterkt náttúrulegt viðnám þeirra gegn streituvöldum í umhverfinu og ýtt undir framleiðslu náttúrulegra andoxunarefna. Neysla þeirra getur þannig spornað örlítið við framleiðslu sindurefna sem annars eru þekkt fyrir að hraða öldrun.



**Í fjörunni má finna sér ýmislegt til átu eða fegurðarauka, eftir því hvernig stendur á hjá fólki.**

Þörungar eru afar vítamínríkir og innihalda til dæmis C-vítamín sem hægir m.a. á öldrunareinkennum, svo sem hrukkum og myndun dökkra bletta auk þess að auka vörn sólarvarna gegn skaðlegum útfjólubláum geislum. C-vítamín getur einnig hjálpað til við að berjast gegn bakteríum í hársverðinum, draga úr þurrki og kláða, minnkar flösumyndun og er talið auka hárvöxt.

Til viðbótar eru þeir stútfullir af E-vítamíni og fitusýrum – hafa í raun alla kosti rakakrems. Þeir veita raka að húð- og hárfrumum og mynda þannig silkimjúka áferð auk þess að vera frábær uppspretta hyaluronicsýru, náttúrulegrar fjölsykra sýru sem bindur raka kröftuglega í húðinni.

Hátt steinefnainnihald þörunga ýtir undir framleiðslu á kollageni, mikilvægasta uppbyggingarpróteini líkamans, sem byggir bæði upp bandvef og húð auk þess að stuðla að unglegra útliti, ljómandi húð, hári og nöglum. Eftir því sem við eldumst hægist smám saman á kollagenframleiðslu okkar, og því um að gera að hafa þetta í huga enda er kollagen í um 75% af þurrvigt húðarinnar.



**Dvergþang er smávaxinn brúnþörungur sem vex allra efst í fjörunni og má nota til átu á svipaðan hátt og brokkólí, en þykir einnig gott sýrt.**

### *Unglingabólur og endurnýjun húðar*

Þörungar hafa náttúrulega bólgueyðandi eiginleika sem gefa góða raun er kemur að húðsjúkdómum á borð við unglingabólur og rósroða. Brúnþörungar sérstaklega, innihalda bólgueyðandi efni sem þekkt er fyrir að róa viðkvæma húð og hefur jafnvel reynst sjúklingum með liðagigt vel. Þeir hafa jákvæð áhrif á ónæmiskerfið, örvun endurnýjunar vefja auk þess að stuðla að afeitrun líkamans yfir höfuð.

Kalsíum, joð og magnesíum, bróm, K-vítamín, prótein, kopar og sink eru einnig í hópi þekktra innihaldsefna þessarar dýrmætu auðlindar sem við ættum að vera duglegri að nýta okkur.



**Marinkjarna, eða wakame, kannast margir við í samhengi við sushi, enda vel þekktur matþörungur. Hann er ríkur af efninu mangan sem er mikilvægt fyrir efnaskipti próteins og fitu, heilbrigði tauga og ónæmiskerfis. Getur marinkjarninn orðið 4 m langur og finnst neðst í brimasömum fjörum. (Skærgræna litinn fær hann við suðu.)**



**Söl eru rauðþörungar sem vaxa frá miðri fjöru og niður úr, afar vinsælir og góðir til átu.**

Sumir þurrka og mala þörunga og nýta sem krydd, í súpur eða te. Aðrir fara í svokallað þarabað fyrir allsherjar yfirhalningu, nýta sem andlitsgrímu á meðan enn aðrir japla gjarnan á bita við hin ýmsu tækifæri.

Á vefnum mataraudur.is má meðal annars finna víðtækar upplýsingar um hvar matþörunga er að finna, en ef farið er í fjörumó skal hafa í huga að skera eða klippa það sem tínt er svo það vaxi upp aftur. */sp*




# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** www.bbl.is/smaauglysingar

**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

**Jesús sagði:**
„Allt sem þér gerðuð einum minna minnstu bræðra, það hafið þér gert mér."
Matt. 25.40
biblian.is



Óska eftir MMC Galant 1988-1990 í varahluti. Er að leita eftir sams konar bíl og á myndinni. Uppl í s. 895-7935.



Til sölu nýtt 38 fm heilsárhús til flutnings. Parket, eldhús og flísar á baði. Verð kr. 17.000.000 m/vsk. Tómas í s. 698-3730 og 483-3910.




Sumarbúðirnar Ástjörn - fyrir 6-12 ára og 13-15 ára. Strákar og stelpur í öllum flokkum. Verð um kr. 10.000/sólarhring. Systkinaafsláttur. Ástjörn er nálægt Ásbyrgi og Hljóðaklettum á Norð-Austurlandi. Bátar og leiksvæði. Upplýsingar í s. 462-3980, astjorn.is - facebook, instagram, youtube.



Mikið úrval af Tiki kerrum, burðargeta frá 750 kg til 3.000 kg. Verð frá kr. 189.900 +vsk. Búvís ehf. S. 465-1332.




Fuglahús fyrir smáfugla. (Starafrí) Húsin eru handsmíðuð og eru mjög falleg og vönduð smíð. Margar gerðir úr tré eða galvaniseruðu blikki. Sama verð á öllum týpum kr. 7.800 - Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang: jhh@hak.is www.hak.is



Mitsubishi Eclipse Cross Instyle, 4x4, árgerð 2021, sjálfskiptur, ekinn 30.000 km. Verð kr. 3.990.000. notadir.benni.is – s. 590-2035.



Til leigu er TQB. tveggja manna Dropi hjólhýsi. Vagninum fylgja öll tæki og tól og gas m.m. Heildarþyngd er undir 750 kg. Vikuverð er kr. 60.000. Er staðsettur á Selfossi. S. 699-5407 Guðjón.



Hjólkoppar til sölu, mikið úrval, ýmis tilboð í gangi. Sanngjarnt verð. Lítið inn. Valdi koppasali, Hólmur við Suðurlandsveg, ofan við Rauðhóla. Opið 11-18 s. 865-2717.



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90. Verð frá kr. 9.900 til 11.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.



Skyndigrindur, 180 cm x 110 verð kr. 10.990 +vsk. Búvís ehf. S. 465-1332.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Scania kranabíll. Bíll í toppstandi, rýkur í gang og gengur vel, nýskoðaður, allt glussakerfi nýyfirfarið. Splunkuný framdekk, nýr altenator. Frábær bíll fyrir t.d. byggingavinnu og vöruflutninga. Bíllinn er kominn í flokk fornbíla og því engin gjöld af honum. Verð 3.300.000 +vsk. Uppl. hjá Viggó s. 773-0418.



Til sölu Shetland 570 með Mercury 150 hp fjórgengismótor, keyrður um 200 tíma. Bátur í toppstandi. Báturinn hefur alltaf verið geymdur inni á veturna. Vagn fylgir o fl. Verð kr. 3.500.000.



Girðingastaurar 4 mm (galv.) 40 mm x 40 mm. x 4 mm. L: 1.800 mm. Við erum að gera pöntun. Verðin verða mjög góð, takmarkað magn. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www. hak.is / hak@hak.is



Ný kerra fyrir fjórhjól eða buggybíla. Stærð pallsins er 385 x 185 cm. Heildarþyngd: 1.300 kg. Hækkun kerrupallsins fer fram með gasdrifi sem leyfir að hlaða upp ökutækjum á mjög þægilegan hátt, án þess að þurfa aukarampa. Kerran er þægileg og stöðug í akstri. Heildarþyngd: 1.300 kg. Eiginþyngd: 390 kg. Burðargeta: 910 kg. Dekk: 185R14C. Verð tilboð kr. 750.000. Upplýsingar í s. 660177.



Ertu leiður á uppþvottinum? Til sölu Comenda RF 324. Uppþvottavél fyrir mikinn uppþvott. Notuð, en í fínu lagi. Verð kr. 80.000. Uppl. s. 894-2026.



GÁMASLISKJURNAR KOMNAR, GOTT VERÐ.
VÍR OG LYKKJUR EHF
772-3200

## Auglýsing um skipulag

Sveitarfélagið Borgarbyggð auglýsir eftirfarandi skipulagsáætlun sem samþykkt hefur verið til auglýsingar.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 41. gr. sömu laga, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Borgarbyggð. Borgarbraut 56-60 (lnr.135504)

**Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 11.04.2024 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgarbraut 56-60 í Borgarbyggð.**
Ofangreind tillaga er aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is undir skipulagsauglýsingar og í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar mál nr. 650/2024 **með fresti til athugasemda, til og með 7. júlí.**

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við auglýsta skipulagstillögu á kynningartíma. Athugasemdum skal skilað í Skipulagsgáttina, senda skriflega til þjónustuvers Borgarbyggðar,

**Borgarbyggð, 24. maí 2024**
**Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar.**

BORGARBYGGÐ



Notuð atvinnutæki til sölu hjá Velti

Ný og notuð tæki til sölu í miklu úrvali.

Kynntu þér enn meira úrval á veltir.is

Komdu í Hádegismóa 8 eða heyrðu í okkur í síma 510 9100



VOLVO FH16 6x4T 650
Dráttarbíll
Nýskráning 2015
Ekinn: 604.000 km
Verð: 6.900.000 kr. án vsk.



VOLVO EC480E L
Beltagrafa
Nýskráning: 2018
Notkun: 7.900 vst
Hraðtengi og skófla
Verð: 27.500.000 kr. án vsk.



Iveco AT 410T
Vörubíll
Nýskráning: 2019
Ekinn: 205.000 km
Verð: 9.900.000 kr. án vsk.



Mercedes Benz Actros 2553 6x2 530 hö
Dráttarbíll
Nýskráning: 2017
Ekinn: 173.000 km
Verð: 6.000.000 kr. án vsk.



JCB 110W Hydralic
Hjólagrafa
Nýskráning: 2017
Notkun: 9.000 vst
Verð: 9.500.000 kr. án vsk.

Komdu í Hádegismóa 8 eða heyrðu í okkur í síma 510 9100

VELTIR



Vatnsdælur sem tengjast beint á PTO. ML-20 og MT-300 til á lager ásamt þvotta-og vökvunarsettum. Einnig allt fyrir háþrýst vökvakerfi. Danfoss, Rexroth, Eaton/Charlynn, Parker, Hiab, Valmet og fl. Vökvatæki ehf. Búðahellu 4, 221 Hafnarfjörður. www.vokvataeki.is vt@vokvataeki.is s. 861-4401.



Slöngubátar fyrir alhliða veiði. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Vegristar 4 x 2,5 m. Tilvalið fyrir heimreiðar, sumarbústaði og ferðaþjónustu. Gönguhlið og veghlið í ýmsum stærðum. Íslensk smíði. Safnferðir um landið, hagstætt verð. Uppl. FB- Sæblær ehf. og sbl.is, s. 899-2202.



Ledljós fyrir kerrur og landbúnaðartæki. 12 og 24 V , 7 pinna tengi. 2,5 m kapall á milli ljósa og 12 m kapall í pinnatengi. Segulfesting, IP66 vatns- og rykvörn. Handhæg plasttaska fylgir. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is- www.hak.is



Honda FMX 650. Lítið notað mótorhjól. Ásett verð kr. 450.000. Nánari uppl. í s. 694-4136. Einnig fjórhjól CanAm Renegade 800, árgerð 2007, verð kr. 750.000.



Þökuspjót. Erum með þökuspjót á lager með s60 tengi. Verð kr. 260.000 +vsk. Framleiðum einnig fyrir allar gerðir tengja. Klapparverk ehf. Stálsmiðja s. 789-3511.



2004 MAN 26.480. Palfinger 29002 - 5 í glussa, 3 handvirkt. Ekinn 435.000 km (upptekinn mótor í 365.000 km). Dráttarstóll undir palli, skjólborð á palli, gámalásar og styttur. Einn eigandi, góður bíll með flotta þjónustusögu. Verð kr. 7.890.000 +vsk. Upplýsingar s. 777-1521 / olli@sleggjan.is



Gróðurhús fyrir matjurtarækt, liggjandi yfir beði eða standandi. Dúkurinn er úr ljósgrænu pe. plasti með styrkingarþræði og sterkum rennilásum. Eigum einnig mjög falleg fuglahús til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is / hak@hak.is



Traktorsgrafa, JCB 4CX Super árg. 2020. Notkun 4.900 tímar. Tvö ný dekk og góð vél. Ásett verð kr. 12.500.000 +vsk. Fæst núna í einhvern tíma á kr. 11.500.000 +vsk áhv. Þægilegt lán. hafnarverk@gmail.com eða s. 896-8761.

ÁSCO

FLJÓT OG VINALEG ÞJÓNUSTA

— STARTARAR OG ALTERNATORAR —





ÓKEYPIS RAFGEYMAMÆLING!

Eigum allar stærðir rafgeyma á lager

ÁSCO BÍLARAFMAGN

Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is



Tilvalið fyrir félagasamtök, félagsstarf eða áhugasaman einstakling. Glæsilegur pakki af einstöku tilboði, glerofn innanmál 50x100, fullt af mótum, gleri, verkfærum, glersalla, og glerslípivél fylgir með. Nánari uppl. gefur Anna S. 892-9892.



Til sölu Volvo, ECR50D 2020 árgerð. Engcon rototilt með kló, joystick og fjórar skóflur. Rototilt sett á 2022 nýtt. Keyrsla um 2.000 vst. ásett verð kr. 9.900.000 +vsk. Uppl. Ingi s. 898-3493.



Til sölu PÖTTINGER, TOP 701 árg. 2007 verð kr. 1.400.000 +vsk. Uppl. í s. 864-2484.



Til sölu pel-job eb. 12.4 notuð 4.630 tíma. 5 skóflur fylgja með. Er ekki vsk. vél. Verð kr. 1.700.000. uppl í s. 869-9644.



Branson TYM K78. 74 hp. árg. 2021 mdl. Ekin aðeins 300 tíma. Skófla fylgir. Nett og lipur 4x4 vél. Til sölu og sýnis á Toyota Selfossi. Ásett verð kr. 5.600.000 +vsk. S. 480-8000 eða 898-3493. Skoðum öll tilboð.




SsangYong Rexton, 4x4, árgerð 2017, sjálfskiptur, ekinn 111.000 km. Verð kr. 3.390.000. – notadir.benni.is – s. 590-2035.




Sólarsellur, 50w, 100w, 120w, 150w, 180w og 370w. Verð frá kr. 17.900.- Orkubóndinn.is Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Fjögurra manna vatnabátur, Terhi 385 með 5 ha. Johnson fjórgengismótor á heimasmíðaðri kerru. Verðhugmynd kr. 500.000. S. 894-1469.



Vindrafstöð 50W. Verð kr. 29.900. orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík s. 888-1185.



Nalli B 275 árgerð 1963, með ámoksturstækjum. Vél í góðu standi, allt gangverk og dekk sem ný. Allar nánari upplýsingar gefur Guðmundur í s. 893-3942.



Girðingarefni, Iowa gaddavír 200 metrar- kr. 9.610 m/vsk. Motto gaddavír 200 metrar- kr. 4.900 m/ vsk. 5 strengja túnnet 100 metrar- kr. 15.900 m/ vsk. 6 strengja túnnet 100 metrar- kr. 18.500 m/ vsk. Girðingastaurar 70x1800- kr. 715 m/vsk. Hornstaurar 120x2500- kr. 2.950 m/vsk. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is s. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



15 fm. smáhýsi, með áfastri þriggja fermetra verönd. Samræmist reglugerð um smáhýsi skv. ákvæði 2.3.5 í byggingarreglugerð. Klætt að utan með bandsöguðum panil. Báru-alizink á þaki, fulleinangrað. Gólf klætt með rakavörðum nótuðum spónaplötum og parketlagt. Veggir klæddir með rakavörðum spónaplötum og málaðir. Loft klætt með panil. Rafmagnstafla innfelld og rafdósir í veggjum og lofti, en ekki búið að draga í rafmagnsvír. Húsið er staðsett í Bláskógabyggð. Verð kr. 4.100.000 +vsk. S. 842-4744.



Mercedes Benz Sprinter, 519 CDI ssk. árg. 2017. Ekinn 268.000 km. 1.000 kg. lyfta. Nýskoðaður 2025. Heildarþyngd 5.010 kg . Uppl. s. 820-1071.



Timbur í fjárhúsgólf til sölu með 10% afslætti. Stærð 32 x 100, verð áður kr. 390, verð nú kr. 355 lm. m/vsk. Stærð 38 x 100, verð áður kr. 470, verð nú kr. 427 lm. m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Dísilhitari, vatn og loft 7 kw 12v. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík, s. 888-1185.









Zodiac Typhoon 4,7 m með 30hp.four stroke Mercury mótor, úr Vélasölunni, auk kerru, sem heldur undir belgina. Allt keypt nýtt í fyrra og nánast ónotað. Flottur pakki með öllu, ankeri, mótor, standur, árar og meira. Verð kr. 1.800.000. S. 845-4220.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól o.fl. Lengdir- 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4 m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir par 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163. www.hak.is



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt- 1,9 m. Stærð á skrúfu 48 cm. Rotor 12 kW. Glussaflæði 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi 2 m. Burðarvirki- Heitgalv./ SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Kubota G26 árgerð 2020, ekinn 780 tíma. Reglulegt viðhald hjá Þór hf. Vélin er nýsmurð og til í slátt. Frekari upplýsingar í s. 865-7229 - Addi.



Stór og öflug háþrýstidæla fyrir verktaka til sölu. Dælan er ný og ónotuð, FDX Xtreme XL, www.comet-spa.com. Dælan er 16 L /min og max þrýstingur er 520 Bar. Vél - 26 hestöfl, Kohler, dísel, KDW 1003. Vélin er vatnskæld og með rafstarti. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



SsangYong Rexton HLX, 4x4, árgerð 2020, sjálfskiptur. Ekinn 48.000 km. Verð nú kr. 7.490.000. Verð áður kr. 7.990.000. notadir.benni.is – s. 590-2035.



Varmadælur, loft í vatn, 600 watta notkun margfaldast í 2.500 wött. verð kr. 161.000.00 afsláttur 30% verður kr. 112.700.00 1.200 watta notkun margfaldast í 5.800 wött. verð kr. 308.000 afsláttur 30% verður kr. 215.600.00. Orkubóndinn.is Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari: 680 kg og 1500 kg. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang- hak@hak.is

GIZMO VIÐHALDSÞJÓNUSTA 772-7722

Viðgerðir á Genie vinnulyftum. Yfir 20 ára reynsla. Kem á staðinn með vel búinn verkstæðisbíl. Viðgerðir, olíuskipti, skipti um glussaslöngur o.s.frv. Gizmo, viðhaldsþjónusta, s. 772-7722.



Sveitarfélög og verktakar. Mjög öflugur búnaður fyrir stífluhreinsun í skolprörum. Háþrýstidælur frá www.comet-spa.com. Margar útfærslur í flæði og þrýstingi. Bensín, dísil, glussadrif eða drifskaft. Sköffum allan slöngu- og spíssabúnað fyrir rörahreinsun. Gerum föst tilboð, mjög hagstæð verð og góð þjónusta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Brettagafflar með snúningi, 180° eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is



Dísilmiðstöð, 5kw. Samsett sama tækið 12volt, 24 volt og einnig 220 volt. Öll þjónusta og varahlutir. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík, s. 888-1185. Opið frá 15-17.











Ný sending af plastgrindum í fjárhús. Upplýsingar: haukursamleid.is eða í s. 897-3290.



Lambheldu hliðargrindurnar. 420 x110. Möskvar 15x10. Frá kr. 29.900 +vsk. Lamasett kr. 3.990 +vsk. S. 669-1336 og 899-1779, Aurasel.






Hnitset landamerki jarða og lóða, útbý merkjalýsingar og sé um samskipti við stofnanir. Set út merkjahæla. Starfssvæði aðallega Vesturland og suður að Klaustri en fer hvert á land sem er eftir samkomulagi. punktaroghnit.is, s. 693-7992, punktaroghnit@gmail.com



Háþrýstidælur fyrir verktaka og bændur.Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísil. Margar stærðir, allt að 700 Bar. Einnig öflugir vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.







Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZdíesel vélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3,Garðabæ. Upplýsingar í S. 527-2600.



Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra kr. 4000 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Oliver.



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. www.hak.is Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt 1,3–4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sveigjanlegar sólarsellur 50w. - verð kr. 17.900. 100w. - verð kr. 29.900. 150w.- verð kr. 48.900.- Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185 opið 15-17.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L 170 cm x B 200 cm x hæð 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163 hak@hak.is



Hunnebeck steypumót til sölu. Erum með 119 metra í tvöföldun af steypumótum til sölu, fylgihlutir fyrir um 80 metra. Frekari uppl. á netfanginu: jarnavirkid@gmail.com



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2", 3", 4". Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Hitatankar fyrir rafmagn og varmadælur með rafmagnstúbu og rörspíral. 5 lítrar: Verð kr. 140.00.00 -30% afsláttur kr. 98.000.-(1 rörspirall) 100 lítra: Verð kr. 170.000.00 -30% afsláttur kr. 119.000.- (2 rörspiralar) 200 lítrar Verð kr. 198.000.00 -30% afsláttur kr. 138.000 (2 rörspiralar) Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík, s. 888-1185.



Gúmmírampar fyrir brettatjakka.Stærð L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta 10 tonn. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl. 13-16.30.

## Óska eftir

Kaupi vínylplötur. Staðgreiði stór plötusöfn. Ólafur S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Kaupum sauðamjólk. Ostagerðarfélag Önfirðinga óskar eftir að kaupa frosna sauðamjólk. Hafið samband í s. 840-0600 eða ej@gamla.is

Vantar gangfæra m-47 vél úr BMW e-39. Gamla olíuverkið, „ekki með common rail“ dótinu. S. 661-2160.

## Til sölu

Bílalyftur í úrvali fyrir bíla og búvélar, myndir og uppl. á www.holt1.is Útvegum rafstöðvar, bátavélar o.fl. Vélaverkstæðið Holti, 311 Borgarnes, s. 435-6662 / 895-6662.

Doka Steypumót 2,7 m. hæð, um 330 fm í tvöföldu, auk fylgihluta. Uppl. í s. 773-5600, Ólafur eða solhof@solhof.is

Rauch áburðardreifarar, verð frá kr. 890.000 +vsk. Búvís ehf. S. 465-1332.

Til sölu úr dánarbúi McCormick C105-4 dráttarvél, árgerð 2007, staðsett í Hornafirði. Nánari upplýsingar veitir skiptastjóri í s. 665-8858.

Byggingakrani, Liebherr 32TT 2001, ásamt hjólastelli fyrir kranann. Uppl. í s. 773-5600 eða solhof@solhof.is

Heimaræktaðar trjáplöntur til sölu. Birki, reynir, rifs, sólber, aspir og fl. Ódýrar og sterkar plöntur á frábæru verði. Er í Reykjavík. S. 857-7363.

# Miðpunktur tækifæra



# á fjölmennu svæði

Grímsnes- og Grafningshreppur hefur skipulagt nýtt athafnasvæði rétt suður af Borg, þar sem gert er ráð fyrir hreinlegum, léttum iðnaði og ýmiss konar fjölbreyttri starfsemi. Nýja athafnasvæðið felur í sér mikil tækifæri fyrir kraftmikið fólk sem vill skapa sér og öðrum atvinnu, miðsvæðis á fjölmennu þjónustusvæði á Suðurlandi.

**11 athafnalóðir lausar til umsóknar.**



20 mín.
á Selfoss

2.500 bílar
á dag

16–20 þús. manna
þjónustusvæði

**Kynntu þér möguleikana á borgisveit.is**

GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR


NIVEA
SUN
ÁHRIFARÍK
SÓLARVÖRN
OG TRAUST HÚÐUMÖNNUN
SÓLARVÖRN
Nr.1
Í HEIMINUM*
UVA & UVB vörn
48 tíma raki & E-vítamin
Vatnsheld
Virðir sjávarlíf **
VERNDAR
GEFUR RAKA
NIVEA
SUN
protect &
moisture
Protects
healthy skin
from inside & outside
50+
UVA UVB
VERY
HIGH
Immediate UVA & UVB Protection
48 h Moisture
Water Resistant
*Euromonitor International Limited; Beauty and Personal Care 2022; NIVEA in the category Sun Care, incl. Sun Protection, Aftersun and Self-Tanning; in retail value terms, 2021 data.
**free of UV filters Octinoxate, Oxybenzone, Octocrylene and free of Microplastic***. ***according to UNEP